# FRÉTTABLAÐIÐ

67. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 19. MARS 2016




# Hefur alltaf verið leitandi

Listamaðurinn **Egill Sæbjörnsson** ræðir tilveruna og pólitíkina í listaheiminum á Íslandi. Hann rifjar upp árin sem hann sökkti sér í fræði tíbeskra munka og ræðir framúrstefnulegar pælingar í húsnæðismálum á Íslandi.

→30

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Söfnuðu hálfum milljarði

→26



## Leitin að lífi á Mars

→48



## Með eða á móti

Ætti að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum?

→32

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK
KOMDU NORÐUR ● HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðvestan 5-13 og stöku skúrir eða jafnvel slydduél, einkum til fjalla, en þurrt og bjart veður norðan- og austanlands. Hiti 3 til 8 stig að deginum, mildast á Norðaustur- og Austurlandi. SJÁ SÍÐU 60

# Unnið að byggingu sjúkrahótels



Góður gangur er í byggingu sjúkrahótelsins á lóð Landspítalans við Hringbraut. Iðnaðarmenn voru að störfum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti þar leið um í gær. NLS Saga sér um byggingu nýja sjúkrahótelsins sem verður tekið í notkun árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 350 milljónir greiddar í arð

**VIÐSKIPTI** Tryggingafélagið Vörður mun greiða 350 milljónir króna í arð vegna starfsemi síðasta árs. Þetta var ákveðið á aðalfundi félagsins sem lauk nú fyrir skömmu. Félagið skilaði methagnaði á árinu eða 658 milljónum króna. Arðgreiðslan samsvarar 10,1 prósents ávöxtun eigin fjár.

Mikil umræða var uppi í samfélaginu eftir að TM, VÍS og Sjóvá kynntu að þau hygðust greiða 9,6 milljarða króna í arð vegna starfsemi síðasta árs, ríflega tvöfaldan hagnað ársins. VÍS og Sjóvá ákváðu bæði að lækka arðgreiðslur ársins vegna umræðunnar.

Eigið fé Varðar nemur 3.475 milljónum króna. Iðgjöld jukust um 8,5%, fjárfestingatekjur um 161% og heildareignir um 10,4% en þær námu 11.330 milljónum króna í árslok. **– jhh**

## Lýst er eftir vitni

**LÖGREGLUMÁL** Óskað er eftir vitnum að umferðarslysi þar sem ekið var á barn á reiðhjóli á Sundlaugavegi í Reykjavík, móts við pylsuvagninn um kl. 17.22 þann 1. mars síðastliðinn. Þeir sem urðu vitni að slysinu eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1000, senda tölvupóst í netfangið jonatan.gudnason@lrh.is eða senda einkaskilaboð á fésbókarsíðu embættisins. **– jhh**

## Komdu norður fylgir í dag

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðinu í dag fylgir sérblaðið Komdu norður. Af því tilefni er aukin dreifing á blaðinu á Norðurlandi og blaðið gefið á sölustöðum á landbyggðinni. Blöðin munu fást á Olís Dalvík, Olís Ólafsfirði, Samkaup Ólafsfirði og Samkaup Siglufirði. **– jhh**

## 700 milljónir töpuðust

**DÓMSMÁL** Geirmundur Kristinsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri í Keflavík, hefur verið ákærður fyrir umboðssvik.

Ákæran er í tveimur liðum og tengist lánafyrirgreiðslum upp á samtals rúmar 780 milljónir króna. Af þeim töpuðust um 730 milljónir. Hann er ákærður fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína og stefnt fé sjóðsins í verulega hættu þegar hann lánaði einkahlutafélaginu Duggi 100 milljón króna yfirdráttarlán. Ekkert fékkst upp í kröfuna vegna yfirdráttarlánsins.

Geirmundur er einnig ákærður fyrir að hafa valdið félaginu verulegri fjártjónshættu þegar hann sem stjórnarformaður dótturfélags sjóðsins framseldi stofnfjárbréf í Sparisjóði Keflavíkur, að verðmæti rúmlega 683 milljónir króna, í lok árs 2007 til félagsins Fossvogshyls ehf. Ekkert endurgjald kom á móti bréfunum. **– ak**




# Sérhæfa sig í þjónustu við erlendar stjörnur

**Servio sérhæfir sig í hágæða þjónustu sem felst í akstri, lífvörslu og almennum „reddingum“ fyrir stórstjörnur. Erlendir kvikmynda- og auglýsingagerðarmenn helstu viðskiptamenn. Markaður sem stækkar ört enda fjölgar stjörnunum hér.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru ekki bara stjörnurnar heldur allt fylgdarlið líka, það fylgir þessu öllu mikill atgangur,“ segir Hjörtur Freyr Vigfússon, markaðsstjóri Securitas. Dótturfyrirtæki Securitas, Servio, sérhæfir sig í þjónustu við kvikmynda- og auglýsingafyrirtæki sem koma til Íslands.

Þjónustan felst í akstri á sérútbúnum glæsikerrum, öryggis- og lífvarsla eins og að vera með vörð við hótelið sem viðkomandi gistir á eða hreinlega redda því sem þarf að redda hverju sinni. „Okkar mottó er að gestum okkar eigi að líða eins og drottningum og kóngum,“ segir Hjörtur og játar því að nóg sé að gera í bransanum enda hafi eftirspurnin aukist gífurlega síðustu árin í takt við vinsældir Íslands sem tökustaðar.

Það eru sjö í föstu starfi hjá Servio en fjórtán í viðbót eru í verktakavinnu og kallaðir út þegar sinnt er stórum verkefnum. Eins og þessa dagana við Mývatni þar sem Hollywood-myndin Fast and the Furious er tekin upp. Flestir starfsmenn eru fyrrverandi lögreglumenn sem fara svo í stranga sérþjálfun áður en þeir taka til starfa hjá Servio.

„Við gefum ekkert uppi um gesti okkar en ég get sagt að við erum leiðandi í þessari þjónustu og séum með mjög mikilvæga kúnna,“ svarar Hjörtur kíminn þegar hann er spurður hvort Justin Bieber og Bill Gates hafi nýtt sér þjónustu fyrirtækisins. „Þagmælskan er mikilvæg í þessu starfi. Það læra starfsmenn okkar strax, þeir yrða til dæmis ekki á gesti okkar nema á þá sé mælt. Það er ekki þetta venjulega kumpánlega íslenska spjall í boði.“ **erla@frettabladid.is**



„Sumir kaupa sér miða á Saga Class þótt það sé hægt að fá ódýrari sæti rétt fyrir aftan. Það sama gildir um lúxusakstur,“ segir Hjörtur sem hér stendur við einn af bílum Servio. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Þagmælskan er mikilvæg í þessu starfi. Það læra starfsmenn okkar strax, þeir yrða til dæmis ekki á gesti okkar nema á þá sé yrt.**
>
> Hjörtur Freyr Vignisson
> markaðsstjóri Securitas

**250**

**þúsund kostar sólarhringsgæsla en allt eftir aðstæðum og áhættu.**

**35**

**þúsund krónur kostar akstur á flugvöllinn með glæsikerru.**



Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

**TÖLUR VIKUNNAR** 13.03.2016 - 19.03.2016



**123 sjómenn** vitna um mikið einelti um borð í skipum þeirra, **eða tæp 40% aðspurðra í könnun.**

**8.519** tilkynningar bárust **barnaverndarnefndum** árið 2015.

**12** sinnum hærra var magn blábaktería í Mývatni í fyrra en **WHO** telur vera hámarkið.



**669 milljarðar** var samanlagt eigið fé Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka í árslok 2015.






**3.332.529** sálir byggja Ísland, samkvæmt tölum Hagstofunnar.



**5 af 7 bankaráðsmönnum** Landsbankans hætta vegna Borgunarmálsins.



**5,90%** einstaklinga með forstig **sykursýki II** vita ekki af því.

## Þrjú í fréttum
## Eignir, Grái herinn og mataræði

**Anna Sigurlaug Pálsdóttir,** *Eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra*, greindi frá því á Facebook síðu sinni að hún ætti félag sem skráð væri erlendis, sem heitir Wintris Inc., og héldi það utan um fjármuni sem hún fékk í arf. Skattar hefðu verið greiddir hérlendis. Í kjölfarið var greint frá því í fréttum að hún ætti eignir á Bresku-Jómfrúareyjum og hefði gert um 500 milljóna króna kröfu í þrotabú föllnu bankanna.



**Helgi Pétursson** greindi frá því að yngri félagarnir í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefðu stofnað baráttuhópinn Grái herinn. Hópurinn hefur stofnað Facebooksíðu og ætlar að fá fram umræðu í þjóðfélaginu um þann mannauð sem eldri borgarar eru. Þjóðfélagsins vegna og þeirra sjálfra þurfi þeir og vilji vinna lengur en til 67 ára aldurs.



**Guðmundur Jóhannsson,** *læknir á bráðamóttöku Landspítalans,* sagði auknar fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins duga skammt ef mataræði Íslendinga tæki ekki breytingum. Með breyttu mataræði mætti koma í veg fyrir marga króníska lífsstílssjúkdóma sem eru dýrir fyrir samfélagið. Alltof lítill peningur væri lagður í forvarnir.





**Í skriflegu svari umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er tekið undir að ofauðgun blábaktería í Mývatni sé mikið áhyggjuefni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sérlög þýða stóraukna ábyrgð

**Umhverfisráðuneytið segir að enginn dragi í efa að stjórnvöld bera aukna ábyrgð á náttúruvernd við Mývatn og Laxá vegna sérlaga sem um svæðið gilda. Unnið er að málinu á grunni gagnasöfnunar í fyrra.**

**UMHVERFISMÁL** Enginn vafi leikur á því að ríkið ber auknar skyldur gagnvart verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu vegna sérlaga um náttúruvernd á svæðinu.

Í skriflegu svari umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um mengun í Mývatni er tekið undir að ofauðgun blábaktería í vatninu og áhrif hennar á lífríkið þar sé mikið áhyggjuefni; verið sé að skoða hugsanlegar lausnir og rætt hafi verið við sveitarfélagið um þau mál. Verið sé að fara yfir nýja samantekt um uppsprettur næringarefna til að meta hvort hugsanlegar aðgerðir munu skila raunverulegum árangri.

Umbætur í fráveitumálum eru einn þáttur sem hefur verið nefndur til að draga úr ofauðgun. Samkvæmt svari ráðuneytisins eru fráveitumál almennt á ábyrgð sveitarfélaga, en ríkið hafi rætt við sveitarfélagið um stöðu mála m.a. í ljósi sérlaga, eins og gilda við Mývatn.

### Verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum

- Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu tóku gildi árið 2004.
- Markmið þeirra er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.
- Í lögunum segir að þau eigi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár.
- Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólmum og kvíslum, allt að ósi árinnar við Skjálfandaflóa, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin.

Það liggi fyrir að ráðuneytið hafi þurft betri yfirsýn yfir hvert sé innstreymi efna í vatnið sem veldur menguninni og hvaðan hún kemur, svo skipulega sé hægt að bregðast við henni. Í því augnamiði hafi á vegum ráðuneytisins verið unnin samantekt af Gunnari Steini Jónssyni líffræðingi á fyrirliggjandi gögnum úr ýmsum áttum. Að mati ráðuneytisins gefur samantektin glögga mynd af innstreymi næringarefna frá náttúrulegum uppsprettum og af mannavöldum og sé góður grunnur til að meta áhrif hugsanlegra aðgerða. Það sé hins vegar ekki ljóst af samantektinni hvort aðgerðir í fráveitumálum eða á öðrum sviðum muni skila tilætluðum árangri varðandi bakteríublóma og það þurfi að skoða betur, sem verði gert á næstunni.

Spurningarnar eru stórar og flóknar. Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, sagði við Fréttablaðið að það sé engum vafa undirorpið að athafnir manna hafi aukið bakteríuvöxtinn svo óhóflega í Mývatni – og þar komi meðal annars til frárennsli frá þéttbýli, áburðargjöf og iðnrekstri. Mývatn sé afar frjótt frá náttúrunnar hendi og öll viðbót hafi áhrif. Innstreymi næringarefna hafi verið mikið áratugum saman, og áhrifa kísilverksmiðjunnar við Mývatn gæti jafnvel enn þá.

Grunnspurningin sem viðmælendur Fréttablaðsins hafa varpað fram er hvort ríkið beri ekki frekari skyldur vegna sérlaga um Mývatn og Laxá – og þeirra á meðal sveitarstjórn Skútustaðahrepps sem hefur farið þess á leit við stjórnvöld að sveitarfélagið sé stutt til að bæta fráveitumál sín.

Í svari ráðuneytisins segir að stjórnvöld beri aukna ábyrgð í ljósi þess að sérlög gilda um vernd þess

svavar@frettabladid.is




# Sakar talsmenn verslunar um blekkingar

**LANDBÚNAÐUR** „Það er þekkt áróðurstækni að síendurtaka ranga hluti og gera þá með þeim hætti að viðurkenndum staðreyndum í huga fólks,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, í ársskýrslu félagsins.

Steinþór segir fjölda rangfærslna vera uppi í umræðunni um matvælamarkaðinn og nefnir sem dæmi málflutning Félags atvinnurekenda og forsvarsmanna verslunarinnar.

„Því er oft ranglega haldið fram að slæmt kerfi haldi aftur af nýsköpun og frelsi bænda og aukinn innflutningur og afnám þessa „vonda“ kerfis bæti hag bænda og neytenda og losi bændur úr einhverjum fjötrum,“ segir hann.

Steinþór gengst við því að kjör bænda séu mjög misjöfn, sérstaklega séu kjör sauðfjárbænda almennt ekki góð. „En ég get ekki séð hvernig þau kjör eigi að batna með því að rétta útlendingum stærri hluta af markaðnum,“ segir forstjórinn.

> **Það eru mikil dulin verðmæti í innlendum landbúnaði sem gerir landið áhugaverðara og heldur því í byggð. Þjóð án öflugs landbúnaðar er fátæk þjóð.**
>
> Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands



„Í kjötframleiðslunni eru allir frjálsir að því að framleiða eins og þeir vilja. Það er ekkert kerfi sem stjórnar framleiðslunni eða heldur aftur af bændum. Fullyrðingar um annað eru vísvitandi blekkingar. Það er til staðar stuðningur og það er innflutningsvernd. Útfærsla á stuðningi getur vissulega verið framleiðsluhvetjandi eða letjandi en ekki er hægt að halda því fram að kerfið sem slíkt komi í veg fyrir nýsköpun eða einkaframtak, “

Hagnaður SS dróst saman um 241 milljón króna milli ára og nam 396 milljónum króna á síðasta ári. Verkföll síðasta vor höfðu talsverð áhrif á rekstur SS á árinu. Steinþór segir grimma samkeppni ríkja á kjötmarkaði. Það muni aukast enn frekar þegar nýr fríverslunarsamningur taki gildi árið 2017 sem auki innflutning kjöts enn frekar.

Þá segir Steinþór aðstæður í landinu krefjast mikils stuðning við landbúnað. Þá fari hagsmunir ferðamennsku og landbúnaðar saman. „Það eru mikil dulin verðmæti í innlendum landbúnaði sem gerir landið áhugaverðara og heldur því í byggð. Þjóð án öflugs landbúnaðar er fátæk þjóð,“ segir hann. – **ih**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

## Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

Fullt af flottum tilboðum



21% afsláttur

Nilfisk
**Háþrýstidæla C110.4-5 X-TRA**
110 bör, 440 l/klst., sjálfvirk ræsing/ stöðvun, 5 m slanga
5254233

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**14.995 kr**
~~18.995~~



weber
**Gasgrill**
Weber Q2200 Flott gasgrill á fótum.Grillflötur: 54 x 39 cm
3000378

Betra verð
**62.900 kr**



OUTBACK
**Gasgrill**
Outback Solo 3.
3ja brennara.
Grillflötur: 628x406 mm.
3 ryðfríir brennarar.
Hitamælir, 9,67 kW
3000393

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**25.900 kr**
~~39.900~~

35% afsláttur



38% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**990 kr**
FULLT VERÐ: 1.599
**Strákústur**
40 cm
5044450



25% afsláttur
damixa
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**9.665 kr**
FULLT VERÐ: 12.885
**Handlaugartæki**
Damixa Pine
8000033



35% afsláttur
BLACK & DECKER
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**11.395 kr**
FULLT VERÐ: 17.632
**Hleðsluborvél**
Black & Decker, 14,4V, 2 rafhlöður
5246006



25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**5.990 kr**
FULLT VERÐ: 7.990
**Matar og kaffistell**
Aida Cafe, 30 stk
2000419



26% afsláttur
LAUFEN
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**12.365 kr**
FULLT VERÐ: 16.745
**Vegghengt salerni**
Laufen, án setu
7920010

Fullt af flottum tilboðum



## PÁSKAR

Allt fyrir páskana á betra verði í Blómavali



Gerðu betri kaup
blómaval

**Páskaliljur í pottum. Tet a tet**
Keramik pottar fylgja ekki
**399 kr/stk.**

40% afsláttur
**Vorerikur í útipottana**
**599 kr/stk.**
~~999~~

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana











## Prinsinn og eiginkonan á Balkanskaga



Karl prins af Wales og kona hans Kamilla, hertogaynja af Cornwall, hittu Filip Vujanovic, forseta Svartfjallalands og Svetlönu Vujanovic, eiginkonu hans í Plavi Dvor forsetahöllinni í Svartfjallalandi í gær. Karl og eiginkona hans eru í sex daga heimsókn á Balkansskaganum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ungt fólk geti lent í fátækragildru

**Hækkun skyldulífeyrisgreiðslna með SALEK-samkomulaginu gætu stuðlað að því að fólk lendi í fátækragildru að sögn Ásgeirs Jónssonar hagfræðings.**

**LÍFEYRISMÁL** Ásgeir Jónsson, deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, óttast að fyrirhugaðar breytingar á lífeyrissjóðakerfinu með SALEK-samkomulaginu stuðli að því að ungt fólk lendi í fátækragildru. Þetta kom fram á fundi Félags atvinnurekenda um lífeyrismál í gær.

Með samkomulaginu mun mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækka úr 8 í 11,5 prósent sem hefur í för með sér að allt að fimmtungur tekna launafólks rennur í lífeyrissjóð. Launafólk greiðir sjálft fjögur prósent launa sinna í lífeyrissjóð en þeir sem nýta sér séreignarsparnað greiða sjálfir tvö til fjögur prósent launa sinna í séreignarsparnað og fá á móti tvö prósent sem framlag atvinnurekenda.

Ásgeir benti á að ungt fólk með börn þurfi að auka neyslu sína meðan það er að ala upp börnin. Algengt væri að það væri á milli þrítugs og fertugs. Á sama árabili væri greiðslubyrði húsnæðislána yfirleitt hæst. Því væri hætta á því að skylduiðgjaldið væri of hátt á þessu aldursbili þar sem útgjöldin væru hvað mest. Ásgeir benti einnig á að háir jaðarskattar bitnuðu einnig á ungu fólki sem þyrfti að vinna meira til að eiga fyrir útgjöldum. Þessi staða geti skapað hvata til lántöku hjá þessum aldurshópi. Ásgeir stakk upp á því að greiðslur í lífeyrissjóð yrðu gerðar sveigjanlegri til að mæta þörfum yngra fólks eða ákveðinna hópa.

Gunnar Baldvinsson, deildi áhyggjum Ásgeirs. Gunnar mælti með því að möguleiki fólks til að nýta séreignarsparnað til að greiða inn á húsnæðislán yrði gerður varanlegur. Hann benti á að þörfin fyrir að nýta sér séreignarsparnaðarkerfið hefði minnkað með tilkomu hærri lífeyrisgreiðslna. Hins vegar væri óskynsamlegt fyrir einstaklinga að nýta sér ekki séreignarlífeyrissparnað því með því yrðu launþegar af tveggja prósenta mótframlagi vinnuveitenda.

Þá nefndu bæði Gunnar og Ásgeir að brýnt væri að lífeyrissjóðirnir gætu fjárfest í auknum mæli erlendis. Ásgeir benti á að breytingarnar með SALEK-samkomulaginu myndu hækka iðgjöld um 10-12 milljarða á ári. Til þess að það skapi ekki aukna þenslu hér á landi væri mikilvægt að með fénu væri fjárfest erlendis. Ásgeir sagði að lífeyrissjóðirnir þyrftu líklega að fá að fjárfesta fyrir um 50-100 milljarða á ári erlendis til að auka hlutfall erlendra eigna þeirra sem hafi lækkað mikið síðustu ár. Lífeyrissjóðir fengu að fjárfesta fyrir 20 milljarða erlendis á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Gunnar sagðist bjartsýnn á að frekari heimildir yrðu veittar síðar á árinu.

ingvar@frettabladid.is

# PÁSKAEGG
# Í FRÁBÆRU ÚRVALI




**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Tíundi hver maður með heilaskaða í endurhæfingu

**HEILBRIGÐISMÁL** Fimm hundruð manns fá áverkatengdan heilaskaða á ári hverju. Áttatíu af þeim þurfa á sérhæfðri endurhæfingu að halda en eingöngu tíu komast að á Grensás. Þetta er meðal þess sem kom fram á ráðstefnu Hugarfars, félags fólks með ákominn heilaskaða. „Þörfin á umræðu um heilaskaða er mikil og við sjáum það best í því að þessi hópur fólks hefur einfaldlega gleymst í allri stefnumótun og úrræðum,“ segir Guðrún Harpa Heimisdóttir, formaður félagsins, og bendir á að engin stefna sé til í málefnum einstaklinga með ákominn heilaskaða.

Samt sem áður eru heilaáverkar algengasta orsök áunninnar fötlunar ungs fólks á Íslandi. „Það er lítill hluti sem kemst í frumendurhæfingu á Grensás, kannski innan við tíu manns á ári. Margir hins vegar útskrifast beint heim og fá hvorki greiningarmat né endurhæfingu,“ sagði Guðrún Karlsdóttir, yfirlæknir á taugasviði Reykjalundar, í máli sínu á ráðstefnunni. **– ebg**




# Þriðjungur blóðgjafa konur

**HEILBRIGÐISMÁL** Á hverju ári koma átta til níu þúsund manns til að gefa blóð hjá Blóðbankanum og nýliðun þarf að vera um það bil tvö þúsund blóðgjafar á ári til þess að viðhalda blóðgjafahópnum.

Aðeins þriðjungur blóðgjafa er konur á Íslandi en árið 2014 voru konur jafn margar og karlar í hópi nýrra blóðgjafa. Í nágrannalöndunum er aftur á móti jöfn skipting meðal virkra blóðgjafa. Íslenskar konur virðast detta úr hópnum þegar þær fara á barneignaaldur en þær eru hvattar til að koma aftur eftir það.

„Við erum virkilega að reyna að ná til kvenna, þar eigum við mikið sóknarfæri á Íslandi,“ segir Jórunn Frímannsdóttir, deildarstjóri blóðsöfnunardeildar Blóðbankans. **– ebg**


## Aðalfundur BÍ 2016

**Fimmtudaginn 28. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2016 verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl n.k. að Síðumúla 23 3. Hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

**BÍ-félagar eru hvattir til að mæta**

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.




Flóttamannabörn að leik í búðum í Idomeni í norðanverðu Grikklandi, steinsnar frá landamærunum að Makedóníu, í gær. Hömlur sem settar hafa verið á för flótta- og förufólks svokallaða „Balkan-leið“, sem flestir hafa farið á leið sinni frá Mið-austurlöndum til Evrópusambandslanda, hafa orðið til þess að þúsundir flóttafólks eru fastar í Grikklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fara aftur til Tyrklands

**Eftir fundahöld gærdagsins liggja fyrir drög að samkomulagi samningamanna Evrópusambandsins (ESB) og Tyrklands vegna flóttamannavandans í Evrópu.**

**BRUSSEL** Flóttafólk sem kemur til Grikklands eftir miðnætti á morgun, sunnudag, verður sent aftur til Tyrklands verði beiðni þess um hæli hafnað. Þetta kemur fram í drögum að samkomulagi Evrópusambandsríkjanna og Tyrklands sem gengið var frá í Brussel í gær. Á móti taka ríki ESB á sig að taka á móti þúsundum flóttafólks frá Tyrklandi.

Þá gerir samkomulagið Grikkjum kleift að senda til Tyrklands flótta- og förufólk sem er án skilríkja. Stórir hópar flóttafólks hafa safnast upp þar sem för þeirra hefur verið stöðvuð á landamærum Grikklands og Makedóníu og hírist þar við rýran kost. Samkomulaginu er einnig ætlað að taka á þessum vanda að hluta.

Þá fylgir samkomulaginu einnig fjárstuðningur ESB til Tyrklands vegna flóttamannamála og aukinn kraftur verður settur í aðildarviðræður Tyrklands að ESB.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Ahmet Davutoglu, forsætisráðherra Tyrklands, kynntu samkomulagið á blaðamannafundi í höfuðstöðvum ESB í Brussel seinni partinn í gær. Um er að ræða niðurstöðu tveggja daga leiðtogafundar Evrópusambandsríkjanna 28 og Davutoglu

**» Samkomulaginu við Tyrkland fylgir fjárstuðningur og aukinn kraftur verður settur í aðildarviðræður Tyrklands við ESB.**

sem lauk í gær. Samkomulagið er umdeilt og var harðlega mótmælt af mannréttindasamtökum sem sögðu það brjóta alþjóðalög um meðferð flóttafólks, á meðan það var í vinnslu.

Á meðan á fundunum stóð var einnig misjafnt hljóð í leiðtogum aðildarríkjanna, svo sem í Daliu Grybauskaite, forseta Litháens, en breska ríkisútvarpið, BBC, hafði eftir henni viðvörun um að áætlun væri „á ytri mörkum alþjóðalaga“ og væri erfið í framkvæmd.

Juncker tilnefndi í gær Maarten Verwey sem samhæfingarstjóra ESB við framkvæmd samkomulags ESB og Tyrklands, að því er fram kemur í tilkynningu sambandsins. Þar kemur líka fram að aðildarríkin skuldbindi sig til að útvega Grikkjum með skömmum fyrirvara nauðsynleg úrræði, þar á meðal landamæraverði, sérfræðinga í málefnum flóttafólks og túlka. **olikr@frettabladid**

## Hvað þýðir samkomulagið?*

**1.** Flótta- og förufólk í Grikklandi sem er án tilskilinna skilríkja verður sent til Tyrklands, burtséð frá því hvaðan það kom í upphafi.
**2.** Til að tryggja að alþjóðalög um meðferð flóttafólks verði ekki brotin verður fólk „skráð og grísk yfirvöld fjalla um hælisbeiðni hvers og eins“. Sæki fólk ekki um hæli, eða umsókn þess er hafnað, verður það sent til Tyrklands.
**3.** Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna veitir aðstoð við flutninga fólksins.
**4.** Á móti hverjum Sýrlendingi sem sendur er til baka, verður Sýrlendingi í Tyrklandi fundið hæli innan ESB. Með þessu á að draga úr hvata til „ólöglegra“ ferða til Evrópulanda.
**5.** Vegabréfsáritanir sem Tyrkir hafa þurft til að ferðast til aðildarlanda Schengen verða afnumdar, náist 72 yfirlýst markmið í aðildarviðræðum ESB og Tyrklands.
**6.** ESB samþykkir viðbótarfjárhagsaðstoð upp að þremur milljónum evra til ársloka 2018.

*Samkvæmt uppfærðum samkomulagsdrögum sem AFP fréttastofan komst yfir og fjallað er um í breska blaðinu Telegraph.*



Rýmum til fimmtudag – föstudag – laugardag

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ

## Fullt af bílum – frábær lánakjör

### Ekki missa af lokadeginum – opið í dag kl. 10–16

**BMW X5 4,8l**
Árg. 2006, ekinn 140 þús. km, bensín, 351 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 5.390.000 kr.**
**Verð nú**
**4.590.000 kr.**
**62.700 kr. á mán.** í 45 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Renault Master**
Árg. 2013, ekinn 153 þús. km, dísil, 150 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 5.400.000 kr.**
**Verð nú**
**4.890.000 kr.**
**41.400 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Renault Megane Berline**
Árg. 2013, ekinn 57 þús. km, dísil, 110 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.590.000 kr.**
**Verð nú**
**2.090.000 kr.**
**17.900 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Mercedes-Benz E 200 NGT**
Árg. 2008, ekinn 156 þús. km, bensín/metan, 164 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.890.000 kr.**
**Verð nú**
**2.470.000 kr.**
**29.300 kr. á mán.** í 54 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**BMW 3 S/D E 90**
Árg. 2007, ekinn 97 þús. km, bensín, 150 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.190.000 kr.**
**Verð nú**
**1.790.000 kr.**
**26.800 kr. á mán.** í 42 mán.*
Allt að 80% lán í boði.






**Toyota Auris Terra**
Árg. 2014, ekinn 37 þús. km, bensín, 100 hö., beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.550.000 kr.**
**Verð nú**
**2.290.000 kr.**
**19.500 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Opel Vectra Elegance**
Árg. 2006, ekinn 146 þús. km, bensín, 155 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn,
**Verð áður: 990.000 kr.**
**Verð nú**
**790.000 kr.**
**19.800 kr. á mán.** í 24 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Toyota Prius**
Árg. 2011, ekinn 28 þús. km, bensín/rafmagn, 100 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.490.000 kr.**
**Verð nú**
**2.990.000 kr.**
**25.400 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Kia Sportage EX 4WD X-TRA**
Árg. 2014, ekinn 108 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.290.000 kr.**
**Verð nú**
**3.890.000 kr.**
**33.000 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Ford Mondeo Titanium Station**
Árg. 2012, ekinn 128 þús. km, dísil, 140 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.990.000 kr.**
**Verð nú**
**2.550.000 kr.**
**21.700 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

* Mánaðargreiðsla m.v. **50%** fjármögnun. Vextir eru frá 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 11,13%

Lykill

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR • Klettháls 2 • 110 Reykjavík
Sími 590 2160 • www.notadir.is

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR**



Skráning hálendisins á heimsminjaskrá útilokar ekki uppbyggingu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Miðhálendið verði sett á heimsminjaskrá

**ALÞINGI** Lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga um að fela ríkisstjórninni að setja miðhálendi Íslands á yfirlitsskrá yfir heimsminjar UNESCO og fela heimsminjanefnd Íslands að undirbúa umsókn þar að lútandi.

Fyrsti flutningsmaður tillögunnar er Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, en meðflutningsmenn eru Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki, Helgi Hrafn Gunnarsson, Pírötum, Róbert Marshall, Bjartri framtíð, Willum Þór Þórsson, Framsóknarflokki, og þau Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Össur Skarphéðinsson, Samfylkingu.

Þingvellir og Surtsey eru einu staðirnir á Íslandi á heimsminjaskrá í dag. Í tilkynningu frá Helga Hjörvar segir að það hafi færst í vöxt að stór landsvæði og landslagsheildir séu tilnefnd í stað einstakra afmarkaðra svæða og „eðlilegt að yfirlitsskrá Íslands taki mið af þeirri alþjóðlegu þróun og þess vegna er þingsályktunin lögð fram“.

Í greinargerð með tillögunni segir að hin ósnortnu víðerni hálendisins búi yfir margvíslegu og sérstöku náttúrufari og og jarðfræði svæðisins sé einstök á heimsvísu.

„Fá mannvirki er að finna á miðhálendinu sem gefur því aukið gildi meðal ósnortinna víðerna. Það felur í sér lífsgæði sem verða æ eftirsóknarverðari í nútímasamfélagi sem er náttúruupplifun, ómenguð af iðn- og tæknivæðingu samfélagsins. Þau mannvirki sem þar eru, svo sem vegir og virkjanir, eiga þó ekki að varna skráningu svæðisins og skráning þess kæmi ein og sér heldur ekki í veg fyrir frekari mannvirkjagerð þar, starf að endurheimt landgæða né nýtingu svæðisins til ferðalaga fólks og veiða, en mundi kalla á skipulag og áætlanir um hvernig Ísland hyggist vernda og hlúa að þeirri einstæðu perlu sem miðhálendið er.“ **– shá**


Leigulausnir Lykils

**Lykilleiga**
fyrir einstaklinga

Lykill býður þér að leigja bíl í stað þess að kaupa og lágmarka bæði kostnað og áhættu við rekstur bílsins.
Innifalið í leigunni er þjónusta, viðhald, dekk, tryggingar og bifreiðagjöld,

1 **Þú velur bíl** í samráði við okkur.
2 Leigusamningur getur verið **12-36 mánaða** langur.
3 Leigugreiðslan er **föst fjárhæð allan leigutímann** og því engin áhætta af verðbólgu eða gengi krónunnar.

**Flotaleiga**
fyrir fyrirtæki

Lykill leigir bílaflota til fyrirtækja með tilheyrandi þjónustu og tekur svo við honum aftur að leigutíma loknum.
Fyrirtækin njóta stærðarhagkvæmni Lykils.

1 **Þú finnur bíla** sem henta þínum rekstri.
2 **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.
3 Leigugreiðslan er **föst fjárhæð allan leigutímann** og því engin áhætta af verðbólgu eða gengi krónunnar.

Kynntu þér möguleikana á
lykill.is/showroom/



PIPAR\TBWA · SÍA

30 1986 2016
Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is |
Framúrskarandi fyrirtæki
Lykill fjármögnun



# Stjórnarseta í fjármálafyrirtækjum

## Bankasýsla ríkisins leitar að einstaklingum til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum

Bankasýsla ríkisins óskar eftir því að einstaklingar gefi kost á sér til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum, sem stofnunin fer með eignarhluti í fyrir hönd ríkisins.

Bankasýsla ríkisins fer eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum fyrir hönd ríkisins samkvæmt lögum nr. 88/2009. Fer stofnunin með 100% eignarhlut í Íslandsbanka hf, 98,2% eignarhlut í Landsbankanum hf., 49,5% eignarhlut í Sparisjóði Austurlands hf. og 13,0% eignarhlut í Arion banka hf.

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka valnefnd, sbr. 7. gr. laga nr. 88/2009, sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins í stjórnir fjármálafyrirtækja og setur valnefndinni starfsreglur. Stjórn Bankasýslu ríkisins óskar formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum.

**Viðmið við tilnefningar í stjórnir fjármálafyrirtækja**

- Samkvæmt ákvæði 7. gr. laga nr. 88/2009 styðst valnefnd við starfsreglur við mat á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja fyrir hönd ríkisins. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Bankasýslu ríkisins.
- Við val á einstaklingum sem tilnefndir eru fyrir hönd ríkisins í stjórnum fjármálafyrirtækja skal valnefndin m.a. taka mið af yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfsháttum fjármálafyrirtækja. Skal nefndin leitast við að það sitji sem næst jafnmargar konur og karlar í stjórnum fjármálafyrirtækja.
- Stjórnarmenn þurfa að uppfylla allar hæfnis- og hæfiskröfur sem fjallað er um í starfsreglunum og lögum. Þurfa einstaklingar m.a. að uppfylla skilyrði ákvæða 29. gr. a. og 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem og skilyrði um óhæði sem kemur fram í sátt stofnunarinnar við Samkeppniseftirlitið dagsetta 11. mars 2016.

**Áhugasamir einstaklingar sem telja sig uppfylla nauðsynleg skilyrði eru hvattir til að senda ferilskrár sínar til valnefndar Bankasýslu ríkisins á netfangið valnefnd@bankasysla.is. Einnig er unnt að fylla út eyðublað á heimasíðu Bankasýslu ríkisins.**

Óskað er eftir því að þeir einstaklingar, sem sent hafa ferilsskrár sínar eða boðið sig fram til stjórnarsetu með öðrum hætti fyrir 1. janúar 2014, endurnýji áhuga sinn með pósti til valnefndar eða með því að fylla út fyrrgreint eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar með nýrri ferilskrá, ef þeir gefa áfram kost á sér til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja.

**Nánari upplýsingar veitir Jón G. Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, sími 550 1700**

Bankasýsla ríkisins er sérstök ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma.

BR BANKASÝSLA RÍKISINS
Borgartún 3 • 105 Reykjavík • Sími 550 1700 • www.bankasysla.is




The Power to Surprise

## Kia Sportage brunar fram úr öllum væntingum

Ný kynslóð Kia Sportage setur ný viðmið í hönnun, þægindum og öryggi. Búðu þig undir að venjast athyglinni, því Kia Sportage stenst ekki bara væntingar þínar — hann brunar fram úr þeim. Fyrsta flokks tæknibúnaður og einstök gæði gera hverja ferð ógleymanlega. Þú verður að prófa til að sannfærast.

**Ný kynslóð Kia Sportage bíður þín í Öskju. Komdu og reynsluaktu.**

**Nýr Kia Sportage á verði frá:**

2WD 1,7 dísil, beinskiptur — **4.790.777** kr.
4WD 2,0 dísil, beinskiptur — **5.790.777** kr.
4WD 2,0 dísil, sjálfskiptur — **6.290.777** kr.

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

## NORÐURLÖNDIN




## Minni fjárstyrkur við fall í norsku

**1 NOREGUR** Sylfi Listhaug, ráðherra innflytjendamála í Noregi, vill að sveitarfélögin fái heimild til að skera niður fjárhagsstuðning til þeirra útlendinga sem ekki standast norskupróf í aðlögunarferli þeirra. Ráðherrann segir að þetta muni hvetja þá enn frekar til að læra norsku og ná góðum árangri. Eftir páska leggur hún fram frumvarp um herta innflytjendalöggjöf.


Listhaug er ráðherra innflytjendamála.

## Sálfræðihernaður gegn Svíum

**2 SVÍÞJÓÐ** Rússar stunda sálfræðilegan hernað gegn Svíþjóð í því skyni að hafa áhrif á lýðræðislegar ákvarðanir. Allt að þriðjungur rússneskra erindreka stundar slíkt auk þess að njósna í Svíþjóð. Frá þessu er greint í skýrslu sænsku öryggislögreglunnar fyrir árið 2015. Margot Wallström, utanríkisráðherra Svíþjóðar, segir í viðtali við Sænska Dagblaðið að þetta sé alvarlegt en hafi verið vitað lengi.

## Grunnskólanemar vilja meiri menningu

**3 FINNLAND** Niðurstöður könnunar meðal nær 120 þúsunda grunnskólanemenda í Finnlandi sýna að nemendur vilja fá fleiri kennslustundir í listgreinum og hreyfingu. Meirihluti nemendanna vill fleiri tómstundir á skólatíma en einnig möguleika á að nota húsnæði og tæki skólans í frítíma sínum, að því er finnskir fjölmiðlar greina frá.


Reykjavíkurborg FÍLA hugmyndasamkeppni.is

Hugmyndasamkeppni um skipulag Gufunes

Reykjavíkurborg auglýsir eftir þátttakendum í forval fyrir lokaða hugmyndasamkeppni um skipulag Gufunessvæðisins í Grafarvogi. Innan þess svæðis sem um ræðir falla Gufunesbærinn og lóð Áburðarverksmiðjunnar. Samkeppnin er haldin í samstarfi við Félag Íslenskra Landslagsarkitekta.

Hugmyndasamkeppnin gengur út á að kalla eftir hugmyndum að skipulagi og hönnun, sem er í samræmi við meginstefnu í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Skipulag svæðisins hefur lengi verið óráætt svæði og miklar umræður um framtíðarþróun þess. Kominn er tími á að fá upp hugmyndir að framtíðarþróun og raunhæfar tillögur á svæðinu.

Leiðarljós, markmið og tilhögun samkeppninnar ásamt öllum nánari upplýsingum um lágmarkskröfur og hæfni þátttakenda koma fram í drögum að forsögn samkeppnislýsingar sem er aðgengileg á www.hugmyndasamkeppni.is

Áhugasamir skulu fylla út skjal sem er aðgengilegt á ofangreindu vefsvæði og senda nöfn þátttakenda og greinargerð, ásamt samantekt á þátttöku og árangri í samkeppnum og öðrum sambærilegum verkefnum til Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skipulagsfulltrúi, Borgartúni 12 – 14, 105 Reykjavík merkt „Gufunes – hugmyndasamkeppni, forvalsnefnd“ fyrir lok dags 19. apríl 2016.





Veiðifélag spyr um áhrif nýrrar hitaveitu á Laxá í Kjós. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja svör um áhrif hitaveitu í Kjós

**UMHVERFISMÁL** Veiðifélag Kjósarhrepps hefur óskað eftir svörum frá sveitarfélaginu um áhrif fyrirhugaðrar hitaveitu í Kjósinni á lífríki. "Hefur verið skoðað hvort efnainnihald affallsvatns eða hiti geti haft áhrif á lífríki vatnasvæðisins Laxár í Kjós og Bugðu?" segir í fyrirspurn Veiðifélags Kjósarhrepps.

Einnig er spurt um hvað gert sé ráð fyrir miklu magni af affallsvatni á ári sem fari út í vatnasvæði Laxár í Kjós og Bugðu. "Hvert er efnainnihald vatnsins?" spyr veiðifélagið.

Guðmundur Magnússon, formaður veiðifélagsins, segir fyrirspurnina snúast um að fá svör formlega á blaði fyrir aðalfund félagsins. "Stjórn veiðifélagsins hefur ekki áhyggjur af þessum framkvæmdum, við höfum fylgst með þessu frá því boranir hófust," segir Guðmundur.

> Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu hreppsins verður unnið að hitaveituframkvæmdum á þessu ári og því næsta.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu hreppsins verður unnið að hitaveituframkvæmdum á þessu ári og því næsta.

"Grófa verkplanið er að byrja uppi á borholusvæðinu í apríl 2016 og leggja lagnir sem leið liggur niður að Meðalfellsvatni, í byggðina kringum það og áleiðis vestur að Hvalfirði í byggðina þar. Önnur svæði koma inn árið 2017," segir á kjos.is. **– gar**





HONDA
The Power of Dreams
BETRI AFKÖST
SPARNEYTI OG TÆKNI
CR-V
HONDA CR-V KOSTAR FRÁ KR. 4.890.000 2WD
FRÁ KR. 5.190.000 4WD
Hvort sem þú vilt öryggi, sparneytni og lipurð í borgarsnúningana eða þægindi, rými og útsýni í skoðunarferðina þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjeppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims í tæp 10 ár í röð.
CR-V - ENDALAUST BETRI
Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535




brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Opið:
Virka daga kl. 9-17
Laugardaga kl. 12-16

volvocars.is




Volvo XC90 T8 býður upp á samsetningu af afli, eyðslu og losun sem ekki hefur verið í boði áður. Aflið er geysimikið eða 407 hestöfl og fæst með rafmótor og bensínvél. Hröðunin er 5,6 sekúndur frá 0-100 km/klst og togið er 640 Nm. Eldsneytiseyðsla T8 tvinnvélarinnar í blönduðum akstri er aðeins 2,1 l/100 km og $CO_2$ losunin er einungis 49 g/km. Frá því að Volvo XC90 var frumsýndur hefur hann fengið yfir 100 verðlaun um heim allan, þar á meðal titilinn bíll ársins 2016 á Íslandi. Volvo XC90 er fjórhjóladrifinn, 7 manna lúxusjeppi með mikla veghæð eða 23,7 cm undir lægsta punkt. Hann býr jafnframt yfir fullkomnasta öryggis-staðalbúnaðinum á markaðnum. Það kemur því ekki á óvart að hann var valinn öruggasti jeppinn í sínum flokki árið 2015 af umferðar- og öryggisstofnuninni Euro NCAP. Komdu á frumsýningu í dag, gæddu þér á gæðakaffi frá Kaffitár og kynntu þér bíl ársins 2016 á Íslandi.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

ftr.

**Framboð í trúnaðarstöður**

*Í samræmi við 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði auglýsir félagið hér með framboðsfrest til trúnaðarstarfa fyrir félagið.*

*Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til **mánudagsins 28. mars kl. 12 á hádegi.***

*Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík*

*Reykjavík 25. febrúar 2016*

*Stjórn FTR*

www.ftr.is
facebook.com/felagtaekinfolksirafidnadi/


# Mengunarviðmiðum hnikað til



**Kona með rykgrímu á gatnamótum í Peking í Kína í gær. Yfirvöld í borginni ætla, í lok þessa mánaðar, að breyta skilgreiningum vegna mengunarviðvarana. Rautt stig, sem er hæsta viðvörunarstig, er gefið út þegar mælingar á loftgæðum fara yfir 200 þrjá daga í röð. Í lagfærðum skilgreiningum verður rautt stig boðað þegar mælingar fara yfir 500 á einum degi, fara yfir 300 tvo daga í röð, eða yfir 200 fjóra daga í röð.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





**BÚÐU ÞIG UNDIR JEPPAFERÐIR SUMARSINS**

Komdu í SsangYong salinn,Tangarhöfða 8, milli 12 og 16 í dag, laugardag

Bílabúð Benna

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

**benni.is**



Greindarvísitala Norðmanna fer lækkandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Greindarvísitalan lækkar við meira sjónvarpsgláp

**NOREGUR** Greindarvísitala norskra stráka lækkar við það að horfa mikið á sjónvarp. Þetta er mat vísindamanna við rannsóknarstofnun Háskólans í Ósló sem borið hafa saman greindarpróf á vegum norska hersins frá 1992 til 2005 og aðgengi sveitarfélaga að dreifikerfi sjónvarpsstöðva.

Blaðið Dagens Næringsliv hefur það eftir einum vísindamannanna að því betra sem aðgengið var að sjónvarpsstöðvum, þeim mun meira hafði greindarvísitala stráka lækkað. Blaðið greinir frá því að hækkun greindarvísitölu norsku þjóðarinnar hafi verið jöfn í gegnum tíðina. Nýlega hafi hún hins vegar staðnað og sé nú farin að lækka.

Möguleg skýring, að mati sérfræðinganna, er að aukið aðgengi að skemmtiefni hafi leitt til meira sjónvarpsáhorfs. Það hafi síðan leitt til þess að strákarnir hafi varið minni tíma til annars eins og til dæmis lesturs.

Við rannsóknina var stuðst við gögn um þá sem fæddust á tímabilinu 1974 til 1987. **– ibs**


Aðalfundur VR

Þriðjudaginn 29. mars kl. 19:30
á Hilton Nordica

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf
og ákvörðun um innborgun í Varasjóð VR.

Dagskráin og allar nánari upplýsingar á **vr.is**.
**Við hvetjum félagsmenn til að mæta.**



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR




Nú eru jeppaferðir sumarsins í sjónmáli. Því fögnum við hjá Bílabúð Benna með hörku jeppasýningu, laugardaginn 19. mars. Til sýnis verða eðal jepparnir Rexton og Korando frá SsangYong. Á sýningarsvæðinu verða líka upphækkaðar og breyttar útgáfur af eldri SsangYong jeppum. SsangYong hefur verið leiðandi bílaframleiðandi í Suður-Kóreu og notið virðingar og trausts fyrir tæknilegar lausnir og framúrskarandi hönnun.

**Rexton kemur reyndu jeppafólki skemmtilega á óvart.**
Hér er á ferðinni fullvaxinn alvöru jeppi, byggður á grind, með læstum millikassa og lágu drifi. Rexton stenst allan samanburð við öflugustu jeppana á markaðnum og hann er hlaðinn vönduðum búnaði og þægindum.

**Verð frá: 5.490.000**

**Korando fangar augað.**
Hér fer sérlega stílhreinn, fjórhjóladrifinn sportjeppi, með læstum millikassa, lágu drifi og öflugan togkraft. Korando er óvenju rúmgóður jeppi í sínum flokki. Hann er einstaklega meðfærilegur á allan hátt og hreinlega pakkaður af staðalbúnaði.

**Verð frá: 4.490.000**

SSANGYONG

# Thank you, goodbye



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Stóru tíðindin af ársfundi Seðlabankans var yfirlýsing Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um afnám hafta síðar á árinu.

Yfirlýsingunni fylgdi engin útfærsla, önnur en sú að sérstakar varúðarreglur myndu leysa fjármagnshöftin af hólmi. Þannig ætti að girða fyrir að hér skapaðist sams konar ástand og fyrir 2008, sem endaði eins og allir muna með frjálsu falli krónunnar, gjaldeyrishöftum og algeru hruni efnahagslífsins.

Það eru góð tíðindi að fjármálaráðherra telji okkur geta aflétt fjármagnshöftunum.

Við skulum ekki gleyma að þau setja umtalsverðar skorður á líf venjulegs fólks og fyrirtækja í landinu. Takmarkanir á úttektum á erlendum gjaldeyri vegna utanferða snerta fjölskyldur á leið í sólarfrí. Bann við fjárfestingum í erlendum félögum eða lánveitingum milli landa koma við kaunin á atvinnulífinu, og tilvist gjaldeyrishafta fælir frá erlenda fjárfestingu.

Síðast en ekki síst þá loka höftin lífeyrissjóðina inni á Íslandi, og ýta þannig undir bólumyndun bæði á hlutabréfa- og fasteignamarkaði. Lífeyrissjóðsfélagar og hagkerfið í heild hagnast á því að liðkað sé fyrir fjárfestingum sjóðanna, og annarra fjársterkra aðila, í útlöndum.

Því má segja að það sé lífsspursmál fyrir heilbrigt hagkerfi til lengri tíma að afnema höftin. En það þarf að fara að öllu með gát. Hér má ekki skapast ástand þar sem peningar leita út í of miklum mæli með tilheyrandi þrýstingi á gjaldmiðilinn.

Passa þarf að halda jafnvægi. Krónan hefur þegar styrkst talsvert síðustu mánuði, og ekki er gott að sjá fyrir áhrif áframhaldandi styrkingar á ferðamannastrauminn. Það er ólíklegt að ferðamönnum fjölgi áfram um fjórðung á hverju ári ef gjaldmiðilinn styrkist til muna.

> Í þessu samhengi eru dylgjur á Alþingi um að forsætisráðherra hafi leikið tveim skjöldum í þessum viðræðum í besta falli hjákátlegar, og í versta falli sjúkdómseinkenni á fárveikri pólitískri umræðu.

Núverandi ríkisstjórn, í góðu samstarfi við Seðlabankann, hefur haldið vel á spöðunum í efnahagsmálum. Þar hafa utanaðkomandi aðstæður vissulega hjálpað til, svo sem íslenska ferðamannavorið og fiskveiðarnar. Útkoman í samningum ríkisins við kröfuhafa spilar þó stærstu rulluna. Ísland er nú í hópi þeirra ríkja veraldar, sem búa við minnsta skuldabyrði, sé miðað við hlutfall af landsframleiðslu. Það er af sem áður var.

Í þessu samhengi eru dylgjur á Alþingi um að forsætisráðherra hafi leikið tveim skjöldum í þessum viðræðum í besta falli hjákátlegar, og í versta falli sjúkdómseinkenni á fárveikri pólitískri umræðu.

Fjármálaráðherra lauk ræðu sinni með orðunum „Thank you, and goodbye“, og vísaði í lausn mála gagnvart erlendu kröfuhöfunum. Verkinu er hins vegar ekki lokið. Nú þarf skynsamlega útfærslu á afnámi gjaldeyrishaftanna. Ef rétt er haldið á spöðunum gætu skilnaðarorðin til Bjarna, ef til kæmi að hann léti af embætti fjármálaráðherra við næstu kosningar, orðið: „Thank you, goodbye and well done.“




Við höfum aðstoðað fjölda Íslendinga í gegnum árin og viljum gjarnan aðstoða þig. Við höfum okkar fulltrúa á Íslandi og skrifstofu í Orlandó og erum reiðubúin til að aðstoða við kaup eða sölu eignar í Orlandó. Nú er hagkvæmt að kaupa og hagkvæm lán í boði. Okkar aðstoð og ráðgjöf kostar kaupanda ekkert. Endilega hafðu samband ef þú ert að spá og við munum taka vel á móti þér á Íslandi og/eða Orlandó.

**Ísland – Þórhallur Guðjónsson eign.i.florida@gmail.com S. 896-8232.**
**Florida – Meredith Mahn LIVINFL@aol.com S. 001-321-438-5566.**

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Íslenskar skoðanir, já takk!

Ég ætlaði að hefja þessar hugleiðingar á einhverju fleygu og fáguðu. En ég er með hausverk, kaffið var að klárast, rafgeymirinn á bílnum er dauður og klósettpappírinn er búinn. Eftirfarandi verður því að duga: Lobbíistar þessa lands hafa nú troðið hausnum á sér svo langt upp í sjálfhverfan óæðri endann á sér að þeir heyra ekki lengur að þeir hljóma eins og organdi smábarn sem hendir sér í gólfið í nammideildinni í Hagkaup því mamma þess vill bara kaupa einn poka af gúmmíkörlum en ekki heilt þorp.

**Í fréttum er þetta helst:**

- Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar vill að stjórnvöld beiti sér í því að halda krónunni veikri svo bransinn hans græði sem mest.
- Samtök iðnaðarins vilja ekki að neytendur geti keypt sér bjór í matvöruverslunum. Ástæðan er þó ekki lýðheilsulegs eðlis heldur ráða arðsemissjónarmið för. Íslenskir bjórframleiðendur óttast að tapa markaðshlutdeild gagnvart erlendum framleiðendum því hingað til lands slysast annað slagið auglýsingar frá erlendum áfengisframleiðendum með erlendum fjölmiðlum.
- Formaður Framsóknarflokksins nær ekki upp í nef sér yfir að ASÍ skuli eitthvað vera að pæla í hagsmunum neytenda þegar kemur að nýjum búvörusamningum. Hverjum er ekki sama um þessa neytendur?

Það er svo margt í veröldinni sem okkur finnst sjálfsagt af vana einum saman. Okkur finnst sjálfsagt að himinninn sé blár, að það séu sjö dagar í vikunni, að Sjónvarpsfréttirnar byrji klukkan sjö. En hvað ef himinninn væri rauður? Hvað ef það væru bara fjórir dagar í vikunni? Hvað ef Sjónvarpsfréttirnar byrjuðu klukkan átta?

**Hvað ef í fréttum væri þetta helst:**

- Innflutningstollar hafa verið settir á ítalskt pestó eftir að Mörður Þjóðmundsson á Ysta-Túni hóf framleiðslu á íslensku hundasúru-pestói. Hundasúrurnar koma allar úr bæjarhlaðinu en pestóið inniheldur einnig extra virgin þorskalýsi, fíflamjólk, rifinn Skólaost frá Mjólkursamsölunni og iðnaðarsalt frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar.
- Slökkt hefur verið endanlega á internetinu á Íslandi að kröfu Samtaka íslenskra pistlahöfunda. Ómælt lesefni frá útlöndum hefur þótt veikja samkeppnisstöðu þeirra sem sinna ritstörfum hér á landi og grafa undan atvinnumöguleikum þeirra. Jórunn Tómasdóttir, talskona átaksins „Íslenskar skoðanir, já takk!“ telur að með aðgerðinni fjölgi í stéttinni sem nemur fingrum beggja handa. Rétt rúm vika er síðan þýðingar á erlendum bókmenntaverkum yfir á íslensku voru með öllu bannaðar til að vernda íslenska bókaritun.
- Nemendur 10. bekkjar Álftamýrarskóla fóru í hungurverkfall í kjölfar frétta þess efnis að kvikmyndainnflutningskvótinn er uppurinn og frumsýningu myndarinnar X-Men: Apocalypse hefur verið frestað til næsta árs. Í staðinn munu kvikmyndahús landsins sýna nýjustu mynd Hrafns Gunnlaugssonar, Hrafninn flýgur 2 og sjálfstætt framhald hennar, Hrafninn mígur – í Elliðavatn.
- Alþingi samþykkti í gær frumvarp um svo kallaða „berskyldu“ en hún líkist herskyldu annarra landa nema í stað þess að bera vopn verður bermönnum gert að bera farangur erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim upp um fjöll og firnindi og tröppur gistiheimila sem ekki eru með lyftu. Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar segir lögin mikilvægt skref í að viðhalda straumi ferðamanna hingað til lands og hámarka arðsemi greinarinnar. Á morgun hyggst Flokkur gráðugra hagsmunaaðila leggja fram breytingartillögur á frumvarpinu sem fela í sér útvíkkun á skyldum þeirra sem hljóta berkvaðningu. Verður bermönnum þá einnig gert að fara með íslenskar rímur fyrir erlenda gesti sé þess óskað, flytja þeim þjóðlög á langspil, víkja úr rúmum sínum komi upp skortur á hótelplássum, teyma túrista um hættur hálendisins í ólum svo þeir fari sér ekki að voða og hreinsa upp saur þeirra sem kjósa að gera þarfir sínar undir berum himni.

Myndum við láta þessa skálduðu hagsmunaaðila vaða yfir okkur á skítugum skónum? Krafa hinna raunverulegu lobbíista er ekkert réttmætari.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




mazda

Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi aksturseiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalausa akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

*Komdu og reynsluaktu Mazda2*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Lokaútkall fyrir Evrópumótið

**Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfarar tilkynntu í gær síðasta landsliðshóp sinn áður en EM-hópurinn verður valinn. Heimir segir að það muni reyna jafnt á þá sem spila og spila ekki á EM.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið leikur tvo æfingaleiki í þessum mánuði. Gegn Dönum þann 24. mars og svo gegn Grikkjum fimm dögum síðar. Þetta verða síðustu leikir liðsins áður en EM-hópurinn verður valinn 9. maí næstkomandi.

Landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tilkynntu 24 manna leikmannahóp í gær fyrir þessa leiki.

Eiður Smári Guðjohnsen er á meðal þeirra leikmanna sem fá frí að þessu sinni. Markvörðurinn Hannes Þór Halldórsson snýr svo aftur eftir meiðsli. Þjálfararnir segja að 10-15 leikmenn fyrir utan þennan hóp komi til greina í EM-hópinn.

„Það eru margir leikmenn að minna á sig þessa dagana með góðum leik og mörkum. Eftir því sem það verður erfiðara að velja hópinn þá erum við greinilega að gera eitthvað rétt í íslenskum fótbolta,“ segir Heimir Hallgrímsson.

Andstæðingar Íslands í komandi leikjum eiga það sameiginlegt að hafa náð að vinna EM. Undankeppni EM að þessu sinni var ekki góð hjá þeim og þau mæta nú til leiks með nýja þjálfara.

„Við viljum reyna að vinna leikina. Það er markmið í öllum leikjum. Við erum líka að horfa á samvinnu ákveðinna leikmanna,“ segir Heimir en er óþægilegt að mæta liðum sem erfitt er að spá í hvernig muni spila?

„Nei, ekki í þessu tilfelli. Þetta eru ekki mótsleikir og því er það að vissu leyti gott. Þau ætla að koma okkur á óvart og verður gaman að sjá hvernig við tæklum það.“

**Stoltur tannlæknir**

Ísland er að undirbúa sig í fyrsta skipti fyrir þátttöku í lokakeppni stórmóts. Það er risavaxið verkefni. Reynt hefur verið að haga undirbúningi sem best þó svo verið sé að feta í spor sem íslensk knattspyrna þekkir ekki.

„Ég er bara stoltur tannlæknir sem fæ að vera með þessum strákum í þessu. Ég held að enginn af okkur geri sér grein fyrir því hversu stórt þetta er. Hversu mikið áreiti þetta verður. Ég er mest hræddur um að við séum að fara fáliðuð og fávís inn í þetta verkefni,“ segir Heimir en liðið verður í það minnsta saman í fimm vikur.

„Menn þurfa að vera ansi ferskir til að geta enn gefið af sér á fimmtu viku. Við erum að reyna að vanda okkur eins og við getum. Það er mikið álag á öllum. Við eigum eftir að reka okkur á og örugglega eitthvað sem við gerum vitlaust. Þess vegna er svo mikilvægt að vanda sig eins og hægt er.“

**Reynir á nýja hluti**

Heimir segir að það muni reyna mikið á alla leikmenn. Bæði þá sem spila mikið og eins þá sem kannski spila ekki neitt.

„Það er erfitt fyrir atvinnumann sem er forstjóri síns eigin fyrirtækis að fá ekki að taka þátt. Þess vegna er mikilvægt að við ræðum þessa hluti við strákana í þessari ferð. Að menn séu tilbúnir að fara á þeim forsendum að svo geti farið. Þetta er þáttur sem hefur aldrei reynt á hjá okkur því við höfum aldrei verið saman í fimm vikur.“ **henry@frettabladid.is**



**Dreyminn. Hugur Heimis Hallgrímssonar er eðlilega að miklu leyti við EM í Frakklandi næsta sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Landsliðshópurinn

**Markverðir**
- Hannes Þór Halldórsson, Bodö/Glimt
- Gunnleifur Gunnleifsson, Breiðablik
- Ögmundur Kristinsson, Hammarby
- Ingvar Jónsson, Sandefjord

**Varnarmenn**
- Birkir Már Sævarsson, Hammarby
- Ragnar Sigurðsson, Krasnodar
- Kári Árnason, Malmö
- Ari Freyr Skúlason, OB
- Haukur Heiðar Hauksson, AIK
- Hörður Björgvin Magnússon, Cesena
- Sverrir Ingi Ingason, Lokeren
- Hjörtur Hermannsson, IFK Göteborg

**Miðjumenn**
- Aron Einar Gunnarsson, Cardiff City
- Emil Hallfreðsson, Udinese
- Birkir Bjarnason, Sevilla
- Jóhann Berg Guðmundsson, Charlton
- Gylfi Þór Sigurðsson, Swansea
- Ólafur Ingi Skúlason, Genclerbirligi
- Theodór Elmar Bjarnason, AGF
- Arnór Ingvi Traustason, Norrköping

**Sóknarmenn:**
- Kolbeinn Sigþórsson, Nantes
- Alfreð Finnbogason, Augsburg
- Jón Daði Böðvarsson, Kaiserslautern
- Viðar Örn Kjartansson, Malmö

**Úrslitakeppni Domino's-deild karla**

**Stjarnan - Njarðvík 62-65**
**Stjarnan**: Al'lonzo Coleman 29/16 fráköst, Justin Shouse 14, Tómas H. Tómasson 8.
**Njarðvík**: Haukur Helgi Pálsson 20, Jeremy Atkinson 16/9 fráköst, Maciej Baginski 11.
***Njarðvík leiðir einvígið, 1-0.***

**Haukar - Þór Þ. 64-67**
**Haukar**: Brandon Mobley 25/8 fráköst, Emil Barja 15, Finnur Atli Magnússon 10/8 fráköst.
**Þór**: Vance Hall 33/10 fráköst, Ragnar Bragason 10, Halldór G. Hermannsson 8.
***Þór leiðir einvígið, 1-0.***

### KLOPP AFTUR TIL DORTMUND

Dregið var í 8-liða úrslit í Meistaradeild Evrópu og Evrópudeildinni í gær. Í Meistaradeildinni drógust ríkjandi meistarar Barcelona gegn Atletico Madrid og Paris Saint-Germain og Manchester City eigast við. Í Evrópudeildinni mætir Jürgen Klopp, stjóri Liverpool, sínum gömlu lærisveinum í Dortmund. Dráttinn í heild sinni má sjá inni á Vísi.

### ANÍTA KEPPIR Á HM Í KVÖLD

Aníta Hinriksdóttir keppir í kvöld í undanúrslitum í 800 metra hlaupi á HM innanhúss í Portland í Bandaríkjunum. Sautján keppendur berjast um sex laus sæti í úrslitahlaupinu á morgun. Undanúrslitahlaupið hefst klukkan 18.15 í kvöld, að íslenskum tíma.

## Helgin

**Laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 06.00 | Formúla 1: Tímataka | Sport |
| 12.35 | Everton - Arsenal | Sport 2 |
| 14.25 | Köln - Bayern M. | Sport |
| 14.50 | Chelsea - West Ham | Sport 2 |
| 14.50 | C. Palace - Leicester | Sport 4 |
| 16.25 | Grindavík - Snæfell | Sport 3 |
| 17.20 | Swansea - Aston Villa | Sport |
| 18.55 | Zagreb - R. Löwen | Sport 2 |
| 19.40 | Roma - Inter | Sport |
| 19.40 | Inter - Bologna | Sport 2 |

**Sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 04.30 | Formúla 1 - Ástralía | Sport |
| 13.20 | Southampt. - Liverpool | Sport |
| 13.20 | Newcastle - Sunderl. | Sport 2 |
| 14.55 | Villarreal - Barcelona | Sport 3 |
| 15.50 | Man City - Man Utd | Sport |
| 15.50 | Tottenham - Bourn. | Sport 2 |
| 16.25 | Augsburg - Dortmund | Sport 5 |
| 16.50 | Þróttur - FH | Sport 4 |
| 17.25 | Pick Szeged - Kiel | Sport 3 |
| 19.00 | Grindavík - KR | Sport |
| 19.25 | Real Madrid - Sevilla | Sport 2 |
| 19.40 | AC Milan - Lazio | Sport 3 |

MARIBO
HLÝLEGUR
Þessi margverðlaunaði ostur hefur verið framleiddur frá árinu 1965 og rekur ættir sínar til danska bæjarins Maribo á Lálandi. Það sem gefur Maribo-ostinum sinn einkennandi appelsínugula lit er annatto-fræið sem mikið er notað í suðurameríska matargerð. Áferðin er þétt en bragðið milt með vott af valhnetubragði. Frábær ostur til að bera fram með fordrykk, í kartöflugratín eða á hádegisverðarhlaðborðið.


# Ég er ekki að yngjast

**Lars Lagerbäck vildi gjarnan halda áfram að þjálfa íslenska landsliðið næstu tvö árin en er ekki enn reiðubúinn að gefa KSÍ svar um framhaldið. Samningur hans rennur að óbreyttu út eftir EM í sumar, þegar Lagerbäck verður 68 ára gamall.**

**FÓTBOLTI** Það er enn óvíst hvort Lars Lagerbäck muni þekkjast boð Knattspyrnusambands Íslands um að halda áfram starfi sínu sem landsliðsþjálfari karlaliðsins næstu tvö árin. Núverandi samningur Lagerbäcks rennur út í sumar.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hefur rætt við Lagerbäck um framhaldið og vilji hans er skýr. Geir vill halda Lagerbäck í þjálfarateymi íslenska landsliðsins þar sem hann hefur deilt aðalþjálfarastöðunni með Heimi Hallgrímssyni.

„Það er ekkert ákveðið,“ sagði Lagerbäck á blaðamannafundi KSÍ í gær. „Ég vil aðeins bíða og sjá til hvernig mér líður. Ég vona að það verði ekki löng bið því KSÍ hefur sýnt mér mikla þolinmæði. En ég þarf tíma til að átta mig á minni stöðu. Þessu starfi fylgja mikil ferðalög og ég er ekki að yngjast.“

### Minni óvissa vegna Heimis

Hann segir mikilvægt að framtíð landsliðsins skýrist sem fyrst en að það hjálpi til að vitað sé að Heimir Hallgrímsson verði áfram landsliðsþjálfari, hvort sem Lars fylgi honum inn í næstu undankeppni eða ekki.

„Ég vildi gjarnan halda áfram því ég hef notið þessara fjögurra ára. Þetta hefur verið frábær tími. En ég þarf að skoða mína stöðu og íhuga hvaða niðurstaða er best fyrir mig, landsliðið og íslenskan fótbolta.“

Geir sagðist sáttur við þau svör sem hann hafði fengið frá Lagerbäck og að KSÍ sé reiðubúið að bíða.

„Ég hef rætt við alla þjálfarana. Draumateymi KSÍ til að leiða Ísland áfram inn í næstu undankeppni situr hér við þetta borð,“ sagði Geir og benti á þá Lagerbäck, Heimi og Guðmund Hreiðarsson markvarðaþjálfara. „Við munum sjá hvað gerist en allar dyr eru opnar eins og er. Ef við náum að halda okkar draumateymi þá væri það mjög ánægjuleg niðurstaða fyrir KSÍ.“

Lagerbäck kom Íslandi í umspilið fyrir HM í Brasilíu þar sem strákarnir okkar töpuðu fyrir Króatíu en undir stjórn hans og Heimis komst Ísland beint inn á EM í Frakklandi þar sem liðið lagði meðal annars Holland tvívegis að velli.

### Útilokar ekki annað starf

Lagerbäck verður 68 ára skömmu eftir að EM lýkur í sumar. En hann útilokar ekki að taka að sér annað starf, þó svo að hann myndi hætta með Ísland í sumar.

„Ég vona að mér beri gæfu til að setjast í helgan stein en samt sem áður vil ég ekki útiloka neina möguleika, ef eitthvað spennandi kæmi upp. Það gæti vel verið eitthvað hlutastarf tengt knattspyrnu og væri heimskulegt af mér að loka á alla aðra möguleika strax.“

eirikur@frettabladid.is

**58%**

**Lars Lagerbäck hefur á sínum fjórum árum sem landsliðsþjálfari unnið ellefu af 22 mótsleikjum sínum og gert fimm jafntefli. Sigurhlutfall Íslands undir hans stjórn er því 58% en markatalan er 32-23**

**35**

**Andstæðingar Íslands í undankeppni EM 2016 höfðu aðeins forystu gegn Íslandi í 35 mínútur alls í þeim tíu leikjum sem Ísland spilaði. Strákarnir höfðu hins vegar forystu í samtals 398 mínútur í leikjunum tíu.**



**Lagerbäck ætlar að gefa KSÍ lokasvar í byrjun maí, í síðasta lagi.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP





**Grímsbær**
Skrifstofur eða gistiheimili á 2. hæð

Um 695 m² efri hæð til leigu við Efstaland 26, við Bústaðaveg. Hæðin er innréttuð sem skrifstofa en einnig liggja fyrir samþykktar teikningar að gistiheimili. Hæðin er björt með stórum suðursvölum. Hún skiptist í nokkrar skrifstofur, fundarherbergi og opið vinnurými. Í Grímsbæ er fjölbreytt þjónusta við höndina, næg bílastæði eru við húsið og góð aðkoma er að hæðinni bakatil.

**TIL LEIGU**

Nánari upplýsingar á **www.reitir.is** og hjá Halldóri Jenssyni, sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is**

Reitir fasteignafélag Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR
Velkomin til starfa

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

DORMA
Láttu drauminn rætast

Fyrir þínar bestu stundir

Páskar 2016

Nature's Bedding



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu

Aukahlutur á mynd: Helsinki höfuðgafl.

NATURE'S COMFORT
heilsurúm með classic botni og löppum

25% AFSLÁTTUR

| Stærð cm. | M/ Classic botni | Tilboðs-verð |
| --- | --- | --- |
| 80x200 | 86.900 | 65.175 |
| 90x200 | 92.900 | 69.675 |
| 100x200 | 99.900 | 74.925 |
| 120x200 | 119.900 | 89.925 |
| 140x200 | 138.900 | 104.175 |
| 160x200 | 149.900 | 112.425 |
| 180x200 | 164.900 | 123.675 |

Nature's Comfort:
- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²
- Steyptar kantstyrkingar

PÁSKATILBOÐ



FERMINGAR TVENNA

QUILTS OF DENMARK

DÚNMJÚKT TVENNUTILBOÐ
O&D dúnsæng – Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.

19.800 kr.

Þú finnur nýja Páskabæklinginn okkar á www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími Rvk.
Mán. til fös. kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast



Magnea Einarsdóttir fatahönnuður í Læknaminjasafninu á Seltjarnarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# *Litríkt* og forvitnilegt í **Læknaminjasafni**

**Magnea Einarsdóttir** fatahönnuður stekkur inn í samsýninguna Flóð á Hönnunarmars í Læknaminjasafninu á Seltjarnarnesi. Magnea frumsýndi nýja línu um síðustu helgi á Hönnunarmars og sýnir fallegar flíkur úr ull. Íslenska ullin er henni hugleikin áskorun.

Flóð er samsýning einstaklinga, hönnuða og listamanna í Læknaminjasafninu á Seltjarnarnesi sem stendur yfir á Hönnunarmars. Í ár leituðu félagar úr Textílfélaginu eftir samstarfi við hönnuði og listamenn úr öðrum nýskapandi greinum og það er áhugaverð og litrík blanda sem bíður sýningargesta. Magnea Einarsdóttir fatahönnuður sem sýndi nýja línu sína í síðustu viku á Hönnunarmars stekkur óvænt inn í samsýninguna.

Magnea er stofnandi íslenska fatamerkisins MAGNEA og er útskrifuð úr fatahönnun frá Central St. Martins í London. Hún hefur getið sér gott orð bæði hérlendis og erlendis fyrir hönnun sína. Erlendir gestir samsýningarinnar eru farnir af landi brott og var Magneu boðið inn í hana í staðinn. Hún er ánægð með hvernig tekist hefur til. Litríkar ullarflíkurnar standa á gínum í hráu rými Læknaminjasafnsins.

Flíkurnar eru í takt við fyrri verk hönnuðarins, þar sem lögð hefur verið áhersla á prjón og nýja nálgun á íslenska ull.

„Ég frumsýndi línuna um síðustu helgi. Ég er enn að vinna mikið með íslenska ull. Ég blanda henni saman við aðra tegund ullar, til að mynda merínóull. Þá nota ég fíngerð silkiefni sem ég sauma ullina í. Nýja línan er tilvísun í það sem ég var að gera þegar ég byrjaði. Ég er að leita aftur í grunninn.“

Magnea segir áskorun að vinna með íslenska ull. „Það er ástæðan fyrir því að ég vinn með hana. Áskoranir knýja mann áfram. Ég vil að mínar flíkur innihaldi íslenskt hráefni og séu framleiddar á Íslandi. En ekki eingöngu, ég bind mig ekki við það.“

> NÝJA LÍNAN ER TILVÍSUN Í ÞAÐ SEM ÉG VAR AÐ GERA ÞEGAR ÉG BYRJAÐI. ÉG ER AÐ LEITA AFTUR Í GRUNNINN.

Gestir munu hafa margt fleira áhugavert að sjá á sýningunni Flóð. Í kjallaranum er forvitnilegt gróðurhús sem listamaðurinn Brynja Guðmundsdóttir á heiðurinn af og gaman er að þræða sig í gegnum. Þá hefur listamaðurinn María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir gert innsetningu sem fjallar um hlýnun jarðar. Lampar varpa mynd á gólfið með teikningum af jöklum og sýna bráðnun þeirra.

kristjanabjorg@frettabladid.is

# HAFÐU ÞAÐ GRAND Í DAG

## *Grandsalat er pottþétt ferskt*

*Það eru þrjár fullvaxnar plöntur í hverjum potti svo að þú fáir meira salat fyrir minna — nýskorið og ferskt af heimaslóðum.*




### *Hveratún í Laugarási*

*Garðyrkjubændurnir Magnús og Sigurlaug leggja rækt við að færa þér gómsætt úrval af fersku salati í handhægum umbúðum. Taktu eftir miðanum næst þegar þú verslar.*

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

*islenskt.is*

# Páskatilboðin í Höllinni

## Komdu og vertu eins og heima hjá þér





IDdesign

### FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

**249.990 kr.** ~~299.990 kr.~~

### KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**189.990 kr.** ~~239.990 kr.~~

furninova



### VESTA
Tungusófi hár, hægri og vinstri tunga.
Grár, brúnn og bleikur.
Stærð: 295 x 94/160 x 80 cm

**199.990 kr.** ~~299.990 kr.~~





### AVELINO
Svefnsófi. Slitsterkt áklæði. Ljós- og dökkgrár og blár.
Góð rúmfataskúffa. Stærð: 214 x 89 x 90 cm

**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

### ROMANCE
2,5 sæta sófi. Dökkgrár. Viðarfætur.
Stærð: 170 x 82 x 87 cm

**139.990 kr.** ~~179.990 kr.~~










### OMAGGIO
Omaggio Pearl í öllum stærðum er mættur í Höllina Bíldshöfða ásamt annarri nýrri smávöru. Komdu og kíktu á úrvalið.

### MOTTUMARS
TAKTU ÞÁTT Á MOTTUMARS.IS

**5%** af sölu á öllum mottum í Mottumars renna til Krabbameinsfélagsins. Mikið úrval frá Broste og fleiri framleiðendum.

### BROSTE
Nýtt og enn stærra Broste sýningarrými í Höllinni Bíldshöfða. Af því tilefni og 60 ára afmæli Broste bjóðum við **20%** afslátt af Broste vörum í mars.

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# LA-Z-BOY TAXFREE

## Allir LA-Z-BOY stólar og sófar á taxfree tilboði*






### EMPIRE
Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði
Stærð: 80 × 70 × 102 cm
**72.573 kr.** ~~89.990 kr.~~



### ASPEN
Klæddur leðri á slitflötum.
Svartur, vínrauður, brúnn eða hvítur.
Stærð: 80 × 85 × 102 cm
**119.990 kr.** ~~159.990 kr.~~



### RIALTO
Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi.
Klæddur gráu eða svörtu áklæði.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
Stærð: 205 × 90 × 105 cm
**258.056 kr.** ~~319.990 kr.~~

*** Taxfree tilboðið gildir bara á LA-Z-BOY og jafngildir 19,35% afslætti.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 31. mars 2016

HÚSGAGNA HÖLLIN




Gróa Ásgeirsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir og Guðný Pálsdóttir eru samhentar vinkonur sem hófu að safna til góðgerðarmála eftir veikindi Gróu og nú átta árum seinna eru þær enn að. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hafa safnað hálfum milljarði í góðgerðarmál

Þær **Elísabet Sveinsdóttir**, **Gróa Ásgeirsdóttir** og **Guðný Pálsdóttir** standa að baki Á allra vörum. Frá árinu 2008 hafa þær safnað hundruðum milljóna í góðgerðarstörf og vakið verðskuldaða athygli á ýmsum málefnum.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Það sem við höfum lært af þessu er að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. Það þarf bara að henda sér í hlutina. Það er ótrúlegt hvað hver og einn getur haft mikil áhrif,“ segja þær Elísabet Sveinsdóttir, Gróa Ásgeirsdóttir og Guðný Pálsdóttir, konurnar að baki átakinu Á allra vörum.

Átakið var stofnað árið 2008 eftir að Gróa hafði greinst með brjóstakrabbamein og gengið í gegnum meðferð vegna þess.

**Miklar vinkonur**

Þær Gróa og Guðný voru að vinna saman á þessum tíma og fengu hugmynd um að láta gott af sér leiða eftir meðferð Gróu. Þær hittu Elísabetu að máli og ákváðu þær að hrinda af stað söfnun með því að selja gloss um borð í flugvélum Icelandair og vekja um leið athygli á brjóstakrabbameini. Átakið hefur heldur betur vaxið mikið upp frá því og hafa þær safnað hátt í hálfum milljarði í peningum til hinna ýmsu góðgerðarverkefna. „Reyndar hátt í milljarð ef talin væri öll vinnan og annað framlag en peningar sem gefið hefur verið til safnananna,“ segir Elísabet.

Stöllurnar eru miklar vinkonur og segja það lykilatriði til þess að svona gangi upp. Það er gríðarleg vinna að baki því að leiða slíkt átak og í mörg horn að líta. Þetta er þeirra framlag og sjálfboðavinna, enda allar í fullri vinnu og yfirbyggingin er engin. „Við hittumst bara á kaffihúsum hér og þar. Tölum mikið saman í síma og skipuleggjum okkur þannig,“ segir Guðný.

„Hugmyndafræðin gengur út á að velja eitt málefni á ári – málefni sem þarfnast athygli og aðstoðar. Síðan er ákveðið fyrir hverju skal safna, en það verður að liggja skýrt fyrir áður en átakið hefst,“ segir Gróa. „Söfnunin er ekki endilega aðalmálið heldur veljum við málefni sem við teljum að þarfnist athygli almennings og fái fólk til að spá í hlutina, fái meiri umræðu,“ segir Elísabet og hinar taka undir. „Við viljum alltaf finna málefni sem hjartað slær fyrir og það má heldur ekki vera of þekkt því við viljum hjálpa til við að kynna það.“

**Gott fólk með í baráttunni**

Verkefnin sem safnað hefur verið fyrir eru fjölmörg; Krabbameinsfélagið, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Ljósið, Neistinn, Leiðarljós, geðheilbrigðismál og á síðasta ári var safnað fyrir samtökin Erindi sem berjast fyrir bættum samskiptum meðal barna og unglinga. Safnað var fyrir samskiptasetri fyrir þá sem glíma við einelti, foreldra og fjölskyldur þeirra. „Átakið vakti mikla umræðu um einelti. Það komu margir fram og sögðu frá einelti sem þeir höfðu orðið fyrir. Þetta opnaði á umræðuna,“ segir Gróa. Í gegnum árin hafa stöllurnar haft með sér mikið af góðu fólki þar sem bæði auglýsingaherferðir og sjónvarpsauglýsingar hafa verið framleiddar til þess að vekja athygli á því málefni sem tekið er fyrir hverju sinni. „Við höfum átt því láni að fagna að vinna með landsliðsfólki í auglýsingagerð. Auglýsingastofan Pipar hefur stýrt herferðunum fyrir okkur og svo leikstjórarnir Gunni og Sammi sem eru nú hjá Stórveldinu hafa framleitt sjónvarpsefni.“

> **Þetta land myndi ekki fúnkera í heilbrigðismálum og alls konar undir málshlutum, ef það væri ekki fyrir konur og menn með hugsjón.**
>
> Gróa Ásgeirsdóttir

**Eins og barnið okkar**

Þegar þær fóru af stað árið 2008 grunaði þær ekki hvað Á allra vörum yrði stórt og myndi hafa mikil áhrif í samfélaginu. „Við ætluðum bara að prófa eitt ár. Ég kynntist í gegnum veikindi mín þessari frábæru heilbrigðisþjónustu og langaði að gefa eitthvað til baka. Fyrsta árið tókum við þátt í að safna fyrir nýjum brjóstamyndavélum fyrir Krabbameinsfélagið sem greina brjóstakrabbamein fyrr hjá ungum konum, við komum eiginlega inn með síðustu greiðsluna fyrir þeim,“ segir Gróa. „Síðan þá höfum við verið eins og óslitið blað saman allar þrjár í þessu. Upphaflega ætluðum við bara að gera þetta einu sinni. Við sögðum alltaf ef hjartað slær ekki með okkur í þessu, heldur bara vinna þá hættum við. En auðvitað er þetta bara eins og barnið okkar, okkur þykir undurvænt um Á allra vörum,“ segir Guðný.

***Átta mánaða undirbúningur***

Árið 2009 var komið að máli við þær og þær beðnar um að taka þátt í söfnun fyrir SKB, styrktarfélag krabbameinssjúkra barna. „Við ákváðum að halda áfram þegar SKB kom að máli við okkur þar sem þau vantaði svo hvíldarheimili fyrir krabbameinsveik börn í meðferð og fjölskyldur þeirra þar sem allur búnaður væri fyrir barnið og þarfir þess. Við hentum okkur í það verkefni og uppskárum einhverjar 55 milljónir auk þess sem við fengum lóð, uppgröft fyrir húsinu, teikningar, húsbúnað og fleira,“ segir Gróa og þær taka fram að það megi heldur ekki vanmeta eða gleyma þeim gjöfum sem koma ekki í formi peninga.

Undirbúningsvinna fyrir hvert átak tekur um átta mánuði. Það þarf að hafa samband við ýmsa. „Guðný er með símanúmer allra ráðamanna í símanum sínum og þeir svara alltaf þegar hún hringir,“ segir ➡


Heimaöryggi fyrir aðeins
4.900 kr.
á mánuði án binditíma*
Öryggismiðstöðin býður nú í fyrsta sinn Heimaöryggi án binditíma á aðeins 4.900 krónur á mánuði. Enginn stofnkostnaður og uppsetning er innifalin. Einfalt, þægilegt og ódýrara Heimaöryggi.
Kynntu þér málið nánar á oryggi.is eða í síma 570 2400.
INNIFALIÐ Í GRUNNPAKKA Á 4.900
Hægt er að bæta við búnaði eftir þörfum gegn aukagjaldi.
Stjórnstöð
Talnaborð
1 x hreyfiskynjari
1 x stöðurofi í hurð
1 x reykskynjari
*3ja mánaða uppsagnarfrestur
VIÐ ERUM
MEÐ ÞÉR
TIL ÖRYGGIS
ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN
Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400
Nánar á oryggi.is




Á blaðamannafundi átaksins, hvert og eitt átak er kyrfilega kynnt.



Þær segja að á meðan hjartað sé með, þá haldi þær áfram að safna til góðgerða.



Páll Óskar Hjálmtýsson aðstoðar í símasöfnun.



Forsetafrú Íslendinga, Dorrit Moussaieff leggur vinkonunum lið og er haukur í horni.



Margt fólk hefur lagt vinkonunum lið í söfnunum. Hér eru þær með meðlimum Besta flokksins í Ráðhúsi Reykjavíkur.

➡ Elísabet og þær skella upp úr. Þær segja tengslanet sitt hafa hjálpað til í söfnunum. „Við erum allar ólíkar og með mismunandi tengslanet og áherslur. Þess vegna vinnum við líka vel saman. Það verður til einhver ofurkraftur þegar við vinnum saman.“

Í gegnum starfið hafa þær kynnst ýmsum hliðum heilbrigðiskerfisins. „Þetta land myndi ekki fúnkera í heilbrigðismálum og alls konar undirmálshlutum, ef það væri ekki fyrir konur og menn með hugsjón í þessum málum. Það er svo magnað að kynnast því hvað lítill hópur fólks er að gera mikilvæga hluti fyrir alls konar sem maður hafði ekki hugmynd um,“ segir Gróa og þær nefna Hringskonur sem dæmi.

### Grunnstoðirnar ekki í lagi

Þær segja vel hægt að reka hér nánast fullkomið heilbrigðiskerfi ef grunnstoðir þess væru í lagi. Stjórnvöld þurfi einfaldlega að sameinast um það með þjóðinni að koma þessum hlutum í lag. „Við áttum okkur þann draum áður en við förum af stað með eineltisátakið okkar að hrista hreinlega þjóðina aðeins saman um sterkt heilbrigðiskerfi. Okkur langaði svo að vera með þjóðarvitundarvakningu þar sem skilaboðin væru: hættum að rífast og förum að byggja upp,“ segir Elísabet. „Ef við hugsum það rökrétt þá erum við bara eins og lítil gata á Manhattan, 300 þúsund manna þjóð. Við getum alveg græjað þetta ef viljinn er fyrir hendi. Viljinn er hjá öllum að búa í landi þar sem er hugsað vel um gamla fólkið okkar og þá sem eru veikir. Börnin í landinu. En einhvern

> Það er bara þannig ástand á Landspítalanum í dag að það yrði ekki opnaður pitsustaður þar.
>
> Guðný Pálsdóttir

veginn náum við að gera þetta svo flókið en þetta er svo einfalt,“ segir Guðný og heldur áfram: „Það hefur aldrei verið settur inn eins mikill peningur í heilbrigðiskerfið eins og árið 2015, en samt er þetta svona.“

„Það er vegna þess að kerfið hefur verið í svo miklu svelti lengi og margt sem hefur setið á hakanum. Þetta verður að vera í lagi – því ef þjóðin sameinast ekki um að setja heilbrigðismál í fyrsta sæti þá á hún ekki neitt. Heilbrigður maður á þúsund óskir en veikur maður eina,“ segir Elísabet.

### Reiknað með framlögum

Árið 2013 söfnuðu þær fyrir sérstakri bráðageðdeild á Landspítalann og fundu þá sterkt fyrir þessu. „Við ætluðum að gera þessa deild huggulega en þá þurftum við að byrja á að kaupa svona hluti eins og sprinklerkerfi. Það voru alls konar hlutir sem sjást ekki en þurfa að vera í lagi. Það fór fullt af peningum í þannig hluti,“ segir Guðný. „Guðný átti einmitt fræga setningu þar þegar hún sagði að þeir myndu ekki einu sinni fá að opna pitsustað þarna. Það er bara þannig ástand á Landspítalanum í dag að það yrði ekki opnaður pitsustaður þar.“

Stundum hefur verið talað um að það ætti að vera hlutverk ríkisins að endurnýja tæki á spítalanum en oftar en ekki er það fyrir tilstilli safnana sem slík tæki eru keypt. „Ef grunnstoðir í heilbrigðiskerfinu væru í lagi og væru sterkar þá er ekkert mál að safna fyrir einu og einu tæki. Það er bara svo mikið í rúst undir þessu öllu,“ segir Elísabet.

„Auðvitað er það pirrandi. Það er líka frústrerandi fyrir okkur og aðra sem standa fyrir söfnunum til að styrkja heilbrigðiskerfið að það er nánast reiknað með svona framlögum. Við viljum ekki að það sé gert ráð fyrir að við söfnum 50-100 milljónum á ári. Það á ekki að vera þannig í svona ríku samfélagi.“

### Þjóðin vill heilbrigðismálin í lag

„Við erum samt ekki að tala heilbrigðiskerfið niður, því það er þrátt fyrir allt frábært og fullt af góðum hlutum sem virka vel. Starfsfólkið er einstakt,“ segir Gróa. „En við teljum samt mikilvægt einmitt að sameinast um þetta verkefni að koma öllu í lag, það er svo lítið mál, við þurfum bara að henda okkur í það. Þjóðin öll vill að þessi mál séu í lagi.“

Árið 2013 ákváðu þær að hafa átakið á tveggja ára fresti og sjá fyrir sér að hafa einnig sjóð sem væri hægt að veita úr minni fjárhæðir til fleiri málefna. „Núna býður Orkan upp á orkulykil með nafni Á allra vörum á. Þar fer ein króna af hverjum bensínlítra til okkar og svo fáum við 2.500 krónur þegar hver lykill hefur keypt 250 lítra. Þetta fer í sérstakan jólasjóð hjá okkur sem við ætlum að deila út um næstu jól til verðugs málefnis – og við hvetjum alla til að ná sér í Á allra vörum Orkulykil.“

„Þegar við svo við lítum til baka, er gaman að sjá breytinguna sem hefur orðið þegar góðum málum er komið á framfæri og fleiri og fleiri nota áhrif og kraft markaðssetningar í þeim efnum. Það spretta nánast upp á hverjum degi ýmis góðgerðarverkefni og það er gott að sjá að við höfum haft áhrif þar líka.“

## Vinkonurnar hafa safnað miklum fjárhæðum til styrktar mörgum góðum málefnum




⬅ **2008**
**Krabbameinsfélag Íslands** Ríflega 50 milljónir kr. söfnuðust

**2009**
**Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna** Ríflega 54 milljónir króna söfnuðust auk ýmissa gjafa og annarra framlaga

**2010** ➡
**Ljósið** Yfir 40 milljónir króna söfnuðust




**2011**
**Neistinn** Ríflega 40 milljónir króna söfnuðust

**2012**
**Dagur og Nótt** Yfir 100 milljónir króna söfnuðust

**2013**
**Bráðageðdeild á Landspítalanum**

**2015**
**Samskiptasetur fyrir fórnarlömb eineltis**




mongoose 20% AFSLÁTTUR



**MONGOOSE REFORM COMP**
FLOTT 24 GÍRA „HYBRID" HJÓL SEM HENTAR JAFNT TIL NOTKUNAR INNANBÆJAR OG UTAN.
~~KR. 127.900,-~~
**KR. 102.320,-**

mongoose 25% AFSLÁTTUR



**MONGOOSE TYAX EXPERT 27.5**
FRÁBÆRT FJALLAHJÓL FYRIR KRÖFUHARÐA MEÐ DEORE SKIPTUM OG LOFTDEMPARA.
~~KR. 155.900,-~~
**KR. 116.925,-**

mongoose 25% AFSLÁTTUR



**MONGOOSE TYAX COMP 27.5**
FRÁBÆRT FJALLAHJÓL SEM SKILAR ÞÉR ÖRUGGLEGA Á LEIÐARENDA.
~~KR. 124.900,-~~
**KR. 93.675,-**

KROSS 40% AFSLÁTTUR



**KROSS EVADO 2.0**
STELLSTÆRÐ XL.
24 GÍRA HYBRID HJÓL SEM AÐ HENTAR EINSTAKLEGA VEL Á GÖTUR BORGARINNAR.
~~KR. 104.900,-~~
**KR. 62.940,-**

## KÍKTU VIÐ Í VERSLUN OKKAR Í FAXAFENI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

GÁP HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200

VERSLAÐU Á WWW.GÁP.IS



# Verðum samdauna fegurðinni

**Egill Sæbjörnsson** vill þjóðgarð á Íslandi. Hann segir mikilvægt að horfa á stóru myndina. Heimamenn verði oft samdauna fegurð landsins og það megi ekki gerast. Ísland sé eins og stór háskólaheimavist og þar af leiðandi auðvelt að ná utan um stórar ákvarðanir. Við eigum að drífa í því og gefa þannig öðrum þjóðum fordæmi.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Mynd- og tónlistarmaðurinn Egill Sæbjörnsson hefur búið undanfarna tvo áratugi í Berlín, þar sem hann stundar list sína við góðan orðstír. Egill hefur skapað sér nafn í Þýskalandi og víðar fyrir verk sín, sem oft eru stór og flókin í uppsetningu – tækni og jafnvel stærðfræði spila stóra rullu í sköpuninni. Egill hefur gert verk sem þekja heilu byggingarnar í Þýskalandi og heil sýningarrými á stórum listasöfnum úti í heimi. Nánasti samstarfsmaður hans í listinni er raunar stærðfræðingur frá Cambridge.

„Mér hefur alltaf þótt áhugavert að segja hlutina með nýjum aðferðum. Ekki tækninnar vegna, heldur vegna þess að hún getur varpað nýju ljósi á gamlar staðreyndir. Búið til eitthvað nýtt. Einu sinni komst fólk bara fótgangandi milli staða, svo kannski í hestvagni, svo í bílum, flugvélum, lestum.“

En er einhver að kaupa þessi verk til þess að hafa heima hjá sér? Taka þau ekki upp heilu og hálfu stofurnar hjá fólki?

„Já, það er alltaf eitthvert fólk að kaupa þetta,“ segir Egill og hlær.

„Þetta er bara smá vinna. Þegar verkið er komið upp er það bara komið upp. Það fylgja alltaf nákvæmar leiðbeiningar með, þar sem allt þarf að vera upp á millimetra. En þetta er bara eins og að kaupa sér sjónvarp og setja það upp inn í stofu, dáldið maus en svo er það bara komið. Ég hef gaman af því að fólk stækki aðeins sína sýn á heiminn. Það er það sem ný tækni og nýjar aðgerðir stuðla að. Fólk er yfirleitt mjög opið.“

**Mikið sálarstríð**

Egill segist brenna fyrir þrennu: Myndlist, tónlist og andlegri leit og hefur stundað þetta allt jöfnum höndum um dagana. „Ég hef alltaf verið leitandi, mjög leitandi. Og hef prófað alls kyns aðferðir, fræði og þerapíur í gegnum tíðina. Þegar ég var sextán ára í Menntaskólanum við Hamrahlíð fór ég að stúdera tíbeska hugleiðslu. Ég var í því í mörg, mörg ár og lærði hjá meistara. Það var íslenskur náungi sem hafði búið lengi í Kaliforníu og sökkt sér í fræðin þar. Hjá honum lærði ég ótrúlega áhugaverða hluti, en þetta var líka algjört rugl. Ég komst að því að lokum að þetta var ekki fyrir mig. Maður fékk sektarkennd ef maður fór ekki eftir öllum fræðunum og það var tilfinning sem ég hafði ekki þekkt áður. Maður mátti til dæmis ekki hlusta á rokktónlist, en ég varð að búa til tónlist og gerði það því á laun. Ég mátti heldur ekki vera með konum eða hugsa um konur, en ég var auðvitað alltaf skotinn í einhverri stelpu eins og flestir aðrir strákar á þessum aldri, held ég. Maður átti að vera eins og tíbeskur munkur.

Svo var alls konar inni í þessu annað, trú á fljúgandi furðuhluti og alls kyns dót sem ég gat ekki alveg sætt mig við. Þetta var rosalega mikið sálarstríð á köflum. Að lokum fór ég út úr þessu. Í dag stunda ég hugleiðslu, 12 spora samtök við meðvirkni og stjórnsemi og er í svokölluðum EMDR-meðferðum.“

**Vinnur úr erfiðum tilfinningum**

EMDR-meðferðir njóta nú vaxandi vinsælda. Um er að ræða sérstaka meðferð undir handleiðslu sálfræðings sem hjálpar fólki að vinna úr erfiðum minningum og tilfinningum. Egill segir meðferðina hafa kennt sér margt um sjálfan sig.

„Núna erum við að fara í gegnum atvik úr æsku minni. Þetta eru sakleysisleg atvik, en voru kannski mjög mótandi. Ég hef verið að fara í gegnum þetta með þýskri konu, og það er öðruvísi að vera með þýskan bakgrunn en íslenskan. Við sem höfum sama bakgrunn skiljum hvert annað svo vel og betur þegar við opnum fyrir allt sem við erum að hugsa um og höldum að við séum ein að hugsa um.“

Heldurðu að þessi andlega leit breyti þér sem listamanni?

„Já, það er alltaf þannig, held ég. Ef listamaður hefði rosalegan áhuga á bílum, þá hefði það áhrif á listina. Svo held ég að það séu rosalega margir andlega leitandi. Þetta er einn af þessum stóru hlutum í lífinu, að fást við sjálfan sig og samskipti við annað fólk. Fást við heimsmynd sína og heimsmynd annarra.“

**Lofaði sjálfum sér að fara út**

Egill stundaði sitt nám á Íslandi, nánar tiltekið í Myndlista- og handíðaskólanum, en flutti út til Berlínar árið 1998. „Ég var búinn að lofa sjálfum mér því að vera kominn frá Íslandi fyrir lok árs 1998. Ég flaug út 27. desember það ár, ef ég man rétt.“ Egill brosir við að rifja upp gamla tíma. „Berlín var alls ekki kúl á þeim árum. Það voru fáir búnir að kveikja á þessari borg, og ég bara slysaðist þangað.“

> MAÐUR ÁTTI AÐ VERA EINS OG TÍBESKUR MUNKUR. SVO VAR ALLS KONAR INNI Í ÞESSU ANNAÐ, TRÚ Á FLJÚGANDI FURÐUHLUTI OG ALLS KYNS DÓT.

Núna, tæpum tveimur áratugum síðar, er Egill búinn að sýna um allan heim, í Rio de Janeiro, LA, Toronto, Kína og út um alla Evrópu. Hann hefur það gott fjárhagslega og segist verða hamingjusamur svo lengi sem hann sé trúr sjálfum sér í listinni.

**Listapólitíkin**

Hann nennir ekki að blanda sér mikið í pólitíkina í íslenska listalífinu. „Ég hef dáldið lélega afstöðu. Ég pæli aldrei í því hver fær listamannalaun eða er sendur til Feneyja. Ég bara reyni að gera mitt besta og taka þátt í þessu. Ég veit að mannleg náttúra er svo óútreiknanleg að maður veit aldrei hvað er að baki því að vera valinn til að fá listamannalaun eða fara til Feneyja eða hvað svo sem það er. Ég hef sjálfur setið í nefnd, og það fór nú bara eftir því hvort sumir höfðu drukkið kaffibollann sinn eða ekki hvort þeim fannst verkin góð. Því miður er þetta oft slíkum tilviljunum háð.“ Egill hlær.

„Þetta er alveg fáránlegt og þýðir ótrúlega lítið að velta sér upp úr því. Maður deilir ekki um smekk.“

En hvernig er að eyða tíma hér heima, fyrir mann sem hefur búið svona lengi í öðru landi?

„Ég hef dálítið verið að hugsa þetta. Ísland er svo skemmtilegt af því að það er svo lítið samfélag. Þetta er eins og risastór háskólaheimavist. Við erum með nokkrar svona byggingaþyrpingar, það er frekar stutt að labba á milli bygginganna og að fá að fara í kaffi hjá þessum eða hinum. Það getur meira gerst og hraðar en annars staðar. Við getum tekið mál hraðar og lengra en í stórum samfélögum OG verið gott fordæmi fyrir heiminn. Við gætum til dæmis ákveðið að styrkja alla landsmenn í því að kaupa rafmagnsbíla og láta alla Íslendinga vera á rafmagnsbílum. Það er gerlegt og gæti verið góð fyrirmynd. Heimurinn þarf góð fordæmi. Það er svo miklu auðveldara að ná utan um svona hluti hérna. Það er auðveldara að búa til áhugaverða hluti. Eins og t.d. væri lítið mál að búa til grænt samfélag á Íslandi, sem gæti verið áhugavert. Það er greinilegt að heimurinn er allur að stefna í þá átt og við gætum verið í fararbroddi.“

**Fólk sér ekki fegurðina**

Egill segist alla tíð hafa haft ástríðu fyrir umhverfinu og íslenskri náttúru. Hann segir nauðsynlegt að drífa í að framkvæma hugmyndir um íslenskan þjóðgarð. „Ég bý í Þýskalandi og þar er í mesta lagi hálft prósent af landinu náttúrulegt land. Hitt allt er manngert. Þegar þú keyrir í gegnum slíkt landslag

er allt frekar leiðinlegt. Flatir akrar og skógar sem er raðað eftir kerfum. Það er svo mikils virði að viðhalda ósnertu umhverfi eins og á Íslandi,“ útskýrir hann.

„En þegar fólk er alið upp í samfélagi eins og Hafnarfirði þá kann það ekki að meta hraunið og það er alveg eðlilegt. Fólk verður samdauna því sem það er vant. En allar borgir og allir bæir alls staðar í heiminum, þú veist, ef hraun væri í miðri Barselóna væri það auðvitað ómetanlegt. Ef hluti New York yrði að hluta samofinn hrauni yrði það geðveikt. Við búum við svo mikla töfradraumaforgjöf og við sjáum það ekki einu sinni. Fólk sér ekki fegurðina í bakgarðinum hjá

> EF HLUTI NEW YORK YRÐI AÐ HLUTA SAMOFINN HRAUNI YRÐI ÞAÐ GEÐVEIKT. VIÐ BÚUM VIÐ SVO MIKLA TÖFRADRAUMAFORGJÖF OG VIÐ SJÁUM ÞAÐ EKKI EINU SINNI.

sér. Það vill bara valta yfir hraunið en finnst kannski Alparnir miklu fallegri því það sér Alpana bara á myndum eða fer þangað í frí. Það hefur ekki fjarlægðina til að sjá þetta eins og gestir sjá þetta. Þannig að ég skil það rosalega vel, en mig langar svo ofboðslega til að sýna fólki hvað það er með í höndunum hérna á íslandi, svo við glutrum því ekki niður. Það er svo mikilvægt að við klúðrum því ekki.“

**Hættum að kíta**

Agli finnst gott að vera á Íslandi, en ætlar ekki að flytja heim í bráð. „Ég hef samt 1000 prósent trú á framtíð Íslands. Það eru svo mörg tækifæri á þessu landi. Ég held að fólk þurfi bara að sýna hugrekki og brjótast út úr þessum hefðbundnu kerfum. Það fer ofboðsleg orka í rifrildi um hluti sem skipta ekki höfuðmáli. Við höfum svo margt mikilvægt að gera að við höfum ekki tíma til að kýta,” segir Egill og brosir.

Erum við neikvæð og þrasgjörn? „Nei, mér finnst Íslendingar ekkert endilega neitt rosalega neikvæðir. Það væri bara ofboðslega gaman ef allir gætu séð stóru myndina. Hvar Ísland stendur í alþjóðasamhengi, hvað er sérstakt við Ísland, tækifærin sem við höfum í höndunum til að gera eitthvað stórbrotið hérna. Ég skil mjög vel að fólk sem býr hérna sjái ekki stóru myndina. Eins og að verða samdauna hrauninu. Ég sé ekki mína stóru mynd, ég sé mig ekki eins og aðrir sjá mig og Íslendingar sjá Ísland ekki utan frá heldur.“

**Náttúran njóti vafans**

Hann segir reyndar fara í taugarnar á sér hvernig sumir tali um ferðamennina. „Ég er auðvitað alveg sammála því að náttúran eigi að fá að njóta vafans. Hún er ein okkar stærstu auðlinda. Auðvitað mega þessir staðir ekki eyðileggjast, en mér finnst hvimleitt hvernig er stundum talað um ferðafólk, sem ég vil kalla gesti. Flest er þetta vel menntað, upplýst fólk sem hefur unnið hörðum höndum, safnað sér peningum til að heimsækja þetta land og sjá það. Mér finnst stundum talað um þessa gesti með óvirðingu. Það er ábyggilega farsælla að sýna þeim meiri virðingu. Það á raunar við um hvort tveggja, landið og gestina. Við eigum ekki Ísland. Ísland tilheyrir heiminum á vissan hátt og við erum umsjónarmenn þess. Við getum og eigum að halda í okkar sérkenni, svo áfram haldi að vera áhugavert að koma hingað.“

**Verðmætasta svæðið í höfuðborginni**

Hann tekur dæmi um miðbæ Reykjavíkur, hið alræmda póstnúmer 101. „101 held ég að sé eitt verðmætasta svæði Í höfuðborginni. Þessi gömlu, fjöllita hús gera borgina okkar svo ótrúlega áhugaverða. Ég myndi ekki vilja skipta þeim út fyrir 25 Hótel Borgar-byggingar, eins og forsætisráðherra hefur verið að leggja til. Slíkar byggingar er hægt að finna í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, í þýskum borgum og raunar alls staðar í kringum okkar. Til hvers að apa eftir það sem finnst þar? Ég hef reyndar mjög sérstaka afstöðu í þessum málum, en ég vil ný hús með miklu fjölbreyttara yfirborði. Byggingar 20. aldarinnar eru alltof flatar og það er ómanneskjulegt. Stór hluti heilans er til að greina umhverfi – stór hluti heilans greinir andlit á fólki og stærsti hlutinn greinir hvað er að gerast í augunum – það sama á að gerast þegar þú stendur fyrir framan byggingu. Ef húsið er bara flatt, þá er það ekkert spennandi. Þá verður þú bara flatur og óspennandi líka. Ég vil hvetja arkitekta 21. aldarinnar til að gera áhugaverðari yfirborð á húsum. Það er nefnilega ekki bara eigandi hússins sem á að njóta þess, heldur allir sem horfa á það,” segir Egill.

**Vírus sem þarf að hörfa**

„Allir þeir sem ganga fram hjá húsunum þurfa að njóta þeirra líka. Byggingarreglugerðir snúast um hvað hús eru há og mörg en það vantar nefnd sem verndar hagsmuni þeirra sem ganga um göturnar og eiga rétt á að umgangast byggingar sem gerðar eru af meiri hugsjón en nú er gert. Borg er það leiksvið þar sem leikritið „lif okkar“ fer fram. og leiksviðið er mikilvægur hluti af áhugaverðu leikriti. Það þekkja allir. Einfalt yfirborð húsa og bygginga er alltof ráðandi. Það er orðið eins og einhver vírus sem þarf að hörfa. Það þarf meira af byggingum með spennandi yfirborð – að fara fram á metnaðarfullar byggingar. Og því er gott að ráðherra blandi sér í málið, skraut er orð sem arkitektar lærðu að hata. En ef skraut væri óþarfi þá væru allir fuglar jarðarinnar gráir og án litbrigða. Yfirborð hluta, litur og smáatriði, hlutföll og línur fela í sér mikið af upplýsingum sem geta verið mikilvægar fyrir sálarlíf borgarbúa og gesti þeirra. Við eigum að læra að skoða landið utan frá, gera þjóðgarð, vera fordæmi um mannúð og taka á móti fleira flóttafólki í nauð, virða gestina sem heimsækja okkur og styðja uppbyggingu margvíslegra fyrirtækja í landinu,“ heldur Egill áfram.

Hann segir pólitík ekki gerast inn á þingi. „Hún byrjar og endar úti í samfélaginu, í umræðunni. Fólk er of feimið til að tjá sig um þessi efni og ætti að gera það oftar.“






# Ætti að selja áfengi í verslunum?

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, og Rafn Magnús Jónsson, verkefnisstjóri hjá embætti Landlæknis, eru ekki á einu máli um hvort eigi að leyfa sölu áfengis í verslunum. Björt vill ekki að ríkið skipti sér af verslunarrekstri, en Rafn segir slík rök lítilvæg í samanburði við lýðheilsusjónarmið. Aukið aðgengi þýði aukna neyslu.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



**Rafn Magnús Jónsson**
**verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis**

**Björt Ólafsdóttir**
**þingmaður Bjartrar framtíðar**

Rafn Magnús Jónsson, verkefnisstjóri hjá Embætti landlæknis segir aukið aðgengi, sem sé óhjákvæmilegt þegar sölustöðum fjölgi, leiða til aukinnar neyslu áfengis. „Aukin neysla leiðir til aukinna skaðlegra áhrifa á einstaklinga sem þess neyta, á aðra í nánasta umhverfi og samfélagið í heild. Það fyrirkomulag sem fyrir hendi er í dag uppfyllir þær leiðbeiningar sem koma m.a. frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um að takmarka aðgengi að áfengi. Það gefur einnig þau skilaboð til samfélagsins að áfengi sé eins og hver önnur neysluvara sem það er alls ekki,“ útskýrir hann. Hann segir aukna áfengisneyslu hafa áhrif á sjúkdómabyrði, sem eykst í hlutfalli við aukna neyslu. „Frumvarpið er í andstöðu við Stefnu í áfengis- og vímuvörnum til ársins 2020, gerir erfiðara að draga úr heildarneyslu áfengis um 10% eins og lagt er til í áætlunum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.“

**Engin venjuleg neysluvara**

Óhófleg og skaðleg áfengisneysla sé stór áhrifaþáttur á heilsu fólks og hafi mikinn kostnað í för með sér. „Kostnaðurinn vegna neyslu áfengis birtist víða, m.a. í heilbrigðiskerfinu, tryggingakerfinu, samfélaginu og atvinnulífinu svo dæmi séu nefnd. Það má því ljóst vera að áfengi er engin venjuleg neysluvara og ætti því ekki að lúta sömu lögmálum og gilda um hefðbundnar neysluvörur. Breytingin mun hafa mest áhrif á viðkvæma hópa og unglinga. Má í því sambandi nefna áhrif tilslakana sem gerðar voru í Póllandi við inngöngu í ESB. Þá voru gerðar breytingar til aukins aðgengis með þeim afleiðingum að áfengisneysla ungmenna jókst. Það er mikilvægt að skoða reynslu annarra og meta hvort afleiðingarnar séu ásættanlegar. Þetta verður áhrifamikil breyting og það verður erfitt að snúa til baka.“

Rafn segir klárt mál að heilbrigðissjónarmið vegi þyngra en sjónarmið verslunar. „Samkvæmt könnunum er meirihluti landsmanna á móti sölu áfengis í verslunum. Þá eru viðskiptavinir ÁTVR ánægðir með þjónustuna. Þessi sjónarmið neytenda eru skýr. Sjónarmið verslunar byggja á öðrum sjónarmiðum.“

**Hert á löggjöf í Evrópu**

Hvað segirðu við þá sem líkja rökum gegn frumvarpinu við þau sem notuð voru gegn því að afnema bjórbannið?

„Að koma með nýja tegund af áfengi eða bjór sem er með minna áfengismagni en það sem fyrir er er svo langt frá því að vera það sama og að gera áfengi aðgengilegt í smávöruverslunum.“

Hann segir að frá 1950 hafi frekar verið hert á áfengislöggjöf innan Evrópu en slakað.

„Til dæmis í Skotlandi settu stjórnvöld fram aðgerðaáætlun til að sporna við þróuninni, meðal annars með því að setja lágmarksverð á áfengi, takmarka magnkaup áfengis, hækka áfengiskaupaaldur o.fl. Þá hefur verið bannað að selja áfengi á bensínstöðvum í Litháen og unnið er að lagasetningu um takmarkanir á áfengissölu í öðrum verslunum en matvöruverslunum. Í Eistlandi er unnið að því að takmarka markaðssetningu og sölu áfengis á bensínstöðvum. Hér er um stjórnvaldsaðgerðir að ræða og er vitnað í rannsóknir og bestu þekkingu málinu til stuðnings.“

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, er hlynnt því að áfengisfrumvarpið svokallaða verði gert að lögum. Hún segir að ríkið muni hafa fullt af tækjum og tólum til þess að móta almennilega áfengisstefnu og góða og skynsamlega lýðheilsustefnu.

„Til dæmis er ekki hróflað við aldurstakmörkunum í sölu á áfengi, auk þess sem gert er ráð fyrir auknu fé til mála á borð við forvarnir og önnur mál sem miða að því að auka lýðheilsu.“

Björt segir drykkju ungmenna almennt hafa minnkað mikið undanfarin ár. „Þau skref sem stigin hafa verið til aukins frjálsræðis í þessum efnum hafa almennt verið farsæl skref. Það að ríkið sinni ekki sölu á áfengi er annað lítið skref í átt að frjálsræði. Það er skynsamlegt skref.“

**Varasamar vörur seldar á markaði**

Björt segist algjörlega mótfallin því að ríkið standi í nokkurs konar verslunarrekstri. „Ég tel að það fari mun betur á því að ríkið skapi skilyrði fyrir verslunarrekstri og setji umgjörð með reglugerð. Fjölmargar varasamar vörur eru þegar seldar á frjálsum markaði en með skilyrðum frá ríkinu og undir eftirliti frá því. Dæmi um slíka vöru er tóbak.“

Hún segist almennt vilja treysta fólki til þess að taka eigin ákvarðanir. „Við eigum að treysta fólki sem mest og styðla að því að fólk taki ábyrgð á eigin lífi. Og frelsi og lýðheilsa eru ekki nauðsynlega andstæður.“

Aðspurð segir Björt þau sjónarmið um þau áhrif sem aukið aðgengi að áfengi gæti haft á heilbrigði landsmanna alls ekki lítilvæg.

**Aukin velmegun hefur áhrif**

„Ég tel bara að lýðheilsumarkmiðum megi vel ná samfara samþykkt þessa frumvarps. Önnur sambærileg skref hafa, eins og reynslan sýnir okkur, ekki farið illa saman við markmið í lýðheilsu. Það er margt sem getur orðið til þess að neysla á áfengi verður meiri, til dæmis aukin velmegun. Vissulega er aðgengi veigamikill þáttur, en staðreyndin er sú að aðgengið er þegar orðið ótrúlega mikið. Sölustöðum áfengis hefur fjölgað gríðarlega og vínveitingastaðir eru úti um allt. Það er hægt að greiða fyrir áfengi með kreditkorti, sem er annar veigamikill þáttur í auknu aðgengi, en oft vanmetinn, að mér finnst.“

Almennt segir Björt að það að frumvarpið verði gert að lögum sé ekki jafn afdrifarík ákvörðun, eða jafn stórt skref, og sumir vilji meina.

„Vegna þess að áfengisgjöld verða áfram há, sala vörunnar verður háð ströngum og miklum skilyrðum frá hinu opinbera og áfram þarftu að hafa náð tvítugsaldri til að fá að kaupa vín. Ég hef enga trú á því að allir verði hér pöddufullir þó að þetta skref verði samþykkt og stigið.

Við sem erum stuðningsmenn þessa frumvarps erum líka talsmenn lýðheilsu. Við teljum einfaldlega að lýðheilsumarkmiðum sé vel hægt að ná í frjálsu samfélagi, þar sem frjálsa verslun og eðlilegt samkeppnisumhverfi er að finna.“

# netto

























**www.netto.is | Tilboðin gilda 17. – 20. mars 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Húsavík · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Fylgi Samfylkingarinnar í samhengi við viðburði stjórnmálanna




# Saga jafnaðarmanna lituð klofningi

**Samfylkingin stendur á tímamótum með sögulega lágt fylgi. Hverju mun formannskosning breyta? Átök loða við sögu flokksins. Vandinn er ekki séríslenskur því jafnaðarflokkar eiga erfitt í allri álfunni.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



„Samfylkingin er ekki endilega að klofna en henni vegnar ekki vel," segir Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur um stöðuna innan Samfylkingarinnar nú. Sumarliði skrifaði meðal annars sögu ASÍ og er fróður um sögu jafnaðarmanna í Evrópu.

„Það er ekki einsdæmi að jafnaðarmenn eigi erfitt hér heldur ríkir vandi um alla álfuna. Jafnaðarmenn urðu aldrei eins öflugir hér og á hinum Norðurlöndunum en þar eiga jafnaðarmenn líka í erfiðleikum nú. Þeir eru að missa fylgi til popúlista, hvort sem er í Noregi, Svíþjóð eða Danmörku."

Alþýðuflokkurinn var stofnaður fyrir hundrað árum. „Flokkurinn varð aldrei það forystuafl sem hann varð annars staðar. Svo klofnar flokkurinn trekk í trekk til dæmis árið 1930, 1938, 1956 og upp úr 1980. Honum tókst á millistríðsárunum að verða nokkuð öflugur en þegar honum er að vegna best er hann kannski með fjórðung atkvæða. Á hinum Norðurlöndunum höfðu kratarnir þessa stöðu sem Sjálfstæðisflokkur hafði hér."

Sumarliði segir að samanlagt hafi jafnaðarmenn og sá flokkur hverju sinni sem er til vinstri við jafnaðarmenn haft nokkuð sterka stöðu. „En þeir gátu bara ekki unnið saman nema sjaldan. Þegar kom að kalda stríðinu voru þeir sitthvoru megin hvað varðar þær línur. Þá unnu þessir flokkar ekki saman og börðust um yfirráðin í verkalýðshreyfingunni."

> HINSVEGAR SÉR MAÐUR EKKI ENDILEGA AÐ SAMFYLKINGIN SÉ AÐ KLOFNA NÚNA ÞRÁTT FYRIR ALLA ERFIÐLEIKANA. ÞAÐ ER FREKAR AÐ HÚN SÉ BARA AÐ HVERFA.
>
> Sumarliði Ísleifsson



Hann segir að róttækari öfl eigi jafnvel betur upp á pallborðið hjá Íslendingum en jafnaðarmenn. „Það eru kannski margar skýringar á því af hverju hinir róttæku verða hlutfallslega sterkir hér. Ísland var miklu fátækara samfélag en á honum Norðurlöndunum langt fram eftir tuttugustu öld. En svo verða róttækir vinstrimenn líka róttækir þjóðernissinnar og það tengist kalda stríðinu. Það veldur því að róttækir vinstrimenn fá meiri stuðning."

Aðspurður hvort tilvist Framsóknarflokksins, sem flokks sem kallar sig miðjuflokk með áherslu á félagshyggju, geti saxað á fylgi Samfylkingar segir Sumarliði: „Framsóknarflokkurinn er bændaflokkur sem svipar til þess sem er til á Norðurlöndunum. Ástæðan fyrir því að hann fær hlutfallslega miklu fleiri þingmenn en hann ætti að fá er í raun hvernig kjördæmaskipanin er. Af því það er ekki jafnt vægi atkvæða. Bændaflokkar eru félagshyggjuflokkar sem styðja samvinnu bænda og líta oft á að þeir eigi að vera í bandalagi við alþýðuna í bæjunum. En það hefur dregið mjög í sundur hvað þetta varðar."

„Ég held að kreppan sem er núna hjá vinstriflokkunum stafi af því að þó margt hafi tekist vel í þessari einu hreinu vinstristjórn sem verið hefur á Íslandi, þá voru líka gerð mörg mistök. Einhvern veginn lukkast mönnum ekki að gera þau almennilega upp. Svo er þetta líka forystuvandi. Ef Framsóknarflokkurinn er borinn saman við þessa tvo vinstri flokka þá sést að honum tekst að endurnýja sig en það gera vinstriflokkarnir ekki nema að litlu leyti. Það er enn sama fólk í brúnni og var fyrir hrun sem er ekkert sérstaklega trúverðugt."

Hann bendir á að fleiri flokkar hafi klofnað. „En ekki í sama mæli. Hins vegar sér maður ekki endilega að Samfylkingin sé að klofna núna þrátt fyrir alla erfiðleikana. Það er frekar að hún sé bara að hverfa."




Árni Páll Árnason er fimmti formaður Samfylkingarinnar og sá yngsti til að ná kjöri, 46 ára gamall. Hann tók við af Jóhönnu Sigurðardóttur sem naut trausts og ákveðinna vinsælda innan flokksins á meðan hún gegndi embættinu á árunum 2009 til 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Samfylkingin velur sér framtíðarsýn

„Ég hef nú ekkert verið að hugsa þetta mikið og ætla bara að velta því áfram fyrir mér," segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingar, um hvort hann bjóði sig fram að nýju í embættið. „Það er gaman að sjá að það koma margir fram á sjónarsviðið og eru tilbúnir að gefa kost á sér. Það er sjálfsagt að gefa öðrum pláss líka," segir Árni.

Þrír frambjóðendur eru komnir fram í embætti formanns Samfylkingarinnar. Fyrstur reið á vaðið Helgi Hjörvar, þingmaður til þrettán ára. Því næst steig Magnús Orri Schram fram en hann sat á þingi fyrir Samfylkinguna á síðasta kjörtímabili en starfar nú sem ráðgjafi hjá Capacent. Á fimmtudag tilkynnti Oddný Harðardóttir, þingmaður og fyrrum fjármálaráðherra, um framboð sitt. Oddný sagði við það tilefni að hún gæti ekki beðið eftir því að Árni Páll ákvæði sig.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins styðja margir ungliðar í flokknum dyggilega við bakið á Magnúsi Orra Schram á meðan Oddný nýtur sterks kvennafylgis. Þeir kunnugir sem Fréttablaðið hefur rætt við eru sammála um að formannskosningin snúist um fram-

Páskablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2016

# Margt smátt ...



Mynd: Paul Jeffrey / Act Alliance

Vegna þurrka í Eþíópíu eru 10 milljónir manns á barmi hungursneyðar:

## Bregðumst við NÚNA!

Valgreiðsla í heimabanka

Söfnunarsími 907 2003 (2.500 krónur)
Söfnunarreikningur 0334-26-886
kt. 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

# Vissir þú?

- að 10 milljónir íbúa Eþíópíu eru á barmi hungursneyðar?
- að þar af eru 6 milljónir börn?
- að 80% Eþíópa lifa á landbúnaði og treysta á úrkomu tvisvar á ári, minni regntíminn (belg) er í mars til apríl og stærri (kerimt) í ágúst til október?
- að í fyrra (2015) brást fyrri úrkoma ársins nánast alls staðar og sú seinni kom fyrr en vanalega og varði mjög stutt og mjög víða rigndi ekkert?
- að úrkomuleysið er talið afleiðing af hlýnun jarðar og eru svokölluð El Nino áhrif?
- að stjórnvöld í Eþíópíu hafa notað meira en tvö hundruð miljónir Bandaríkjadala til að reyna að tryggja fæðuöryggi og eru betur undirbúin en oft áður, en ráða ekki lengur við vandann ein?
- að þrátt fyrir erfitt ástand í Eþíópíu hafa Eþíópar tekið á móti um 700.000 flóttamönnum frá nágrannaríkjum, flestum frá Suður-Súdan?

Ef þú vissir þetta ekki fyrir, þá veistu það núna! Og þá kemur næsta spurning: Viltu vera með í að gera eitthvað til að bregðast við þessu ástandi?
Hjálparstarf kirkjunnar er með verkefni í Jijiga í Austur-Eþíópíu sem nær til meira en 34.700 manns þar sem fæðuöryggi er eitt af meginmarkmiðunum. Hjálparstarfið er aðili að Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance sem þegar hefur hafið neyðaraðstoð á verst settu þurrkasvæðunum. Markmiðið er að bjarga mannslífum, tryggja lágmarksheilsugæslu og næringu fyrir börn sem eru vannærð, tryggja aðgang að hreinu drykkjarvatni, bjarga búfé og auka framleiðni í búfjárrækt og landbúnaði.
Nauðsynlegt er að bregðast við núna. Getur þú verið með? Þú getur greitt valgreiðslu í heimabanka (2.400 krónur), hringt í söfnunarsíma 907 2003 (2.500 krónur) eða lagt inn á reikning: 0334-26- 886, kt. 450670-0499. Starfið er hafið en nær lengra ef þú ert með. Eþíópískt spakmæli segir eitthvað á þessa leið: „Þegar köngulóarvefir sameinast geta þeir haldið aftur af ljóni." Láttu ekki þinn þráð vanta í björgunarnetið, það veikir netið.

Takk fyrir þitt framlag!



*Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar*

**Hjálparstarf kirkjunnar**

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt, 1. tbl. 28. árgangur 2016
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Prentvinnsla:
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

- Langstærsta verkefni Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu erlendis er á þurrkasvæðum í Eþíópíu en þar eru vatnsþrær grafnar, brunnar byggðir og fræðsla veitt um nýtingu vatns, bættar ræktunaraðferðir, hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma. Stuðlað er að bættum hag kvenna með því að veita þeim fræðslu og þjálfun í atvinnurekstri og örlán til að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd.
- Alls nutu 1.453 fjölskyldur (um 3.900 manns) um land allt aðstoðar fyrir síðustu jól eða tveim fjölskyldum færri en fyrir jól 2014. Af umsækjendum voru 81% konur, 55% einstæðir foreldrar, 44% á örorkubótum, 16% voru á framfærslu sveitarfélaga og 15% voru í vinnu. Í desember og janúar síðastliðnum fengu 584 einstaklingar til viðbótar notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu og stuðning vegna lyfjakaupa.
- Á Íslandi aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar efnalitla með inneignarkortum í matvöruverslanir samfara félags- og fjármálaráðgjöf. Stuðningur er veittur vegna óvænts lyfjakostnaðar og þá njóta börn og unglingar stuðnings í upphafi skólaárs og til að stunda tónlistarnám, íþróttir og tómstundastarf. Sjálfstyrkingar- og færninámskeið eru einnig í boði ásamt skipulagðri samveru sem vinnur gegn félagslegri einangrun sökum fátæktar.
- Neyðaraðstoð vegna stríðsátaka og náttúruhamfara er veitt í samvinnu við systursamtök í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, Lútherska heimssambandið og heimafólk á vettvangi.

# ÞÖKKUM STUÐNINGINN

ÁS sjúkraþjálfun
Alþýðusamband Íslands
Framtak Blossi ehf
Brammer www.brammer.is
Brim Seafood
Búálfurinn
BYKO Gerum þetta saman
Fastus Veit á vandaða lausn
Félag atvinnurekenda
Fjöleignir
Grafía Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum
Happdrætti das
Happdrætti Háskóla Íslands
HB Grandi
hjá Hafnhildi
HS Orka
Iceland Opið 24 tíma
Icelandair Cargo

# Verstu þurrkar í Eþíópíu í þrjátíu ár – Söfnun vegna neyðaraðstoðar er hafin!

Hjálparstarf kirkjunnar hefur hafið fjársöfnun til að svara neyðarbeiðni Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, vegna langvarandi þurrka í Eþíópíu. Samkvæmt skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA) eru yfir tíu milljónir manns, þar af nær sex milljónir barna, í brýnni þörf fyrir aðstoð. Stjórnvöld í landinu telja að 400 þúsund börn séu alvarlega vannærð og önnur 1,7 milljónir barna fái ekki næga næringu.

Neyðarástandið sem nú blasir við má rekja til þess að lítið sem ekkert hefur rignt í norðanverðu landinu í að verða átta mánuði þannig að haustuppskera brást, yfir 400 þúsund dýr drápust úr þorsta, 800 þúsund íbúa misstu lífsviðurværi sitt og fóru á vergang og 5,8 milljónir íbúa skortir aðgang að hreinu vatni. Stjórnvöld í Eþíópíu brugðust skjótt við en útilokað er að þau ráði hjálparlaust við það neyðarástand sem nú blasir við.

Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, hefur sent út neyðarbeiðni fyrir um 5 milljónum Bandaríkjadala til að bæta fæðuöryggi, veita húsaskjól, tryggja heilsugæslu og skólagöngu barna og til að útvega sjálfsþurftarbændum á verstu þurrkasvæðunum útsæði fyrir næsta regntímabil, búfénað og bóluefni fyrir dýrin.




*Lútherska heimssambandið (LWF) í Eþíópíu aðstoðar íbúa í Lalibela í Amharafylki. Uppskera þar var mjög léleg síðasta haust sem leiddi til þess að bændur þurftu að selja búfé til að eiga fyrir mat. Í Jijiga- og Tulugulade-héruðum í Sómalí-fylki vinnur Hjálparstarfið á 8 svæðum (kebele) með 34.710 sjálfsþurftarbændum og hálfhirðingjum.*

## Þörfin er brýn

- 10,2 milljón manns þurfa mataraðstoð
- 2 milljónir bænda þurfa búfénað og útsæði
- 1,3 milljónir barna komast ekki í skóla
- 800 þúsund íbúa vantar húsaskjól og búsáhöld
- 2,1 milljón barna búa við næringarskort og þurfa viðbótarnæringu
- 3,6 milljónir íbúa skortir heilsugæslu
- 2,5 milljónir íbúa búa við óöryggi og eiga á hættu að vera misnotaðir
- 5,8 milljónir íbúa skortir aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu

Skv. upplýsingum frá stjórnvöldum í Eþíópíu, (HRD 2016)

init
interMedica.
ÍAV
Jónar Transport
KARL K. KARLSSON STOFNAÐ 1946
KJARAN GÓLFEFNI OG SKRIFSTOFUTÆKI
Kjörís
KOLA PORTIÐ
Landsvirkjun
LYFJA
LYSI
míla Lifæð samskipta
netto Ódýrt fyrir heimilið!
112 NEYÐARNÚMERIÐ í 20 ÁR
NEYTENDASTOFA
olís
Póst dreifing
Raf Múli Löggiltur rafverktaki Bolafæti 9 - 260 Reykjanesbæ
SÆTRAR
samskip
SORPA ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM
VOGABÆR
wise - snjallar lausnir

# Þurrkar og uppskerubrestur í Eþíópíu eru raktir til loftslagsbreytinga



*Paul Jeffrey / Act Alliance*

„Ég fagna því að náðst hefur sögulegt og metnaðarfullt samkomulag í loftslagsmálum og við munum leggja okkar af mörkum bæði hér heima og við að miðla þekkingu okkar og reynslu til annarra þjóða", sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra þegar nýtt samkomulag í loftslagsmálum náðist í París þann 12. desember síðastliðinn. Í samkomulaginu er meðal annars viðurkennt að bregðast þurfi við skaða sem fátæk ríki verða fyrir vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga, bæði við að draga úr líkum á skaða og bregðast við tjóni sem verður. Samkomulagið verður formlega undirritað nú apríl en tekur gildi árið 2020. Það er hins vegar allt of seint fyrir sjálfsþurftarbændur í Eþíópíu sem þurfa nú þegar að kljást við afleiðingar hlýnunar jarðar.

Veðurkerfið El Nino eykur hlýindi í mið- og suðurhluta Kyrrahafsins. Talið er að El Nino hafi sótt í sig veðrið árið 2015 af völdum loftslagsbreytinga en þegar kerfið fer úr böndunum veldur það þurrkum í Afríku, meðal annars í Eþíópíu. Þurrkarnir valda uppskerubresti og dýr falla úr hor og vatnsskorti. Sjálfsþurftarbændur flosna upp frá jörðum sínum, missa fæðuöryggi og fara á vergang. Börn líða næringarskort og njóta hvorki skólavistar né heilsugæslu. Fólk á vergangi er auk þess útsett fyrir misnotkun.

### Grafalvarlegt ástand

Síðan hungursneyð olli dauða fleiri en milljón Eþíópa árin 1984–1985 hafa stjórnvöld í landinu bætt neyðarvarnir og viðbúnað umtalsvert. Þau brugðust við versnandi ástandi árið 2015 og vörðu 381 milljón Bandaríkjadala til útvega sjálfsþurftarbændum næringarríkan mat, vatn og dýrafóður. Nú þegar þurrkar hafa varað í marga mánuði og óvíst hvort rigni á regntíma í mars og apríl er hins vegar svo komið að stjórnvöld ráða ekki við ástandið án utanaðkomandi aðstoðar. Þau hafa nú beðið alþjóðasamfélagið um hjálp.

„Ástandið er grafalvarlegt og það sem meira er að þá bendir allt til þess að ekki rigni á regntímanum nú í vor heldur," segir Sophia Gebreyes, yfirmaður hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins (LWF) í Eþíópíu sem aðstoðar um 57 þúsund íbúa í Lalibela í Amharafylki. Uppskera þar var mjög léleg síðasta haust sem leiddi til þess að bændur þurftu að selja búfé til að eiga fyrir mat.

Lútherska heimssambandið aðstoðar bændurna með því að útvega þeim þurrkþolið útsæði og dráttardýr svo hægt sé að plægja jörðina og sá í hana þegar rignir á ný. Þangað til uppskera kemur í hús greiðir LWF fólki laun fyrir vinnuframlag svo það geti keypt sér mat og helstu nauðsynjar. Nánar um neyðaraðstoð LWF í Eþíópíu er að finna á vefslóðinni https://www.lutheranworld.org/news/10-million-ethiopians-need-emergency-aid.



*„Þetta er lélegasta uppskera sem ég man eftir," segir Woday Gelaye, 75 ára bóndi sem hefur búið í Lalibela í 60 ár.* *Hanna Mornement / LWF*



*Woday Gelaye sýnir lélega uppskeru á kjúklingabaunum. Hann þarf nú að reiða si g á aðstoð hjálparsamtaka um mat.* *Hanna Mornement / LWF*



Plógur sem ristir djúpt eykur uppskeruna

## Samvinnuverkefni með sjálfsþurftarbændum

- Trjágræðlingar eru ræktaðir og gróðursettir til að binda vatn í jarðveg og mynda seinna skugga fyrir aðra ræktun
- Fræðsla er veitt um hvernig best er að undirbúa jarðveg fyrir ræktun, um kosti áveitu og ágæti taðs sem áburðar
- Nýjar tegundir eru kynntar til jarðræktar og fræðsla veitt um kosti víxlræktunar fjölbreyttra og þurrkaþolinna fæðutegunda
- Fræðsla er veitt um hvernig auka má geymsluþol uppskerunnar
- Bændur fá plóga og skóflur til að auðvelda jarðyrkju
- Sparhlóðir sem minnka eldiviðarþörf og draga úr reykmengun eru innleiddar
- Dýraliðar eru þjálfaðir í að bólusetja dýr
- Fræðsla er veitt um meðferð við dýrasjúkdómum
- Fræðsla er veitt um afleiðingu ofbeitar

# Hjálp til sjálfshjálpar í Jijiga og Tulugulade

Hjálparstarf kirkjunnar hefur stutt sjálfsþurftarbændur í Sómalí-fylki í Eþíópíu síðan árið 2007. Fylkið er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í landinu. Það þekur 144 þúsund ferkílómetra og þar búa yfir 5 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirðingja. Grunnstoðir samfélagsins eru veikar og fjarskipti og samgöngur eru léleg. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskorti og vannæringu í fylkinu og um ein milljón íbúa er háð mataraðstoð að staðaldri. Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuatvinnugrein en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsi, hveiti, bygg og khat. Vatnsskortur á svæðinu hefur leitt til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknaþjónusta er stopul. Skortur er á tækjum og tólum og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar. Allt leiðir þetta til þess að fæðuöryggi er mjög lítið og lífsskilyrði slæm. Í Jijiga- og Tulugulade-héruðum í Sómalífylki vinnur Hjálparstarfið á 8 svæðum (kebele) með 34.710 sjálfsþurftarbændum og hálfhirðingjum. Starfið á svæðinu hófst í nóvember 2007 en áætlað er að yfirstandandi verkefni ljúki árið 2017.

### Plógur

Búfjárrækt er undirstöðuatvinnugrein en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsi, hveiti og bygg. Fólkið skortir hins vegar tæki og tól til ræktunar. Meðal annars með því að útvega þeim plóg sem ristir djúpt er hægt að bæta uppskeruna umtalsvert.

### Kornþreskivél

Þreskivél sem losar korn úr öxunum og hreinsar það frá hálminum sparar tíma sem hægt er að nota til að mala kornið, baka brauð og búa til grauta. Með tryggara aðgengi að hreinu vatni, endurbættum frætegundum og skilvirkari ræktunaraðferðum verður auð veldara að rækta maís, hirsi, hveiti og bygg þar sem skilyrði eru slæm.

### Bóluefni

Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuatvinnugrein í Sómalí-fylki þar sem tíðir þurrkar valda matarskorti og vannæringu. Vatnsskortur hefur leitt til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknaþjónusta hefur verið af skornum skammti. Hjálparstarfið aðstoðar sjálfsþurftarbændur á svæðinu með því að útvega bóluefni, lyf og áhöld. Dýrasjúkraliðar eru þjálfaðir í að bólusetja og meðhöndla dýr og þjónustan er færð nær fólkinu. Þar með eykst framleiðslan og fæðuöryggi íbúanna.



Kornþreskivél sparar tíma og nýtir uppskeruna betur



Bólusetning bætir heilsu bústofnsins






*Eftir helgina höfðu foreldrar unglinganna samband við félagsráðgjafa Hjálparstarfsins og lýstu ánægju þeirra með fríið. „Hún talar endalaust um hvað það var gaman. Takk innilega fyrir stelpuna mína!" „Takk kærlega fyrir drenginn. Hann er súper ánægður og langar aftur!" voru meðal skilaboða.*

# Unglingafjör á Úlfljótsvatni

Í vetrarfríi grunnskóla í Reykjavík, helgina 26.–28. febrúar, fóru fimmtán ungmenni á aldrinum 11–15 ára á Úlfljótsvatn á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík. Markmið ferðarinnar var að eiga skemmtilegt og viðburðarríkt vetrarfrí í fallegu umhverfi. Skátarnir héldu uppi frábærri dagskrá eins og þeim einum er lagið. Krakkarnir fengu að spreyta sig á klifurturninum og að skjóta úr boga. Þau lærðu að búa til bálköst og grilluðu sér sykurpúða, poppuðu og bökuðu brauð yfir eldinum. Á dagskrá var líka sleðafjör, íþróttaleikar og kvöldvökur. Veðrið lék við okkur sem var eins gott þar sem við vorum að mestu leyti utanhúss. Krakkarnir stóðu sig frábærlega vel en í ferðinni þurftu allir að stíga aðeins út fyrir þægindahringinn sem okkur er svo hollt. Sumir voru að fara einir að heiman í fyrsta sinn og aðrir fóru í ferðina án þess að þekkja nokkurn. Hópurinn var fljótur að kynnast innbyrðis og voru það glöð og sátt börn sem snéru heim til foreldra sinna eftir helgina.




*„Það er okkur alltaf hollt að staldra við og líta inn á við og það er sérstaklega gott að gera það í góðra kvenna hópi," segir Sædís Arnardóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar. Í bakgrunni má sjá verkefni sem unnið var á sjálfstyrkingarnámskeiðinu.*

# Konur eru konum bestar

Konur eru konum bestar er sjálfstyrkingarnámskeið sem prestar og djáknar Þjóðkirkjunnar hafa haldið víðsvegar um landið mörg undanfarin ár. Markmið námskeiðsins er að skapa konum vettvang til að kynnast sjálfum sér betur í góðum félagsskap þar sem þær fá tækifæri til að deila reynslu sinni og benda hver annarri á leiðir til að styrkja sjálfsmyndina en rík áhersla er lögð á virka þátttöku í hópaverkefnum og umræðum.

Hjálparstarfið hefur fengið sr. Petrínu Mjöll Jóhannesdóttur til að vera með nokkur námskeið fyrir hópa og gjarnan er námskeiðið notað sem hluti af stærra og víðameira verkefni. Í nóvember 2015 fór Sædís Arnardóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfinu, á leiðbeinendanámskeið hjá Petrínu Mjöll og í febrúar fór hún af stað með sitt fyrsta námskeið fyrir 11 konur. Námskeiðið er enn í gangi og hafa þátttakendur lýst yfir mikilli ánægju með sjálfsvinnu sem þar fer fram.






*Það er alltaf jafn gaman að elda og borða í góðum félagsskap enda voru þátttakendur jafnt sem leiðbeinendur virkilega ánægðir með matreiðslunámskeiðið. Hjálparstarfið kann Góða hirðinum, nytjamarkaði Sorpu, bestu þakkir fyrir stuðninginn við verkefnið!*

# Matreitt í heilsueflandi samveru

Í október 2015 fór Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn af stað með námskeiðið Heilsueflandi samvera. Námskeiðið sem stendur fram í apríl er ætlað konum utan vinnumarkaðar en markmiðið með því er að efla andlega, líkamlega og félagslega heilsu þátttakendanna. Einn hluti af námskeiðinu var matreiðsla í matreiðslustofunni í Réttarholtsskóla en Gunnþórunn Jónsdóttir matreiðslukennari tók hópinn að sér í fjögur skipti. Undir hennar leiðsögn voru galdraðir fram hinir ýmsu réttir og má þar nefna japanskt kjúklingasalat, Chili con carne, kanelsnúða og pönnukökur. Í hverjum tíma voru matreiddir 2–3 aðalréttir auk eftirréttar og endaði tíminn á sameiginlegu borðhaldi þar sem konurnar gæddu sér á veislumatnum saman.

# Komdu norður

19. mars 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Vífilfell | Icelandair Hotels | Hótel Kea | BYKO | Sigló Hótel | Akureyrarbær | Glerártorg





**„Undanfarin ár hefur verið mikið um vöruþróun enda bjórmarkaðurinn að breytast mikið þar sem krafa neytenda er fjölbreytileiki, stöðugleiki og gæði," segir Unnsteinn Jónsson verksmiðjustjóri.**
MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Víking fjárfestir til framtíðar á Akureyri

Víking hefur nánast frá upphafi bjórsölu árið 1989 verið vinsælasti bjór á Íslandi og í dag er einn af hverjum þremur bjórum sem drukknir eru á Íslandi Víking bjórar. Íslenskir bjórar hafa slegið í gegn í útlöndum sem verður vonandi til þess að fleiri útlendingar komi hingað.

Saga Víking Ölgerðar nær aftur til Efnagerðar Siglufjarðar árið 1939. Verksmiðjan fluttist til Akureyrar árið 1950 og hefur verið þar síðan. Segja má að framleiðsla á bjór hafi farið á fullt árið 1989 í aðdraganda þess að bjórinn var leyfður á Íslandi. „Frá þessum tíma hefur starfsemin verið blómleg. Undanfarin ár hefur verið mikið um vöruþróun enda bjórmarkaðurinn að breytast mikið þar sem krafa neytenda er fjölbreytileiki, stöðugleiki og gæði," segir Unnsteinn Jónsson verksmiðjustjóri.

Víking Ölgerð hefur verið í fararbroddi á Íslandi í vöruþróun á bjór fyrir almenning. „Á síðasta ári komum við með nokkra nýja bjóra fram á sjónarsviðið og veislan heldur áfram með mikilli þróun á þessu ári. Til að halda stöðugum gæðum er mikilvægt að vera með öfluga rannsóknarstofu og hefur hún verið mikilvægur hlekkur í framleiðslu Víking á Akureyri."

Að sögn Unnsteins hefur fjölgun ferðamanna og breytt neyslumynstur Íslendinga orðið til þess að krafan um fjölbreytileika og sérbjóra hefur aukist með hverju árinu. „Þó svo Víking Gylltur sé langvinsælasti bjór á Íslandi með rúmlega tvöfalt meiri sölu en næsti bjór á eftir sem er Víking Lager þá hefur neysla hefðbundinna lagerbjóra dregist saman. Nýir bjórar líkt og Víking Classic, Einstök og árstíðabjórar hafa aukið við sig á undanförnum árum," lýsir hann.

## Útflutningur á bjór frá Akureyri

Að sögn Unnsteins hefur Einstök verið að slá í gegn nánast út um allan heim og er í dag það áfengi frá Íslandi sem langmest er flutt út af. „Nú hefur afkastageta verksmiðjunnar verið aukin sem opnar dyr fyrir Víking og Thule í útflutningi. Nýlega kynnti Víking nýja línu sem gengur undir nafninu Craft Selection og er hugsuð til að svara eftirspurn á innanlandsmarkaði fyrir sérbjóra auk þess sem þessi lína höfðar vel til útlendinga þar sem sérstöðu Íslands, sögunni og víkingahefðinni er komið til skila á skemmtilegan hátt. Markmiðið er að ná árangri í útflutningi með þessa vörulínu og þannig halda áfram að kynna sérstöðu Íslands fyrir útlendingum sem vonandi heimsækja Ísland í framhaldinu," segir Unnsteinn og bætir við að það þurfi allir að leggja sitt af mörkum til að kynna Ísland á góðan hátt með hágæða vörum.

„Baldur Kárason, bruggmeistari Víking, hefur lagt sig fram um að finna eins mikið af íslensku hráefni til að nota í bjórana þannig að stöðuleiki og gæði fari saman. Einstök Arctic Berry Ale var fyrsta tegundin þar sem notuð eru íslensk aðalbláber og krækiberjasafi í vöruna. Meðal hráefnis sem nýlega var bætt við í framleiðslunni eru íslensk einiber í hinn fjölskrúðuga Víking Juniper Bock."

> **Á síðasta ári komum við með nokkra nýja bjóra fram á sjónarsviðið og veislan heldur áfram með mikilli þróun á þessu ári. Til að halda stöðugum gæðum er mikilvægt að vera með öfluga rannsóknarstofu.**
>
> *Unnsteinn Jónsson*

## Nýjar fjárfestingar á Akureyri

Nýir eigendur Vífilfells hafa á undanförnum árum verið að bæta reksturinn og fjárfesta í verksmiðjunni á Akureyri. „Á síðasta ári var fjárfest fyrir tugi milljóna til að auka afkastagetu, tryggja gæði og opna nýjar dyr á erlendum mörkuðum. Sett var inn ný miðavél fyrir glerflöskur sem leggur grunn að afkastaaukningu í flöskuframleiðslu. Einnig var tekin í notkun ný kútaáfyllivél sem eingöngu er ætluð fyrir einnota bjórkúta sem fluttir eru út. Til að auka afköst í síun á bjór var ný skilvinda tekin í notkun í lok árs. Með henni næst einnig að minnka mikið notkun á kísilgúr," segir Unnsteinn. Hann nefnir einnig að á þessu ári sé síðan á dagskrá að fjárfesta í nýrri flöskuáfyllivél fyrir glerflöskurnar og bæta við tönkum fyrir bjór. „Áætlanir miða að því að hægt verði að auka afköst bjórverksmiðjunnar á Akureyri skref fyrir skref á næstu árum í takt við þarfir."



Mjög góður rómur er gerður að matnum og stemningunni á T Bone steikhúsi.

# T Bone

## – metnaðarfullt steikhús

**T Bone steikhús** við Ráðhústorgið á Akureyri hefur notið mikilla vinsælda frá því það var opnað fyrir rúmu hálfu ári. Sérvöldu, kolagrilluðu steikurnar þykja líka hið mesta lostæti enda staðurinn afar vinsæll.

„Okkur þótti vanta alvöru steikhús á Akureyri og þegar við vorum búnir að finna frábæra vöru og alvöru kolagrill slógum við til og opnuðum um verslunarmannahelgina síðustu," segir Hallgrímur Friðrik Sigurðsson, einn eigenda T Bone steikhúss. Mikil áhersla er lögð á að nota aðeins úrvalskjöt á T Bone. „Allt kjötið er sérstaklega meyrnað og er við allra bestu gæði þegar það er sett á grillið," segir Hallgrímur en veitingastaðurinn hefur skapað sér sérstöðu á Akureyri. „Enda hefur nánast verið kjaftfullt frá fyrsta degi og um helgar eru biðlistar."

Gestir T Bone eru skemmtileg blanda af Akureyringum og gestum bæjarins enda stendur steikhúsið á besta stað við Ráðhústorgið þar sem mikið er um gistirými.

Undir sama hatti og T Bone eru reknir tveir aðrir en mjög ólíkir staðir. „Kungfu Express er asískur „taktu með" staður. Þá opnuðum við 1. desember síðastliðinn R5 beer lounge sem sérhæfir sig í miklu úrvali af gæðabjór og viskíi. Þar er einnig boðið upp á metnaðarfullan götumat," segir Hallgrímur en allir þrír staðirnir eru í kringum Ráðhústorgið.

Hallgrímur þekkir vel til veitingabransans enda hefur hann starfað í honum í yfir tuttugu ár. Hann útskrifaðist frá Perlunni sem matreiðslumaður, hefur unnið í Noregi með heimsmeistara í matreiðslu, unnið á Vox og verið yfirkokkur á Friðriki V á Akureyri. „Fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir hve gríðarlega mikill metnaður ríkir hjá veitingastöðum úti um allt land í kjölfar hinnar miklu fjölgunar ferðamanna. Á Akureyri er mikil flóra flottra veitingahúsa með góðu fagfólki sem er á pari við það sem gerist í flottum stórborgum."

T BONE STEAK HOUSE

> **Fólk gerir sér ekki alltaf grein fyrir hve gríðarlega mikill metnaður ríkir hjá veitingastöðum úti um allt land í kjölfar hinnar miklu fjölgunar ferðamanna. Á Akureyri er mikil flóra flottra veitingahúsa með góðu fagfólki sem er á pari við það sem gerist í flottum stórborgum.**
>
> *Hallgrímur Friðrik Sigurðsson*

**Nánari upplýsingar má finna á www.tbone.is, www.r5.is og www.kungfu.is.**



Steikurnar eru grillaðar á ekta kolagrilli sem gerir gæfumuninn.



Aðalheiður S. Eysteinsdóttir myndlistarmaður hefur miðlað menningu og listum á Norðurlandi í rúma tvo áratugi. Hún hlaut menningarverðlaun DV á dögunum. MYND/KRISTÍN SIGURJÓNSDÓTTIR SKSIGLO.IS

# Öflugt menningarlíf í Fjallabyggð

Siglfirðingurinn og myndlistarmaðurinn **Aðalheiður S. Eysteinsdóttir** hlaut menningarverðlaun DV á dögunum. Aðalheiður hefur í rúma tvo áratugi miðlað myndlist og menningu í Eyjafirði og síðustu fimm árin í Alþýðuhúsinu á Siglufirði.

„Ég hef árum saman verið haldin ólæknandi þrá til þess að miðla menningu. Þegar maður er einu sinni kominn inn í hringiðu skapandi fólks verður ekki aftur snúið, þetta er svo gefandi," segir Aðalheiður S. Eysteinsdóttir myndlistarmaður en hún rekur gallerí og gestavinnustofu á heimili sínu á Siglufirði, gamla Alþýðuhúsinu.

Aðalheiður hlaut menningarverðlaun DV á dögunum. Hún hefur síðustu tvo áratugi tekið virkan þátt í listalífi Norðurlands. Á Akureyri var hún með vinnustofu í Listagilinu og kom að uppbyggingu Listagilsins. Þar rak hún galleríið Kompuna um árabil og stóð fyrir menningarviðburðum sem kölluðust Á slaginu sex. Þá stóð hún einnig fyrir viðburðum í samstarfi við aðra í gömlu síldarverksmiðjunni á Hjalteyri. Fyrir fimm árum festi hún kaup á Alþýðuhúsinu á Siglufirði, hennar heimabæ.

„Alþýðuhúsið er afar skemmtilegt hús með margvíslega möguleika. Þar hef ég staðið fyrir tónleikum, fyrirlestrum, gjörningum, ljóðalestri og nánast hverju sem er. Það má segja að ég sé að búa til leikvöll fyrir skapandi fólk. Listamennirnir koma yfirleitt og dvelja hjá mér meðan þeir vinna að sýningunni, innlendir og erlendir. Ég endurvakti einnig Kompuna í Alþýðuhúsinu og þar eru sýningar allan ársins hring. Fyrsta sunnudag í mánuði fer einnig fram smá dagskrá í anddyrinu og í eldhúsinu heima hjá mér sem ég kalla Sunnudagskaffi með skapandi fólki," útskýrir Aðalheiður og segir hvern einasta viðburð vel sóttan. Menningarlífið kraumi í Fjallabyggð og fólk geri sér hiklaust ferð úr nærsveitum til Siglufjarðar.



„Alþýðuhúsið er afar skemmtilegt hús með margvíslega möguleika," segir Aðalheiður en hún bæði býr og starfar í húsinu.

„Héðinsfjarðargöng gera það að verkum að Siglufjörður er miðsvæðis. Eins hefur verið mikil uppbygging á Siglufirði sem dregur fólk að. Það mæta 150 til 200 manns á þriggja vikna sýningar, sem er bara nokkuð gott í litlu bæjarfélagi," segir Aðalheiður. „Ég held að lítil samfélög úti á landi hafi gegnum tíðina lært að ef eitthvað á að vera um að vera þarf fólk einfaldlega að standa fyrir því sjálft."

Yfirstandandi er sýning Brynhildar Kristinsdóttur í Kompunni. Þann 25. mars hefst sýning Huldu Vilhjálmsdóttur og þær Brák Jónsdóttir og Freyja Reynisdóttir sýna gjörning. Þá mun myndlistarmaðurinn Magnús Pálsson einnig fremja gjörning og ætlar Aðalheiður sjálf að ljúka dagskránni með gjörningi. Allir eru velkomnir og enginn aðgangseyrir. „Þetta er heimili mitt og þangað læt ég aldrei kosta inn," segir Aðalheiður.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson



Aurora bar-café-grill er frábært nýlegt veitingahús á Icelandair hótelinu.



Falleg setustofa á Icelandair hótelinu á Akureyri.



Icelandair hótel á Akureyri stendur á frábærum stað rétt við sundlaugina.



Ekta breskt síðdegiste.

# Ljúffengur matur í fallegu umhverfi

**Icelandair hótel** á Akureyri stendur á frábærum stað í bænum, rétt við sundlaugina. Hótelið sem var opnað árið 2011 býður fallega innréttuð herbergi og fyrsta flokks veitingastað sem nefnist Aurora. Glæsilegt útsýni er til allra átta frá hótelinu.

Rut Pétursdóttir, veitingastjóri á Aurora, segir að hótelið sé á besta stað í bænum við Þingvallastræti. „Við erum með sundlaugina við hliðina á okkur og gríðarlega fallegt útsýni beint upp í Hlíðarfjall og yfir Pollinn. Hótelið hefur fengið mjög góðar viðtökur hjá gestum okkar. Veitingastaðurinn Aurora var opnaður síðastliðið sumar í nýrri viðbyggingu. Staðurinn hefur fengið góðar viðtökur bæði hjá hótelgestum og íbúum,“ segir Rut. Fallegur veislusalur er á hótelinu sem tekur 90-100 manns í sæti. „Hér hafa verið brúðkaup, fermingar, afmæli og aðrir skemmtilegir viðburðir,“ segir Rut enn fremur.

## Síðdegiste eða bröns

„Aurora er skemmtileg viðbót við hótelið. Við leggjum mikla áherslu á gæðahráefni, íslenskt og gott. Staðurinn er opinn frá 11.30 til 22 á kvöldin. Sérstakur hádegisseðill er í boði og að sjálfsögðu glæsilegur kvöldréttaseðill. Matargerðin er á breiðu bili, allt frá léttum réttum upp í ljúffengar steikur. Einnig bjóðum við upp á ótrúlega flott síðdegiste, High tea, að breskri fyrirmynd. Aurora er fallega innréttaður staður prýddur einstakri norðurljósamynd. Einnig bjóðum við upp á vinsælt brönshlaðborð á sunnudögum. Á Aurora er að sjálfsögðu opið fyrir alla sem koma til Akureyrar. Gjafabréf í síðdegiste eða bröns hafa verið mjög vinsæl. Þá erum við með glæsilegt morgunverðarhlaðborð á hverjum morgni bæði fyrir hótelgesti sem aðra.

## Stutt í skíðaparadís

Við tökum vel á móti ferðafólki sem hefur nýtt sér þessa góðu aðstöðu til að eiga skemmtilega daga hér á Akureyri, hvort sem fólk vill bregða sér á skíði eða njóta þess sem bærinn hefur upp á að bjóða. Um páskana verður stemming og sannkölluð skíðaparadís í fjallinu. Ég á von á að Íslendingar verði í meirihluta hjá okkur um hátíðina og þeir munu njóta þess að dvelja hér á fallegu hóteli og þeirra góðu veitinga sem eru hjá okkur.

## Gleðistund á barnum

Við erum með happy hour á barnum á milli klukkan 16-18 sem margir hafa nýtt sér, sérstaklega um helgar. Á laugardögum er ultra happy hour en þá er afsláttur á öllu til kl. 19. Akureyringar kunna vel við þessa nýbreytni og hér myndast skemmtileg og kósí stemming allar helgar. Fólk sest gjarnan við arininn í setustofunni undir góðri tónlist og með ljúffengan drykk eftir skíðadag í fjallinu. Við erum sannkallað skíðahótel á þessum árstíma,“ segir Rut.

Hún segist hlakka mikið til sumartarnarinnar.„Þá fáum við mikið af hópum, aðallega erlenda ferðamenn sem eru að skoða landið. Margir þeirra gista allan hringinn á Icelandair hótelunum. Byrja í Reykjavík, koma hingað til Akureyrar og fara svo austur á Egilsstaði og á Kirkjubæjarklaustur. Síðan erum við með Edduhótelin á sumrin. Það er alltaf gaman þegar nóg er að gera,“ segir Rut sem hefur starfað í ferðaþjónustu í nokkur ár. „Ferðaþjónustan er alltaf að stækka, við finnum mjög vel fyrir því.“



Rut Pétursdóttir veitingastjóri.

## Flottur hótelgarður

Við Icelandair hótelið er einstaklega notalegur hótelgarður sem hægt er að nota jafnt að vetri sem sumri. Gestir geta setið í kringum arineld og lagst undir feld. Skemmtileg stemming myndast oft í hótelgarðinum. „Við erum afar stolt af þessu hóteli og höfum lagt mikla áherslu á gæði og góða þjónustu. Herbergin eru nútímaleg og þægileg. Hér er til að mynda mjög gott hjólastólaaðgengi á hótelinu.

Við hlökkum mikið til páskanna enda er alltaf gleði í loftinu hér á bæ.“

**Hægt er að skoða hótelið á heimasíðunni www.icelandairhotels.is og www.aurorarestaurant.is**


Laugin liggur mjög vel og gestir sjá út allan dalinn. Engar byggingar byrgja sýn.

# Norðurljósaböð í sundlauginni á Laugum

Boðið verður upp á norðurljósaböð í sundlauginni á Laugum frá og með 1. september næstkomandi. Sérstök kynningaropnun stendur yfir til 21. mars. Sýnt hefur verið fram á að mestar líkur eru á að sjá norðurljós á Laugum.

North Aurora Guesthouse hefur gert samning við Þingeyjarsveit, eiganda sundlaugarinnar á Laugum, um að bjóða upp á norðurljósaböð eftir að hefðbundnum opnunartíma laugarinnar lýkur en verkefnið hefur fengið nafnið North Aurora Baths. Norðurljósaböðin munu standa til boða alla daga vikunnar frá 1. september til 31. desember 2016 milli 22. og 01. „Miðað við þær undirtektir sem við höfum þegar fengið geri ég fastlega ráð fyrir því að framhald verði á, að reynslutíma loknum og að hægt verði að bjóða upp á þessi böð frá september til apríl til frambúðar," segir Bryndís Pétursdóttir, eigandi North Aurora Guesthouse.

Markhópurinn er að sögn Bryndísar fyrst og fremst erlendir ferðamenn; ýmist gestir á eigin vegum, gestir sem gista í grennd við Laugar og gestir ferðaskrifstofa sem eru að selja norðurljósaferðir á svæðinu. Hún segir Íslendinga þó ekki síður geta notið upplifunarinnar. „Við munum slökkva öll ljós í nærumhverfinu og kveikja á kertum og luktum. Gestir fá slopp og ótakmarkaðan aðgang að lífrænu kaffi, tei og kakói í notalegri sófasetustofu."


Bryndís á von á því að framhald verði á böðunum að reynslutímanum loknum.

Laugin liggur, að sögn Bryndísar, mjög vel og gestir sjá út allan dalinn. Engar byggingar byrgja sýn og í lauginni er hvorki rennibraut né önnur tæki sem skapa læti. „Þetta er sannkölluð sveitalaug þar sem ró og friður ræður ríkjum en umhverfis hana er góður garður sem er hellulagður að hluta og þar er auðvelt að stilla upp þrífæti til að taka myndir," upplýsir Bryndís. Ef norðurljósin láta ekki á sér kræla getur fólk að hennar sögn engu að síður átt notalega stund í myrkrinu og kyrrðinni sem hún segir upplifun út af fyrir sig. „Þá erum við með Floating-vörurnar sem fólk getur fengið lánaðar og liðið um með náttúruöflin allt í kring." Bryndís segir hluta upplifunarinnar meðal annars felast í því að hámarksfjöldi gesta verður takmarkaður við 40 í senn. „Það er því mikilvægt að hópar og aðrir gestir hafi samband fyrirfram og láti taka frá pláss."

Bryndís segir að af öllum stöðum á landinu séu mestar líkur á því að sjá norðurljós á Laugum. „Það er búið að rannsaka þetta mikið síðustu þrjátíu ár og þetta er niðurstaðan. Þá er verið að byggja rannsóknarsetur norðurljósa á Kárhóli sem er hérna steinsnar frá en það verður líka opnað í haust. Þetta helst því allt í hendur og styrkir ferðaþjónustuna allt í kring," segir Bryndís en ellefu gistiheimili eru í dalnum.

Sérstök kynningaropnun á norðurljósaböðunum hófst í gær og stendur fram á mánudag. Þessa daga er ókeypis inn og eru allir velkomnir.



Opnunartímar um páskana
Opið alla virka daga 9-14
Opið á skírdag og annan í páskum frá 9-14
Lokað föstudaginn langa

Almennur opnunartími
Október-apríl
Virka daga 9 – 14
Maí – september
Daglega 8.30 – 18.30

**Hvalasafnið á Húsavík**
hefur miðlað fræðslu og upplýsingum um hvali og lífríki þeirra á skemmtilegan, lifandi og áhugaverðan hátt til gesta sinna frá árinu 1997. Sýning safnsins er um 1600 m2, þar sem meðal annars má fræðast um hvalategundir, líffræði hvala og hvalveiðisöguna. Á safninu eru margir áhugaverðir gripir til sýnis þar á meðal 11 tilkomumiklar hvalabeinagrindur. Sú stærsta er af steypireyð sem er tæpir 22 metrar á lengd.

Verið velkomin á Hvalasafnið á Húsavík

HVALASAFNIÐ Húsavík

Hafnarstétt 1 • 640 Húsavík • sími 414 2800
www.hvalasafn.is • netfang: info@whalemuseum.is

Endalaust 365
ENDALAUST NET
1817 | 365.is
365


Hrafnhildur E. Karlsdóttir, hótelstjóri á Kea. MYND/AUÐUNN


Hótel Kea stendur á fallegum stað, miðsvæðis í bænum.

# Öll lífsins gæði í göngufæri

**Hótel Kea** er eitt af þekktustu kennileitum Akureyrar og stendur í hjarta bæjarins. Stutt er í alla þjónustu, verslanir, söfn og náttúruparadísir. Hótelið býður upp á vel búin herbergi, veitingastað, bar, ráðstefnu- og fundasali.

Saga Hótels Kea nær aftur til ársins 1944. Flestir Íslendingar þekkja þetta sögufræga hús. Hótelið hefur lengi verið miðpunktur menningar á Akureyri og býður upp á frábæra gistingu og mat á veitingastaðnum Múlaberg bistro & bar. Hrafnhildur E. Karlsdóttir hótelstjóri segir að Akureyri sé eins og útlönd fyrir marga Íslendinga. „Hér höfum við upp á svo margt að bjóða. Við segjum gjarnan að öll lífsins gæði séu í göngufæri. Hótelið er í hjarta bæjarins þar sem stutt er í alla þjónustu auk þess sem við erum með frábæran veitingastað sem býður úrvals matargerð úr íslensku hráefni. Hótel Kea er steinsnar frá útivistarparadísum, skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli, útivistar- og gönguskíðasvæðinu í Kjarnaskógi og Naustaborgum. Síðan er örstutt í önnur skíðasvæði eins og á Dalvík, Ólafsfirði og á Siglufirði," segir Hrafnhildur og bendir á að skíðasvæðið á Dalvík sé mjög barnvænt. „Um páskana verða Stebbi og Eyfi með tónleika á föstudaginn langa eins og verið hefur undanfarið." segir hún.

Hrafnhildur segir að upplagt sé að koma til Akureyrar í helgarferð, njóta þess sem bærinn hefur upp á að bjóða og fara síðan í bíltúr í nærliggjandi sveitir. „Það tekur bara klukkutíma að aka til Siglufjarðar," segir hún. „Við fáum mikið af skíðafólki yfir vetrartímann en það er miklu meira í boði á Akureyri. Hér er blómlegt menningarlíf, listasöfn og skemmtilegar verslanir. Veturinn hefur verið góður hér fyrir norðan og við erum beintengd við veðurguðina sem segja að páskarnir verði mjög góðir."

Múlaberg bistro & bar er með happy hour milli kl. 16-18. „Veitingastaðurinn opnar kl. 11 á morgnana og býður upp á frábær tilboð í hádeginu, til dæmis er fiskur/réttur dagsins á aðeins 1.990 krónur. Á barnum skapast skemmtileg stemning seinni partinn þegar fólk kemur inn eftir góðan útivistardag. Við erum með mikið úrval af kokkteilum, bjór og víntegundum. Einnig er gott kaffi í boði og kakó. Veitingastaðurinn er með fjölbreyttan matseðil, allt frá smáréttum til aðalrétta. Hótel Kea er elsta hótel á Norðurlandi og við erum stolt af því," segir Hrafnhildur sem hefur verið hótelstjóri frá árinu 2012 en hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan 1998. Hún segist finna fyrir auknum straumi ferðamanna til Akureyrar allan ársins hring, jafnt innlendra sem erlendra.

Öll herbergin á Kea eru búin helstu þægindum en hægt er að kynna sér hótelið, skoða myndir og dagskrá um páskana á heimasíðunni www.keahotels.is

HÓTEL KEA

# PÁSKAR Á AKUREYRI

KOMDU NORÐUR!
VIÐ ERUM MEÐ GIRNILEG TILBOÐ FYRIR ÞIG





## múlaberg
BISTRO & BAR

## STAÐURINN TIL AÐ VERA Á

Góður matur á góðu verði!



Múlaberg Bistro & Bar | Hótel Kea | Sími: 460 2020

Hótel Kea | Hafnarstræti 87 - 89 | Sími: 460 2000 | kea@keahotels.is










Verslun BYKO á Akureyri býður mikið úrval af fjölbreyttum vörur í nokkrum deildum í afar stóru og björtu húsnæði. MYNDIR/AUÐUNN NÍELSSON

# Traustur bakhjarl í heimabyggð

**BYKO** hefur þjónað Norðurlandi um nær tveggja áratuga skeið með vönduðum vörum og góðri þjónustu sem byggir á reyndu starfsfólki. Verslunin hefur stækkað jafnt og þétt á þessum árum og í dag er vöruúrvalið mjög fjölbreytt í mörgum ólíkum verðflokkum.

Verslun BYKO hefur starfað á Akureyri síðan 1997 og þjónustað bæjarbúa og nærsveitir með fjölbreyttu vöruúrvali og vandaðri þjónustu. Árið 2000 opnaði BYKO 2.000 fermetra smásöluverslun á Glerártorgi en sex árum síðar var opnuð 5.500 m² smávöruverslun og timbursala á Óðinsnesi 2 og jókst vöruúrvalið enn frekar að sögn Hauks Más Hergeirssonar verslunarstjóra. Fjölmargar deildir eru innan verslunarinnar með ólíkar áherslur auk þess sem BYKO rekur líka íþróttavöruverslunina Intersport undir sama þaki.

„Þrátt fyrir mikið úrval má þó segja að byggingavörudeild okkar sé stærsti hlutinn af verslun okkar enda erum við leiðandi á því sviði hér á þessu landssvæði. Þar þjónustum við verktaka hér í bænum og raunar á miklu stærra svæði, frá Hólmavík til Egilsstaða með ýmsar vörur á borð við timbur, járn, verkfæri og fleira. Við erum líka með sérstaka sölumenn sem keyra út frá Akureyri til að þjónusta þessa viðskiptavini okkar á þessu stóra landsvæði.“

**„Þrátt fyrir mikið úrval má þó segja að byggingavörudeild okkar sé stærsti hlutinn af verslun okkar enda erum við leiðandi á því sviði hér á þessu landsvæði.**

*Haukur Már Hergeirsson*

Utan byggingavörudeildarinnar er gríðarlega margt í boði að sögn Hauks. „Í sýningarsal hreinlætis- og gólfefnadeildar okkar má m.a. finna mjög gott úrval af parketi og flísum auk alls þess sem viðkemur þessum vöruflokkum. Helsta vörumerki okkar í parketi er Krono Original en í flísum eru það helst E-Stone. Í sömu deild má finna úrval hreinlætistækja með vörur frá Grohe og Gustavsberg í fararbroddi. „Auk þess bjóðum við upp á fjölda annarra merkja á borð við Damixa, Duravit og Armatura.“

Ljósadeild BYKO er geysilega öflug að sögn Hauks og sú stærsta utan höfuðborgarsvæðisins. „Við bjóðum upp á mjög gott úrval ljósa og lampa af öllum stærðum og gerðum. Viðskiptavinir okkar geta skoðað úrvalið í björtum og fallegum sýningarsal okkar og fengið ráðleggingar frá starfsfólki okkar.“




Haukur Már Hergeirsson er verslunarstjóri BYKO á Akureyri.

Ekki er síðra úrvalið í búsáhaldadeild BYKO að sögn Hauks. „Við erum með stærstu deildina í bænum og þótt víðar væri leitað og erum alltaf að styrkja okkur á þessu sviði. Vöruúrvalið er mjög mikið og fjöldi vörumerkja mikill. Að sama skapi má segja að raftækjadeildin bjóði upp á mikið úrval, allt frá handþeyturum upp í níðþunga ísskápa. Þar skiptir líka máli að við bjóðum upp á samkeppnishæft verð.“

Í málningardeild BYKO er lögð áhersla á málningu frá norska framleiðandanum Gjöco og Málningu. „Þar leiðbeinir fagmaður viðskiptavinum um litaval og hvaða tæki og tól þurfi að kaupa þegar málað er.“

Íþróttaverslunin Intersport er rekin undir sama þaki en hún er vel þekkt um land allt fyrir frábært vöruúrval og gott verð að sögn Hauks. „Þar bjóðum við upp á mikið úrval af íþróttafatnaði og útivistarvörum frá heimsþekktum íþróttamerkjum á sanngjörnu verði.“

Starfsmenn BYKO á Akureyri eru flestir reynslumiklir sem skiptir miklu máli þegar þjónusta þarf jafn fjölbreyttan viðskiptamannahóp og þann sem heimsækir verslunina. „Vöruúrvalið er mikið, þjónustan góð og hingað eru allir velkomnir,“ segir Haukur að lokum.



Hótelið er byggt út í smábátahöfnina og setur mikinn svip á bæinn.

# Notalegheit og óviðjafnanlegt útsýni

**Sigló Hótel** var opnað 18. júlí í fyrra. Það er byggt út í smábátahöfnina á Siglufirði og fellur einstaklega vel inn í bæjarmyndina enda var tekið fullt mið af Síldarminjasafninu og húsunum í kring við hönnun þess. Framkvæmdir við bygginguna hófust um áramótin 2013/2014 en samt er eins og hún hafi staðið þar alla tíð. Hótelið setur mikinn svip á bæinn. Það er allt hið glæsilegasta enda ekkert til sparað.

Hótelið, sem er á tveimur hæðum, er búið 68 herbergjum sem öll hafa útsýni til sjávar. „Lögð var rík áhersla á hljóðeinangrun á hverju herbergi og geta gestir því notið útsýnisins yfir fjöll og sjó í ró og næði. Á hverju herbergi er svokallað gluggasæti þar sem hægt er að sitja og fylgjast með sjómönnum landa aflanum og erli dagsins líða hjá,“ lýsir sölu- og markaðsstjórinn Finnur Yngvi Kristinsson.

Hann segir aðsóknina hafa verið ágæta hingað til og að vitund um hótelið sé sífellt að aukast. „Nú í vetur hafa Íslendingarnir verið áberandi á meðal gesta en það er þó alveg ótrúlegt renniríi af útlendingum líka. Þeim fer svo væntanlega fjölgandi þegar líður að sumri.“ Finnur segist sjá mikið af vinahópum, árshátíðarhópum og fjölskyldum auk þess sem fólk komi í rómantískar ferðir og afslöppun og notalegheit.

> **Við ætlum að bjóða upp á sérstakt barnahlaðborð og afþreyingu fyrir börnin á kvöldin svo foreldrarnir geti notið matarins og slakað á í setustofunni. Þetta er nýjung sem við vonumst til að verði framhald á.**
>
> *Finnur Yngvi Kristinsson*

Hann á sérstaklega von á skíðafjölskyldum í kringum páskana. „Við búumst við miklu fjöri og yfir miðjan daginn verðum við með opið á veitingastaðnum Hannes Boy, sem alla jafna er lokaður á þessum tíma árs. Þar verður kökuhlaðborð frá föstudeginum 25. mars til sunnudagsins 27. Staðirnir standa við hlið hótelsins og svo er Síldarminjasafnið steinsnar frá,“ upplýsir Finnur.

„Við ætlum líka að bjóða upp á sérstakt barnahlaðborð og afþreyingu fyrir börnin á hótelinu á kvöldin svo foreldrarnir geti notið matarins eða slakað á í setustofunni. Þetta er nýjung sem við vonumst til að verði framhald á,“ segir Finnur. Á hótelinu er líka heitur pottur og gufa sem hann segir kjörið að nota eftir góðan dag í fjallinu og er það sívinsælt.

Á veitingastaðnum Sunnu er lögð höfuðáhersla á íslenskan mat. „Við Íslendingar viljum þó fá okkar nautasteik og hún er vitanlega á boðstólum líka.“

Hótelið komst í fréttirnar skömmu eftir opnun þegar kviknaði í gölluðum djúpsteikingarpotti og þurfti að endurbyggja eldhúsið að hluta. „Fall er fararheill og það var allt komið í stand á örfáum vikum,“ segir Finnur.

Sumarið leggst afskaplega vel í Finn. „Það má segja að það byrji hjá okkur í byrjun maí en þá verður stórt fjallaskíðamót sem ber nafnið Ofurtröllið. Þetta er afskaplega skemmtileg þriggja daga hátíð og verður sérlega fjölskylduvænn tími á Siglufirði. Þannig ljúkum við skíðavertíðinni með pompi og prakt og tökum svo fagnandi á móti sumrinu.“



Það er tilvalið að bregða sér í heita pottinn eftir góðan dag í fjallinu.







Hótelið er allt hið glæsilegasta. Á herbergjunum eru gluggasæti sem öll snúa út að sjó. Þar er hægt að fylgjast með erli dagsins líða hjá.



Gestir geta haft það náðugt í setustofunni.



Von er á fjölda skíðafólks um páskana.









Ferðamenn verða leiddir um miðbæjarkjarnann og fræddir um helstu staði sem á vegi verða.

# Gönguferðir með sögulegu ívafi

Í gönguferðum fyrir ferðamenn um Húsavíkurbæ sem farnar verða næsta sumar verða þátttakendum sagðar sögur af Húsavík og Húsvíkingum, ásamt því að komið verður inn á ýmsa siði og venjur sem einkenna bæjarfélagið.

Heiðar Halldórsson, forstöðumaður Húsavíkurstofu, og starfsfélagar hans ætla að bjóða í fyrsta skipti upp á skemmtilegar gönguferðir fyrir ferðamenn um Húsavík. „Húsavíkurstofa hefur meðal annars með upplýsingastofu bæjarins að gera og er þetta hugsað sem viðbót við starfsemi hennar, hún verður tekin út fyrir hússins dyr. Svona formlegar gönguferðir hafa ekki verið áður í gangi hér á Húsavík. Ef vel er skoðað er hér mikil saga sem er ósögð að því leyti að ekki er hægt að gúgla hana. Hér er mikið um venjur og staðreyndir sem gætu komið spánskt fyrir sjónir ferðamanna. Við sjáum þetta því fyrir okkur sem heppilegt innlegg í afþreyingarflóru bæjarins sem verður til þess að ferðamenn fræðist á nánari hátt um Húsavík og innviði hennar,“ lýsir Heiðar.

## Ganga, náttúra og saga

Göngurnar verða byggðar þannig upp að sögn Heiðars að þær verða eins og hefðbundnar skoðunarferðir þar sem farið er á ýmsa staði, bent á það sem fyrir verður og því lýst. „Það verður svo til þess að fólk kannski heimsækir þá staði seinna. Að einhverju leyti verður þetta líka náttúruskoðun og svo söguferð. Söguferð að því leyti að komið verður við á nokkrum stöðum í bænum og saga bæjarins vafin inn í það sem fyrir ber.“

Heiðar og starfsfólk upplýsingamiðstöðvarinnar leiðir göngurnar og verður leiðsögnin að öllu jöfnu á ensku. „Við verðum hins vegar líka með Ítala, Francesco Perini, í vinnu hjá okkur þannig að það getur ýmislegt verið í boði og nokkuð gefið að það yrði töluð ítalska ef ítalskur hópur kæmi. Íslendingar gætu einnig haft gagn og gaman af þessum göngum og því að sjálfsögðu hægt að taka íslenska hópa líka og tala þá íslensku.“



Heiðar Halldórsson, forstöðumaður Húsavíkurstofu, og starfsfélagar hans ætla að bjóða í fyrsta skipti upp á skemmtilegar gönguferðir fyrir ferðamenn um Húsavík.

## Margir að flytja heim

Töluverð uppbygging hefur verið á Húsavík að undanförnu að sögn Heiðars og mikið af uppöldum Húsvíkingum á aldrinum tuttugu og fimm ára til fertugs flutt aftur til bæjarins síðastliðið ár. „Sjálfur er ég tiltölulega nýlega snúinn aftur heim úr námi eftir sex ára fjarveru. Undanfarið ár hefur fólk mikið verið að koma aftur heim og þá einstaklingar sem margir hefðu haldið að kæmu ekki aftur. Hér hefur margt byggst upp að undanförnu, bæði varðandi ferðaþjónustu og annað og meira um heilsársstörf í fleiri greinum en áður. Svo hefur hnattvæðingin auðvitað áhrif þar sem hægt er að taka störfin með sér í mörgum tilfellum. Engu að síður hefur þessi fjölgun komið okkur hér heima á óvart og í raun farið fram úr björtustu vonum,“ segir Heiðar ánægður í bragði.



Glerártorg verslunarmiðstöð | Akureyri | www.glerartorg.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 19. MARS 2016 LAUGARDAGUR

# HEILDARLAUSNIR FYRIR HÚSFÉLÖG

**Húsfélagaþjónustan** kynnir Ræstingar fyrir húsfélög og fyrirtæki eru sérsvið fyrirtækisins auk ýmissar annarrar þjónustu á sviði þrifa og umhirðu. Fyrirtækið hefur starfað síðan 2002 og byggir á reynslumiklum og traustum starfsmönnum.

Húsfélagaþjónustan ehf. var stofnuð árið 2002 og sérhæfir sig í ræstingum fyrir húsfélög og fyrirtæki auk ýmissar annarrar þjónustu á sviði þrifa og umhirðu. Fyrst og fremst er þó áherslan lögð á þjónustu við sameignir í fjölbýlum sem er helsti markhópur fyrirtækisins að sögn Þóris Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Húsfélagaþjónustunnar. „Meginstarfsemi okkar snýr að þessum hefðbundnu reglubundnu þrifum og ræstingu fjölbýlishúsa auk þess sem við þjónustum einnig mikið af atvinnu- og skrifstofuhúsnæði en sá hluti eykst stöðugt þótt þessi hefðbundna þrif- og ræstingarþjónusta fyrir húsfélög sé fyrirferðarmest. Þá tökum við einnig að okkur fjölmörg önnur verkefni, þ. á m. teppahreinsun, sorpgeymsluþjónustu, gluggaþvott, flutnings- og heimilisþrif og svo mætti lengi telja.“



Meginstarfsemi Húsfélagsþjónustunnar snýr að reglubundnum þrifum og ræstingu fjölbýlishúsa auk þess að þjónusta mikið af atvinnu- og skrifstofuhúsnæði

### NÁKVÆM VERKLÝSING

Í upphafi skoðar starfsmaður fyrirtækisins sameignina eða verkefnið og gerir húsfélaginu eða viðkomandi tilboð í kjölfarið. „Ef ákveðið er að taka tilboðinu er gerður samningur þar sem öll þjónusta sem er keypt er nákvæmlega tilgreind. Nákvæm verklýsing er gerð sem starfsfólk okkar vinnur eftir og merkir við hvern lið sem unninn er hverju sinni. Helstu verkefni okkar fyrir húsfélög eru t.d. að ryksuga, þvo gólf, þurrka af ryk og þvo gler í anddyri og fleira. Sameignin er þrifin í samvinnu við íbúa enda þykir okkur mikilvægt að gerðar séu skýrar verklýsingar eftir óskum hvers og eins svo allt sé á hreinu.“

### VORVERKIN NÁLGAST

Nú þegar vorið nálgast minnir Þórir á hefðbundin vorverk Húsfélagsþjónustunnar þar sem helst ber að nefna gluggaþvott og teppahreinsun. „Við eigum lyftur fyrir gluggaþvottinn og sjáum um gluggaþvott fyrir mörg af stærri húsum landsins en við þvoum glugga á öllum stærðum húsa.“ Teppahreinsun er einnig fastur hluti af vorverkunum að sögn Þóris. „Þá er einmitt gott að hreinsa úr þeim sand og tjöru sem fer í teppin yfir vetrarmánuðina en hreinsast ekki svo auðveldlega við ryksugun. Við erum með fullkomnustu vélar og hreinsiefni sem er með því allra besta sem býðst, bæði fyrir blauthreinsun og þurrhreinsun.“

### ALLT Á EINUM STAÐ

Það eru margir kostir samfara því að kaupa þrif- og ræstingarþjónustu hjá fagmönnum í stað þess að sjá um slíkt sjálf segir Þórir. „Flestir eru uppteknir við vinnu, tómstundir og ferðalög og finnst mikill kostur að geta fengið alla þjónustuna á einum stað. Víða eru leiguíbúðir og leigjendur ekki alltaf jafn viljugir til að þrífa sameignina svo fátt eitt sé nefnt. Við notum eingöngu vistvæn hreinsiefni sem við flytjum inn sjálf. Þau koma frá ítalska fyrirtækinu Sutter sem var það fyrsta sem framleiddi hreinsiefni sem uppfylltu Kyoto-bókunina á sínum tíma.“



**Stór hluti starfsmanna Húsfélagsþjónustunnar hefur starfað mjög lengi hjá fyrirtækinu. Það kunna viðskiptavinir svo sannarlega að meta.**

### REYNDIR STARFSMENN

Auk þess er Húsfélagsþjónustan mjög vel tækjum búin að sögn Þóris. „Við vinnum stöðugt í því að bæta okkur og höfum því alltaf augun opin fyrir því besta sem er í boði hverju sinni. Einnig má nefna að stór hluti starfsmanna okkar hefur starfað hjá fyrirtækinu mjög lengi, jafnvel frá upphafi. Hér er lítil starfsmannavelta og 25 manna reynslumikill kjarni leysir verkefni dagsins. Það skiptir miklu máli fyrir starfsemi af þessu tagi að hafa trausta og heiðarlega starfsmenn. Þannig verða líka viðskiptavinirnir ánægðir.“

**Nánari upplýsingar má finna á www.husfelag.is, í síma 555-6855 og á netfanginu husfelag@husfelag.is. Lénið er husfelag.is-netfang er husfelag@husfelag.is**



# RAGNARÖK TAKAST Á VIÐ DIRTY RIVER ROLLER GRRRLS

Eina Roller Derby lið Íslands, Ragnarök, keppir sinn fjórða heimaleik í dag við lið frá Finnlandi. Búast má við miklu fjöri þegar keppendur þjóta í hringi á hjólaskautum í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi. Áhorfendur eru velkomnir.

Roller Derby Ísland er fyrsta og eina íslenska roller derby deildin á Íslandi. En hvað er roller derby? „Roller derby er íþrótt sem spiluð er á sporöskjulaga velli þar sem fimm úr hvoru liði eru inná í einu,“ útskýrir Ingibjörg Ingvarsdóttir, formaður almannatengslanefndar í RDÍ, en keppendur eru allir á hjólaskautum, með hjálma og hlífar. „Einn úr hvoru liði er svokallaður sóknarmaður eða „jammer“, hann er sá eini sem getur skorað stig með því að skauta fram hjá andstæðingunum. Restin af skauturunum eru blokkerar, eða varnarmenn,“ segir Ingibjörg og útskýrir að fjórir varnarmenn myndi vegg. „Þeirra hlutverk er að hjálpa hlauparanum að komast fram úr vegg andstæðinganna.“

Að sögn Ingibjargar skiptist leikurinn upp í tvo þrjátíu mínútna leikhluta og hver leikhluti skiptist í fleiri tveggja mínútna lotur, eða „jams“. „Hver lota byrjar á því að yfirdómari flautar eitt langt flaut. Þá byrja sóknarmenn að skauta fram úr varnarveggjunum. Þegar sóknarmanni hefur tekist það einu sinni getur hann farið að skora stig sem hann gerir með því að fara aftur fram úr mótherjunum. Hann fær stig fyrir hvern andstæðing sem hann kemst löglega fram hjá,“ útskýrir Ingibjörg, og greinilegt að um mikið fjör er að ræða. Enda segir Ingibjörg skemmtilegt fyrir fólk að koma og fylgjast með leiknum. „Þó fólk viti ekkert hvað er að gerast finnst því samt gaman.“

Félagið hefur starfað í að verða fimm ár og hefur nokkur vöxtur verið í starfseminni undanfarið. „Í félaginu eru á fimmta tug en rúmlega tuttugu eru virkir á æfingum, bæði strákar og stelpur,“ segir Ingibjörg. Þar sem aðeins ein deild er starfandi á Íslandi eru leikir sjaldgæfir. Því er það mikill viðburður innan félagsins að fá nú til landsins lið frá Turku í Finnlandi. „Það gengur undir nafninu Dirty River Roller Grrrls,“ segir Ingibjörg. Þetta er fjórði heimaleikur Ragnaraka en liðið hefur að auki farið í eitt keppnisferðalag til Finnlands og stefnir á að fara til Belgíu í haust. Leikurinn í dag leggst vel í liðsmenn. „Það væri gaman að vinna, en það er algert aukaatriði,“ segir Ingibjörg glaðlega.

**Keppnin fer fram í Hertz-Höllinni á Seltjarnarnesi kl. 16 í dag. Aðgangur er 1.000 krónur en ókeypis er fyrir 12 ára og yngri.**



**Roller Derby hefur verið æft á Íslandi í fimm ár. Keppnin er lífleg og skemmtileg á að horfa.** MYNDIR/INGIBJÖRG INGVARSDÓTTIR






**Hátt í fimmtíu félagar eru í Roller Derby Ísland en þó nokkur vöxtur hefur verið í íþróttinni að undanförnu.**



**Varnarmennirnir þurfa að koma í veg fyrir að sóknarmaður hins liðsins komist fram úr þeim.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429





# BESTA LIFRARKÆFA ÍSLANDS 2016

## GRÓF ÍTÖLSK LIFRARKÆFA FRÁ SS

GRÓF ÍTÖLSK LIFRARKÆFA FRÁ SS VAR VALIN **„BESTA LIFRARKÆFA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2016“** Í KEPPNI MEISTARAFÉLAGS KJÖTIÐNAÐARMANNA SEM FRAM FÓR Í HÖRPU 6. MARS.

UPPSKRIFTIN ER INNBLÁSIN AF SUÐRÆNUM ÁHRIFUM EINS OG NAFNIÐ GEFUR TIL KYNNA OG HAFA FAGMENN SS LAGT MIKINN METNAÐ OG NATNI Í ÞRÓUN Á ÞESSARI ÓMISSANDI SÆLKERAVÖRU.



fremstir fyrir bragðið

GRÓFA ÍTALSKA LIFRARKÆFAN BÍÐUR EFTIR ÞÉR Í NÆSTU VERSLUN

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS - WWW.SS.IS

# VÍSINDI OG TÓNLIST Í EINA SÆNG

**Þau Sævar Helgi Bragason jarðfræðingur og Ásta Björg Björgvinsdóttir tónlistarkona fjalla um og tengja saman vísindi og tónlist í Biophilia Solstice vinnusmiðju í Listasafni Reykjavíkur í dag. Smiðjan er ætluð börnum frá tíu til tólf ára.**




Sævar Helgi Bragason, jarðfræðingur og stjörnuáhugamaður, og Ásta Björg Björgvinsdóttir tónlistarkona sjá um Biophilia Solstice vinnusmiðju í Listasafni Reykjavíkur í dag. MYND/ANTON BRINK

Biophilia-menntaverkefnið er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, norrænu ráðherranefndarinnar, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur. Í tengslum við verkefnið fer fram Biophilia Solstice vinnusmiðja fyrir fjölskyldur í Listasafni Reykjavíkur klukkan hálf tvö í dag. Þar fjallar jarðfræðingurinn og stjörnuáhugamaðurinn Sævar Helgi Bragason um þyngdarkraft og feril jarðar um sólkerfið, möndulhalla jarðar og áhrif hans á árstíðirnar. „Biophilia er plata sem Björk gaf út fyrir nokkrum árum. Við höfum undanfarin ár verið með Biophilia-menntaverkefnið í gangi þar sem við blöndum saman vísindum og listum,“ útskýrir Sævar Helgi sem sér um vísindahliðina á vinnusmiðjunni í dag en tónlistarkonan og -kennarinn Ásta Björg Björgvinsdóttir sér um tónlistarhliðina. „Þar tökum við fyrir lag af plötunni sem heitir Solstice sem þýðir sólstöður og ég kenni krökkunum og öðrum sem taka þátt í smiðjunni um árstíðir og hvers vegna sólstöður og jafndægur eru, sem er viðeigandi núna þar sem vorjafndægur eru einmitt á morgun.“

### FLÉTTA TÓNLIST OG VÍSINDI

Ásta Björg tekur svo við og skoðar hvernig tvær eða fleiri sjálfstæðar laglínur eru fléttaðar saman í lag og mynda heild. Þau Ásta Björg og Sævar Helgi tengja þannig vísindin og tónlistina saman, vinna tilraunir og skoða þessi fyrirbæri með aðstoð spjaldtölvuappa Biophilia-verkefnis Bjarkar Guðmundsdóttur. „Það eru auðvitað nokkur lög á plötunni og því mismunandi þemu eftir því hvaða lag við erum að fjalla um. Til dæmis heitir eitt lagið Moon og þá töluðum við um kvartilaskipti og annað sem heitir Mutual Core og þá fjöllum við um jarðfræði og svo hitt og þetta,“ segir Sævar Helgi.

Hann segir þessa samfléttun tónlistar og vísinda hafa gengið ágætlega þó lög Bjarkar tengist ekki alltaf vísindunum. „Þá er hægt að nota titlana og hugmyndirnar sem Björk hafði til að kenna og miðla vísindum. Tónlistin er svo aftur auðvitað öllu auðveldari og að finna snertiflöt þar og gerir Ásta það alveg listilega vel enda reyndur tónlistarkennari. Þetta er í þriðja sinn sem við Ásta vinnum saman að svona smiðju, annars höfum við gert þetta hvort í sínu lagi undanfarin ár.“



Í smiðjunni læra krakkar um vísindi og tónlist með aðstoð spjaldtölvuappa.

> Vísindi og tónlist eru nefnilega lík að mörgu leyti því í báðum tilfellum er verið að reyna að finna eitthvað nýtt.
>
> Sævar Helgi Bragasona

### ÞAÐ ER TAKTUR Í ÖLLU

Biophilia-menntaverkefnið byggir á því að hvetja börn og kennara til að nýta sköpunargáfuna með því að tengja saman tónlist, tækni og náttúruvísindi á nýstárlegan hátt. Sævar Helgi segir viðtökurnar við þeim hluta sem hann hefur komið að hafa verið góðar. „Þetta er óskaplega skemmtilegt verkefni og mjög skapandi. Tilgangurinn er að efla sköpunargáfu krakkanna og fá þau til að opna sig sem er svo skemmtilegt því yfirleitt er fólk frekar lokað inni í skel og sérstaklega þegar kemur að sköpun. Verkefnið snertir líka hluti sem við þekkjum í daglegu lífi, við upplifum öll árstíðir, jafndægur og sólstöður en fólk gerir sér ekki endilega grein fyrir því að það sé einhver endurtekning og taktur í því eins og er í tónlist. Vísindi og tónlist eru nefnilega lík að mörgu leyti því í báðum tilfellum er verið að reyna að finna eitthvað nýtt. Við notum sköpunargáfuna í bæði vísindum og listum,“ segir Sævar Helgi brosandi. Hann bætir því við að það hafi verið gaman að sjá hve margir séu hæfileikaríkir án þess að gera sér grein fyrir því. „Það er gaman að verða vitni að því að það blundi í fólki, sem kannski gerði sér ekki grein fyrir því að það hefði tónlist í sér, hæfileiki til að skapa eitthvað nýtt. Og það er frábært að fólk sjái og finni að það geti gert ýmislegt sem það kannski vissi ekki að það gæti.“

Vinnustofan er ókeypis og ætluð börnum á aldrinum tíu til tólf ára. Nánari upplýsingar um viðburðinn má nálgast á Facebook.

heilsuhótel íslands

Góður lífsstíll

HEILSUNÁMSKEIÐ
heilsa, hvíld og gleði

VOR / SUMAR*
1.-15. apríl
Heilsunámskeið 2 vikur
Pantið tímanlega, vinsæll tími

Fyrirlesarar og kennarar


Ásdís Ragna Einarsdóttir
grasalæknir


Chad Keilen
BSc Heilsuvísindi


Vigdís Steinþórsdóttir
hjúkrunarfræðingur


Steinunn Aðalsteinsdóttir
heilsumarkþjálfi

Sími 512 8040 | www.heilsuhotel.is | heilsa@heilsuhotel.is
Heilsuhótel Íslands | Lindarbraut 634 | 235 Reykjanesbær

# MÆÐGURNAR ÍRIS OG MARGRÉT MÆLA HEILSHUGAR MEÐ BIO-KULT

**Icecare kynnir** Bio-Kult Original og Bio-Kult Candéa eru öflugar blöndur vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Írisi Ásmundardóttur finnst Bio-Kult bæta meltinguna og gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði.

Íris Ásmundardóttir er á fullu í framhaldskólanámi og æfir ballett í rúmlega tuttugu klukkustundir á viku ásamt því að vinna sem aðstoðarkennari í ballett fyrir þau sem eru að taka fyrstu sporin. „Þegar ég lærði að stærsti hluti ónæmiskerfisins væri staðsettur í meltingarfærunum ákvað ég að gera eins vel og ég gæti til að styðja við og halda þeim í sem bestu standi. Ég ætla mér langt í ballettinum og mér hefur undanfarin tvö ár hlotnast sá heiður að fá að stunda nám við sumarskóla Boston Ballet ásamt því að hafa tekið tíma bæði í Steps on Broadway og í London. Til þess að geta stundað þetta allt saman af fullum krafti tek ég Bio-Kult á hverjum degi til að styrkja ónæmiskerfið og koma í veg fyrir að ég fái alls konar umgangspestar sem ég má ekkert vera að að eyða tímanum í," segir Íris. Henni finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. „Ég er allavega mjög hraust, sjaldan þreytt, með góða einbeitingu og hlakka nær undantekningarlaust til að takast á við verkefni dagsins."



Margrét Alice mælir bæði með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original. MYND/ERNIR

## MÆLIR MEÐ BIO-KULT ORIGINAL OG CANDÉA

Móðir Írisar, Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi, er sammála dóttur sinni um góð áhrif Bio-Kult. Hún mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar," segir Margrét.

Sjálf greindist Margrét með colitis ulcerosa, eða sáraristilbólgu, fyrir fjórtán árum. „Í dag er ég lyfja- og einkennalaus og hef verið það að mestu til margra ára. Ég er sannfærð um að bakteríurnar sem ég hef tekið í gegnum tíðina samhliða jákvæðum breytingum á lífsstíl hafi sitt að segja varðandi það hve vel mér gengur. Ég mæli því heils hugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract til að halda einkennum niðri og með Bio-Kult Original til að viðhalda batanum, báðar tegundir hafa reynst mér vel."

## BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.



Írisi finnst Bio-Kult gera henni gott samhliða heilsusamlegu mataræði. MYND/ANTON BRINK

Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.




# BIO-KULT GERLARNIR VIRKA BEST

Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Margrét Kaldalóns er ánægð með Bio-Kult og segir meltinguna hafa lagast til mikilla muna. Margrét Kaldalóns hefur góða reynslu af notkun Bio-Kult Original.

Margrét Kaldalóns hefur notað Bio-Kult gerlana í nokkra mánuði og fann hún fljótlega mikinn mun á meltingunni. Margrét hefur starfað í heilsugeiranum í þrjátíu ár og hefur kynnst mörgum tegundum af fæðubótarefnum og mjólkursýrugerlum. „Ég veit það af reynslunni að það eru mjög margir sem þjást af meltingarvandamálum. Það eru margar tegundir mjólkursýrugerla á markaði sem lifa ekki af magasýrurnar og ná því ekki að virka sem skyldi. Í mínum störfum hef ég prófað margar tegundir af mjólkursýrugerlum og ég finn að Bio-Kult gerlarnir henta mér best," segir Margrét.

Hún segist hafa verið viðkvæm gagnvart mörgum fæðutegundum áður fyrr. „Ég fann alltaf fljótlega eftir máltíðir að mér leið illa, það var eins og grjót væri í maganum. Eftir að ég kynntist Bio-Kult gerlunum hef ég fundið mestan mun á líðan í smáþörmunum – því ég var mjög viðkvæm í þeim áður. Ég tek fjögur hylki á dag, og hef alltaf tekið þau fyrir mat, það hentar mér. Venjulegur skammtur er tvö hylki, en mér finnst betra að taka aukalega. Ég er sérlega ánægð með Bio-Kult gerlana, því að þeir hafa hjálpað mér, meltingin hefur lagast til mikilla muna."

> „Ég er sérlega ánægð með Bio-Kult gerlana, því að þeir hafa hjálpað mér, meltingin hefur lagast til mikilla muna.
>
> Margrét Kaldalóns

## BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



Margrét er sérlega ánægð með Bio Kult gerlana. „Þeir hafa hjálpað mér, meltingin hefur lagast til mikilla muna."

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare










**Birna Jónasdóttir rokkstýra á Ísafirði.** MYND/GUSTI.IS

# HEIMSHORNAFLAKKARI STÝRIR ROKKHÁTÍÐ

**Birna Jónasdóttir** er rokkstýra hátíðarinnar Aldrei fór ég suður sem fer fram á Ísafirði um páskana. Undirbúningur stendur nú sem hæst en búist er við fyrstu gestum á miðvikudag. Stanslaust fjör alla páskana.

Birna segir að mörg stór nöfn komi fram á hátíðinni sem ekki hafa troðið þar upp áður. „Skemman þar sem tónleikarnir verða er notuð sem geymsla fyrir rækjuvinnsluna og við fáum hana ekki fyrr en rétt fyrir páska. Þá eigum við eftir að þrífa og gera fínt. Undirbúningurinn verður því fram á síðasta dag. Við segjum bara eins og aðrir Íslendingar, þetta reddast,“ segir Birna. „Hjá okkur verða tólf atriði en síðan eru tónleikar og viðburðir um allan bæ. Þetta hefur verið sérlega góður vetur á Ísafirði og rennifæri hingað vestur. Það er því mjög auðvelt fyrir fólk að koma á hátíðina. Við vonumst til að sjá 2.500-3.000 manns um páskahelgina. Skíðafæri hefur sömuleiðis verið einstaklega gott og svo er að hefjast skíðavika hér á Ísafirði, þannig að margt skemmtilegt er í boði. Skíðavikan á Ísafirði á sér langa sögu eða frá árinu 1935. Á skíðasvæðinu verða líka alls kyns viðburðir í boði.“

## LADDI VERÐUR LADDI

Aldrei fór ég suður hefur verið um hverja páska frá árinu 2004 og hefur ávallt verið einstaklega vel heppnuð hátíð. „Það má segja að hér sé boðið upp á tónlistarskíðaveislu um páskana,“ segir Birna. „Hingað koma miklar kanónur í poppinu. Stór nöfn fyrir allan aldur. Margir af eldri kynslóðinni bíða mjög spenntir eftir endurkomu Risaeðlunnar. Hljómsveitin var vinsæl á níunda áratugnum. Yngra fólkið bíður spennt eftir Úlfi Úlfi og Glowie. Ég er sjálf mjög spennt fyrir Ladda sem kemur hingað í fyrsta sinn á Aldrei fór ég suður. Hann ætlar að vera hann sjálfur að þessu sinni og flytja lögin sín. Margir gera sér ekki grein fyrir hversu mörg flott lög Laddi hefur samið í gegnum tíðina. Emiliana Torrini er enn eitt stórt nafn sem kemur fram en hún hefur ekki heldur verið áður,“ segir Birna. „Svo eru margir spenntir fyrir hljómsveitinni Sykri.“

Birna segir að hátíðin í ár verði með svipuðu sniði og áður en þó sé alltaf eitthvað nýtt. „Við reynum alltaf að bæta, prófa nýja hluti og brjóta aðeins upp. Við erum með nýja skemmu í notkun núna sem hentar vel fyrir tónleika. Gestir eru farnir að mæta fyrr á hátíðina og á fimmtudeginum er fullt af frábærum tónlistaratriðum í bænum.“

## Á FLAKKI UM HEIMINN

Þetta er þriðja hátíðin sem Birna stýrir en áður vann hún sem aðstoðarmaður. Hún er því öllum hnútum kunnug. Mugison er þó aldrei langt undan.

Fyrir utan að vera rokkstýra er Birna skíðaþjálfari og vinnur ýmis verkefni fyrir Markaðsstofu Vestfjarða. Á sumrin tekur hún að sér leiðsögn með ferðamönnum þannig að hún starfar á fjölbreyttum sviðum. Hún er fædd og uppalin á Ísafirði en tók tíu ár af ævi sinni til að flakka um heiminn. Birna sem verður 35 ára í maí hefur búið í öllum heimsálfum nema í Afríku og á Suðurskautslandinu. „Ég stundaði nám í Ástralíu og einnig í Kanada. Ég fór til Japans og kenndi ensku en síðan var ég töluvert í frönsku og austurrísku Ölpunum. Einnig vann ég á skíðahóteli í Noregi og dvaldi um tíma á Indlandi til að leika mér. Þá fór ég um S-Ameríku og dvaldi með vinkonu minni í Brasilíu um tíma,“ segir ferðalangurinn Birna. „Jú, það má segja að ég sé ævintýrakona og ég vona að enn eitt ævintýrið taki við hér heima núna,“ segir hún. „Það er reyndar ákveðið ævintýri að stjórna svona hátíð þar sem allt gerist korter í hátíð. Þótt ég hafi ferðast víða finnst mér alltaf voðalega gott að koma í rólegheitin á Ísafirði, sérstaklega á sumrin þegar dagarnir eru langir og bjartir. Ég finn mikinn mun á stressi í Reykjavík og hér fyrir vestan,“ segir hún. „Á Ísafirði er allt í göngufæri og aðgengi að öllum hlutum einfalt og þægilegt.“

Birna segir að hátíðin Aldrei fór ég suður sé mjög jákvæð fyrir bæjarlífið á Ísafirði. „Margir gamlir Ísfirðingar nota tækifærið og koma í heimsókn. Svo eru margir sem eru að koma vestur í fyrsta skipti. Það er vor í lofti og margt að gerast.“

**elin@365.is**

controlant

## Regional Sales Manager

*Controlant is an Icelandic high-tech company that offers solutions for real time monitoring of perishable goods.*

*The customer portfolio extends to international leaders in the pharmaceutical and food sectors and has been implemented in numerous contries across continents.*

*The solutions and products are designed with wireless technology, software and a centralized cloud system all of which the company has developed in the last years.*

*Controlant is at the center of several important technology trends such as IoT / M2M as well as gathering all data on a Cloud allowing Big Data Analysis.*

*For more information please visit*
***www.controlant.com***

Controlant is searching for an experienced sales professional to join the Controlant team to further enhance the already fast growing international business side of the company.

### Role and responsibilities:

- Responsibility and accountability for geographical areas
- Management of partners and resellers
- Direct sales as well as supporting representatives
- Contract and price negotiations
- Management of sales pipelines and forecasting
- Finding opportunities for growth and market penetration
- Managing and attending exhibitions and events
- Frequent international travel

### Qualifications and experience:

- Previous success in international sales management
- Experience in selling value adding services
- Knowledge of the pharmaceutical industry is an advance
- Know-how and connections in cold chain management is an advance
- Examples of serving regulated industries are beneficial
- Knowledge of Software as a Service (SaaS) models
- Fluent English is mandatory and other languages valuable
- Ability to motivate and maximize results of partners and coworkers
- Good teamworking spirit and positive attitude
- Continuous improvement mindset

*Further information will be provided by Torfi Markusson (torfi@intellecta.is) or Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) at tel +354 511 1225. Applications should be submitted at www.intellecta.is and accompanied by a CV and coverletter. Applications are due by March 29 2016. All applications and inquires are confidential.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Hagsýni | Liðsheild | Heilindi | nordural.is



# DEILDARSTJÓRI FRAMLEIÐSLU-STÝRINGAR STEYPUSKÁLA

Norðurál leitar að öflugum einstaklingi í starf deildarstjóra framleiðslustýringar steypuskála. Um er að ræða krefjandi starf þar sem samskiptafærni, vönduð vinnubrögð og frumkvæði fá að njóta sín.

**STARFSSVIÐ:**

- Móttaka pantana og uppsetning áætlana
- Gagnavinnsla og greining framleiðslufrávika
- Samskipti við viðskiptavini
- Framsetning og eftirfylgni langtímaáætlana
- Þróun framleiðsluferla
- Eftirfylgni öryggismála

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun á sviði verkfræði eða sambærilegt nám
- Áhugi og þekking á framleiðslu
- Áhugi og þekking á gæðamálum
- Reynsla af stjórnun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góð tungumálakunnátta, bæði íslenska og enska

Hjá Norðuráli leggjum við áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

Umsóknarfrestur er til og með **27. mars** nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á **www.nordural.is**. Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Arnar Friðriksson, framkvæmdastjóri steypuskála, og Valka Jónsdóttir starfsmannastjóri í síma **430 1000**.

Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.

bsi. OHSAS 18001 | bsi. ISO 14001 | bsi. ISO 9001

NA NORÐURÁL

strætó.is

Strætó bs. er öflugt þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna þar sem starfa um 300 manns sem mynda sterka liðsheild. Strætó bs. er byggðasamlag, í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur það meginmarkmið að veita viðskiptavinum góða þjónustu með öflugu og víðtæku leiðarkerfi og gefa þeim kost á að komast leiðar sinnar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

# Stjórnandi upplýsingatæknimála

Strætó bs. leitar að reynslumiklum einstaklingi til að stýra upplýsingatæknimálum félagsins. Viðkomandi ber ábyrgð á þjónustu, rekstri og þróun upplýsingatæknikerfa Strætó í samræmi við stefnu félagsins. Starfið hentar framsýnum og metnaðarfullum einstaklingi.

**Starfssvið**

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi upplýsingatæknimála
- Stefnumótun og áætlanagerð upplýsingatæknimála
- Þróun og innleiðing nýjunga í upplýsinga- og tæknimálum
- Samskipti við hýsingaraðila
- Samskipti, tilboðs- og samningagerð við birgja

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun upplýsingatæknimála
- Þekking og reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af þróun upplýsingatækni
- Hæfni og þekking til að innleiða nýjungar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Hæfni í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi

**Upplýsingar veitir:**

**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.**

Karlar jafnt sem konur er hvött til að sækja um starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Iceland Travel
Hosting you since 1937

# Iceland Travel leitar að jákvæðum orkuboltum með áhuga og þekkingu á Íslandi sem ferðamannastað

Hæfniskröfur:

- *Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða reynsla af störfum í innlendri ferðaþjónustu*
- *Góð landafræðikunnátta og reynsla af ferðalögum innanlands*
- *Skipulagshæfni, nákvæm vinnubrögð og frumkvæði í starfi*
- *Jákvætt viðhorf, rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum*
- *Geta til að vinna undir álagi*
- *Mjög góð tölvukunnátta og tölvulæsi*
- *Mjög gott vald á íslensku og ensku og helst þriðja tungumáli, svo sem frönsku, spænsku eða ítölsku*

**Um er að ræða fjölbreytt verkefni, svo sem ráðgefandi sölu, rekstur ferða, verkefnastjórnun og bókanir. Óskað er eftir fólki bæði í tímabundin störf og framtíðarstörf.**

Gildi Iceland Travel eru FRUMKVÆÐI, SVEIGJANLEIKI og FAGMENNSKA.

Umsóknir með ferilskrá berist fyrir 30.mars n.k. á rafrænu formi á **umsoknir@icelandtravel.is**
Öllum umsóknum svarað og fullum trúnaði heitið.

Iceland Travel er leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sviði móttöku og þjónustu við erlenda ferðamenn og á sviði ráðstefnuþjónustu og hvataferða. Hjá Iceland Travel er mannauður lykilþáttur í starfseminni og mikið er lagt upp úr þekkingardreifingu og uppbyggilegum starfsanda. Starfsmenn eru um 180 talsins, flestir með háskólamenntun eða mikla reynslu af ferðaþjónustu. Fyrirtækið er partur af Icelandair Group.




# TECHNICAL WRITER

We are looking for a Technical Writer to produce high-quality documentation that contributes to the overall success of our products. You will join a team of engineers, product managers and other experts to help communicate technical aspects of products in a clear and concise manner.

## REQUIREMENTS

- Proven working experience in technical writing
- Strong understanding of technical material and attention to detail
- Ability to quickly grasp complex technical concepts and make them easily understandable in text and pictures
- Excellent English writing skills
- Strong organizational skills and ability to work as part of a team
- Strong working knowledge of Microsoft Office and Adobe Acrobat
- University degree in Engineering or equivalent preferred

## RESPONSIBILITIES

- Work with internal teams to obtain an in-depth understanding of the product and documentation requirements
- Analyze existing and potential content, focusing on reuse and single-sourcing opportunities
- Oversee the Product Information documentation process
- Produce high-quality documentation that meets applicable standards and is appropriate for its intended audience
- Write easy-to-understand text for Instructional Manuals

Please submit your application to www.ossur.is/jobs before 1. April. For further information about the position, please contact the HR department by calling 515-1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur is a global leader in non-invasive orthopaedics with around 2500 employees in 19 countries.

Our Values are: Honesty – Frugality – Courage

WWW.OSSUR.COM

# Vilt þú vera í sterku liði?

sæplast®

**Sæplast Iceland (áður Promens Dalvík) leitar að nýjum liðsmönnum með jákvætt hugarfar og smitandi metnað til að taka þátt í auknum verkefnum og markaðssókn fyrirtækisins. Starfstöðin er á Dalvík. Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.**

## SÖLU- OG MARKAÐSSTJÓRI

**Við leitum að framúrskarandi leiðtoga til þess að leiða söluteymi Sæplasts í Evrópu.**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2588**

Hlutverk og ábyrgð:

- Mótun sölustefnu og stýring í samræmi við stefnu og áætlanir fyrirtækisins
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Greining á markaðstækifærum
- Yfirumsjón með starfi sölumanna, þjálfun og stjórnun
- Gerð og framkvæmd markaðsstefnu
- Tengsl við umboðsmenn og viðskiptavini

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af stýringu markaðs- og sölumála
- Þekking og færni í samningagerð

## VERKEFNASTJÓRI Í VÖRUÞRÓUN

**Við leitum að öflugum verkefnastjóra í vöruþróunarteymi fyrirtækisins**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2589**

Hlutverk og ábyrgð:

- Verkefnastjórnun
- Þátttaka og stýring verkefna frá hugmynd að framleiðslu
- Nýsköpun og þróunarvinnu á vörum
- Prófanir og rannsóknir

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. vélaverkfræði/tæknifræði/iðnfræði kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur

## MÁLMSMIÐUR

**Einnig leitum við að málmsmið eða einstakling sem er vanur málmsmíði**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2590**

Hlutverk og ábyrgði

- Viðhald og nýsmíði
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla af MIG og TIG æskileg
- Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund

Sæplast hf. var stofnað árið 1984 á Dalvík. Fyrirtækið er leiðandi í þróun og framleiðslu á hverfisteyptum einangruðum umbúðarkerum. Auk kera framleiðir Sæplast lok, vörubretti innanlands sem utan, og tanka, rotþrær fyrir innanlandsmarkað. Sölu og markaðssetningu í Evrópu er stýrt frá Dalvík sem og þróunarsetur þar sem unnið er að nýsköpunarverkefnum og framþróun framleiðsluvara fyrirtækisins um allan heim. Hjá Sæplast á Dalvík starfa um 50-60 manns. Sæplast er hluti af RPC Group.

Umsóknarfrestur
**29. mars**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

*Ásbjörn Ólafsson ehf. var stofnað árið 1937. Árið 2006 byggði fyrirtækið núverandi húsnæði sitt að Köllunarklettsvegi 6 og þar starfa ríflega 50 harðduglegir og hæfir starfsmenn.*

*Kjarnastarfsemi fyrirtækisins er innflutningur, markaðssetning, sala og dreifing á ýmsum vörum fyrir neytenda- og stórnotendamarkað. Söludeildin skiptist í þrjú svið: Neytendavörusvið, stóreldhúsasvið og sérvörusvið.*

***Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu þess www.asbjorn.is***

# Sölufulltrúi sérvöru í stóreldhús

Heildverslunin Ásbjörn Ólafsson auglýsir laust til umsóknar starf sölufulltrúa í sérvöru fyrir stóreldhús. Leitað er að reyklausum markmiðadrifnum einstaklingi sem vill vinna á skemmtilegum vinnustað í rótgrónu fyrirtæki.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Sala á vörum sérvörusviðs s.s. borðbúnaði, eldhúsvörum og kokkaklæðnaði
- Sala og kynningar á stóreldhúsamarkaði
- Viðhald á viðskiptatengslum og öflun nýrra
- Þjónusta og þarfagreining

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Árangursrík starfsreynsla af sölu, helst af fyrirtækjamarkaði
- Góð þekking á stóreldhúsamarkaði
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. úr framleiðslu, matreiðslu eða þjónn er ákjósanlegur bakgrunnur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á frekari þróun og uppbyggingu fyrirtækisins
- Mjög góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðað viðhorf

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Embætti landlæknis
Directorate of Health

*Embætti landlæknis starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.*

*Samkvæmt lögunum er embættinu ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og efla lýðheilsustarf í landinu.*

*Nánari upplýsingar um embættið má finna á vef þess **www.landlaeknir.is***

# Sérfræðingur á sviði heilbrigðisupplýsinga

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á heilbrigðisupplýsingasviði. Um er að ræða fullt starf. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri heilbrigðisupplýsinga.

Á heilbrigðisupplýsingasviði er unnið að mörgum spennandi verkefnum. Sviðið ber ábyrgð á heilbrigðisskrám og öðrum gagnagrunnum Embættis landlæknis ásamt úrvinnslu og miðlun tölfræði um heilsufar og notkun heilbrigðisþjónustu. Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði, metnað til að ná árangri í starfi og er jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Tölfræðileg úrvinnsla og greining gagna með sérstakri áherslu á gögn um starfsemi heilbrigðisþjónustu
- Vinna við stór gagnasöfn
- Þátttaka í teymi sem vinnur að úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga
- Þátttaka í að þróa miðlun heilbrigðisupplýsinga á vef
- Úrvinnsla fyrirspurna og erinda vegna tölfræði

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem veitir sterkan grunn í úrvinnslu og greiningu gagna
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking og reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og greiningu heilbrigðisupplýsinga, einkum upplýsinga um starfsemi sjúkrahúsa er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og geta til að vinna í teymi og sjálfstætt
- Góð færni í íslensku og ensku og gott vald á rituðu máli

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2016. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*

***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

# RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ráður mestu um árangur fyrirtækja

# RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Landskerfi bókasafna

# Verkefnastjóri - upplýsingatækni

*Landskerfi bókasafna hf. er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga.*

*Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðiþjónustu.*

*Félagið rekur bókasafnakerfið Gegni, safnagáttina Leitir og menningarsögulega gagnasafnið Sarpur.*

*Nánari upplýsingar um félagið má finna á* ***www.landskerfi.is***

Landskerfi bókasafna óskar eftir að ráða öflugan og jákvæðan einstakling til að sinna þróun og endurbótum á upplýsingakerfum og innleiðingu nýrra kerfa. Starfið krefst góðrar þekkingar á hugbúnaðarþróun, getu til að setja sig inn í ný viðfangsefni og reynslu af þátttöku í verkefnum sem snúa að rekstri tæknilausna. Það felur í sér samskipti við bókasöfn, birgja og fleiri aðila. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Daglegur rekstur og umsjón með áframhaldandi þróun safnagáttarinnar leitir.is
- Samþætting kerfa og innleiðing nýrrar kerfisvirkni
- Stilling leitarvélar og meðferð lýsigagna
- Aðkoma að vali á nýjum kerfum
- Úrvinnsla hjálparbeiðna
- Gagnavinnsla
- Kynningarmál og gerð kennslu- og kynningarefnis um leitir.is

Um er að ræða 100% starf en möguleiki er á að starfshlutfall sé minna.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Góð þekking á upplýsingataeknimálum
- Þekking á vefjum og forritaskilum (API)
- Þekking á gögnum og úrvinnslu þeirra
- Reynsla af notendaþjónustu
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Geta til að vinna sjálfstætt en einnig í þverfaglegu teymi
- Þekking og reynsla í forritun (Html, CSS, Javascript, .NET, Oracle) er mikill kostur

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




## VERKEFNASTJÓRI
### Í MARKAÐSDEILD

Við leitum að hugmyndaríkum einstaklingi með menntun og reynslu af markaðsmálum. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri hæfni í að tjá sig í ræðu og riti og framúrskarandi samskiptafærni. Gott skipulag, hæfni til að halda mörgum boltum á lofti í einu og reynsla af markaðssetningu á netinu eru mikilvægir kostir.

**Helstu verkefni**

- Gerð markaðsefnis og samskipti við auglýsingastofu
- Innri markaðssetning og umsjón með innri vef
- Samræming og utanumhald kynninga fyrir öll svið fyrirtækisins
- Skipulagning og stjórnun viðburða
- Stefnumótun og umsjón með samfélagsmiðlum

Starfsstöðvar markaðsdeildar eru bæði á skrifstofum félagsins í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli.

**Umsóknarfrestur er til 29. mars**

## SÉRFRÆÐINGUR
### Í VIÐSKIPTAGREIND

Við leitum að kraftmiklum sérfræðingi til starfa. Starfið felst í uppsetningu, þróun og rekstri á gagnavöruhúsi. Einnig þátttöku í þróun ferla tengdum áætlanagerð, árangursmælikvörðun, þarfagreiningum og skýrslugerð auk annarra verkefna.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, upplýsingastjórnun eða sambærileg menntun/reynsla
- Reynsla/þekking af gagnagrunnsfræðum nauðsynleg
- Reynsla af SSAS og þróun/uppsetningu OLAP teninga æskileg
- Reynsla af úrvinnslu gagna æskileg
- Þekking á Dynamics NAV kostur
- Sjálfstæð, öguð og nákvæm vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til 29. mars**

## FLUGVALLARSTARFSMAÐUR
### Á AKUREYRARFLUGVELLI

Við leitum að kraftmiklum einstakling með iðnmenntun, meirapróf og vinnuvélapróf. Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur.

**Helstu verkefni**

- Eftirlit með flugvallarmannvirkjum og flugbrautum
- Eftirlit og viðhald á vélbúnaði og tækjum
- Flugverndargæsla
- Björgunar- og slökkviþjónusta
- Umsjón og framkvæmd snjóruðnings og hálkuvarna

Gerð er krafa um að umsækjendur séu heilsuhraustir. Isavia mun sjá um þá þjálfun sem nauðsynleg er vegna starfsins.

**Umsóknarfrestur er til 3. apríl**

**Allir umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.**

STARFSTÖÐ
**AKUREYRI • REYKJAVÍK • KEFLAVÍK**

UMSÓKNUM SKAL SKILAÐ Á RAFRÆNU FORMI
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

16-1000 - HVITA HUSID / SIA

# Deloitte.

## Bókari / launafulltrúi
## Viðskiptalausnir Deloitte

Vegna aukinna umsvifa leitum við að metnaðarfullum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf bókara / launafulltrúa til starfa sem fyrst. Unnið er í öflugu teymi sem ber ábyrgð á fjárhagsbókhaldi, launavinnslu og skýrslugerð fyrir einn eða fleiri viðskiptavini Deloitte.

Útvistunarteymi okkar eru sérhæfð í að framkvæma verkefni á breiðu sviði innan fjármála- og launadeilda til skemmri eða lengri tíma.

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Viðurkenndur bókari kostur en ekki skilyrði.
- Góð færni í Excel.
- Reynsla af bókhaldi og/eða launavinnslu.

Öllum umsækjendum verður svarað og farið er með umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknum skal skilað inn í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is**, fyrir 3. apríl 2016. Nánari upplýsingar um starfið veitir Harpa Þorláksdóttir, mannauðsstjóri, **harpa.thorlaksdottir@deloitte.is**



# Rafvirkjar

**Straumvirki ehf óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema til starfa.**

Framtíðarvinna - næg verkefni framundan.
Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar á netfangið **straumvirki@simnet.is**

# Skólastjóri óskast

Ísafjarðarbær

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar starf skólastjóra leik- og grunnskóla á Flateyri. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2016.**

**Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is**



# Hefur þú reynslu af pípulögnum?

## Þjónustufulltrúi í Mæla- og notendaþjónustu

Við leitum að þjónustulunduðum, jákvæðum og lausnarmiðuðum liðsmanni í samstillt teymi þjónustufulltrúa í vatnskerfum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem felst í ráðgjöf og mati innanhússlagna og mæla hjá viðskiptavinum Veitna, öryggis- og viðskiptaeftirliti ásamt því að sinna tilkynningum um bilanir í inntaksbúnaði.

Ef þú hefur reynslu af að starfa við pípulagnir, hefur áhuga á að vinna í tæknilegu starfsumhverfi, tekur frumkvæði, nýtur þín í samskiptum og ert til í að vera mikið á ferðinni, gæti þetta verið starfið fyrir þig.

Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Eingöngu er tekið við umsóknum á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2016.

JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi, jafnrétti og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Orkuveita Reykjavíkur · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími · Tel. +354 516 6100 · www.or.is

OR Orkuveita Reykjavíkur

# Sólar Gluggatjöld

## MÆLINGA- OG UPPSETNINGA-MAÐUR ÓSKAST

**Helstu verksvið:**
- Uppsetningar, viðgerðir og sala.
- Heimsóknir til viðskiptavina, mælingar og ráðgjöf.

**Hæfniskröfur:**
- Handlaginn einstaklingur.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Geta unnið undir álagi.
- Heiðarleiki, stundvísi og helgun að starfi.

Um er að ræða 100% starf.
Ráðið verður í starfið sem fyrst.

**Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á: kolbeinn@solar.is fyrir 1. apríl n.k.**

# ASKO

*– vi forsyner Norge med mat*

ASKO hefur fært Norðmönnum matvörur fra árinu 1866 og telur í dag 3300 starfsmenn. Veltan árið 2016 mun verða yfir 55 milljarðar norskar krónur. ASKO starfrækir 13 útibú víða um Noreg, Frá Lillesand i suðri til Tromsø í norðri.

ASKO Rogland AS er leiðandi heildsölu- og dreifingarfyrirtæki með um 4,5 milljarða veltu árlega.

Markaðurinn eru matvöruverslanir, birgjar, mötuneyti og veitingahús innan svæðissins frá Bømlo í norðri og allt til Moi i suðri. Fyrirtækið sjálft er staðsett í Skurve i Gjesdal (ca 30 mínútur fra Stavanger).

## Blundar ævintýraþráin í þér?
## Við óskum eftir íslenskum atvinnubílstjórum í sumar!

**Við bjóðum:**
- Örugga vinnu frá 1.júní og út ágúst og jafnvel fasta vinnu eftir sumarið
- Flug til Noregs (svo fremi sem unnið er út samningstíma)
- Húsnæði til leigu, í göngufæri við fyrirtækið
- Aðgang að æfingasal, squashsal og sauna
- Íslenskan tengilið

**Hæfniskröfur:**
- Ökuréttindaflokkur C og CE (meiraprófið)
- Vandvirkni, þjónustulipurð og snyrtimennska
- Reynsla
- Góð norsku/sænsku/dönsku -kunnátta eða mjög góð enska

**Helstu verkefni:**
- Lestun og losun
- Dreifing á vörum til viðskiptavina
- Að vera góður fulltrúi ASKO fyrir viðskiptavini

**Nánari upplýsingar veitir Sigrid Thors í síma 0047 95 55 17 17**

**Áhugasamir sendi stutta ferilskrá ásamt nöfnum og símanúmerum til meðmælenda til: sigrid.thors@asko.no**

## Við leitum að

# SVIÐSSTJÓRA BÓKHALDSSVIÐS

Á bókhaldssviði Fjárstoðar starfa 7 öflugir bókarar sem annast bókhald fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Við leitum að leiðtoga fyrir þennan góða hóp.

**Helstu verkefni**

- Verkefnastjórnun á bókhaldssviði
- Þjálfun og leiðsögn starfsmanna
- Innleiðing og endurbætur á ferlum
- Gæðastjórnun á bókhaldssviði
- Úrlausn sérhæfðari verkefna fyrir viðskiptavini
- Samskipti við viðskiptavini, uppgjörsaðila og endurskoðendur

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og skapandi hugsun
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til **23. mars**. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@fjarstod.is.

FJÁRSTOÐ

**Fjárstoð ehf.**
**Smáratorgi 3**
**201 Kópavogur**

**Sími 556-6000**
**fjarstod@fjarstod.is**
**www.fjarstod.is**



# VERKEFNASTJÓRI VARAHLUTAVERKSTÆÐA

ÍSLENSKA SIA.IS ITS 79078 03/16

**Auglýst er eftir verkefnastjóra varahlutaverkstæða á Tæknisviði Icelandair á Keflavíkurflugvelli. Vegna vaxtar Icelandair hafa skapast ýmis tækifæri til að þróa viðgerðir varahluta hjá félaginu ásamt því að bæta og styrkja þau verkstæði sem þegar eru til staðar. Leitað er að verkefnastjóra sem getur leitt þessa vinnu og skapað ný tækifæri í varahlutaviðhaldi hjá félaginu.**

**STARFSLÝSING**

- Mat á tækifærum í uppbyggingu verkstæða
- Kaup á búnaði og öflun aðfanga á verkstæði
- Hönnun framleiðsluferla og uppsetning verkstæða
- Almenn umbótaverkefni á verkstæðum

**HÆFNISKRÖFUR**

- Verkfræðimenntun eða flugvirkjamenntun
- Geta til greiningar á kostnaði og arðsemi
- Þekking á íhlutaviðhaldi flugvéla kostur
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar veita:**
Jens Þórðason | jensth@its.is
Steinunn Una | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 1. apríl 2016.

ICELANDAIR



# Upplýsingafulltrúi

OR og dótturfélögin Veitur, Orka náttúrunnar og Gagnaveita Reykjavíkur þjóna rúmlega 200.000 manns sem láta sig starfsemina varða og við eigum samskipti við með ýmsum hætti. Við leitum að manneskju til að taka þátt í samskiptum við fjölda hagsmunaaðila svo sem fjölmiðla, sveitarfélög, almannasamtök og vísindasamfélagið.

Meginhlutverk upplýsingafulltrúa verður að sinna upplýsingagjöf vegna starfsemi Veitna, dótturfélags OR. Auk þessa mun upplýsingafulltrúi taka þátt í að þróa rafræn samskipti og sjá um fundi og aðra atburði á vegum fyrirtækja innan OR samstæðunnar.

Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur og reynsla af miðlun upplýsinga til almennings mjög æskileg. Umsækjendur þurfa að hafa afburðavald á íslensku máli, góða kunnáttu í ensku, vera talnaglöggir og kunna góð skil á helstu samskiptaforritum. Vinnan krefst faglegrar framkomu og þjónustulundar.

Við bjóðum upp á krefjandi og skemmtileg verkefni og góða vinnuaðstöðu, mötuneyti og líkamsræktaraðstöðu. Við viljum vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, starfsþróun, jafnrétti og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um**

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningarvef OR, starf.or.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2016.**

JAFNRÉTTISRÁÐ

OR Orkuveita Reykjavíkur | VEITUR | GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR | ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

**Orkuveita Reykjavíkur** • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími • Tel. +354 516 6100 • **www.or.is**

## Sjóntækjafræðingur

Löggildur sjóntækjafræðingur óskast.
Þarf að hafa réttindi til sjónmælinga.

Upplýsingar veitir Gunnar í síma: 696 5015.
Fullum trúnaði heitið.

---

HÚÐLÆKNASTÖÐIN

## Hjúkrunarfræðingur - Klínískar rannsóknir

Húðlæknastöðin óskar eftir á ráða hjúkrunarfræðing í 75-100% starf til að starfa við klínískar rannsóknir. Starfið felst í mótttöku sjúklinga, blóðsýnatökum, eftirliti með lífsmörkum og skráningu í sjúkraskrá og sérhæfð tölvukerfi. Nauðsynlegt er að viðkomandi sé samviskusamur, nákvæmur og hafi hæfileika til að starfa sjálfstætt. Nánari upplýsingar má fá og senda umsóknir á bsig@mac.com

---

## SJÚKRAÞJÁLFARI

Stjá sjúkraþjálfun ehf, Hátúni 12,105 Reykjavík, óskar eftir sjúkraþjálfara í 80% verktakastöðu.

Getur byrjað strax.

**Umsóknir sendist á kristin@stja.is**

---

## Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri

**Lausar eru til umsóknar stöður skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við Kerhólsskóla, Grímsnes- og Grafningshreppi**

Í skólanum eru 76 nemendur á aldrinum 1-16 ára. Við skólann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Kerhólsskóli vinnur í anda einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og umhverfismenntar, auk þess sem áhersla er lögð á list- og verkgreinar. Samkennsla og samvinna árganga er ríkjandi og áhersla er lögð á teymisvinnu kennara. Leik- og grunnskólinn er í nýrri og glæsilegri byggingu og aðstaða fyrir verkgreinar, íþróttir, sund og útiveru afar góð. Grímsnes- og Grafningshreppur sinnir skólamálum af miklum metnaði þar sem skólinn skipar mikilvægan sess í samfélaginu.

Mikilvægt er að umsækjendur séu tilbúinir að viðhalda þeim jákvæða og góða skólabrag sem hefur einkennt starf Kerhólsskóla og hafi áhuga á samfellu í námi milli leik- og grunnskóla. Þá séu þeir tilbúnir að vinna í anda hugmyndafræði teymisstjórnunar þar sem jafnræði er á milli leik- og grunnskóla. Leitað er að metnaðarfullum einstaklinum sem búa yfir þekkingu og skýrri sýn á skólastarf og veita faglega forystu til framtíðar þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

| Hlutverk skólastjóra/aðstoðarskólastjóra: | Menntunar- og hæfniskröfur: |
|---|---|
| **Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vinna náið saman og skipta með sér verkum. Meginhlutverk þeirra eru:**<br>• Að veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá leik- og grunnskóla og lög um leik – og grunnskóla.<br>• Að stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.<br>• Bera ábyrgð á starfsmannamálum s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.<br>• Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins. | • Leyfisbréf sem grunnskólakennari/leikskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla og/eða leikskóla.<br>• Viðbótarmenntun í stjórnun menntastofnuna og/eða reynsla af stjórnun.<br>• Góðir skipulagshæfileikar og færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.<br>• Færni í starfsmannastjórnun.<br>• Lipurð og hæfni í samskiptum.<br>• Sveigjanleiki og víðsýni.<br>• Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi. |

Umsóknum skal fylgja nöfn tveggja umsagnaraðila, greinargóð skýrsla um störf umsækjanda, menntun og stjórnunarreynslu. Tilgreina skal þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um skólastarf og hvernig þeir sjá starfsemi Kerhólsskóla í framtíðinni.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016. Umsækjendur skili umsókn í tölvupósti á netfangið gogg@gogg.is eigi síðar en mánudaginn 11. apríl 2016.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri í síma, 480 5500 eða í gegnum tölvupóst á netfangið gogg@gogg.is

---

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Skjalasafn á Sauðárkróki

Utanríkisráðuneytið óskar að ráða starfsmenn til skjalavörslu í starfsstöð skjalasafns sendiskrifstofa á Sauðárkróki.

**Helstu verkefni**

- Útprentun skjala í málaskrá sendiskrifstofa utanríkisþjónustunnar og frágangur til varðveislu
- Pökkun skjala og skráning í geymsluskrá til afhendingar á Þjóðskjalasafn
- Leit, skönnun og sending skjala úr eldri skjalasöfnum sendiskrifstofa fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar
- Frágangur, skönnun og skráning ljósmynda
- Skráning erinda í málaskrár sendiskrifstofa.

**Kröfur til umsækjenda:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum, reynsla af skráningu skjala er kostur
- Mjög gott vald á íslensku
- Mjög góð kunnátta í ensku og kunnátta í Norðurlandamáli, kunnátta í frönsku og þýsku er kostur
- Góð tölvukunnátta, kostur að hafa reynslu af notkun GoPro
- Þjónustulund, samskiptalipurð, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og góð framkoma

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2016.**

Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Skjalasafn 2016“. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til sækja um starfið. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is).

---

## Ráðgjafar á sviði skipulagsmála

### Ráðgjafarfyrirtækið Alta leitar að góðum liðsmönnum

**Við viljum ráða í tvö störf og leitum að fólki sem hefur víða sýn og metnað til að ná frábærum árangri, auk þess að hafa sérþekkingu á sviði skipulagsmála.**

**Bakgrunnur sé gjarnan á sviði skipulagsfræði, landfræði, arkitektúrs, landslagsarkitektúrs og verkfræði.**

**Hæfniskröfur:**

» Háskólamenntun með framhaldsgráðu, sem tengist gerð skipulagsáætlana á öllum stigum
» Forvitni, áhugi og frumkvæði
» Virðing fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum
» Geta til að setja hlutina í margvíslegt samhengi
» Áhugi á að takast á við fjölbreytt verkefni og kynna sér nýjungar
» Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
» Starfsreynsla á sviði skipulagsmála er æskileg

alta

Sjá nánar um okkur á www.alta.is

Alta er framsækið ráðgjafarfyrirtæki. Viðfangsefnin eru margvísleg, meðal annars á sviði skipulagsmála, byggðaþróunar, ferðaþjónustu, verkefnastjórnunar og stefnumótunar.

Verkefnin eru fjölbreytt, þverfagleg, krefjandi og skemmtileg. Frjótt andrúmsloft, samhent starfsfólk og gott vinnuumhverfi gerir Alta að eftirsóttum vinnustað.

Alta er með starfsstöðvar í Reykjavík og Grundarfirði.

**Ef þú hefur áhuga á að vera með okkur í liði, þá sendu umsókn til starf@alta.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl næstkomandi. Fyrirspurnir sendist á sama netfang.**

# WOW, GAMAN Í VINNUNNI!

SNILLINGAR ÓSKAST Í SKEMMTILEG STÖRF

## • VERKEFNASTJÓRI Á SAMSKIPTASVIÐI

**KANNTU AÐ SEGJA FRÁ?**
Vegna aukinna umsvifa viljum við bæta við öflugum verkefnastjóra á samskiptasvið félagsins. Um er að ræða skemmtileg og krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi, svo sem skrif á fréttatilkynningum, samskipti við erlendar PR stofur og fjölmiðla. Við leitum að góðum og hugmyndaríkum penna með frumkvæði sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.

## • ÚTTEKTARFULLTRÚI

**ERTU GRÚSKARI?**
Við leitum að afburðasnjöllum úttektarfulltrúa í viðhaldsmálum sem tjáir sig af innlifun um flugöryggi. Við bjóðum spennandi verkefni sem kalla á frumkvæði, nákvæmni og færni í mannlegum samskiptum. Menntun í flugvirkjun eða verkfræði kæmi sér sérstaklega vel. Starfið krefst 100% skipulagshæfni og ástríðu fyrir flugöryggi.

## • LAGERSTJÓRI Í KEFLAVÍK

**MEÐ ALLT Á HREINU**
Við óskum eftir að ráða orkumikinn lagerstjóra með aðsetur á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða nýja stöðu innan fyrirtækisins og mun nýr lagerstjóri mun taka þátt í móta starfið. Starfinu fylgja mikil samskipti við erlenda og innlenda birgja og flutningsaðila. Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

## • KERFISSTJÓRI

**ER SERVERINN Í LAGI?**
Eru uppsetning og rekstur kerfa, miðlara, stýrikerfa og gagnagrunna þínar ær og kýr? Við leitum að klárum kerfisstjóra til viðbótar við teymi okkar á upplýsingatækni-sviði. Viðkomandi þarf að hafa yfirgripsmikla þekkingu á upplýsingatækni og ekki er verra að vera þjónustulipur og samvinnufús.

## • INNKAUPAFULLTRÚI Í TÆKNIDEILD

**SKRÁÐU ÞETTA HJÁ ÞÉR!**
Við óskum eftir að ráða öflugan liðsmann í stöðu innkaupafulltrúa (e. Material Controller) í viðhaldsdeild félagsins. Starfið felur m.a. í sér innkaup og eftirfylgni á pöntunum og því fylgja mikil samskipti við erlenda og innlenda birgja og flutningsaðila, ásamt tölvuvinnslu, skráningu o.fl.

## • TÆKNIMAÐUR Í NOTENDAÞJÓNUSTU

**ERTU TÆKNIGÚRÚ?**
Vegna aukinna umsvifa vantar okkur aðstoð við að halda hlutunum gangandi. Ef þú ert tæknigúrú með reynslu af notendaþjónustu og 220% þjónustulund þá viljum við heyra frá þér. Við leitum að úrræðagóðum einstaklingi með marktæka reynslu í tækniþjónustu, sem er tilbúinn í krefjandi verkefni í lifandi og síbreytilegu vinnuumhverfi.

## • VIÐMÓTSFORRITARI

**FINNST ÞÉR GAMAN AÐ KÓÐA?**
Ertu með puttann á púlsinum og lyklaborðinu? Þekkirðu HTML, Javascript og CSS? Hefurðu gott auga fyrir smáatriðum og getur hannað notendaviðmót? Þá erum við mjög líklega að leita að þér til að forrita vefi WOW air. Í boði er fjölbreytt starf á líflegum vinnustað þar sem verkefnin eru krefjandi og krefjast sjálfstæðis í vinnubrögðum.

---

Umsóknarfrestur er til og með **30. mars 2016**.
Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu WOW air, **www.wowair.is/starf**. Þar er að finna nánari upplýsingar um störfin. Fyrir frekari upplýsingar bendum við á **starf@wow.is**.

---



WOW air




## Svæðisstjóri á Norður- og Austurlandi

Arion banki leitar að framsæknum og metnaðarfullum aðila í starf svæðisstjóra á Norður- og Austurlandi sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs. Svæðisstjóri er æðsti stjórnandi bankans á svæðinu en útibúin á Akureyri, Sauðárkróki, Blönduósi, Ólafsfirði, Siglufirði og Egilsstöðum heyra þar undir.

Svæðisstjóri ber yfirábyrgð á rekstri svæðisins í heild sinni en starfar jafnframt sem útibússtjóri á Akureyri. Viðkomandi stýrir og ber ábyrgð á lánanefnd svæðisins og hefur það mikilvæga hlutverk að efla tengsl við viðskiptavini og tryggja öfluga markaðssókn á svæðinu öllu.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri
- Reynsla af starfi í fjármálafyrirtæki
- Góð þekking á lánamálum fyrirtækja og einstaklinga
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptafærni
- Umbótahugsun, frumkvæði og drifkraftur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helgi Bjarnason, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs, sími 444 6387, netfang helgi.bjarnason@arionbanki.is og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, sími 444 6364, netfang hildur.sigurdardottir@arionbanki.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. mars 2016.**

Umsækjendur sæki um á vef bankans, www.arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður**. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og við hlutum nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast**.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

The Banker
Bank of the Year 2015
ICELAND

Arion banki
– fyrir framtíðina

# Optical Studio

gleraugnaverslun í Smáralind óskar eftir að ráða

## starfsfólk í sumarafleysingar

Við leitum að einstaklingi
með ríka þjónustulund og jákvætt viðhorf.

**Hæfniskröfur:**
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum skilyrði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska, reglusemi og stundvísi skilyrði.

Unnið er á vöktum í samræmi við opnunartíma Smáralindar, á virkum dögum og um helgar.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á
**fannykolbrun@opticalstudio.is**
fyrir 1. apríl 2016.

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK
**www.opticalstudio.is**

HELSE PERSONAL AS

## Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i hele Norge

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser
og sommerbonus fra uke 26 -33.

Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

**Tirsdag 5/4-16 kl 10.00 til 18.00 er vi å møte på Hotel Plaza Reykjavik, og DU er velkommen innom.**

**Send oss gjerne en mail i forkant med din CV.**

**Kontaktinformasjon: Helse Personal,
post@helsepersonal.no - Tlf 00 47 902 80 287
www.helsepersonal.no**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Matráður í leikskólann Austurkór
- Deildarstjóri í leikskólann Austurkór

**Grunnskólar**
- Smíðakennari í Snælandsskóla
- Skólaliði í Hörðuvallaskóla
- Skólaliði í Vatnsendaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

# SKAPANDI SAMFÉLAG Á FRÆÐASVIÐI LISTA

## LISTAHÁSKÓLINN AUGLÝSIR EFTIR HÁSKÓLAKENNURUM

Starf háskólakennara hjá Listaháskóla Íslands felur í sér kennslu, rannsóknir og stefnumótun. Háskólakennarar taka virkan þátt í uppbyggingu viðkomandi deildar undir stjórn deildarforseta og eru þátttakendur í því fræða- og fagsamfélagi sem skólinn byggir upp.

Hæfi umsækjanda verður metið í samræmi við reglur Listaháskóla Íslands um veitingu akademískra starfa, sjá nánar á lhi.is/log-og-reglur.

### HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

**Staða háskólakennara í arkitektúr** á bakkalárstigi sem felur einnig í sér uppbyggingu og þróun nýrrar námsbrautar í arkitektúr á meistarastigi. Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.

### MYNDLISTARDEILD

**Stöður þriggja háskólakennara í myndlist** á bakkalárstigi. Tvær stöður í 50% starfshlutfalli og ein staða í 100% starfshlutfalli sem felur einnig í sér skipulagningu og þróun námsbrautarinnar.

**Staða háskólakennara í myndlist** á meistarastigi sem felur einnig í sér skipulagningu og mótun námsbrautarinnar. Starfshlutfall er 100%.

### SVIÐLISTADEILD

**Staða háskólakennara í sviðslistafræðum** sem nær þvert á allar námsbrautir deildarinnar. Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.

**Staða háskólakennara við sviðshöfundabraut** sem felur auk þess í sér kennslu við aðrar námsbrautir deildarinnar. Starfshlutfall er 50%.

**Staða háskólakennara við nýja meistaranámsbraut í sviðslistum** með áherslu á sviðslistarannsóknir auk kennslu við aðrar námsbrautir deildarinnar á bakkalárstigi. Staðan felur einnig í sér uppbyggingu og þróun meistaranámsbrautarinnar. Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.

### TÓNLISTARDEILD

**Staða háskólakennara í flutningi og miðlun samtímatónlistar** sem nær þvert á allar námsbrautir tónlistardeildar. Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.

**Staða háskólakennara í tónsmíðum** sem felur einnig í sér aðkomu að skipulagningu og mótun tónsmíðanáms á bakkalár- og meistarastigi. Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.

### Ítarlegri upplýsingar um störfin, hæfiskröfur og umsóknargögn er að finna á lhi.is/laus-storf

**Ráðið er í störfin frá 1. ágúst 2016.**
Umsóknum skal skilað á aðalskrifstofu skólans Þverholti 11, 105 Reykjavík, eigi síðar en miðvikudaginn 13. apríl 2016 kl. 15. Upplýsingar um störf veitir deildarforseti viðkomandi deildar. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Starfsumhverfið er gefandi og kraftmikið samfélag nemenda á bakkalár- og meistarastigi sem stunda nám undir handleiðslu framúrskarandi listamanna og annarra sérfræðinga.

**Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðisviðinu listir.**
Skólinn starfar í fimm deildum, myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, sviðslistadeild og listkennsludeild. Starfsstöðvar skólans eru fjórar; við Þverholt, Sölvhólsgötu, Austurstræti og Laugarnesveg í Reykjavík.
Aðalskrifstofan í Þverholti 11 er opin alla virka daga kl. 9–15.

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts



# SUMARSTÖRF HJÁ OLÍS

**Við óskum eftir ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki í sumarstörf á þjónustustöðvum Olís um allt land.**

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, áfyllingar vöru, vörumóttöku, þrif, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi.

Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Unnið er á tvískiptum vöktum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

**Aðeins er hægt að sækja um störfin á vefsíðunni olis.is/atvinna.**

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

## Erum að ráða öflugt sölufólk

Umsækjendur verða að hafa góða reynslu í sölumennsku.
Aðeins mjög vanir hvattir til að sækja um.

**Ferilskrá sendist á: box@frett.is**

## Sölumaður á fasteignamiðlun

Við leitum að öflugum sölumanni sem er tilbúinn að takast á við spennandi sölumannsstarf og getur hafið störf strax.
Ef þú ert vel skipulagður, hefur góða framkomu og ert lausnarsinnaður þá er þetta rétta starfið fyrir þig.
Árangurstengd laun.
Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is merkt „**Sölumaður fasteigna – 1903**“

## TÆKI.IS

**óska eftir að ráða bílstjóra með meirapróf til starfa.**

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf,vinnuvélaréttindi, getað bjargað sér í smáviðgerðum og hafa ríka þjónustulund, vera 25 ára eða eldri, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skilyrði.

**Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf fljótlega.**

**Umsókn skal send fyrir 31. mars á netfangið taeki@taeki.is**

## SÉRFRÆÐINGUR Í FLUGDEILD

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 79613 03/16



**Icelandair leitar að öflugum sérfræðingi til starfa í flugdeild á framleiðslusviði. Hlutverk flugdeildar er rekstur flugvéla félagsins þar sem flugöryggi er í fyrirrúmi. Stöðugt er leitað leiða til að bæta öryggi og hagkvæmni flugreksturs félagsins.**

**STARFSSVIÐ:**

- Greiningarvinna og þróun aðferða til að bæta einstaka þætti í flugrekstrinum
- Umsjón og þróun á lágmörkun á eldsneytisbrennslu flugvéla félagsins
- Samskipti við innri viðskiptavini
- Hugbúnaðarvinna og uppfærslur á kerfum

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði, framhaldsmenntun er æskileg
- Góð greiningarhæfni
- Kunnátta í hagnýtri stærðfræði, aðgerðargreiningu, hermun og tölfræði er kostur
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður
- Reynsla í verkefnastjórnun
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hóp
- Reynsla úr flugrekstri er kostur

Við leitum er að öflugum einstaklingi með góða samskiptahæfileika í spennandi og krefjandi starf í líflegu starfsumhverfi.

Starfsvettvangur er aðallega í höfuðstöðvum Icelandair í Reykjavík.

**Nánari upplýsingar veita:**
**Hilmar Baldursson**
Flugrekstrarstjóri | hba@icelandair.is
**Kristín Björnsdóttir**
Mannauðsstjóri aðalskrifstofu | starf@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 31. mars 2016.

ICELANDAIR

## Ert þú að leita að starfi við bókhald?

### Vilt þú vinna á góðum vinnustað ?

**Bókhald og þjónusta auglýsir eftir bókara í fullt starf og annan starfsmann til afleysinga í sumar (upplagt fyrir viðskiptafræðinema).**

Bókhald og þjónusta er bókhaldstofa við Borgartún í Reykjavík. Við sjáum um bókhald, VSK-skil, launavinnslur, ársreikningagerð og skattskil fyrir allar stærðir fyrirtækja.

**Hæfniskröfur í bókarastarf.**

- Reynsla við færslu bókhalds og afstemmingar.
- Góð kunnátta á excel og DK eða annað bókhaldskerfi.

**Hæfniskröfur til sumarafleysinga.**

- Góð tölvukunnátta og kunnátta á excel.
- Viðkomandi hafi hafið nám í viðskiptafræði eða sambærilegu námi.

**Störfin felast í:**

• Færslu bókhalds • Afstemmingum • VSK uppgjöri.

**Upplýsingar ekki veittar í síma en áhugasömum er bent á að senda ferilskrá á netfangið starf@ibokhald.is fyrir 22. mars nk.**

Bókhald og þjónusta

MSV STÁL & VÉLAR

## Framkvæmdastjóri M.S.V.

### Myllan stál og vélar

Myllan Stál og Vélar leitar að öflugum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra.
M.S.V. er þjónustufyrirtæki í málmiðnaði og viðgerðum staðsett á Egilsstöðum.
Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 12 manns á ársgrundvelli.

Starfið felst í umsjón yfir rekstri vélsmiðju og tækjaviðgerða, fjármálaumsjón og mannaforráðum.

**Hæfniskröfur:**

- Tækninám eða iðnfræðinám á vélasviði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking á teikniforritum
- Reynsla af tilboðsgerð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 29. mars.**
Upplýsingar um starfið veitir Unnar Elísson í s.8933443
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til unnar@myllanehf.is

skaginn3x.is




## Vegna aukinna umsvifa fyrirtækjanna leitum við að nýjum starfskröftum.

### Þorgeir & Ellert hf.

Vélvirkjar, stálsmiðir, suðumenn og aðstoðarmenn við framleiðslu í járniðnaði á Akranesi.

Nánari upplýsingar veitir Valgeir Valgeirsson yfirverkstjóri í síma 896 0180.

**Umsóknir skulu berast í netfang verkstjorar@skaginn3x.com fyrir 4. apríl.**

### Skaginn hf.

Vélvirkjar, stálsmiðir, rennismiðir, suðumenn og aðstoðarmenn við framleiðslu á vörum úr ryðfríu stáli á Akranesi.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn R. Ingason yfirverkstjóri í síma 896 0182.

**Umsóknir skulu berast í netfang svenni@skaginn3x.com fyrir 4. apríl.**

### Söludeild Skaginn 3X

Sölumaður í söludeild fyrirtækjanna í Reykjavík og á Akranesi.

- Starfsmaður skal hafa marktæka reynslu og brennandi áhuga á sölustarfi.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Önnur tungumálakunnátta mikill kostur.
- Hafa þekkingu á vinnslu- og framleiðslutækni.

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Árnason framkvæmdastjóri í síma 897 1403.

**Umsóknir skulu berast í netfang halldor@skaginn3x.com fyrir 4. apríl.**

Systurfyrirtækin **Skaginn hf.**, **Þorgeir & Ellert hf.** á Akranesi og **3X Technology ehf.** á Ísafirði framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavini þeirra að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistig fyrirtækjanna er hátt en þar vinna samtals um 150 manns í þremur starfsstöðvum sem eru um 10.000 m² að stærð. Félögin hafa vaxið umtalsvert síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er enn sem fyrr lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning.

ÞORGEIR & ELLERT HF.

Skaginn

3X TECHNOLOGY

# Bankasýsla ríkisins leitar að einstaklingum til stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum.

**Bankasýslan fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum samkvæmt lögum nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Fer stofnunin með 100,0% eignarhlut í Íslandsbanka hf., 98,2% eignarhlut í Landsbankanum hf., 49,5% eignarhlut í Sparisjóði Austurlands hf. og 13,0% eignarhlut í Arion banka hf.**

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka valnefnd, sbr. 7. gr. laga nr. 88/2009, sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins í stjórnir fjármálafyrirtækja. Bankasýsla ríkisins óskar formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum.

Samkvæmt ákvæði 7. gr. laga nr. 88/2009 styðst valnefnd við starfsreglur við mat á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja fyrir hönd ríkisins. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Bankasýslu ríkisins.

**Við val á einstaklingum sem tilnefndir eru í stjórnir fjármálafyrirtækja tekur valnefndin mið af yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfsháttum fjármálafyrirtækja. Valnefndin skal leitast við að tryggja að í bankaráðum og stjórnum fyrirtækja sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.**

VIÐ MAT Á HÆFI UMSÆKJENDA LÍTUR VALNEFNDIN MEÐAL ANNARS TIL EFTIRFARANDI ATRIÐA:

- Fjárhagslegt sjálfstæði, reynsla og þekking eða nám sem nýtist í starfi.
- Traust og gott orðspor.
- Þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og stefnumótun.
- Sérþekking á sviði áhættustefnu s.s. markaðs- og lánsáhættu.
- Sérþekking á sviði innra eftirlits og reikningsskila.
- Sérþekking á sviði lögfræði.

Ennfremur er vakin athygli á 29 gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem varðar mögulega hagsmunaárekstra í tengslum við lánveitingar.
Stjórnarmenn fjármálafyrirtækja þurfa að gangast undir og standast hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

UMSÆKJENDUR ÞURFA JAFNFRAMT AÐ UPPFYLLA EFTIRFARANDI SKILYRÐI:

- Vera lögráða og hafa ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota.
- Hafa ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað.
- Uppfylla kröfur um óhæði, þ.e. þeim er ekki heimilt að vera starfsmenn eða stjórnarmenn hjá þeim sem fara með yfirráð yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum, eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum eða dótturfélögum þeirra, eru ekki makar stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra nokkurra framangreindra aðila eða skyldir þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Það sama gildir ef viðkomandi sinnir reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafastörfum fyrir framangreinda aðila eða hefur meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá. Stjórnarmenn og starfsmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórnum annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem eru í nánum tengslum við hann.

BANKASÝSLA RÍKISINS

Bankasýsla ríkisins er sérstök ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma.

Áhugasamir einstaklingar sem telja sig uppfylla framangreind skilyrði eru hvattir til að senda ferilskrár ásamt upplýsingum um ofangreind atriði til valnefndar Bankasýslu ríkisins á **netfangið valnefnd@bankasysla.is**. Óskað er eftir að ferilskrár og umbeðnar upplýsingar berist eigi síðar en **30. mars nk**. Þeir einstaklingar, sem sent hafa ferilsskrár sínar eða boðið sig fram til stjórnarsetu með öðrum hætti fyrir 1. júní 2015, eru beðnir um að endurnýja áhuga sinn með pósti til valnefndar ef þeir gefa áfram kost á sér til setu í stjórnum fjármálafyrirtækja. Nánari upplýsingar veitir Jón G. Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, sími 550-1700.

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri hjúkrunar

## Heilsugæslan Árbæ

Laust er til umsóknar starf fagstjóra hjúkrunar við Heilsugæsluna Árbæ. Fagstjóri hjúkrunar ber ábyrgð á skipulagningu hjúkrunarþjónustu í samráði við svæðisstjóra. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli fagstétta innan stöðvarinnar og að þjónustuþarfir skjólstæðinga séu ávallt í fyrirrúmi. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfileika og samskiptahæfni. Ráðið verður í starfið til 5 ára frá og með 1. maí nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.
Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Annast skipulag, verkstjórn og samhæfingu innan fagsviðs ásamt svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Skipuleggur kennslu fyrir heilbrigðisstéttir í samráði við fagstjóra lækninga, kennslustjóra og lærimeistara

### *Hæfnikröfur*

- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í hjúkrun æskileg
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af starfi í heilsugæslu er kostur
- Nám og reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### *Frekari upplýsingar um starfið*

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.
Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.
Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Nánari upplýsingar veitir** Svava Kristín Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri – svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is
sími 585-1300

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun

Hreinsun og flutningur ehf.

# Óskum eftir bílstjóra

**Hugsanlegt framtíðarstarf**

**Starfslýsing**
- Flutningur á sorpgámum á höfuðborgarsvæðinu

**Hæfniskröfur**
- C réttindi
- Gildandi ökumannskort
- Stundvísi
- Rík þjónustulund
- Reynsla af akstri
- Íslenskukunnátta
- Vinnuvélaréttindi væri kostur
- Góð meðmæli

**Frekari upplýsingar í síma 567- 5111**

Framúrskarandi fyrirtæki




UNDANÚRSLIT #igt3

BEIN ÚTSENDING

**Spennan magnast í Ísland Got Talent.** Nú getur þú kosið þitt uppáhaldsatriði í símakosningu og átt möguleika á því að vinna fimm stjörnu sumarfrí til Kanarí. **Ekki missa af fjörinu á sunnudagskvöld á Stöð 2.**

365.is | Sími 1817 365

ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# Hótel í miðbæ

## Reykjavíkur óskar eftir starfsmanni í gestamóttöku

Starfshlutfall er 30-50%, vinnutími breytilegur, greitt er samkvæmt kjarasamningum Eflingar.

**Helstu verkefni:**
- Móttaka og aðstoð við gesti
- Upplýsingagjöf
- Bókanir
- Símavarsla

**Hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð tungumálakunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Fagmannleg framkoma og snyrtileiki
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni til að vinna vel undir álagi
- Reynsla af þjónustustörfum

Einungis aðilar eldri en 25 ára koma til greina í starfið.
Umsóknir ásamt starfsferilskrá berist á netfangið : fanney@ip.is fyrir **25. mars 2016**.

» Ráðningarþjónusta

# Skrifstofustarf 50% starf

Öflugt og rótgróið fyrirtæki á sviði vélaþjónustu leitar reyklausum einstaklingi í fjölbreytt skrifstofustarf.
Um 50% starfshlutfall er að ræða með möguleika á hækkun í 100% starfshlutfall.
Vinnutími eftir nánara samkomulagi.




## » Starfssvið

- Tollskýrslugerð
- Skýrslugerð og skráningar
- Aðstoð við innkaup
- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Ýmis önnur tilfallandi skrifstofustörf

## » Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta s.s Word og Excel
- Góð kunnátta í íslensku og ensku bæði í rituðu og töluðu máli
- Reynsla af tollskýrslugerð kostur
- Reynsla/menntun á sviði bókhalds kostur
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

EFLA



# EFLA leitar að liðsauka

Vegna aukinna umsvifa á Byggingasviði EFLU er óskað eftir starfsmönnum á öll fagsvið. Um bæði framtíðar- og sumarstörf er að ræða. Aðsetur starfsmanna verður á skrifstofu EFLU í Reykjavík. Við hvetjum alla áhugasama að sækja um.

**Óskað er eftir umsóknum inn á eftirfarandi fagsvið:**

- Burðarvirki
- Lagnir og loftræsikerfi
- Rafkerfi og lýsingartækni
- Hljóðvist
- Tækniteiknun
- Bruna- og öryggismál
- Fasteignir og viðhald
- Hús og heilsa

EFLA leggur ríka áherslu á sjálfstæði og frumkvæði í starfi sem og góða skipulags- og samskiptahæfileika. Gerð er krafa um að minnsta kosti B.Sc. gráðu á viðkomandi sviði.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 29. mars næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

**Umsóknarfrestur**
29. mars 2016

**Nánari upplýsingar:**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

ANAB ACCREDITED · BSI

2010 – 2015 Framúrskarandi fyrirtæki

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI



EFLA

# EFLA leitar að liðsauka á landsbyggðinni

## NORÐURLAND

EFLA leitar að áhugasömum starfsmönnum til starfa hjá EFLU Norðurlandi. Þar starfa nú um 20 starfsmenn, öflugt og samhent teymi, sem vinnur náið með öðrum sviðum EFLU. Aðsetur EFLU á Norðurlandi er á Akureyri.

### Véltæknifræðingur, vélaverkfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur

- Þekking á notkun hönnunar- og teiknihugbúnaði, s.s. Autocad, Inventor, Illustrator eða Solid Words er nauðsynleg.
- Reynsla af almennri lagnahönnun, loftræsikerfum og veitum er nauðsynleg.

### Rafmagnstæknifræðingur eða rafmagnsverkfræðingur

- Þekking á hönnunar- og teiknihugbúnaði, s.s. AutoCAD er kostur.
- Þekking og reynsla á iðntölvum og skjákerfum er nauðsynleg.

### Rafiðnfræðingur eða rafvirki

- Haldgóð þekking á hönnunar- og teiknihugbúnaði, s.s. AutoCAD, Revit og /eða EPLAN.
- Þekking á iðntölvum og skjákerfum er kostur.

## AUSTURLAND

EFLA leitar að áhugasömum starfsmönnum til starfa hjá EFLU Austurlandi. Þar starfa um 20 starfsmenn, öflugt og samhent teymi, sem vinnur náið með öðrum sviðum EFLU. Þrjár starfsstöðvar eru á Austurlandi, á Egilsstöðum, Reyðarfirði og Seyðisfirði.

### Véltæknifræðingur, vélaverkfræðingur

- Haldgóð þekking á notkun hönnunar- og teiknihugbúnaði, s.s. Autocad, Inventor, Illustrator eða Solid Words er nauðsynleg.
- Reynsla af almennri lagnahönnun, loftræsikerfum og veitum.

### Byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur

- M.Sc. eða B.Sc. gráða í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði.
- Haldgóð reynsla í burðarþolsfræðum.

EFLA leggur ríka áherslu á sjálfstæði og frumkvæði í starfi sem og góða skipulags- og samskiptahæfileika. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 2. apríl næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur**
2. apríl 2016

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

## Við leitum að SVIÐSSTJÓRA BÓKHALDSSVIÐS

Á bókhaldssviði Fjárstoðar starfa 7 öflugir bókarar sem annast bókhald fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Við leitum að leiðtoga fyrir þennan góða hóp.

**Helstu verkefni**

- Verkefnastjórnun á bókhaldssviði
- Þjálfun og leiðsögn starfsmanna
- Innleiðing og endurbætur á ferlum
- Gæðastjórnun á bókhaldssviði
- Úrlausn sérhæfðari verkefna fyrir viðskiptavini
- Samskipti við viðskiptavini, uppgjörsaðila og endurskoðendur

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og skapandi hugsun
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til **23. mars**. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@fjarstod.is.

FJÁRSTOÐ

**Fjárstoð ehf.**
**Smáratorgi 3**
**201 Kópavogur**

**Sími 556-6000**
**fjarstod@fjarstod.is**
**www.fjarstod.is**




## FARVEL LEITAR AÐ GÓÐU FÓLKI MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR FERÐAMENNSKU Í FJARLÆGUM LÖNDUM

### UMSJÓN MEÐ BÓKUNUM OG FERÐUM

Við viljum ráða einstakling sem hefur reynslu af samskiptum við ferðalanga, vinnur vel með samstarfsfélögum erlendis og heima, býr yfir hagnýtri tölvukunnáttu, hefur gott vald á ensku og er skipulagður og skýr.

### FARARSTJÓRAR OG FERÐAGARPAR

Rataðu um fjarlæg lönd? Við leitum að erindrekum og útsendurum til að vinna með okkur á spennandi stöðum erlendis. Afríka, Suður-Ameríka, Mið-Ameríka, Vestur-Indíur, Kyrrahafseyjar, Miðausturlönd, Suður-Asía, Austur-Asía og Eyjaálfa – Býrð þú yfir þekkingu á þessum svæðum sem gæti nýst okkur?

Við hvetjum áhugasama til að senda umsókn á farvel@farvel.is fyrir 26. mars.

FARVEL

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 415 0770, farvel.is

Farvel er nýtt íslenskt ferðafélag sem opnar landsmönnum nýjar og spennandi leiðir að framandi slóðum. Farvel skipuleggur klæðskerasniðnar einkaferðir samsettar fyrir hvern viðskiptavin, einstaklinga, pör og fjölskyldur, stærri eða smærri hópa. Þá býður Farvel opnar hópferðir þar sem hver og einn getur slegist með í för. Menning, fjölskrúðugt mannlíf og ósnortin náttúra samhliða dekri og sældarlífi í hæfilegum hlutföllum. Ævintýrin bíða þín – Farvel.

Farvel byggir á áratugareynslu, þekkingu og þjónustu Ferðaskrifstofunnar Óríental í sérferðum og leiðöngrum um Asíu.

## STÖRF HJÁ VINNUEFTIRLITINU

- verkefnastjóri í fræðsludeild
- eftirlitsmaður í fyrirtækjaeftirliti í Reykjavík

Nánari upplýsingar á vef Vinnueftirlitsins
www.vinnueftirlit.is

VINNUEFTIRLITIÐ
FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA
Bildshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 550 4600 • vinnueftirlit@ver.is

fagmenn.is
BYGGJUM - BREYTUM - BÆTUM
Sími: 5 52 53 54

## Málarar – Múrarar

Vantar málara og múrara eða menn vana málun og múrverki.
Einnig vantar aðstoðarmenn við múrverk.

Áhugasamir sendi upplýsingar ásamt ferilskrá á netfangið johann@fagmenn.is fyrir 30. mars n.k.

## SUMARSTARFSMAÐUR ÓSKAST Í GJAFAVÖRUVERSLUN

Gjafavöruverslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölumanni í sumarafleysingar. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af afgreiðslustörfum og góða tölvukunnáttu. Við leggjum áherslu á góða þjónustulund og stundvísi.

Skilafrestur umsókna er til 30. mars. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á husgagnamarkadur@gmail.com.

## JÁ IÐNAÐARMENN
VIÐHALD FASTEIGNA

**Vegna mikilla anna þá vantar okkur**
**Byggingatæknifræðing**
**Byggingaverkfræðing**
**Húsasmíðameistara**
**og smiði**

Áhugasamir senda umsókn á
**johann@2b.is**

Dalabyggð

## Leikskólakennara vantar við Auðarskóla

**Leikskólakennara og deildarstjóra** vantar við leikskóladeild Auðarskóla. Auðarskóli, sem er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli, er staðsettur í Búðardal. Einkunnarorð skólans eru: *Ábyrgð - Ánægja - Árangur.* Leikskólinn er tveggja deilda og að jafnaði dvelja þar 35 – 40 börn frá 12 mánaða aldri. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður góður. Sjá meiri upplýsingar á www.audarskoli.is

Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, skapandi og vill vera virkur hluti liðsheildar.

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og metnaður fyrir faglegu leikskólastarfi
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Allar umsóknir verða teknar til skoðunar og þeim svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands.
**Umsóknarfrestur er til og með 29. mars.**

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Cýrusson skólastjóri í síma 894-3445. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið keli@audarskoli.is.

*Dalir er söguftægt hérað þar sem söguvið Laxdælu og Eiríkssögu rauða ber hæst. Það má því með sanni segja að fá landssvæði státi af ríkulegri sögu og Dalirnir. Náttúrufegurð og friðsæld Dalana er rómuð og eru ótal möguleikar til útiveru, gönguferða og fuglaskoðunar. Í Búðardal, sem er þjónustumiðstöð Dalanna, eru íbúar um 255 og þar er ostagerð MS staðsett sem er þekkt fyrir ostana sína. Búðardalur er miðsvæðis á Vesturlandi og stutt til næstu áfangastaða til dæmis eru 153 km til Reykjavíkur og 278 km á Akureyri.*




Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppitíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum tæknifólk í fremstu röð. Einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingakerfum landsins. Fáir uppfylla þau skilyrði. Getur verið að þú gerir það?

Við trúum á öfluga liðsheild og lifum fyrir áskoranir sem felast í flóknum upplýsingatæknikerfum.

Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar. Við leitum að framúrskarandi starfsfólki í eftirfarandi störf:

## Verkefnastjóri hjá Verkefnastofu

**UM STARFIÐ:**
- Verkefnastofa heyrir undir svið Viðskiptaþróunar og ráðgjafar. Verkefnastjóri hjá Verkefnastofu ber ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri umfangsmikilla verkefna hvað varðar tíma, kostnað, aðföng og gæði.
- Starfið felur í sér mikil samskipti við starfsfólk þvert á fyrirtækið, sem og við viðskiptavini og birgja fyrirtækisins.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði, MPM.
- A.m.k. 5 ára reynsla af stýringu verkefna og/eða stjórnun mannauðs.
- Vottun í aðferðafræði verkefnastjórnunar (Prince2, IPMA) og agile er kostur.
- Þekking á ITIL og bankakerfum er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Sjálfstæði og mikill metnaður til að ná árangri.

Nánari upplýsingar um starf verkefnastjóra veitir Þorsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar og ráðgjafar, thorsteinnb@rb.is, sími 569 8877.

## Kerfisstjóri í grunnþjónustu RB

**UM STARFIÐ:**
- Ef þín sýn og vilji er að byggja upp og starfa í öflugu sýndarvæddu umhverfi í hópi jafningja sem hafa sömu sýn þá er þetta rétta starfið fyrir þig.
- Kerfisstjóri mun koma að rekstri og uppbyggingu á afritunarumhverfi, sýndarumhverfi, diskaumhverfi o.fl.
- Um er að ræða krefjandi, fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir öflugan einstakling.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Reynsla af rekstri á afritunarlausnum, sýndarlausnum og diskalausnum.
- TSM þekking og reynsla er kostur.
- Veeam þekking og reynsla er kostur.
- VMware vottun er kostur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Daníel Örn Árnason forstöðumaður Grunnþjónustu RB, daniel@rb.is, sími 569 8877.

**Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.**

ÁRNASYNIR

**Hægt er að sækja um á www.rb.is til 27. mars 2016.**
Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**NÁNAR UM RB**
RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög. Framtíðarsýn RB er að auka gæði og hagkvæmni fjármálaþjónustu á Íslandi. RB nær því með þróun framsækinna og öruggra lausna og þjónustu sem eru bæði vel samþættar og samnýttar af markaðnum.

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

# DRIFKRAFTUR ÓSKAST

**Við leitum að drífandi og jákvæðu starfsfólki í allar okkar verslanir.**



**Um er að ræða sumarstörf með möguleika á framtíðar ráðningu. Starfið felst í almennum verslunarstörfum og öðrum tilfallandi störfum.**

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Áreiðanleiki og jákvæðni nauðsynleg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg
- Almenn þekking og áhugi á bílum og bílavörum æskileg
- Almenn tölvukunnátta æskileg

Umsóknum ásamt meðmælum skal skilað á atvinna@bilanaust.is, umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**REYKJAVÍK,** Dvergshöfða 2, **KÓPAVOGUR,** Smiðjuvegi 4a, græn gata, **HAFNARFJÖRÐUR,** Dalshrauni 17, **REYKJANESBÆR,** Krossmóa 4, **SELFOSS,** Hrísmýri 7, **AKUREYRI,** Furuvöllum 15, **EGILSSTAÐIR,** Lyngási 13

**www.bilanaust.is** | **Sími: 535 9000**

Bílanaust

Gæði, reynsla og gott verð!

---

» **Ráðningarþjónusta**

Vegna aukinna umsvifa og stækkunar félagsins óskar Stilling hf. eftir að ráða metnaðarfulla og þjónustulipra einstaklinga til starfa.

## Sölumaður

Leitað er að jákvæðum og sjálfstæðum einstaklingi til starfa í verslun. Vinnutími er aðra hvora viku frá kl. 08:00 til kl 17:00 og hina frá kl. 09:00 til kl. 18:00. Um framtíðarstarf er að ræða.

**» Starfssvið**

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Afgreiðsla í verslun
- Framstillingar og önnur tilfallandi verkefni

**» Hæfniskröfur**

- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur
- Reglusemi, þjónustulund og jákvætt viðmót
- Góðir söluhæfileikar og rík hæfni í mannlegum samskiptum

## Þjónustufulltrúi

Leitað er að öflugum einstaklingum til starfa í nýju og fullkomnu þjónustuveri. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:30. Um framtíðarstarf er að ræða.

**» Starfssvið**

- Símsvörun og samskipti í gegnum tölvupóst
- Afgreiðsla fyrirspurna og almenn þjónusta við viðskiptavini
- Skráning og eftirfylgni pantana
- Önnur tilfallandi verkefni

**» Hæfniskröfur**

- Þekking og áhugi á bílum
- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

## Sumarstörf

Einnig er leitað að drífandi og samviskusömum einstaklingum í sumarafleysingar á lager og í verslunum.

Stilling hf. er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem rekur fimm öflugar verslanir víðsvegar um landið og er eitt elsta varahlutafyrirtækið á Íslandi.

Stilling

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

## Bílstjórar / Vélamenn

Gámaþjónustan h/f óskar við eftir meiraprófsbílstjórum til starfa hjá fyrirtækinu við akstur gámabíla og annarra bíla fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:** meirapróf – vagnréttindi kostur – ADR réttindi kostur.

Einnig óskum eftir því að ráða vélamenn í umhleðslu og flokkunarstöð fyrirtækisins að Berghellu í Hafnarfirði viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnuvélum og eru vinnuvélaréttindi skilyrði meirapróf æskilegt vinnutími er virka daga 07:00 – 18:00

Leitað er að heilsuhraustum einstaklingum sem eru ekki yngri en 20 ára.
Um framtíðarstörf er að ræða. Nánari upplýsingar veitir hannes@gamar.is

---

## Starfsmenn óskast

Steypustöðin ehf. óskar eftir duglegum starfskröftum sem allra fyrst í eftirfarandi störf:

- **Meiraprófsbílstjóri Hafnarfirði:**
  Meiraprófsbílstjóri óskast á þunnflots og anhydrit vagn í Hafnarfirði.
- **Helluverksmiðja Hafnarfirði:**
  Hraustur og athugull starfsmaður í framleiðslu og eftirlit í nýlegri og vel útbúinni verksmiðju.

Um framtíðarstörf er um að ræða.
**Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2016**

Umsókum skal skilað til Kjartans Salómonssonar Stöðvarstjóra í Hafnarfirði á netfangið kjartan@steypustodin.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

STEYPUSTÖÐIN

---

HSN
HEILBRIGÐISSTOFNUN NORÐURLANDS

## Heilbrigðisstofnun Norðurlands óskar eftir hjúkrunarfræðingi við Heilsugæsluna Þórshöfn.

**Hjúkrunarfræðingur**
Heilbrigðisstofnun Norðurlands óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í 100% starfshlutfall á Heilsugæslustöðina á Þórshöfn frá 15. apríl eða samkvæmt samkomulagi. Um framtíðarstarf er að ræða.
**Umsóknarfrestur er til og með 29.04.2016**

Sjá nánar um helstu verkefni og hæfniskröfur inn á heimasíður HSN, www.hsn.is.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Öllum umsóknum verður svarað. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum ef einstaklingar uppfylla ekki framangreind skilyrði. Tóbaksnotkun er ekki heimiluð á vinnutíma innan HSN. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt prófskírteinum og starfsleyfi.

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Halldórsdóttir - aslaug.halldorsdottir@hsn.is - 4640500/8607736

---

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Ace Handling

# Lögfræðingur

Ace Handling og systurfyrirtæki þess leita að öflugum og metnaðarfullum lögfræðingi. Starfið felur m.a. í sér ýmiskonar samningagerð: starfsmannasamninga, þjónustusamninga, samninga vegna flugvélakaupa, flugvélasölu ofl.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Lögfræðimenntun
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji
- Hafa styrk til þess að vinna undir álagi
- Góð íslensku og ensku kunnátta bæði í máli og riti

**Umsóknarfrestur til og með 25.3.2016**
Ferilskrá sendist á: jobs@avijet.is

## Lausnin - fjölskyldumiðstöð auglýsir eftir skrifstofustjóra í 50% starf

**Lausnin auglýsir eftir fjölhæfri og jákvæðri manneskju með góða þjónustulund til að sinna viðskiptavinum og ráðgjöfum Lausnarinnar.**

**Hlutverk og kunnátta eru m.a:**
- Reikningagerð, innheimta og bókhald – reynsla af DK skilyrði
- Símaþjónusta og tölvupóstsamskipti
- Umsjón vefsíðu og auglýsinga – reynsla af Word Press mikill kostur
- Umsjón biðstofu og önnur tilfallandi störf

**Vinnutími er frá 10-14 virka daga og starfsmaður þarf að geta hafið störf í apríl.**

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á lausnin@lausnin.is merkt „Skrifstofustjóri" fyrir 28.mars**

Lausnin




# ERT ÞÚ SÁ SEM VIÐ LEITUM AÐ?

Við leitum að söludrifnum og hugmyndaríkum einstaklingi í söludeildina okkar. Um fjölbreytt starf er að ræða þar sem viðkomandi fær tækifæri á að takast á við ýmis verkefni.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum.
- Reynsla og þekking á ferðaþjónustu æskileg.
- Kunnátta á wordpress kostur.
- Góð þekking á samfélagsmiðlum kostur.
- Góð íslensku og enskukunnátta nauðsynleg.
- Meiri tungumálakunnátta kostur.
- Frumkvæðni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

**HELSTU VERKEFNI**
- Almenn sölustörf.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Uppfæra efni á samfélagsmiðlum.
- Uppfæra efni á vefsíðum hótelana.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Frestur til að sækja um er til 28 . mars 2016 og sendist umsóknir ásamt ferilsskrá á geir@hotelcabin.is

Hótel Klettur | Hótel Örk | Hotel Cabin | Hver Restaurant

# Rafeindavirki

Hefur þú brennandi áhuga á fjarskiptum, ferðamennsku og ert með sveinspróf í rafeindavirkjun? Þá gæti starf rafeindavirkja hjá Vodafone verið tækifæri fyrir þig. Hlutverk rafeindavirkja er meðal annars að sinna uppsetningum og rekstri ásamt því að koma að hönnun þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Starfssvæðið er um allt land og mun aðilinn starfa í hópi reynslumikilla fagmanna.

**Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf. Umsóknarfrestur er til og með 28. mars n.k.**

**Vodafone**
Við tengjum þig



# HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM

## Framtíðarstörf

### Verslun Hafnarfirði

**Viljum ráða metnaðarfullan og þjónustulundaðan verkstjóra í timburport.**

Ábyrgðarsvið
- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Verkstjórn og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þekking á byggingavörum æskileg
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

### Áhaldaleiga Skútuvogi

**Viljum ráða þjónustulundaðan starfsmann til starfa í áhaldaleigu.**

Ábyrgðarsvið
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Þekking á verkfærum og tækjum æskileg
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

## Sumarafleysingar
með möguleika á framtíðarráðningu

### Söluráðgjafar í þjónustuver Holtagörðum og timbursölu Grafarholti

Ábyrgðarsvið
- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Þekking á timbri og byggingavörum kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

### Meiraprófsbílstjóri í vöruhús

Ábyrgðarsvið
- Meðhöndlun vara, tínsla og akstur til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni




**Umsóknir berist fyrir 28. mars. í netfangið atvinna@husa.is Vinsamlegast takið fram í umsókn hvaða starf sótt er um.**



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

HÚSASMIÐJAN

**Byggjum á betra verði**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 15-1963

# Ertu leiðandi **Lean sérfræðingur**?

## Valitor óskar eftir að ráða **Lean sérfræðinga** til starfa. Um er að ræða tvær stöður sem verða á mannauðshluta sviðs Fjármála og mannauðs.

Sérfræðingarnir munu einbeita sér að innleiðingu Lean stjórnunaraðferða hjá Valitor og munu þeir ásamt gæðastjóra mynda þriggja manna Lean teymi innan Valitor. Í fyrstu mun teymið starfa með utanaðkomandi ráðgjöfum en síðan sem sjálfstætt teymi. Næsti yfirmaður verður gæðastjóri fyrirtækisins.

**Starfssvið**

// Uppbygging á viðeigandi Lean þekkingu innan teymisins og fyrirtækisins í heild (lærdómur og kennsla).

// Þátttaka í stefnumótandi skipulagningu og uppbyggingu Lean verkefnisins fyrir Valitor, ásamt stjórnendum, starfsmönnum og ytri ráðgjöfum.

// Bein þátttaka og/eða stjórnun Lean innleiðingarverkefna innan Valitor (verkefnastjórnun og verkefnavinna samkvæmt Lean fræðum).

// Eftirfylgni, mælingar, markþjálfun og önnur tilfallandi störf.

**Menntunar– og hæfniskröfur**

// Háskólanám sem nýtist í starfi.

// Bein reynsla og brennandi áhugi á Lean fræðum er skilyrði og Agile og Scrum reynsla er kostur.

// Mikil færni í mannlegum samskiptum og hópavinnu er skilyrði.

// Leitað er að lausnamiðuðum einstaklingi og reynsla af greiningarvinnu er kostur.

// Reynsla af verkefnastjórnun og markþjálfun er kostur.

// Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði.

// Gott vald á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til og með **27. mars 2016** // Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Valitor, **valitor.is** // Nánari upplýsingar veitir Kári Jóhannsson gæðastjóri // 525 2120 / **kari@valitor.is**

Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

---

## Við leitum að

# SVIÐSSTJÓRA BÓKHALDSSVIÐS

Á bókhaldssviði Fjárstoðar starfa 7 öflugir bókarar sem annast bókhald fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Við leitum að leiðtoga fyrir þennan góða hóp.

**Helstu verkefni**

- Verkefnastjórnun á bókhaldssviði
- Þjálfun og leiðsögn starfsmanna
- Innleiðing og endurbætur á ferlum
- Gæðastjórnun á bókhaldssviði
- Úrlausn sérhæfðari verkefna fyrir viðskiptavini
- Samskipti við viðskiptavini, uppgjörsaðila og endurskoðendur

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og skapandi hugsun
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til **23. mars**. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@fjarstod.is.

FJÁRSTOÐ

**Fjárstoð ehf.**
**Smáratorgi 3**
**201 Kópavogur**

**Sími 556-6000**
**fjarstod@fjarstod.is**
**www.fjarstod.is**

---




## FJÖLBREYTT STÖRF Í BOÐI
**fyrir rétta einstaklinga**

### Grunnskólar
- Kennsla í sviðslistum – Hraunvallaskóli
- Sérkennari – Öldutúnsskóli
- Arabískumælandi stuðningsfulltrúi – Öldutúnsskóli
- Þroskaþjálfi – Setbergsskóli
- Bókasafnsfræðingur – Víðistaðaskóli

### Leikskólar
- Deildarstjóri – Tjarnarás
- Aðstoð í eldhúsi – Norðurberg
- Deildarstjóri – Hvammur

### Fræðslu- og frístundaþjónusta
- Stuðningsfulltrúi – Húsið

### Málefni fatlaðs fólks
- Sumarstörf á heimilum
- Sumarstarf í þjónustukjarna
- Sumarstarf í skammtímavistun
- Þroskaþjálfi í skammtímavistun

### Fjölskylduþjónusta
- Umsjón á tilsjónarheimili fyrir ungmenni
- Ráðgjafi fyrir flóttafólk

### Sumarstörf
- Einstaklingar fæddir 1996-1999
- Einstaklingar fæddir 1995 og eldri
- 16-20 ára með skerta starfsgetu

**Nánari upplýsingar og rafrænt umsóknarform á hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR | STRANDGÖTU 6 | SÍMI: 585 5500 | WWW.HAFNARFJORDUR.IS

# Rafvirkjar óskast

RK.raf leitar eftir rafvirkjum og nemum í vinnu. Erum að leita eftir stundvísum, vinnusömum aðila. Fjölbreytt verkefni,næg vinna framundan og góð laun í boði.

Fyrirspurnir ásamt ferilsskrá sendist á netfangið:
*rkraf@intermet.is*

**RK.raf**

# Sumarafleysingar

Virka óskar eftir starfsmanni í sumarafleysingar frá 10-18 virka daga. Einnig erum við að leita eftir starfsmanni í framtíðarstarf hálfan daginn.

Við leitum eftir jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi með einhverja þekkingu á saumaskap.

**Umsóknir og fyrirspurnir sendist á dagbjort@virka.is**

VIRKA

Mörkinni 3, 108 RVK.




Air Atlanta Icelandic is looking for qualified employees

# Crewing

**Job description**

Crewing is responsible for day to day roster changes, crew legality and oversees flight coverage for issued rosters, as well as other assignments focused on ensuring a smooth operation.

Working hours are from 07:00-19:00 on a 2-2-3 shift pattern

**Job Requirements**

- Exceptional organizational skills and attention to detail
- Fluency in English, other languages are a plus
- Very good communication skills
- Excellent computer skills, i.e. Outlook, Word, Excel
  - Good computer literacy is a must. Any experience working with Sabre system is an advantage
- Ability to work under pressure
- Secondary school education is a requirement

Application deadline is March 30th 2016

For further information and application, please visit: **www.airatlanta.com**
All applications will be answered and treated as confidential

**About Air Atlanta Icelandic**

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of seventeen wide-body aircraft of three types; Boeing 747-400, Airbus A330-200 and Airbus A340-300. We have a worldwide operation but the Company´s headquarters is located in the municipality of Kopavogur, Iceland.

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com




# Rekstrarstjóri kraftmestu sýningar landsins - Ertu ON?

Orka náttúrunnar leitar að kraftmiklum leiðtoga með ríka þjónustulund í starf rekstrarstjóra jarðhitasýningar ON á Hellisheiði. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptafærni og hafa ástríðu og áhuga á uppbyggingu jarðhitasýningarinnar til framtíðar.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á daglegum rekstri jarðhitasýningarinnar
- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Gerð og framfylgd rekstraráætlunar
- Samskipti við ferðaþjónustuaðila
- Samskipti við innlenda og erlenda gesti
- Þátttaka í skipulagningu og framþróun jarðhitasýningarinnar

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund
- Reynsla af rekstri og starfsmannamálum
- Reynsla af ferðaþjónustu kostur
- Reynsla af sýningarstjórnun kostur

Við hvetjum jafnt konur og menn til að sækja um starfið.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, **starf.on.is**. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir, mannauðssérfræðingur gegnum netfangið **starf@on.is**.

Orka náttúrunnar er annað stærsta orkufyrirtæki landsins. Hlutverk ON er að skapa verðmæti úr orkulindum með ábyrgum hætti í þágu viðskiptavina og samfélagsins. Með starfsemi sinni tryggir ON viðskiptavinum sínum áreiðanlegt framboð af umhverfisvænni orku á samkeppnishæfu verði.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 21. mars 2016

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is/jardhitasyning

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

# BIFVÉLAVIRKJAR

# SKOÐUNARMAÐUR ÖKUTÆKJA

Aðalskoðun hf. óskar eftir að ráða bifvélavirkja til starfa við skoðun ökutækja á höfuðborgarsvæðinu. Um framtíðarstarf er að ræða en einnig kemur til greina starf í sumarafleysingum. **Umsóknarfrestur er til 29. mars.**

Nánari upplýsingar veita Árni Stefánsson þjónustustjóri og Hörður Harðarson fagstjóri í **síma 590 6900**. Umsóknir sendist til Árna, **arni@adalskodun.is**. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

*Aðalskoðun hf. er faggild óháð skoðunarstofa á ökutækjasviði og starfrækir í dag fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu ásamt skoðunarstöð í Reykjanesbæ. Aðalskoðun sinnir einnig skoðunum í Grundarfirði, Ólafsfirði og Reyðarfirði.*

Faggiltur skoðunaraðili í 20 ár

20 ÁRA AFMÆLI SAMKEPPNI Í BÍLASKOÐUN

Aðalskoðun

www.adal.is

# Verkefnastjóri Fótaaðgerðaskólans

Keilir óskar eftir að ráða í stöðu verkefnastjóra Fótaaðgerðaskólans sem og áhugasama kennara við skólann.

Hæfniskröfur: Menntun sem nýtist í starfi, þekking á skólakerfinu og færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 30. mars nk. Nánari upplýsingar veitir Haddý Anna Hafsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Keili, á haddy@keilir.net eða í síma 578 4000.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs






## Starfsmaður í vörumóttöku og gæðaskoðun

noxmedical.com

Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til greiningar á svefnröskunum. Vörur okkar bæta líf fólks með því að gera svefngreiningar einfaldari og þægilegri.

**>> Þörf er á starfsmanni í vörumóttöku og gæðaskoðun hjá Nox Medical.**

**Viðkomandi þarf að sinna eftirfarandi verkefnum:**

- Móttaka á vörum og almenn umsjón á vörulager.
- Móttöku- og gæðaskoðun á vörum sem koma.
- Bókanir á afhendingum á vörum til og frá vörulager.
- Starfa samkvæmt gæðakerfi Nox Medical.
- Taka til pantanir og hafa umsjón með sendingum frá fyrirtækinu.

**Kröfur eru:**

- Reynsla af lagerhaldi og vinnu í vöruhúsakerfi.
- Nám sem nýtist í starfi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð enskukunnátta í rituðu og skrifuðu máli.
- Nákvæmni í tölum og góð tölvufærni.
- Sé jákvæður og sé tilbúinn að takast á við mörg fjölbreytt verkefni.

Við erum að leita að vandvirkum, metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að bretta upp ermar og hjálpa okkur með lagerhald og bókanir. Góð laun í boði fyrir góðan starfskraft.

Umsóknir og starfsferilsskrá óskast sendar á work@noxmedical.com
Nánari upplýsingar er að finna á www.noxmedical.com/careers og hjá Davíð Erni Svavarssyni, david@noxmedical.com

**Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2016**
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nox Medical
Katrínartún 2 | noxmedical.com

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Umsjónarkennarar á yngsta stig skólaárið 2016 – 2017
- Umsjónarkennarar á miðstig skólaárið 2016 – 2017

**Flataskóli**
- Deildarstjóri
- Sérkennari

**Garðaskóli**
- Deildarstjórar
- Grunnskólakennarar
- Skólaliðar

**Leikskólinn Hæðarból**
- Leikskólakennarar eða annað uppeldismenntað starfsfólk

**Leikskólinn Krakkakot**
- Matráður

**Sumarstörf á heimilum fatlaðs fólks í Garðabæ**
- Krókamýri
- Miðskógar
- Sigurhæð
- Ægisgrund

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

## SMIÐIR ÓSKAST

Gæðasmíði óskar eftir að ráða vana smiði í vinnu.
Næg verkefni framundan.

Nánari upplýsingar gefur Arnar Ström í netpósti: arnar@gaedasmidi.is eða Magni Kristjánsson í netpósti: magni@gaedasmidi.is

GÆÐASMÍÐI

gaedasmidi.is

---

## Læknaritari

Læknasetrið óskað eftir að ráða læknaritara
með löggildingu til starfa sem fyrst, í 100% starf.
Umsóknir óskast sendar á solrun@setrid.is.
Upplýsingar í síma 535 7777.

**Læknasetrið**
Þönglabakka 1 og 6
109 Reykjavík

---

## VAKA

**Hefur þú áhuga á bílum?
Finnst þér gaman að rúnta?
Þá erum við í Vöku að leita að þér**

Vaka hf. óskar eftir bílstjóra í fullt starf og einnig í sumarafleysingar.

**Hæfniskröfur:**
- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Meirapróf
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

**Umsóknafrestur er til 1. apríl 2016**

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ferilskrá starf@vakahf.is - Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

---



HAFNARFJÖRÐUR

## SUMARSTÖRF

Hafnarfjarðarbær leitar að duglegum og öflugum einstaklingum til starfa í sumar.

**Lágmarksaldur umsækjenda er 21 ár (1995):**
- Flokkstjórar í Vinnuskóla
- Leiðbeinendur í skólagörðum
- Leiðbeinendur á íþrótta- og leikjanámskeiðum

**Aldur umsækjenda 18-20 ára (1996-1998):**
- Garðyrkju- og umhverfisflokkar

**Aldur umsækjenda 17-20 ára (1996-1999):**
- Aðstoðarleiðbeinendur á íþrótta- og leikjanámskeiðum

Fyrirspurnir: vinnuskoli@hafnarfjordur.is

**Umsóknarfrestur er til 6. apríl.**

**Sótt er um rafrænt á hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR | STRANDGÖTU 6 | SÍMI: 585 5500 | WWW.HAFNARFJORDUR.IS

---




TENGI

## LAUS STÖRF Í TENGI

**Tengi leitar af öflugum starfsmönnum í flotta liðsheild**

**SÖLUMAÐUR Í VERSLUN OKKAR KÓPAVOGI:**

**Menntun og reynsla:** Hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og áhugi að gera vel í starfi. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur, mikilvægt er að viðkomandi hafi náð 23 ára aldri. Um framtíðarstarf er að ræða.

**SÖLUMAÐUR Í LAGNADEILD KÓPAVOGI:**

Um er að ræða sölu til fagaðila. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á pípulögnum, vera stundvís og áreiðanlegur. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi einhverja þekkingu á pípulagnaefni – mikilvægt er að viðkomandi hafi náð 23 ára aldri. Sveinspróf í pípulögnum er kostur. Um framtíðarstarf er að ræða.

**SUMARSTÖRF:**

Leitum af öflugum einstakling á lagerinn hjá okkur í sumar. Viðkomandi þarf helst að vera orðinn amk 18 ára, vera stundvís og duglegur.

**Upplýsingar gefur starfsmannastjóri Tengis – Árni Birgisson
Umsóknir sendist á atvinna@tengi.is merkt viðkomandi starfi.
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Tengis www.tengi.is**

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

---

# Verslunarstjóri óskast í Kjarval á Klaustri

**Starfslýsing:**
- Innkaup og sala
- Stjórnun starfsfólks í versluninni
- Ábyrgð á ráðningum og tímaskráningum
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum
- Ábyrgð og eftirlit með birgðum og rýrnun
- Ábyrgð á útliti verslunar
- Umsjón og framkvæmd vikutilboða
- Samskipti við birgja og samþykkt reikninga
- Þátttaka í áætlanagerð og framkvæmd áætlana
- Áfyllingar í verslun ásamt almennum verslunarstörfum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í viðskiptafræði eða verslunarstjórnun er kostur
- Reynsla af matvörumarkaði er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Hreint sakarvottorð

**Einnig vantar okkur starfsmann í fullt starf:**

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Aldurstakmark 18 ár
- Hreint sakarvottorð

**Sótt er um störfin með því að senda póst á Guðjón Gestsson gudjong@kjarval.is
Umsóknarfrestur er til 31. mars 2016.**

Kjarval

# SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

BEKA

Vegna aukinna umsvifa leitum við að hæfileikaríkum einstaklingum til að takast á við krefjandi og spennandi verkefni á sviði verkefna- og byggingarstjórnunar í verklegum framkvæmdum.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
Arkitekt, verk- eða tæknifræði (B.Sc./M.Sc.)
Fjölbreytt reynsla á sviði byggingarframkvæmda er kostur
Góðir skipulags og samskiptahæfileikar
Skipulögð, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
Frumkvæði, áræðni og metnaður til að ná árangri í starfi
Góð kunnátta í íslensku og ensku

**HELSTU VERKEFNI**
Fagleg yfirumsjón með byggingaframkvæmdum
Undirbúningur og stjórnun verkefna
Áætlanagerð, eftirfylgni og skýrslugerð
Hönnunarrýni og samræming
Kostnaðareftirlit

**UM BEKA**
Beka er ráðgjafafyrirtæki á sviði mannvirkjagerðar stofanð árið 2014 sem sérhæfir sig í verkefna- og byggingastjórnun í verklegum framvæmdum. Meðal helstu verkefna fyrirtækisins er umsjón með framkvæmdum við Fosshótel Jökulsárlón, Fosshótel Mývatn og fyrirhugaðri uppbygginu á Blómavalsreitnum við Sigtún. Beka er ört vaxandi fyrirtæki og miklir möguleikar eru á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama einstaklinga.

Nánari upplýsingar veita Benedikt Ingi Tómasson í síma 842-4907 eða í tölvupósti bit@beka.is eða Karl Sigfússon í síma 615-1133 eða tölvupósti karl@beka.is

***Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2016. Umsókn þarf að fylgja ítarleg ferilskrá. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.***

## CONSULAR ASSISTANT

## (SUMMER TIME/TEMPORARY PART-TIME)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Consular Assistant í tímabundið hlutastarf.
Umsóknarfrestur er til **1 apríl, 2016**.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a temporary part time position of Consular Assistant.
The closing date for this postion is **April 1, 2016**.
Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# TEYMISSTJÓRI OG VERKEFNISSTJÓRI ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ LAUGARDALS OG HÁALEITIS

**LAUSAR ERU TIL UMSÓKNAR STÖÐUR TEYMISSTJÓRA FÉLAGSLEGRAR HEIMAÞJÓNUSTU OG VERKEFNASTJÓRA HEIMA- OG STUÐNINGSÞJÓNUSTU HJÁ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ LAUGARDALS OG HÁALEITIS. LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ UMSÆKJENDUR HAFI ÞEKKINGU OG REYNSLU AF STARFI Á SVIÐI VELFERÐARÞJÓNUSTU, SÉRSTAKLEGA Í MÁLEFNUM FÓLKS MEÐ FÖTLUN OG ELDRI BORGARA.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

**Teymisstjóra heimaþjónustu:**

- Dagleg stjórnun og umsjón með framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu í Laugardal og Háaleiti
- Yfirsýn yfir þjónustuþarfir þeirra notenda sem fá þjónustu frá teyminu.
- Endurmat á þjónustuþörf og gerð þjónustusamninga við notendur.
- Veita upplýsingar og ráðgjöf til íbúa í Reykjavík varðandi þá þjónustu sem í boði er
- Þverfagleg samvinna við samstarfsaðila í félagsstarfi sem og heima- og stuðningsþjónustu
- Þátttaka í þróun og mótun verklags innan heimaþjónustu
- Fræðsla og kynningarstarf til íbúa, samstarfsaðila, félaga- og hagsmunasamtaka

**Verkefnisstjóra heima- og stuðningsþjónustu í Hátúni:**

- Dagleg stjórnun og umsjón með framkvæmd félagslegrar heima- og stuðningsþjónustu í Hátúni
- Yfirsýn yfir þjónustuþarfir þeirra notenda sem fá þjónustu frá teyminu.
- Endurmat á þjónustuþörf og gerð þjónustusamninga við notendur.
- Ráðgjöf og samstarf við notendur heima- og stuðningsþjónustu
- Leiðandi starf í samþættingu stuðnings- og heimaþjónustu
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi er snýr að skipulagi og þróun þjónustu
- Fræðsla og kynningarstarf til íbúa, samstarfsaðila, félaga- og hagsmunasamtaka

### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda s.s. iðjuþjálfunar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfunar, hjúkrunar eða sálfræði
- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi æskileg
- Mikil starfsreynsla á sérfræðisviði
- Reynsla af stjórnun
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi og hæfni í þverfaglegri teymisvinnu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur að markmiði að veita íbúum hverfanna fyrirmyndarþjónustu og stuðla að góðu samfélagi fyrir alla í samvinnu við íbúa, félagasamtök og hagsmunaaðila. Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs sérfræðinga og áhersla lögð á heildarsýn og samþætta þjónustu**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Ingvarsdóttir deildarstjóri í síma 411-1500.
***Netfang: sigrun.ingvarsdottir@reykjavik.is***

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

Umsóknarfrestur er til **10. apríl n.k.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

## VIÐ LEITUM AÐ FRAMÚRSKARANDI STARFSMÖNNUM Í FRAMTÍÐARSTÖRF

### INNKAUPASTJÓRI

**Starfssvið:**
- Umsjón með innkaupum og samningum við birgja
- Ábyrgð á skráningu og vistun verðsamninga og tilboðsskjala
- Umsjón og eftirlit með reikningum, rekstrarkostnaði, framlegð ferða og greiningarvinnu
- Önnur verkefni eftir þörfum

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Viðskiptafræði eða háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af samningagerð og innkaupum
- Skipulagshæfni, nákvæmni og eftirfylgni
- Mikil færni í íslensku og ensku, bæði töluðu og rituðu máli.

### VERKEFNASTJÓRI

**Starfssvið:**
- Sala, tilboðsgerð, úrvinnsla og framkvæmd ferða á Íslandi fyrir hvataferðir, ráðstefnur, viðburði og farþega skemmtiferðaskipa.
- Þátttaka í vöruþróun og hugmyndavinnu um nýjungar í ferðaþjónustu
- Aðstoð við önnur verkefni á álagstímum

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði ferðaþjónustu eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking á landinu og framboði ferðaþjónustu er æskileg
- Leiðsögumenntun væri kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði töluðu og rituðu máli. Önnur tungumál æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, nákvæmni, framúrskarandi þjónustulund, sveigjanleiki og aðstæður til að vinna mikið á álagstímum

### FULLTRÚI

**Starfssvið:**
- Úrvinnsla og aðstoð við framkvæmd ferða á Íslandi fyrir hvataferðir, ráðstefnur, viðburði og farþega skemmtiferðaskipa
- Þátttaka í vöruþróun og aðstoð við skráningu og utanumhald vöruframboðs og þjónustu

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Menntun eða reynsla á sviði ferðaþjónustu eða menntun sem nýtist í starfi. Leiðsögumenntun væri kostur
- Mjög góð þekking á landinu og framboði ferðaþjónustu er æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Nákvæmni, framúrskarandi þjónustulund, sveigjanleiki og aðstæður til að vinna mikið á álagstímum

Umsóknir óskast sendar til
**kristinsif@atlantik.is**

**Umsóknarfrestur er til 31. mars**

ATLANTIK

**Starfsmannastefna Atlantik**
Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði, þjónustulund og tekur virkan þátt í því að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

## TÆKI.IS

**óska eftir að ráða bílstjóra með meirapróf til starfa.**

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf,vinnuvélaréttindi, getað bjargað sér í smáviðgerðum og hafa ríka þjónustulund, vera 25 ára eða eldri, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skilyrði.

**Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf fljótlega.**

**Umsókn skal send fyrir 31. mars á netfangið taeki@taeki.is**

## ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Í NÝJA VERSLUN ÚTI Á GRANDA

**Við leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingum til starfa í nýrri verslun Rúmfatalagersins úti á Granda. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi. Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður:**

**Deildarstjóri í húsgagna - og dýnudeild.**
**Deildarstjóri í metravörudeild.**
**Þjónustustjóri á kassasvæði.**



**Sendið ferilskrá og umsókn á netfangið:**
**hallur.eiriksson@rfl.is**
**Einnig er hægt að hafa samband við Hall í síma 820-8012**

**Umsóknarfrestur er til 31. mars 2016**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

Sumarafleysing:

# Matráður

Við óskum eftir að ráða matráð í 100% starf í sumarafleysingu frá 1. júní til og með 13. júlí. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í líflegu umhverfi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Matreiða hádegisverð fyrir starfsfólk ÁTVR að Stuðlahálsi og yfirumsjón með morgun- og síðdegiskaffi. Umsjón með mat- og veisluföngum fyrir fundi og aðrar uppákomur á vegum fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Snyrtimennska áskilin
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Nánari upplýsingar veita:**
Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700
Ingvar Már Helgason, eldhus@vinbudin.is – 560 7700

**Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

Við óskum einnig eftir fólki í sumarafleysingar við afgreiðslu í Vínbúðir um allt land. Nánari upplýsingar á vinbudin.is

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

VÍNBÚÐIN



# Verkstjóri rafdreifikerfis

## Vilt þú leiða öflugan hóp starfsfólks sem færir fólki rafmagn?

Við leitum að úrræðagóðum og samskiptaliprum verkstjóra fjölmenns hóps sem starfar við rafdreifikerfi höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða fjölbreytt starf í tæknilega krefjandi umhverfi.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Að leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Umsjón með daglegum rekstri og skipulagi verka
- Ábyrgð á öryggismálum

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Meistarapróf í rafiðn eða iðnfræðipróf
- Reynsla af verkstjórn
- Þekking á rafdreifikerfum
- Öryggisvitund

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Eingöngu er tekið á móti umsóknum** á ráðningavef Veitna, **starf.or.is/veitur/** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. **Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi, netfang **starf@veitur.is**. **Umsóknarfrestur** er til og með 29. mars 2016.

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Veitur eru fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Veitur leggja áherslu á að stjórnendur séu talsmenn fyrirtækisins, sýni virðingu og ábyrgð í samskiptum og heiðarleika í upplýsingagjöf. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

JAFNRÉTTISRÁÐ

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og sér um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði fyrirtækisins.

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • **veitur.is**

VEITUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 16-0855

Persónuvernd

# LAUST STARF SKRIFSTOFUMANNESKJU MEÐ BÓKHALDSREYNSLU

*Persónuvernd leitar að ljúfum og dugmiklum starfsmanni með bros á vör til að fást við ýmis viðfangsefni á áhugaverðum tímum hvað persónuvernd varðar. Starfið heyrir undir forstjóra og helstu verkefni eru umsýsla rekstrarmála, málaskráning og samskipti við þjónustuaðila. Um sveigjanlegt starfshlutfall gæti verið að ræða.*

*Persónuvernd er sjálfstæð ríkisstofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna settra samkvæmt þeim. Persónuvernd er lítill, fjölskylduvænn og samhentur vinnustaður þar sem starfsmenn ganga til þeirra verka sem þörf er á.*

**HELSTU VERKEFNI:**

- Bókhaldsmál: færsla í Oracle, skráning reikninga og bókun
- Ferðaheimildir, ferðareikningar og bókun flugs
- Umsýsla tengd Vinnustund.
- Samskipti við þjónustuaðila
- Skráning mála í málaskrá og bókun erinda
- Frágangur á skjalasafni
- Önnur tilfallandi störf

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum, færslu bókhalds og þekking á notkun Oracle sem og málaskráningu er kostur
- Staðgóð þekking á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvuþekking
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl 2016.** Umsóknir skulu berast á netfangið postur@personuvernd.is merkt „Umsókn um starf skrifstofumanneskju". Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Nánari upplýsingar veitir Helga Þórisdóttir, forstjóri** í síma 510-9600, farsíma 844-8386 eða í tölvupósti helgathoris@personuvernd.is**.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Persónuvernd, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík**
**www.personuvernd.is**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

# Bílstjórar / Vélamenn

Gámaþjónustan h/f óskar við eftir meiraprófsbílstjórum til starfa hjá fyrirtækinu við akstur gámabíla og annarra bíla fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:** meirapróf – vagnréttindi kostur – ADR réttindi kostur.

Einnig óskum eftir því að ráða vélamenn í umhleðslu og flokkunarstöð fyrirtækisins að Berghellu í Hafnarfirði viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnuvélum og eru vinnuvélaréttindi skilyrði meirapróf æskilegt vinnutími er virka daga 07:00 – 18:00

Leitað er að heilsuhraustum einstaklingum sem eru ekki yngri en 20 ára.
Um framtíðarstörf er að ræða. Nánari upplýsingar veitir hannes@gamar.is

# Langanesbyggð leitar eftir áhugasömum kennurum

Í Grunnskóla Þórshafnar eru um 70 nemendur í hæfilega stórum bekkjardeildum. Starfsemi skólans einkennist af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi. Samhliða skólanum er rekinn tónlistarskóli og hefð er fyrir öflugu íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa skólans.

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Mikil uppbygging er framundan með byggingu nýs leikskóla með tengingu við Grunnskólann.
Á Þórshöfn er íþróttahús og innisundlaug. Ungemnafélag Langanesbyggðar stendur fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir, stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.



## Grunnskólinn á Þórshöfn og Tónlistarskóli Langanesbyggðar óska eftir sérkennara og kennurum til starfa við skólann næsta skólaár

Við óskum eftir áhugasömum kennurum sem eru skapandi í starfi. Við leitum að fólki með margþætta reynslu, afbragðs félagsfærni og hefur mikinn áhuga á fjölbreyttum kennsluháttum og skólaþróun.

Í boði eru fjölbreytt viðfangsefni, þar sem hæfileikar og frumkvæði kennarans fá notið sín. Okkur vantar sérkennara, almenna bekkjarkennara, list og verkgreinakennara, íþróttakennara og tónlistarkennara við Tónlistarskólann okkar, sem er deild innan Grunnskólans.

Við leitum að sérkennara sem hefur áhuga á því að móta faglega stefnu sérkennslunnar við skólann sem byggir á hugmyndafræði hins einstaklingsmiðaða náms og virkri þátttöku allra í skólastarfinu.

Starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn hefur tekið virkan þátt í þróunarstarfi á síðustu árum þar sem lögð hefur verið áhersla á þróun fjölbreyttra kennsluhátta, teymisvinnu og á aukna lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfinu. Skólinn er framsækinn í námsmati og starf hans eflist ár frá ári. Framundan er áframhaldandi spennandi skólaþróun. Á vef skólans; grunnskolinn.com má kynna sér allt það helsta sem snertir skólastarfið, skólastefnu Langanesbyggðar og námskrá skólans.

Á Þórshöfn er blómstrandi mannlíf, mikil náttúrufegurð, öflugt íþrótta- og félagsstarf fyrir alla þá sem vilja verða hluti af fjölbreyttri mannlífsflóru norðlensks sjávarþorps.

**Umsóknarfrestur er til 18. apríl og skulu umsóknir sendar rafrænt á netfangið skolastjori@thorshafnarskoli.is.**
**Við hlökkum til að heyra frá þér!**

## Tónlistarskóli Langanesbyggðar

Við óskum eftir áhugasömum tónlistarkennara til starfa sem einnig er tilbúinn til að vinna á margvíslegan hátt að eflingu tónlistarlífs í byggðarlaginu.

Alls eru um 30 nemendur sem stunda nám við skólann á ýmis hljóðfæri; gítar, píanó, blásturshljóðfæri ýmis konar ásamt fleiri hljóðfærum. Kennslan fer fram á Þórshöfn og einn dag vikunnar er kennt á Bakkafirði. Tónlistarskólinn á í góðu samstarfi við grunnskóla byggðarlagsins.

Laun fara eftir kjarasamningum.
Suzuki Jimny 4x4 árg 2002 ek.152 þús, sjálfskiptur, þarfnast smá umhyggju, ásett verð 590 þús TILBOÐ 290 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



**SPARIBAUKUR !!!**
VW polo árg. '04 ek. 152þús nýskoðaður 5 dyra beinsk. Ásett verð 590þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



**TIL SÖLU MOLI**
Til sölu MAN 26-464 6x4 árg 99 ekinn 330 þús er á lofti að aftan og er með véláflutningapalli og dráttarstól sími 8925855

## til sölu



Ekinn 3.000

**Mitsubishi Outlander 5.990.000 KR**
PHEV 4X4 AT 2014

Bensín og rafmagn
Lyklalaust aðgengi og ræsing - Bakkmyndavél
Aðgerðarstýri - Bluetooth - Hraðastillir
Loftkæling

Klettháls 13
HeklaNotadirBilar.is
590 5040

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða bragi@boga.is

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s.6996980

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

**GOLFHITASOGUN.IS**
Þjónusta um allt land. Sögum fyrir gólfhita, neysluvatni og rafmagni. S. 661-1735

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Múrarameistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

**ALHLIÐA VERKTAKAR**
Almenn smíðavinna, uppsetning gifsveggja. Stór sem smá verkefni koma til greina. Uppl. í s. 846 7622

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Kristín s. 8979002.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu



40 feta einangraður háþekju gámur með ofni, ljósum og tenglum. Tilboð óskast á villi@malbika.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúð í 105 til leigu. Reglusemi óskað. Leiga 120 þús. Trygging: 2 mánuðir. Uppl: 8600360.

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar til 15. maí, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com



Til sölu sumarhús - ferðaþjónustuhús - gesthús - hóteleiningar, gerum tilboð í aðrar teikningar. Upplýsingar á halliparket@gmail.com & 894 0048 Gagnheiði 5, Selfossi.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR**
óskar eftir starfsmanni í eldhús á kokka vaktir. Unnið er frá kl 8 til 17 á virkum dögum og 9 til 17/18 um helgar fimmtán daga í mánuði. Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri, vanur eldamennsku og bakstri, stundvís, duglegur og áreiðanlegur.
**Allar umsóknir og fyrirspurnir berist á info@tiudropar.is**

**ERÓTÍSK VERSLUN**
Starfmaður óskast í Erótíska verslun í hlutastarf. Vinnutími frá 12-16 og 16-20. Eingöngu íslenskumælandi koma til greina.

Uppl. í s. 897 6229

**APARTMENT K**
óskar eftir starfskrafti í móttöku, um næturvinnu er að ræða. Umsóknir sendist á jobs@apartmentk.is

Apartment K is looking for a Night receptionist. Please send a CV to jobs@apartmentk.is

**HANDLAGINN STARFSKRAFTUR**
óskast í fjölbreytta vinnu innan og utanhúss. Tímabundin vinna næstu vikur en gæti orðið fast starf fyrir réttan aðila.

Sendið umsókn á flughotel@gmail.com eða hringið í 694-7898.

**ÓSKUM EFTIR GÓÐRI BARNAPÍU,**
helst með bílpróf, til að gæta 3 ára stelpu og vinna létt heimilisverk í miðbænum 2-3 skipti í viku eða eftir samkomulagi.

Nánari uppl. passabarn101@gmail.com

**GRÖFUMENN - MEIRAPRÓF**
Óskum eftir að ráða gröfumenn, meiraprófsbílstjóra og verkamenn til starfa. Góð laun í boði. Uppl. í síma 893 3915

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is

**JÁRNABINDINGAR**
Járngrímur óskar eftir mönnum. Áhugasamir hafið samband S. 863 6208 & olafurjarn@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

## til sölu

**Til sölu lítil en ört vaxandi bílaleiga**

Tvær heimasíður – tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup.

Upplýsingar í S: 695-6037

**Pizzastaður í miðborginni**
**með eldbakaðar pizzur.**
**Frábær staðsetning. Einstakt tækifæri.**

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson,**
**Lögg. fasteigna og fyrirtækjasali**
**Fyrirtækjasölu Íslands S: 773-4700**






## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**

**Laugardaginn 19. mars**
**12:35 Everton - Arsenal**
**14:50 Chelsea - W.Ham United**

**Sunnudaginn 20. mars**
**13:20 Southampton - Liverpool**
**15:50 Man.City - Man.United**




**Þórður Braga, Siggi Grétars, Bjarki Hall og Árni Hjalta spila um helgina.**

**Allir velkomnir**

**http://www.facebook.com/cafecatalina**
**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**


FLUGFÉLAG ÍSLANDS
SKÝJUM OFAR
NÝJAR OG STÆRRI VÉLAR
Þórunn flugmaður er skýjum ofar af því að fram undan eru hljóðlátari og umhverfisvænni flugtímar með fleiri sæti í stærri vélum.
Taktu flugið – styttu ferðalagið og lengdu faðmlagið
Stærri vélar
Fleiri sæti
Aukið rými
Þægilegra ferðalag
Hljóðlátari vélar
Umhverfisvænni flugsamgöngur



Fjöruferð með Skralla trúði svíkur engan en hún er fastur liður á Hríseyjarhátíðinni. MYNDIR/FERÐAMÁLAFÉLAG HRÍSEYJAR



Traktorinn er eitt helsta einkenni Hríseyjar enda lítið um hefðbundna bíla þar.



Falleg náttúra, fjölbreytt fuglalíf og skemmtilegt mannlíf einkenna Hrísey.

# Leynda perlan í Eyjafirðinum

Heimsókn til Hríseyjar svíkur engan en þangað siglir ferjan Sævar nokkrum sinnum á dag. Í Hrísey má finna náttúrufegurð, fjölbreytt fuglalíf, skemmtileg söfn og ekki síst einstaka kyrrð. Fjölskylduhátíðin í Hrísey er haldin í júlí og er hápunktur sumarsins í eyjunni.

Hrísey í Eyjafirði nýtur sífellt meiri vinsælda meðal innlendra og erlendra ferðamanna, sérstaklega yfir sumartímann. Eyjan er næststærsta eyja við Íslandsstrendur, á eftir Heimaey, og liggur nokkrum kílómetrum fyrir utan Árskógssand, þaðan sem ferjan Sævar siglir til Hríseyjar nokkrum sinnum á dag. Siglingin til eyjarinnar tekur bara um fimmtán mínútur og því er heimsókn þangað skemmtileg viðbót við ferðalagið á Norðurlandi að sögn Lindu Maríu Ásgeirsdóttur hjá Ferðamálafélagi Hríseyjar.

„Helsta aðdráttarafl Hríseyjar er umgjörðin og sérstaðan. Við erum á eyju og hefur siglingin hingað mikið að segja enda ekki margir staðir á Íslandi sem siglt er til. Svo er það kyrrðin, fuglalífið og síðast en ekki síst náttúran og fegurðin."

## Mikil aukning ferðamanna

Flestir ferðamenn sem heimsækja eyjuna koma í dagsferðum og hingað til hafa Íslendingar verið í meirihluta. Það er þó að breytast að sögn Lindu Maríu. „Nú erum við að fá ferðamenn allt árið sem ekki þekktist fyrir 4-5 árum. Segja má að aukningin sé meiri meðal erlendra ferðamanna og einnig hefur aukist að hópar komi til eyjarinnar og eru það þá bæði skipulagðar gönguferðir og einnig af skemmtiferðaskipum."

Þótt eyjan sé ekki stór er margt að skoða að sögn Lindu Maríu. „Enginn ætti að sleppa því að skoða hús Hákarla-Jörundar sem er safn hér í eyjunni. Það er í elsta húsi Hríseyjar sem var byggt af hákarlaveiðimanninum Jörundi Jónssyni. Svo má nefna safnið Holt sem sýnir íslenskt alþýðuheimili en þar mætast gamli og nýi tíminn á fallegu heimili Öldu heitinnar Halldórsdóttur. Hér er einnig stórglæsileg sundlaug með útsýni yfir Eyjafjörðinn, fín matvöruverslun og veitingahús. Víða um eyjuna má finna fínar gönguleiðir með upplýsingaskiltum um náttúru, gróður og margt fleira. Svo er hér fjölbreytt fuglalíf og ekki síður gott mannlíf."

## Hápunktur sumarsins

Fjölskylduhátíðin í Hrísey hefur verið haldin óslitið frá árinu 1997 og er hápunktur sumarsins. „Hún er haldin aðra helgina í júlí og þá koma brottfluttir íbúar, sumarhúsaeigendur og fleiri gestir saman og skemmta sér yfir helgina. Fjölmargir fastir viðburðir eru á hátíðinni en einnig er reynt að brydda upp á einhverju nýju árlega. Fastir liðir eru t.d. óvissuferðir á föstudagskvöldinu, fjöruferð með Skralla trúð, traktorsferðir og kvöldvaka."

Hríseyjarferjan Sævar fer á tveggja tíma fresti allt árið frá Árskógssandi, sem er um 35 km frá Akureyri. Ferðamálafélag Hríseyjar heldur úti heimasíðunni hrisey.is þar sem finna má allar nauðsynlegar upplýsingar um Hrísey.






Margar skíðaleiðir eru í boði og hafa troðnu leiðirnar aldrei verið fleiri en í ár.

# Skemmtileg páskadagskrá fyrir alla fjölskylduna

Skíðafélag Dalvíkur verður með fjölbreytta dagskrá í Böggvisstaðafjalli um páskana. Færið hefur verið með besta móti og tilvalið að skella sér Norður á skíði.

Öll fjölskyldan ætti að finna eitthvað við sitt hæfi á skíðasvæði Dalvíkur. „Við verðum með ævintýraland og þrautabrautir fyrir börnin og bretta- og skíðagarð fyrir þá sem eru lengra komnir. Neðstu brekkurnar eru góðar fyrir byrjendur og börn en ofar eru fínar brekkur fyrir lengra komna. Hér er því eitthvað fyrir alla," segir svæðisstjórinn Kári Ellertsson. Meðal viðburða yfir páskana er kvöldopnun á skírdag og troðaraferðir upp á Böggvisstaðafjall. Sömuleiðis heldri manna mót og páskaeggjamót fyrir krakkana á páskadag svo eitthvað sé nefnt.

Aðspurður segir Kári veturinn hafa verið með besta móti. „Hér hefur verið mikill snjór og margar skíðaleiðir í boði. Troðnu brekkurnar hafa sennilega aldrei verið fleiri en nú og svo hafa gönguskíðahringirnir okkar verið mjög vinsælir."

Svæðið hefur verið opið í yfir 80 daga frá tímabilinu. Aðspurður segir Kári það með betra móti en í meðalári er opið í um 100 daga frá byrjun desember og út apríl.

Kári segir svæðið búa við mikla veðursæld. „Það stendur svo lágt og þar af leiðandi er oft miklu betra veður hjá okkur en á skíðasvæðunum í kring. Á það sérstaklega við ef það blæs að sunnan eða suðvestan. Þá getum við stundum haft opið á meðan það er lokað í Hlíðarfjalli og á Siglufirði."

Í skíðaskálanum, sem ber nafnið Brekkusel, er veitingasala auk þess sem skálinn er leigður út til skólahópa, félagsmiðstöðva og vinnustaðahópa. „Það hefur verið nóg að gera í því í vetur en um páskana er það þó meira fjölskyldufólk sem á leið hérna um," segir Kári og tekur fram að verð á skíðaleigunni og lyftukortum sé með hagstæðara móti.

**Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar um páskadagskrána á skidalvik.is3**



Bjartur er lukkudýr Skíðafélags Dalvíkur og lætur stundum sjá sig í brekkunum.


RELAX - ENJOY - EXPERIENCE
MYVATN NATURE BATH
- WELCOME TO MÝVATNSSVEIT -
www.jardbodin.is · phone +354 464 4411 · info@jardbodin.is



Sauðárkróksbakarí stendur á besta stað í miðbænum.

# Heimilislegt bakarí í hjarta Skagafjarðar

**Sauðárkróksbakarí** var stofnað árið 1880 og er þriðja elsta bakarí landsins. Það hefur áunnið sér sess í hjarta margra, bæði íbúa Sauðárkróks og ekki síður þeirra fjölmörgu gesta sem þangað sækja.

„Sauðárkróksbakarí er allt í senn bakarí, veisluþjónusta, gjafavöruverslun og kaffihús,“ segir eigandinn og bakarinn Róbert Óttarsson. Í bakaríinu, sem er nýbúið að gera upp, má finna alls kyns kræsingar sem allar eru bakaðar eða búnar til á staðnum. „Við erum stolt af því að vera handverksbakarí og keppumst við að framleiða eigin vöru. Við búum til sultur, salöt, pestó, sætabrauð, brauð og tertur, og ýmislegt fleira,“ segir Róbert. Fjörutíu manns geta setið inni í kaffiteríunni og er bakaríið vinsælt kaffihús í bænum.

Bakaríið er opið alla daga allan ársins hring og yfir sumartímann er mikið um að fólk komi við, bæði íslenskir og erlendir ferðamenn. „Fyrir þremur árum tókum við í gagnið útisvæði þar sem notalegt er að sitja á góðum degi og býður það upp á marga möguleika. Einnig er búið að girða af leiksvæði fyrir börnin sem gerir það að verkum að fjölskyldufólk getur notið þess að staldra við.

Meðal þeirra kræsinga sem gestir bakarísins geta gætt sér á má nefna mikið og fjölbreytt úrval af sætabrauði, úrval af góðu brauðmeti, girnilegt smurt brauð og heitar lokur af grillinu. Súpa, pastasalöt, bökur, skyrtwist og ýmislegt fleira sem okkur dettur í hug hverju sinni. Við höfum einnig lagt okkur fram við að þjónusta þá sem að vilja sykurminni vörur og hveitilaus brauð.“



Leiksvæðið er vinsælt meðal barnafólks.

Bakaríið á sér langa og farsæla sögu. „Það var stofnað árið 1880 og er því þriðja elsta bakarí landsins, en á þessum tíma hafa eigendurnir aðeins verið átta að mér meðtöldum,“ segir Róbert sem keypti bakaríið af föður sínum fyrir tíu árum en sjálfur hefur hann starfað þar í aldarfjórðung.

„Sauðárkróksbakarí hefur áunnið sér sess í hugum bæjarbúa og þeir halda tryggð við okkur,“ segir Róbert og býður alla velkomna til sín alla daga milli klukkan 7 og 18.

**Nánari upplýsingar má finna á www.saudarkroksbakari.net.**



Kræsingarnar eru á hverju strái í fallegu bakaríinu.



Jón Jósep Snæbjörnsson tónlistarmaður sér ekki sólina fyrir heimabænum Akureyri, sem hann segir nafla alheimsins. MYND/GVA

# Nafli alheimsins

**Jón Jósep Snæbjörnsson**, söngvari og flugþjónn, er gegnheill Akureyringur og stoltur af upprunanum. Hann nýtur sín best í skíðabrekkum Hlíðarfjalls og er tíður gestur í „Gellunesti“. Hann segir fólk ekki hafa lifað fyrr en það hefur borðað hamborgara með frönskum á milli. Hann segir frá töfrum Akureyrar.

„Ég reyni að fara norður eins oft og ég get, minnst þrisvar, fjórum sinnum á ári. Þú verður að skilja að Akureyri er höfuðborg Íslands. Nafli alheimsins,“ segir Jón Jósep Snæbjörnsson, eða Jónsi í Svörtum fötum eins og hann er gjarnan kallaður, þegar hann er spurður út í heimabæinn. Jónsi er gegnheill Akureyringur og dregur ekkert úr lýsingunum þegar hann er beðinn um að segja frá töfrum Akureyrar.

„Hlíðarfjall er heimahöfn alllrar skíðaiðkunar á Íslandi, hvorki meira né minna. Þetta er einfaldlega langbesta skíðasvæði á landinu og þó víðar væri leitað. Við fjölskyldan leggjum mikið á okkur til að komast norður á skíði, helst tvisvar á ári. Þar er hægt að fara á skíði jafnvel fram í júlí. Mínar bestu stundir á ég standandi efst í fjarkanum, teljandi í mig kjark í að fara upp í Strýtuna,“ segir hann.

„Það er aðeins einn staður sem kemst nær því að vera í uppáhaldi hjá mér fyrir norðan, fyrir utan skíðabrekkurnar, og það er heima hjá pabba og mömmu. Ég á alla mína fjölskyldu fyrir norðan, öll mín systkini búa á Akureyri og þar af leiðandi liggja ræturnar djúpt. Konan mín gekk í grunnskóla á Akureyri og í framhaldsskóla, en við kynntumst einmitt í Menntaskólanum á Akureyri, sem vel á minnst er besti menntaskóli á Norðurlöndunum. Við berum því bæði mjög sterkar taugar til bæjarins og finnst afskaplega gott að komast norður í frí,“ segir Jónsi.

Spurður hvað hann ráðleggi þeim, sem ætla sér að heimsækja Akureyri, að skoða og gera, fyrir utan skíðabrekkurnar, segir hann Akureyri paradís fjölskyldufólks.

„Það er dásamlegt að fara í sund með krakkana á Akureyri. Sundlaug Eyjafjarðarsveitar við Hrafnagil er til dæmis dásamleg og algjörlega falin perla. Eftir sundferð þangað er síðan gaman að koma við í Jólahúsinu í leiðinni. Í miðbæ Akureyrar er ótrúlega skemmtilegt að drekka kaffibolla, lesa blöðin og njóta lífsins. Akureyri er nafli alheimsins í mínum bókum.“

Eitthvað sem alls ekki má missa af? „Ef þú hefur ekki smakkað hamborgara með frönskum á milli í „Gellunestinu“ þá hefurðu ekki lifað. Svo einfalt er það.“

## MARGVÍSLEGT FÓLK Í LISTASAFNINU

Ljósmyndasýningin Fólk verður opnuð í Listasafninu á Akureyri í dag. Á sýningunni má sjá verk sjö listamanna sem vinna með ljósmyndir. Allt eru þetta þekktir listamenn eins og Hrafnkell Sigurðsson, Hrefna Harðardóttir, Hallgerður Hallgrímsdóttir, Hörður Geirsson, Barbara Probst, Ina Lamers og Wolfgang Tillmans.

Í fréttatilkynningu frá Listasafninu segir að Barbara Probst taki myndir af aðstæðum á nákvæmlega sama sekúndubroti. Smáatriði og heildarmynd gefur áhorfandanum heillandi yfirsýn í aðstæður á götuhorni á Manhattan. Hallgerður Hallgrímsdóttir myndar ungt fólk í dagrenningu á björtum sumarmorgnum í Reykjavík. Ungt fólk sem ef til vill er að ljúka deginum eða að hefja nýjan. Í verkum Hrafnkels Sigurðssonar skynjum við nærveru fólks án þess að sjá það. Blautir sjóstakkar í skærum litum gefa til kynna erfiðisvinnu við misjöfn skilyrði. Í myndum Hrefnu Harðardóttur má sjá athafnakonur á sínum eftirlætisstað. Konur sem eiga margt sameiginlegt en hafa þó ólíkan bakgrunn bæði bókstaflega og huglægt. Hörður Geirsson notar votplötutækni frá lokum 19. aldar til að taka myndir af fólki á miðaldadögum á Gásum við Eyjafjörð og skapar þannig stemningu liðins tíma. Ine Lamers myndar



Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður. Verk hans og annarra listamanna eru á sýningunni Fólk í Listasafni Akureyrar. MYND/PJETUR

konu í kvikmyndaveri og fjallar um mörkin á milli veruleika og kvikmyndar.Wolfgang Tillmans tekur myndir af fólki eða líkamshlutum í neðanjarðalestum í London. Fólki sem er á ferðinni á annatíma og tekur jafnvel ekki eftir því að það sé ljósmyndað.

# Stærsta vetrarhátíð landsins

Stærsta vetrar- og útivistarhátíð landsins verður haldin á Akureyri dagana 24. mars til 3. apríl næstkomandi þegar **Iceland Winter Games** fer fram. Hlíðarfjall verður upplýst í anda eldgosa og norðurljósa í rökkrinu og er ljóst að sjónarspilið verður mikið á svæðinu.

Undirbúningur fyrir stærstu vetrar- og útivistarhátíð landsins stendur sem hæst þessa stundina að sögn Eriks Newman, viðburðastjóra hjá Viðburðastofu Norðurlands og eins skipuleggjenda Iceland Winter Games (IWG), sem verður haldin dagana 24. mars til 3. apríl næstkomandi. „Hátíðin verður nú haldin í þriðja sinn og er hún svo sannarlega búin að festa sig í sessi, jafnt hjá bæjarbúum sem og vetraríþróttafólki og áhugamönnum um allt land," segir Erik.



Aðalviðburðir hátíðarinnar eru IWG „Volcanic Big Air", opna Slopestyle-keppnin, Meistaramót Íslands „Big Air", IWG opna Freeride-mótið, snjósleðakeppni og -sýning og Mohawks Rail Jam. Þessir viðburðir verða haldnir meðal annars í Hlíðarfjalli dagana 31. mars til 2. apríl, en Hlíðarfjall er nú á lista yfir tólf mest framandi skíðasvæði heims.

> **Margir af sigursælustu atvinnumönnum heims á snjóbrettum hafa tekið þátt í mótinu síðustu ár.**
> *Erik Newman*

„Margir af sigursælustu atvinnumönnum heims á snjóbrettum hafa tekið þátt í mótinu síðustu ár og verður engin breyting á því þetta árið. Nú þegar hafa fleiri keppendur skráð sig til þátttöku á IWG 2016 en fyrri ár. Það er því ljóst að þátttökumet verður sett á IWG í ár og von á fjölda bæði innlendra og erlendra gesta."

### Heimsþekktir skíðamenn

Meðal þeirra sem hafa skráð sig til þátttöku á IWG 2016 eru nokkrir af þekktustu og sigursælustu snjóbrettamönnum heims. Má þar nefna Ólympíufarana og bandarísku landsliðsmennina Scotty Lago og Greg Bretz auk hins finnska Antti Autti sem hefur sigrað á X Games og FIS-heimsmeistaramótinu.

Erik segir helstu nýjungar á IWG 2016 vera þær að í ár verði svokallað „Big Air" en þá er glæsileg sýning á einum stórum palli. „Enn fremur verður pallurinn mótaður og skreyttur í líkingu við íslenska eldfjallið Heklu en sýningin hefur fengið heitið IWG „Volcanic Big Air Invitational". Þetta fer fram að kvöldi til ólíkt fyrri árum og Hlíðarfjall verður upplýst í anda eldgosa og norðurljósa í rökkrinu. Snjóbrettamennirnir þurfa því að sigra íslenskt eldfjall á IWG í ár."

Af öðrum viðburðum IWG má nefna fyrsta „freeride"-mótið sem haldið hefur verið á Íslandi, rail- og jib-mót í miðbæ Akureyrar, vélsleðaástökksýningu og margt fleira. Þá verður einnig stóraukin nætur- og skemmtidagskrá í boði á IWG 2016, bæði sem hluti af dagskrá IWG og „off venue" viðburðir.

### Líka sumarleikar

Akureyringar láta sér ekki duga að halda vetrarleika heldur eru sumarleikar eða Iceland Summer Games áætlaðir um verslunarmannahelgina. „Fjöldi íþróttaviðburða verður á dagskrá í Eyjafirðinum fallega á Iceland Summer Games. Til að nefna eitthvað verður þar heimsmeistaramótið í golfi 21 árs og yngri, Stóra hjólahelgin flyst yfir á sömu helgi og þríþrautarkeppni verður haldin ásamt alls kyns hlaupakeppnum og jaðarsporti," útskýrir Erik.



Það hefur verið stuð og stemning á Iceland Winter Games á liðnum árum. Engin breyting verður þar á í ár.



Tilþrifin á IWG hafa oft verið mikil.



Svokölluð „Big Air" sýning verður á IWG um páskana.

# Notaleg stemning í Hlíðarfjalli um páskana

Allir geta skellt sér á skíði um páskana á Akureyri. Í **Hlíðarfjalli** verður lengdur opnunartími og þar er bæði góð skíðaleiga og skíðaskóli fyrir börn og fullorðna sem mikil ásókn hefur verið í. Andrúmsloftið verður afslappað alla dagana og boðið verður upp á skemmtiatriði.

Það verður skemmtileg og afslöppuð stemning í Hlíðarfjalli um páskana þar sem fjölskyldan getur komið og notið þess að fara á skíði og verja tíma saman. „Til þess að gera dvölina enn ánægjulegri erum við með góðan skíðaskóla hér í fjallinu fyrir alla krakka frá fimm til tólf ára. Skólinn er fyrri hluta dags, frá klukkan tíu til tvö, og fá krakkarnir pitsu frá Greifanum í hádeginu. Þau þurfa ekki að eiga neinn búnað þar sem við erum með fína skíðaleigu. Þau geta bara fengið skíði á leigunni, komið í skólann og farið að renna sér," segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður í Hlíðarfjalli.

Fullorðna fólkið getur að sjálfsögðu líka fengið leigðan allan búnað og fengið kennslu á skíðum. „Við erum með flottan búnað fyrir alla, byrjendur og vana. Svo bjóðum við upp á einkatíma og kennslu fyrir alla, sama á hvaða getustigi þeir eru. Þeir sem eru góðir geta bætt „carving"-tæknina, það er það nýjasta, og þá skíða þeir betur og beygjurnar verða hreinni."

Eins og áður segir verður skemmtileg stemning í fjallinu alla páskana og boðið upp á ýmis skemmtiatriði. „Sem dæmi má nefna að Jónsi í Svörtum fötum verður hér, líklega bæði á föstudag og laugardag. Svo verða N3-bræðurnir líka á svæðinu. Síðan er nóg að gera í bænum þegar skíðasvæðinu er lokað, fjöldi frábærra veitinga- og kaffihúsa og fullt af fjöri," nefnir Guðmundur.

Opið verður í Hlíðarfjalli alla páskana, frá níu til fjögur frá fimmtudegi til sunnudags en tíu til fjögur á mánudag. Í dymbilvikunni verður opið frá klukkan tíu til sjö. „Hér er nægur snjór, mikill og góður snjór þrátt fyrir þessi sögulegu hlýindi sem voru á landinu um síðustu helgi. Hér fór vindurinn upp í 45 metra og hitastigið fór í ellefu, tólf stig þannig að þetta var alvöru hárblásari," segir Guðmundur og bætir því við að langtímaspáin fyrir páskana lofi verulega góðu.



Krakkar á aldrinum fimm til tólf ára geta lært að skíða í Skíða- og brettaskólanum.

# Ein með öllu nema … kokteilsósu?

Akureyringar eiga sér ríkulega matarmenningu sem getur komið leikmönnum á óvart, þegar þeir finna franskar kartöflur milli laga í hamborgaranum og kokteilsósu á pulsu með öllu! Við fengum **Hallgrím Sigurðsson** matreiðslumeistara til að svara fyrir þessa dynti.

„Það er nú þetta sem setur lit á tilveruna, að vera pínulítið skrítinn í mat,“ segir Hallgrímur Sigurðsson, matreiðslumeistari, veitingamaður og Akureyringur, spurður út í matardynti sveitunga sinna en Akureyringar eiga sér ríkulega matarmenningu sem getur komið gestum á óvart. Hallgrímur er öllum norðlenskum matarhnútum kunnugur, eigandi fjölda veitingastaða í bænum og hefur einnig gert yfir sextíu sjónvarpsþætti um íslenska matarmenningu fyrir N4.

### Kokteilsósudraumur

„Hér á Akureyri erum við einstaklega metnaðarfull þegar kemur að pylsum og skyndibita almennt og athugaðu að hér tölum við um pylsu en ekki pulsu. Í fyrsta lagi er pylsa með öllu ekki pylsa með öllu nema á henni sé kokteilsósa. Ef hana vantar er þetta bara orðið að pulsu,“ segir Hallgrímur sposkur og gefur ekkert fyrir þann sið að sprauta sinnepinu ofan á pylsuna. „Það að setja allt undir pylsuna er einfaldlega snyrtilegra og hentugra á allan máta. Það er ekki gott að borða pylsu með skegg ef sósa er ofan á. Djúpsteikta pylsan, með osti, kryddi og frönskum í brauðinu er sérstaklega góð akureyrsk útfærsla á pylsu. Hún er algjör sparimatur hjá mér,“ segir Hallgrímur en þar með eru ekki allar útfærslur á pylsu upptaldar. „Í pylsuvagninum í Hafnarstræti fást núna pylsur með bökuðum baunum, fermingarfrönskum, steiktu beikoni og ýmsu fleira spennandi meðlæti.“

### Béarnaise-höfuðborg Íslands

Akureyringar eru sem sagt hrifnir af kokteilsósu, en þeir elska béarnaise-sósu að sögn Hallgríms. Hann kallar Akureyri béarnaise-höfuðborg Íslands. „Það er ekki til sá réttur hér í bænum sem ekki er búið að troða henni á. Þetta jaðrar við ofnotkun. Béarnaise-hamborgarar, béarnaise-pitsur, béarnaise-kartöflusalat! Ég hef reyndar ekki séð hana enn þá á pylsu í brauði, en maður veit aldrei.“

### Borgari með frönskum á milli

„Þar erum við aftur komin að þægindunum. Af hverju að hafa mat í tveimur ílátum ef það er hægt að koma honum fyrir í einu?“

### Laufabrauð með kúmeni

Laufabrauð er upprunnið á Norðurlandi þó það eigi vinsældum að fagna víðar um landið á jólum. Akureyringum tekst þó að setja eigið tvist á það, kúmen.

„Laufabrauð með kúmeni er sérstakt og til dæmis í minni fjölskyldu er laufabrauð ekki laufabrauð nema í því sé kúmen,“ segir Hallgrímur. „Kúmen vex villt í Svarfaðardal og ég held jafnvel að rekja megi alla kúmennotkun Íslendinga beinustu leið í Svarfaðardalinn.“



Hallgrímur Sigurðsson matreiðslumeistari segir Akureyringa leggja mikinn metnað í skyndibita. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

> **Hér á Akureyri erum við einstaklega metnaðarfull þegar kemur að pylsum og skyndibita almennt og athugaðu að hér tölum við um pylsu en ekki pulsu. Í fyrsta lagi er pylsa með öllu ekki pylsa með öllu nema á henni sé kokteilsósa.**
>
> *Hallgrímur Sigurðsson*

# Margt um að vera í Eyjafirði

Margt skemmtilegt má taka sér fyrir hendur í Eyjafirði um páskana sem og aðra daga ársins. Fjölmörg ferðaþjónustufyrirtæki bjóða upp á áhugaverða þjónustu á svæðinu. Þar má finna allt frá veitingastöðum og gistihúsum til skemmtilegra safna og seiðkvenna.



### Lamb Inn veitingastaður og gistihús

Lamb Inn er fallegt gistihús og skemmtilegur veitingastaður í aðeins átta mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Veitingastaðurinn verður opinn í páskavikunni daglega frá miðvikudeginum til laugardags frá kl. 18 til 21. Á boðstólum verða hinar víðfrægu kótilettur í raspi með tilheyrandi, súpa, brauð og salat og ofnsteikt bleikja ásamt eftirréttum. Boðið verður upp á gistitilboð sem enginn getur hafnað.

Nánar á lambinn.is og í síma 463-1500.

### Sólarmusterið

Seiðkonan Sigríður Ásný Sólarljós verður með opið í Sólarmusterinu um páskana og því um að gera að hringja og panta. Sigríður veitir fólki innsýn í hvernig það getur tengst náttúrunni og náttúruöndunum. Hún tengir fólk við jarðarhjólið sem byggt var árið 2013 af Jesse-Blue, boðbera friðar, en hann smíðaði fimm jarðarhjól hér á landi.

Pálmasunnudag 20. mars mun Sigríður fagna vorjafndægri og blessa vatnið.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Sólarmusterið.





### Smámunasafnið

Smámunasafn Sverris Hermannssonar í Sólgarði er bráðskemmtilegt safn. Þetta er ekki safn einhverra ákveðinna hluta heldur allra mögulegra hluta. Hversdagslegir hlutir eru þar mitt á meðal afar óhefðbundinna hluta.

Smámunasafnið verður opið alla páskana, frá skírdegi fram á annan í páskum, milli klukkan 13 og 17. Boðið verður upp á leiðsögn um safnið, páskaeggjaleit, ljúffengar sveitavöfflur og kaffi.

Nánari upplýsingar á Facebook undir Smámunasafn Sverris Hermannssonar.



### Silva, veitingastaður og gisting

Á bænum Syðra-Laugalandi er rekinn grænmetisveitingastaðurinn Silva en þar er einnig boðið upp á gistingu í tveimur fullbúnum bústöðum og gistihúsi.

Veitingastaðurinn er opinn annan hvern föstudag frá klukkan 18 til 21. Opnunardagar í vetur eru 18. mars, 1., 15. og 29. apríl, 13. og 27. maí. Frá og með 1. júní er opið fyrir morgunverð frá 8 til 10 og kvöldmat frá 17 til 21.

Silva er í aðeins 14 km fjarlægð frá miðbæ Akureyrar en nánari upplýsingar má finna á silva.is, undir Silva hráfæði á Facebook eða í síma 851 1360.



### Kaffi Kú – upplifun, kaffihús og beint frá bónda

Kaffi Kú er skemmtilega öðruvísi kaffihús á bænum Garði, tíu kílómetra sunnan Akureyrar. Kaffihúsið er á fjósloftinu í stærsta og tæknivæddasta fjósi landsins og þaðan má fylgjast með kúnum í fjósinu.

Um páskana verður frítt í fjósið og hægt að hitta kálfana. Einnig er hægt að kaupa nautakjöt beint frá býli og því tilvalið að kaupa páskasteikina og grillhamborgara á Kaffi Kú frá Nautakjöt.is

Opið verður dagana 18. mars til og með 28. mars frá kl 12 til 18.



### Brúnalaug gistihús og garðyrkjustöð

Brúnalaug er við þjóðveg 823 í Eyjafjarðarsveit. Þar er stunduð ylrækt í sex gróðurhúsum, um 1.100 m² að stærð. Ræktaðar eru paprikur allan ársins hring og frá vori til hausts einnig agúrkur og steinselja.

Þar er einnig rekið lítið gistihús sem getur hýst sjö gesti. Í því eru tvö tveggja manna herbergi, eitt eins manns herbergi, svefnsófi í stofu, tvö salerni, þar af annað með sturtu. Vel útbúið eldhús er þarna. Úti er verönd með heitum potti og grilli. Lögð er áhersla á heimilislegt, notalegt og barnvænt umhverfi. Gestum gistihússins er velkomið að skoða gróðurhúsin.

# Miklar væntingar til Glerártorgs

Miklar breytingar hafa átt sér stað á verslunarmiðstöðinni Glerártorgi eftir að Eik fasteignafélag keypti hana árið 2014. Farið var út í ýmsar breytingar með það í huga að gera verslunarmiðstöðina bæði hlýlegri og vistlegri. Spennandi tímar eru framundan.

Þegar Eik fasteignafélag keypti verslunarmiðstöðina Glerártorg á Akureyri í febrúar 2014 var mikið óútleigt rými þar. Mikil vinna fór strax í að leigja út fleiri rými með áherslu á fjölbreyttan verslunarrekstur, kortlagt út frá þeim aðilum sem þar voru fyrir. Að sögn Garðars Hannesar Friðjónssonar, forstjóra Eikar, beindist áherslan líka að því að gera Glerártorg að hlýlegri og vistlegri verslunarmiðstöð. „Miklar framkvæmdir á innviðum hússins fóru af stað í kjölfarið með aðstoð arkitekta sem sérhæfa sig í hönnun verslunarmiðstöðva. Þessi vinna tókst vel og lagði línurnar sem fylgt hefur verið eftir.“

Í dag eru tæplega 35 fjölbreyttar verslanir og þjónustuaðilar á Glerártorgi og þeim fer fjölgandi. Nýverið var undirritaður samningur við Læknastofur Akureyrar sem tóku á leigu rúmlega helming efri hæðar Glerártorgs, um mitt árið munu Heimilistæki og Tölvulistinn opna ríflega 1.000 fermetra verslun og fyrirhugað er að opna enn aðra glæsilega verslunina í vor. „Það er því alveg ljóst að umsvif verslunarmiðstöðvarinnar eru í sókn.“

Eik fór í miklar endurbætur á verslunarmiðstöðinni á síðasta ári. „Hljóðvist var bætt, setsvæðum komið fyrir ásamt því sem merkingar og lýsingar voru teknar í gegn. Nú er unnið að endurhönnun á kaffihúsinu með það að markmiði að skapa hlýlegri stemningu fyrir viðskiptavini.“

Á síðasta ári heimsóttu tæplega 1,8 milljónir gesta Glerártorg sem er fjölgun milli ára að sögn Garðars og afar jákvætt. „Mikil tækifæri fylgja fjölgun ferðamanna og auknum kaupmætti. Góð samvinna við leigutaka skiptir miklu máli og hafa aðilar innan okkar eignasafns líka haft hug á að stækka verslanir sínar á Glerártorgi og er það vel. Við höfum miklar væntingar til Glerártorgs og það verður spennandi að fylgjast með frekari uppbyggingu þessarar stærstu verslunarmiðstöðvar landsins utan höfuðborgarsvæðisins.“



**„Við höfum miklar væntingar til Glerártorgs og það verður spennandi að fylgjast með frekari uppbyggingu þessarar stærstu verslunarmiðstöðvar landsins utan höfuðborgarsvæðisins,“ segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags.** MYND/ERNIR



**Benedikt Gunnarsson verslunarstjóri.** MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Fjölbreytt úrval

Verslanir Heimilistækja og Tölvulistans hafa um árabil verið leiðandi í innflutningi og sölu á tölvubúnaði, raf- og heimilistækjum hér á landi. Fyrirtækin reka verslanir víða um land, þ. á m. á Akureyri þar sem verslanir Tölvulistans og Heimilistækja voru sameinaðar undir sama þaki árið 2010.

Markmiðið hefur alla tíð verið að bjóða upp á framúrskarandi vöruúrval sambærilegt því sem gerist í stærstu verslunum erlendis en á sama tíma að veita mjög góða og persónulega þjónustu að sögn Benedikts Gunnarssonar, verslunarstjóra Heimilistækja/Tölvulistans á Akureyri. „Við bjóðum upp á heildstætt vöruúrval af raftækjum, heimilistækjum og tölvuvörum frá mörgum af virtustu framleiðendum heims eins og Philips, LG, Panasonic, Asus, Acer, Apple og Whirlpool svo nokkur séu nefnd. Markmið okkar er að veita viðskiptavinum allt sem þarf í þessum vöruflokkum og bjóða upp á hagkvæmar og vandaðar vörur ásamt því að veita góða þjónustu.“

Þegar nýja verslunin verður opnuð á Glerártorgi mun verslunin við Glerárgötu loka að sögn Benedikts. „Helsta breytingin verður sú að vöruúrvalið mun stóraukast og þannig mun þjónusta okkar við Akureyringa og nærsveitir aukast mikið. Enn fremur er opnunartíminn lengri á Glerártorgi þannig að aðgengi verður mun betra.

> **Við bjóðum upp á heildstætt vöruúrval af raftækjum, heimilistækjum og tölvuvörum frá mörgum af virtustu framleiðendum heims.**
>
> *Benedikt Gunnarsson*

Það hefur hamlað okkur síðustu ár að við höfum bara getað sýnt lítið brot af þeim stóru heimilistækjum sem við bjóðum upp á, t.d. kæliskápum, frystikistum, þvottavélum og þurrkurum en það mun breytast með nýju versluninni auk þess sem úrval sjónvarpstækja mun snaraukast.“

Enn er ekki ljóst hvenær verslunin á Glerártorgi verður opnuð en það verður síðar á þessu ári. „Það mun ekki fara fram hjá neinum á Akureyri. Þangað til þá verður fullt af lífi í núverandi verslun að Glerárgötu 30 og í dag er páskaeggjaleikur Tölvulistans í fullum gangi auk þess sem páskatilboð eru á sjónvörpum frá Philips og LG. Í páskaeggjaleiknum er hægt að vinna glæsilega vinninga og hvet ég alla Akureyringa til að líta inn í verslunina með miðann og kanna hvort vinningur sé á honum.“

# Bjartsýnn á framhaldið

Úra- og skartgripaverslun Halldórs Ólafssonar hefur verið til húsa á Glerártorgi frá upphafi en verslunin sérhæfir sig í sölu á úrum, klukkum, skartgripum og skírnar- og gjafavörum. Verslunin er ansi rótgróin en hún var sett á fót árið 1950 af Halldóri Ólafssyni en er rekin í dag af syni hans, Halldóri Halldórssyni úrsmið. „Árin sextán hafa verið góð og okkur hefur vegnað vel hér. Enda hef ég verið lánsamur með bæði starfsfólk og viðskiptavini.“

Hann segir marga kosti við að vera með verslun á Glerártorgi. „Í fyrsta lagi er Glerártorg miðsvæðis og mjög vel staðsett á Akureyri. Hér eru yfirbyggðar göngugötur og því alltaf gott veður. Nýir eigendur Glerártorgs, Fasteignafélagið Eik, hafa komið sterkir inn og eru búnir að gera ýmsar góðar endurbætur á húsinu og því hefur alltaf verið vel við haldið.“

Á næstu vikum verða talsverðar breytingar í horni hússins þar sem verslunin er. „Framhlið verslunarinnar verður breytt. Um leið notum við tækifærið og breytum versluninni sjálfri. Á meðan unnið verður við breytingar munum við færa verslunina okkar innar á ganginn, mitt á milli Símans og 66°Norður. Að öðru leyti er ég bjartsýnn á að endurbætur á Glerártorgi séu jákvæðar fyrir bæði okkur sem störfum hér og viðskiptavini okkar.“



**„Árin sextán hafa verið góð og okkur hefur vegnað vel hér,“ segir Halldór Halldórsson úrsmiður sem hefur verið á Glerártorgi frá upphafi.** MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Aðstaðan til fyrirmyndar

Læknastofur Akureyrar (LAK) eru einkarekið fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu og hafa þjónað Akureyringum og nærsveitarmönnum síðan 2003. Í ágúst munu stofurnar flytja starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði á Glerártorgi sem mun hýsa 10-12 læknastofur, tvær fullbúnar skurðstofur og allt sem þeim tilheyrir að sögn Guðna Arinbjarnar, bæklunarskurðlæknis og eins af stofnendum og eigendum LAK.

Níu fastir starfsmenn starfa á LAK í mismunandi starfshlutfalli og nær 20 læknar. „Viðvera læknanna er mismikil en flestir eru þeir í vinnu á öðrum stöðum. Sumir þeirra koma frá höfuðborgarsvæðinu á meðan aðrir eru búsettir á Akureyri. Á Læknastofurnar koma um það bil 1.000 sjúklingar á mánuði og framkvæmdar eru 150 skurðaðgerðir á sama tímabili.“

Sérfræðiþekking er mikil innan LAK en þar starfa læknar með vel á annan tug sérgreina. „Hér eru framkvæmdar hefðbundnar ferliaðgerðir í bæklunarlæknisfræði, aðgerðir í háls-, nef- og eyrnalækningum, skurðlækningum, lýtalækningum, þvagfæralækningum, æðaskurðlækningum og tannlækningum í svæfingum. Auk þess er í undirbúningi að fjölga sérgreinum á næstunni,“ bætir Guðni við.

Við flutning á Glerártorg mun margt breytast. „Öll aðstaða verður betri og rýmri og möguleikar á að auka starfsemina verða miklu betri. Við náum að hafa tvær fullbúnar skurðstofur og fjölga skoðunarstofum úr sjö í tólf. Til stendur að fjölga sérgreinum og skurðaðgerðum og er það nú að verða mögulegt. Allt umhverfið nýtt og hannað eftir okkar óskum, þannig að aðstaðan bæði fyrir sjúklinga og starfsmenn verði sem best enda er húsnæði byggt upp sem læknastöð frá grunni.“



**Hluti starfsmanna LAK. Guðni er lengst til hægri.** MYND/AUÐUNN NÍELSSON


Hjalteyri er áhugaverður bær.

## Sögulegt þorp

Þorpið Hjalteyri, sem liggur á Galmaströnd norðan við Akureyri, er athyglisverður staður og vel þess virði að heimsækja á ferð um Norðurland þótt það sé aðeins utan alfararleiðar.

Hjalteyri var þekkt fyrir öflugt atvinnulíf á fyrri hluta 20. aldar en árið 1937 byggði Kveldúlfur, fyrirtæki Thors Jensen, þar stærstu síldarverksmiðju í Evrópu. Hún var starfrækt til ársins 1966. Auk þess byggði fyrirtækið nokkur glæsileg íbúðarhús, þ. á m. 500 $m^2$ einbýlishús með bílskúr fyrir fjóra bíla auk aðstöðu fyrir þjónustufólk.

Nokkru áður en Kveldúlfur hóf starfsemi á Hjalteyri höfðu Norðmenn hafið þar síldarsöltun upp úr 1880 en þorpið varð löggiltur verslunarstaður 1897. Árið 1905 hófu Svíar útgerð þaðan og Skotar og Þjóðverjar ári síðar.

Bygging síldarverksmiðjunnar þótti mikið afrek og raunar ótrúlegt að hugsa til þess að þeim hafi dottið slíkt í huga á þessum tíma og við þær aðstæður sem þar ríktu.

Í dag er verksmiðjan á Hjalteyri listamiðstöð með nokkra sýningarsali og gestavinnustofur en hún hlaut Eyrarrósina í síðasta mánuði, sem er viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar.


Pila Pína höfðar til allra aldurshópa.
MYND/MAK

## Sýning fyrir alla fjölskylduna

Í Hofi á Akureyri standa nú yfir sýningar á Pílu Pínu, músinni sem leggur upp í hættulega för til að lækna hjarta móður sinnar. Pila Pína er ævintýri með söngvum eftir Kristján frá Djúpalæk með lögum Heiðdísar Norðfjörð og Ragnhildar Gísladóttur.

Þetta er stærsta sýningin í Hofi í vetur og fyrsta stóra verkefnið sem unnið er af Menningarfélagi Akureyrar – MAk sem varð til eftir sameiningu Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Menningarhússins Hofs.

Með hlutverk Pílu Pínu fer Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir en Þórunn Lárusdóttir leikur Gínu Mömmu. Leikstjóri er Sara Marti Guðmundsdóttir.

## MIKILFENGLEGUR ÁFANGASTAÐUR

Á Norðurlandi eru margir áhugaverðir staðir og meðal annars er listaverkið Heimskautsgerði sem stendur rétt norðan við Raufarhöfn vert þess að heimsækja. Framkvæmdir við verkið hófust árið 2004 og er það enn í byggingu. Heimskautsgerðið mun fanga miðnætursólina við heimskautsbaug og rísa utan um goðsögulegan hugarheim og dvergatal Völuspár.

Heimskautsgerðið verður 52 metrar í þvermál, með fjórum hliðum, sem vísa í höfuðáttirnar og innan þess verður dvergastígur með nöfnum 72 dverga sem mynda árhring. Má nefna þar dvergana Suðra, Austra, Norðra og Vestra. Í miðjunni verður átta metra há súla með kristalstoppi sem varpar geislum sólar um Heimskautsgerðið.

Heimskautsgerðið verður að öllu leyti hlaðið úr grjóti úr grjótnámi Raufarhafnarhrepps og munu stærstu steinarnir vega allt að sex tonnum.







Bjarni Karlsson, siðfræðingur og prestur á sálfræðistofunni Haf, og Laufey Ólafsdóttir, nemi og samhæfingarstjóri Pepp á Íslandi, segja komu flóttafólks veita okkur tækifæri til að skapa alvöru þátttökumenningu á Íslandi.

# „Við verðum að rækta með okkur mennskuna“

„Flóttafólk og aðrir útlendingar koma með nýja menningu inn í landið og það er áskorun. Kannski verður hún til þess að við finnum leiðir til að skapa alvöru þátttökumenningu og hugarfar þar sem við búumst við og gerum ráð hvert fyrir öðru og þar sem við skiljum engan eftir. Að vilja lifa í fjölmenningu þýðir að vilja deila kjörum með öðrum. Við Íslendingar höfum hins vegar ekki gert upp við okkur hvort við viljum í alvöru taka á móti nýju fólki. Annað hvort nennum við að lifa í fjölmenningu eða ekki og ef við nennum því ekki getum við bara byrjað á því strax að reisa girðingar og gettó,“ segir Bjarni Karlsson, siðfræðingur og prestur, en hann og Laufey Ólafsdóttir, háskólanemi og samhæfingarstjóri PEP (People Experiencing Poverty) á Íslandi voru meðal þeirra sem héldu erindi á ráðstefnu um notendasamráð í þjónustu við fátæka sem haldin var í Reykjavík í janúar síðastliðnum. Bjarni ræddi þar um staðalmyndir sem ýta undir og viðhalda viðteknum hugmyndum um vald og valdaleysi fólks en Laufey ræddi um þátt fjölmiðla í að móta viðhorf til þeirra sem búa við fátækt.

### Viltu segja mér sögu þína?

Bjarna og Laufeyju er mjög umhugað um að bæta hag og efla réttindi minnihlutahópa, sérstaklega þeirra sem búa við fátækt og félagslega einangrun. Þau segja útlendinga og fátæka á Íslandi eiga það sameiginlegt að samfélagið verði að gera ráð fyrir þeim og skapa sameiginlegt rými þar sem allir geti tekið þátt í daglegu lífi í lýðræðissamfélagi. „Það er vesen að tilheyra samfélagi en við eigum ekki val um annað. Örlög okkar jarðarbúa eru samofin og það er heimska að halda að við komumst upp með að taka ekki tillit hvert til annars. Í samfélagi sem er þess virði að búa í verðum við að vilja hlusta og spyrja „viltu segja mér sögu þína?“ og „hvernig gerir þú?“ segir Bjarni.

### Fátækt er alltaf útilokandi

„Þegar við tölum um félagslega einangrun er valfrelsi lykilatriði. Listamaður sem fer í sjálfskipaða einangrun til að hafa frið til að skapa hefur val en sá sem ekki getur tekið þátt í daglegu lífi sökum fátæktar hefur ekkert val og býr þess vegna við félagslega útilokun sem er móðgun við mennskuna,“ segir Bjarni og bætir við að á Íslandi sé félagsleg auðmýking vegna fátæktar enn meira stingandi vegna þess að samfélagið sé með þeim allra ríkustu í heimi og fátækir hlutfallslega fáir ef miðað sé við önnur ríki í Evrópu. „Fátæktin hér er svo óþörf og þess vegna er hún enn sársaukafyllri.“

Laufey tekur undir með Bjarna og bætir við að aðalatriðið sé að öllum verði gert kleift að sinna grunnþörfum sínum með grunnframfærslu, hvaðan sem hún komi, að það séu hrein og klár mannréttindi. „Við verðum að finna viðunandi lágmarksframfærsluviðmið um leið og við gerum ákveðnar kröfur um þátttöku fólks á raunhæfum forsendum. Núna er fólki refsað fyrir að vera virkt með því að bætur þess eru skertar og það þarf að laga. Við þurfum að umbuna fyrir virkni í stað þess að refsa. Talandi um það hvernig við gætum bætt samfélagið þá væri mjög gott að byrja á því að hætta að búa til reitt fólk. Fólk verður langþreytt á stöðugu mótlæti og erfiðleikum og það veldur reiði, sem er mjög skiljanlegt.“

„Já, við þurfum að viðurkenna félagslega og tilfinningalega þáttinn í þessu. Fátækt felur alltaf í sér félagslega útilokun og þátttökuleysi sem enginn óskar sér. Við þurfum að finna leiðir og vera útsjónarsöm við að skapa mennngu í landinu þar sem við reiknum hvert með öðru og eflum þátttöku allra, segir Bjarni.



Í Farsæld, skýrslu Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins í Reykjavík um málefni fátækra á Íslandi frá 2012 er lagt til að hinn óskráði samfélagssáttmáli feli í sér að stuðningur samfélagsins verði ekki í formi ölmusu heldur stuðli að mannlegri reisn með kröfu um ábyrgð hvers einstaklings um leið og samfélagið tryggi honum tækifæri til þátttöku. Bent er á fátæktargildrur í samfélaginu og tillögur að lausnum eru settar fram í 16 liðum. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu hjálparstarfs kirkjunnar www.help.is

# Breytendur eru meðmælendur

Breytendur á Adrenalíni er angi af Breytöndum – Changemaker á Íslandi sem hafa það að markmiði að gera heiminn að betri stað. Við erum virkir þátttakendur í því sameiginlega átaki. Í starfinu kynnumst við heiminum nær og fjær, sækjum okkur þekkingu og lærum hvert af öðru. Enginn getur gert allt, en allir geta gert eitthvað. Þess vegna höfum við staðið fyrir ýmiskonar viðburðum og reynum að fá fólkið í kringum okkur til að taka þátt í þeim með okkur. Meðal viðburða eru meðmælagöngur. Okkur finnst það nefnilega kærkomin tilbreyting í okkar samfélagi að ganga með en ekki á móti. Við veljum okkur þá málefni til að leggja aðaláherslu á í göngunni og mælum síðan með því með skiltum og söng. 6. mars sl. héldum við meðmælagöngu fyrir trúfrelsi. Þar lögðum við áherslu á rétt fólks til að velja og finna sér farveg í friði og án þess að vera beitt ofbeldi. Hér á jörðu er nóg rými fyrir alla og það er hollt að rækta forvitni og virðingu fyrir flóru lífsins. Það má því segja að við setjum kraft okkar í að starfa í jákvæðni og að vera uppbyggjandi. Breytendur á Adrenalíni hittast alla sunnudaga milli kl. 17.00 til 18.30 og er öllum 14 ára og eldri velkomið að vera með í starfinu.

Hjalti Jón Sverrisson, umsjónarmaður æskulýðsstarfs og Garðar Ingvarsson, Breytönd á Adrenalíni.



*Breytendur á Adrenalíni skipulögðu meðmælagöngu fyrir trúfrelsi þann 6. mars síðastliðinn.*

# Kærar þakkir fyrir stuðninginn!

Hjálparstarfið hefur notið góðra styrkja frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum til verkefna innanlands og utan. Nú í janúar styrkti Hallgrímssókn Hjálparstarfið með 3,3 milljóna króna framlagi en Hallgrímssókn var frumkvöðull að því að hafa samskot í messum þar sem fólk getur lagt fram fé til brýnna málefna en fé er einnig safnað með ljósberanum í kirkjunni þar sem m.a. margir ferðamenn gefa gjafir.
Á myndinni sem var tekin við þetta tækifæri eru sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, Aðalheiður Valgeirsdóttir, varaformaður sóknarnefndar, Kristín Bjarnadóttir, fulltrúi Kristniboðssambandsins, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar og sr. Sigurður Árni Þórðarson.



*Hallgrímssókn styrkti Hjálparstarfið með 3,3 milljóna króna framlagi.*

HÉRAÐSSKÓLINN
HOSTEL
SINCE 2013
SCHOOL SINCE 1928
LAUGARVATNI

Héraðsskólinn er opinn allan ársins hring. Hjá okkur kemstu í veitingar og gistingu á góðu verði.
Við sjáum um ráðstefnur, vinnufundi og veislur í skemmtilegu umhverfi gamla skólans á Laugarvatni.
Verið ávallt velkomin

Ást og friður



*Í Líbanon er nú um 1,5 milljónir flóttamanna frá Sýrlandi. Þrátt fyrir það hafa stjórnvöld í landinu ekki leyft hjálparsamtökum að reisa flóttamannabúðir. Flóttafólk hópast því saman í fátækrahverfum við landamærin. Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki þar margvíslega aðstoð, meðal annars með því að sjá fólkinu fyrir heitri og næringarríkri máltíð einu sinni á dag.*
*Paul Jeffrey / ACT Alliance*

# Neyðaraðstoð við flóttafólk frá Sýrlandi

Hjálparstarf kirkjunnar sendi nú í febrúar 22,6 milljónir króna til neyðaraðstoðar við stríðshrjáða Sýrlendinga sem hafa flúið heimili sín og eru heimilislausir, hjá venslafólki eða í flóttamannabúðum í Sýrlandi, Jórdaníu og Líbanon. Á árinu 2016 áætlar samstarfsaðili Hjálparstarfsins á vettvangi, International Orthodox Christian Charities (IOCC), að aðstoða um 60 þúsund manns með því að tryggja þeim aðgang að heilsugæslu og útvega fæði, skjól og húsbúnað ásamt því að gera börnum kleift að sækja skóla og veita flóttafólkinu sálrænan stuðning. Þá er móttökusamfélögum hjálpað svo þau geti sem best tekið á móti sífellt fleira flóttafólki. Utanríkisráðuneytið styrkir verkefnið um tuttugu milljónir króna. Í febrúar 2014 sendi Hjálparstarfið 16,6 milljónir króna til neyðaraðstoðar við stríðshrjáða Sýrlendinga og nemur því heildarframlag til þessa brýna mannúðarstarfs 39,2 milljónum króna.
Talið er að fleiri en 200.000 manns hafi látið lífið í borgarastyrjöldinni sem hófst í Sýrlandi árið 2011. Af þeim tuttugu milljónum sem bjuggu í landinu áður en átökin hófust eru nú yfir tólf milljónir á flótta. Átta milljónir eru á vergangi í heimalandinu, fjórar milljónir hafa flúið land, langflestir til nágrannalanda. Tæp hálf milljón Sýrlendinga hafa hafa sótt um hæli í Evrópu. Hjálparstarf kirkjunnar í Grikklandi, Ungverjalandi og Serbíu veita flóttafólki frá Sýrlandi, Afganistan, Eritreu, Írak og Sómalíu neyðaraðstoð og sálrænan stuðning. Örmagna flóttafólkinu eru veitt matarföng, húsaskjól, eldhúsáhöld, aðgangur að hreinlætisaðstöðu og hreinlætisvörur auk þess sem leitast er við að veita því sálrænan stuðning, fræðslu og ráðgjöf.

# Stuðningur við enduruppbyggingu í Nepal

Í Nepal aðstoðar Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, 308 þúsund íbúum sem urðu illa úti í jarðskjálftanum í apríl í fyrra með því að tryggja þeim hreint vatn og hreinlætisaðstöðu, heilbrigðisþjónustu, húsaskjól og stuðning við viðgerð á húsnæði, matarföng, áfallahjálp og sálrænan stuðning. Hjálparstarf kirkjunnar sendi nú í febrúar 21 milljón króna, verkefna sem DCA, dönsk systursamtök Hjálparstarfsins, stýra og lýkur þeim í apríl 2016. Utanríkisráðuneytið styrkti verkefnið um tuttugu milljónir króna.
Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, hefur síðan í fyrravor aðstoðað fórnarlömb jarðskjálftans í Nepal með því að tryggja hreint vatn og hreinlætisaðstöðu, heilbrigðisþjónustu, bráðabirgðaskýli, matarföng, áfallahjálp og sálrænan stuðning. Lúterska heimssambandið (LWF), Lúterska hjálparstarfið í Bandaríkjunum (LWR), finnska hjálparstarfið (NCA) og danska hjálparstarfið (DCA) framkvæma neyðaraðstoðina í samstarfi við innlend samtök sem eru aðilar að ACT Alliance. Jarðskjálftinn sem reið yfir þann 25. apríl síðastliðinn var upp á 7.3 stig á Richter. Upptökin voru 80 km norðvestur af höfuðborginni Kathmandu. Talið er að rúmlega 7000 manns hafa látist í kjölfar skjálftans og eyðileggingin á innviðum var gífurleg.



*Kabita Shrestha missti allt sitt þegar húsið hennar hrundi í jarðskjálftanum í apríl í fyrra. Hún fékk stuðning frá Hjálparstarfi kirkna til að koma þaki yfir fjölskyldu sína á ný. Hún og aðrar konur í þorpinu hennar bjuggu til múrsteinana úr leir og bökuðu við eld og tóku svo þátt í að hlaða ný húsakynni.*

# Við erum stolt af unga fólkinu okkar!

Ungt fólk á Austurlandi er duglegt að taka þátt í því starfi sem Æskulýðssamband kirkjunnar á Austurlandi, ÆSKA, stendur fyrir, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðra. Undanfarin ár hefur stór hópur austfirskra unglinga tekið þátt í Landsmóti ÆSKÞ og hefur ÆSKA greitt þann kostnað sem fylgir því að fara með stóran hóp á mót. Í fjáröflunarskyni, bæði fyrir þátttakendur og til að standa undir kostnaði hefur ÆSKA staðið fyrir happdrætti. Fyrirtæki á Austurlandi hafa verið jákvæð gagnvart verkefninu og gefið veglega vinninga og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.
Frá upphafi hefur Happdrætti ÆSKA styrkt Hjálparstarf kirkjunnar og tekið þátt í þeirra söfnun sem ÆSKÞ og Hjálparstarfið hafa komið sér saman um hverju sinni enda hefur það mikið uppeldislegt gildi fyrir ungt fólk í kirkjustarfi að taka þátt í hjálparstarfi.
Í ár var safnað fyrir Hemma- og Pollasjóð til að auka frístundaþátttöku efnaminni barna og skiluðu 250.000 krónur sér til Hjálparstarfsins af þeim 900 miðum sem unglingarnir seldu og erum við stolt af þeim árangri og staðráðin í að gera jafnvel enn betur á næsta ári!
Með kveðju að austan,
Sigríður Rún Tryggvadóttir, prestur á Seyðisfirði



*Ungt fólk í kirkjustarfi á Austurlandi safnaði 250 þúsund krónum með sölu happdrættismiða. Afraksturinn fer í að auðvelda börnum sem búa við kröpp kjör að stunda íþróttir og tómstundastarf.*

### Frábær stuðningur ÆSKÞ við börn og unglinga!

Á landsmóti Æskulýðsfélags þjóðkirkjunnar í Vestmannaeyjum í október síðastliðnum söfnuðu 700 unglingar 500 þúsund krónum í þágu jafnaldra sinna sem búa við kröpp kjör. Á aðalfundi ÆSKÞ þann 18. febrúar, afhenti Guðmundur Karl Einarsson, gjaldkeri, Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfsins, framlagið sem rennur í Polla- og Hemmasjóði stofnunarinnar.
Pollasjóður var stofnaður árið 2014 þegar Heiðar í Pollapönki setti Eurovisiongítarinn sinn á uppboð. Úr sjóðnum fá börn efnalítilla foreldra styrk og þar með tækifæri til að láta draum sinn rætast og stunda tónlistarnám. Hemmasjóður er nefndur eftir Hermanni Hreiðarssyni, knattspyrnumanni, sem lagði til stofnfé hans. Sjóðurinn hefur það að markmiði að styrkja börn efnalítilla foreldra og veita þeim tækifæri til að stunda íþróttir með vinum sínum og félögum.
Allt frá árinu 2010 hefur ÆSKÞ safnað fé til fjölmargra verkefna Hjálparstarfsins. Unga fólkið lætur sig sannarlega aðra varða og kann Hjálparstarfið þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn!

# „Flóttafólk er fólk og fólk kemur okkur við“

„Stuðningsfjölskyldur eru mjög mikilvægar þar sem þær hjálpa flóttfólki einna best við að aðlagast nýju samfélagi. Flóttafólk sem hingað kemur fyrir tilstilli Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossins nýtur þessarar þjónustu en þeir sem fá vernd eftir að hafa sótt um hæli hér fá hana ekki. Þessu verðum við að breyta því annars eigum við á hættu að hér verði til jaðarhópar eins og gerst hefur víða í Evrópu,“ sagði Atli Viðar Thorstenssen, sviðstjóri hjálparsviðs Rauða krossins í erindi um stöðu og aðbúnað hælisleitenda og flóttafólks á Íslandi sem hann hélt á fundi fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar í Grensáskirkju þann 10. mars síðastliðinn.
Atli sagði að bæta þyrfti hælismeðferð og fræðslu til þeirra sem vinna að málefnum útlendinga. „Við þurfum fleiri sjálfboðaliða sem eru talsmenn flóttafólks og hælisleitenda og við verðum líka að upplýsa al-



menning um málefni flóttafólks. En við þurfum líka að fræða fólk sem hingað kemur markvisst um menningu okkar og lög og reglur í samfélaginu. Við eigum ekki að vera rög við það og ekki gefa afslátt á mannréttindum, sagði Atli í erindi sínu.
Á aðalfundi fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar í september síðastliðnum, var rætt að ef taka ætti vel á móti flóttafólki frá Sýrlandi þyrftum við að kynna okkur bakgrunn þess, sögu, menningu og lifnaðarhætti. Við yrðum að geta sett okkur í þeirra spor. Að við yrðum að undirbúa okkur sjálf til þess að geta sem best komið til móts við fólkið á þeirra forsendum.



# Hjálparliði gefur barni gleðilegt sumar, voninni vængi og gjöf sem gefur!

Hjálparstarf kirkjunnar reiðir sig á stuðning almennings til að sinna hjálparstarfi. Ýmsar leiðir eru til, ein þeirra er að vera Hjálparliði sem styrkir verkefni Hjálparstarfsins með reglulegu framlagi. Það gerir okkur kleift að hjálpa þeim sem búa við mikla fátækt – bæði hér heima og í fátækustu ríkjum heims. Vilt þú vera Hjálparliði? Við erum að hringja í fólk þessa dagana.
Tækifæriskortin Gleðilegt sumar munu fást í matvöruverslunum og á bensínstöðvum fyrir og á sumardaginn fyrsta. Andvirði þeirra fer í stuðning við börn á Íslandi svo þau geti tekið þátt í tómstundum með vinum sínum. Með því að kaupa kortið sem kostar 1.200 krónur tekur þú þátt í því að gefa barni gleðilegt sumar!
Listaverkin sem prýða kortin gerðu 5 ára börn á leikskólanum Austurborg í Reykjavík.




### Gefum voninni vængi

Viltu taka þátt í söfnunarverkefni sem hefur um leið uppeldislegt gildi? Verkefnið heitir
Tveir samstæðir söfnunarbaukar, annar merktur Sjóður fyrir náungann en hinn Sjóður fyrir mig, gefa foreldrum og fræðurum færi á að kenna börnunum annars vegar að það er skynsamlegt að safna fyrir því sem mann langar í og hins vegar um samkennd og náungakærleik; að um leið og við gefum eigin vonum vængi sé mikilvægt að huga að náunganum.

### Gjöf fyrir minimalistann

Á gjafabréfasíðunni okkar www.gjofsemgefur.is eru hátt í fimmtíu gjafabréf sem eru tilvalin tækifærisgjöf fyrir fermingarbarnið, stúdentinn, þann fimmtuga, brúðhjónin ...



# Þökkum stuðninginn!

**REYKJAVÍK**
101 hótel
A. Margeirsson
A. Wendel
Aðalverkstæðið
Aðalvík
Afreksvörur
Analytica
ARGOS – Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG
Arkís arkitektar
ASK Arkitektar
Augað gleraugnaverslun
Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun
ÁH lögmenn
Áltak
ÁM-ferðir
Árbæjarapótek
Ásbjörn Ólafsson
Bandalag háskólamanna
Barnalæknaþjónustan
Barnatannlæknastofan
Ber, vínheildsala
Betra líf
Bílabúð Benna
Bílalíf, bílasala
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars
Bíóhljóð
Björninn innréttingar
BK fasteignir
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi
Blómabúðin Hlíðablóm
Boreal, ferðaþjónusta
Borgarpylsur
Bókabúðin Sjónarlind
Bókhaldsstofa Haraldar
Bókhaldsþjónusta Júlíönu
Bókhaldsþjónustan Rúnir
Bókhaldsþjónustan Viðvik
Bókhaldsþjónustan Vík
Bónstöðin hjá Jobba
Brauðhúsið
Brú fasteignasala
Brúskur hársnyrtistofa
BSRB
Capital Inn
CATO Lögmenn
Comfort snyrtistofa
Curvy.is – tískuverslun
Danica sjávarafurðir
Dokkan, þekkingar- og tengslanet
D-SAN
Dynamo Reykjavík
Dýralæknastofa Reykjavíkur
Dýraspítalinn Víðidal
Efling stéttarfélag
Efnamóttakan
Eignamiðlunin
Eignaskipting
Eignaumsjón
Endurskoðun og reikningsskil
Ernir
Ernst & Young
Esju-Einingar
Fasteignasala Reykjavíkur
Fasteignasalan Miklaborg
Felgur smiðja
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna
Finnbogi Helgason, tannsmiður
Fiskbúðin Sæbjörg
Fiskmarkaðurinn
Fjárhald
Fjármála- og efnahagsráðuneytið Arnarhvoli
Flísar og Flot
Fossberg
Fótaaðgerðastofan frískir fætur
Fraktflutningar
Gamla smiðjan
Garcia
Garðs Apótek
GA húsgögn
GB Tjónaviðgerðir
Gjögur
Gjörvi
GLÁMA-KÍM arkitektar
GO múrverk
Goðhóll
Gray Line Iceland
Greitt
Gróðrarstöðin Mörk
Guðmundur Arason, smíðajárn
Guðmundur Jónasson
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson
Hafgæði
Hagi-Hilti
Halldór Jónsson
Hamborgarabúlla Tómasar – Við erum öll jöfn
Hárgreiðslustofan Kúltúra
Hársnyrtistofan Arnarbakka
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
HGK
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring
Hjá Dóra, matsala
Hjá Ingvarsson
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók.is-Hljóðvinnslan
Hljóðfærahúsið
Hlöllabátar
Hópferðabílar Snælands Grímssonar
Hótel Leifur Eiríksson
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hreyfimyndasmiðjan
Húsaklæðning
Húsasmiðurinn ehf
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Höfðahöllin bílasala
Höfðakaffi
Höfði fasteignasala
IBH
Iceland Guided Tours
Icelandic Fish & Chips
Innform
Innigarðar
Innlifun
Í allar áttir
Íbúð Vesturbæjar
Íslandsstofa
Íslensk getspá
Íslenski barinn
Ísold
J. S. Gunnarsson
Jarðafl
JJ pípulagnir
K. Pétursson
Karousel
Kemi
Kirkjugarðar Reykjavíkur-prófastsdæma
Kjöreign, fasteignasala
Kjörgarður
Klettur – sala og þjónusta
Klipphúsið ehf
KOM almannatengsl
Kortaþjónustan
Kórall
Kvika banki
Kvika
Kvikk Þjónustan
Lagnalagerinn
Landmark fasteignasala
Landsbréf
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Lásaþjónustan
Le Bistro – franskur bistro & vínbar
Litir og föndur
Litróf
Líf og sál sálfræðistofa
Loftstokkahreinsun
LOG lögmannsstofa
Lyfis
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl.
Magnús og Steingrímur
Margt smátt
MD Reykjavík
MD vélar
Mecca Spa
Merlo Seafood
Motus á Íslandi
MS Armann skipamiðlun
MS Lausnir
Neytendasamtökin
Nínukot – Vinna um víða veröld
Nói-Síríus
Nýi ökuskólinn
Nýja vátryggingaþjónustan
Nýtt Skil
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir
Oliner System Iceland
Orka
Orkuvirki
Ormsson
Ortis tannréttingar
Overcast Software
Ó. Johnson & Kaaber
ÓG Lögmenn
ÓK Lögmenn
Ólafur Þorsteinsson
Ósal
Parket og gólf
Parlogis hf - Lyfjadreifing
Pfaff
Pingpong.is
Pizza Royal
Poulsen
Rafsvið
RAMIS
Rarik
Regla - netbókhaldskerfi
Reki
REMAX Ísland
Reykjavík letterpress
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars
Réttur - ráðgjöf & málflutningur
Rolf Johansen & Co ehf
Rossopomodoro, veitingastaður
S4S
SALON VEH
Samiðn, samband iðnfélaga
Samskipti
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Satis.is
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu
Sjávargrillið
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SM kvótaþing
Sólbaðsstofan Smart
Sólon Bistro
Sportlíf
Spör ehf, auglýsingastofa
Stansverk
Stál og stansar
Stálflex
Subway
Suzuki bílar
Sveinsbakarí
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
Sægreifinn
Söngskólinn í Reykjavík
Talnakönnun
Tannálfur, tannlæknastofa
Tannlæknar Mjódd
Tannlæknastofa Bjarna Sigurðssonar
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar
Tannlæknastofa Sólveigar Þórarinsdóttur
Tannréttingar
Tapas Barinn
TBG
TCM Innheimta
Teiknistofan Form + Rými
Terra Export
The Coocoo's Nest
THG Arkitektar
Timberland
Tónastöðin
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Trackwell
Trésmiðja Magnúsar F. Jónssonar
Trévirki
Trip
Tölvar
Ull og gjafavörur, verslun
Umslag
Urðarapótek
Utanríkisráðuneytið
VA arkitektar
Varma & Vélaverk
Varmi
VDO
Vegahandbókin
Veiðiþjónustan Strengir
Verkengi
Verkfærasalan
Verksýn
Versa
Verslunartækni
Verslunin Brynja
Verslunin Vínberið
Vestur Indía Félagið
Vesturflug
Vélar og verkfæri
Við og Við
VSÓ Ráðgjöf
Satis
Þorsteinn Bergmann
ÞÓB vélaleiga
Þór
Ögurvík
Ökumennt
Öllu reddað

**SELTJARNARNES**
Felixson
Nýjaland

**VOGAR**
Loftræstihreinsun

**KÓPAVOGUR**
ALARK arkitektar
AP varahlutir
Arnardalur
Attentus – Mannauður og ráðgjöf
Bak Höfn
Bakkabros tannsmíðaverkstæði
Bifreiðasmiðja Sigurbjörns Bjarnasonar
Bifreiðastillingin
Bifreiðaverkstæðið Toppur
Bílalakk
Bílaleiga Reykjavíkur
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs
Bílhúsið
Blikkform
Blikksmiðjan Vík
Byggðaþjónustan bókhald og ráðgjöf
Einar Beinteins ehf – Dúklagningameistari
Ferli
Fidesta, viðskiptaráðgjöf
Frostmark
GG Sport
Go2 Flutningar
Goddi
Grillbúðin
GSG
Hafið-fiskverslun
Harðbakur
Hákon Bjarnason
Hegas
Hilmar Bjarnason, rafverktaki
Húsver
Hvísl
Ísfix
Íshúsið
Íspan ehf, gler og speglar
Járnsmiðja Óðins
JS-hús
KK veitingar Kínahofið
Klukkan, úr og skartgripir
Kraftvélar
Ledlýsing
Ljósvakinn
Loft og raftæki
Lokasjóður, bókhaldsstofa
Mannrækt og menntun
Málning
Merkúr húsgagnabólstrun
Nobex
Parketlausnir
Pottagaldrar
Rafís
Rafmiðlun
Rakarastofan Herramenn
Slökkvitækjaþjónustan
Sports Direct
Stáliðjan
Tækniþjónusta Ragnars G. Gunnarssonar
Vatn
Vatnsvirkinn
Vetrarsól, verslun
Visitor, ferðabókunarþjónusta
Vídd, flísaverslun
Zenus sófar
Þrif

**GARÐABÆR**
Aflbinding – Járnverktakar
Að-Þrif
Árvík
Bílasprautun Íslands
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa
Fagval
Fjallatindar
Garðabær
Garðasókn
Geislatækni – Laser-þjónustan
Hagráð
Icewear
Ísafoldarprentsmiðja
K.C. Málun
Kópavogspósturinn
Ljósmyndastofa Garðabæjar
Mekka – bifreiðaverkstæði Garðabæjar
Okkar bakarí
Onno
S.S. Gólf
Samhentir
Val - ás
Versus bílaréttingar og málun
Vörukaup, heildverslun
Öryggisgirðingar

**HAFNARFJÖRÐUR**
Aflhlutir
Alexander Ólafsson
Ás, fasteignasala
Ásafl
Barkasuða Guðmundar
Bókhaldsstofan
Dalakofinn tískuverslun
Dverghamrar
Efnalaugin Glæsir
EÓ-Tréverk
Essei
Fagstál
Ferskfiskur
Fjarðarkaup
Flúrlampar
Fókus-vel að merkja
G.S. múrverk
Gunnars mæjónes
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
Hagtak
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Ican-Beykireykt þorsklifur
Lava Hostel
Lögmenn Hlöðver Kjartansson hrl.
Matbær
Netorka
Nonni Gull
Pappír
Rafrún
S.G múrverk
Silkiprent
Skerpa, renniverkstæði
Snittvélin
Stálorka
Stigamaðurinn
Strendingur
Sæblik
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar
Trefjar
Umbúðamiðlun
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Víðir og Alda
Víking björgunarbúnaður
VSB verkfræðistofa

**ÁLFTANES**
Dermis Zen
Eldvarnarþjónustan

**REYKJANESBÆR**
Bed and Breakfast – Keflavik Airport
Bílar og Hjól
Dacoda
DMM Lausnir
Hópferðir Sævars
Kaffibar.is
Ludviksson
Lyfta
M2 Fasteignasala og leigumiðlun
Maggi & Daði málarar
Neslagnir, pípulagningaþjónusta
Nesraf
Plastgerð Suðurnesja
Rafverkstæði I.B.
Reiknistofa fiskmarkaða
Rörvirki
Skólamatur
Thorvörur
Toyota Reykjanesbæ
UPS á Íslandi
Útfararþjónusta Suðurnesja
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

**GRINDAVÍK**
Bókvit
E.P. verk
Einhamar Seafood
Eldfjallaferðir
EVH verktakar
Hársnyrtistofan Rossini
Hópsnes
Marver
Ó S fiskverkun
Sílfell
TG raf
Veitingastofan Vör
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Vísir
Þorbjörn

**SANDGERÐI**
Fiskmarkaður Suðurnesja
Verk- og tölvuþjónustan
Vélsmiðja Sandgerðis
Þensla

**GARÐUR**
Aukin Ökuréttindi
Sveitarfélagið Garður

**MOSFELLSBÆR**
A-Marine
Bílamálun Örninn
Blikksmiðjan Borg
Brunnlok
Dalsgarður, gróðrarstöð
Efnaeiming
Elmir – teppaþjónusta
Fagverk verktakar
Garðagróður
Hlín Blómahús
Hús-inn
Kjósarhreppur
Matfugl
Mosfellsbakarí
Múr og meira
Nonni litli
Pípulagningaþjónusta B Markan
Sérþrif
Sjöund
Vélsmiðjan Sveinn
Ævintýri, hópferðabílar

**AKRANES**
Bjarmar, vélaleiga
Fasteignasalan Hákot
Fasteignasalan Valfell
Galito veitingastaður
Garðar Jónsson, málarameistari
Hús og bátar
MVM
Snókur verktakar
Sólbjörg Dröfn
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar
Þorgeir og Ellert

**BORGARNES**
Dýralæknaþjónusta Vesturlands
Eyja- og Miklaholtshreppur
Ferðaþjónustan Húsafelli
Háskólinn á Bifröst ses
Lionsklúbbur Borgarness
Límtré Vírnet
Meðferðarheimilið Blær
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness
Trésmiðja Pálma
Vatnsverk, Guðjón og Árni
Vélaverkstæði Kristjáns

**REYKHOLT**
Garðyrkjustöðin Varmalandi

**STYKKISHÓLMUR**
Agustson
Ásklif
Bókhaldsstofan Stykkishólmi
Þórsnes

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Suða
Þjónustustofan

**ÓLAFSVÍK**
Steinprent
Steinunn

**HELLISSANDUR**
Esjar
Skarðsvík

**BÚÐARDALUR**
Auðarskóli í Dölum

**REYKHÓLAHREPPUR**
Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan

**ÍSAFJÖRÐUR**
Akstur og löndun
Bílasmiðja S.G.B.
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
GG málningarþjónusta
H.V. umboðsverslun – Heklu söluumboð
Hamraborg
Harðfiskverkun Finnboga
Kaffihúsið Húsið
Orkubú Vestfjarða
Samgöngufélagið

**BOLUNGARVÍK**
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða
Flugrúta Bolungarvík - Ísafjörður
Páll Helgi
Sigurgeir G. Jóhannsson

**SÚÐAVÍK**
Súðavíkurhreppur

**PATREKSFJÖRÐUR**
Eyfaraf
Fiskmarkaður Patreksfjarðar

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
T.V. Verk

**ÞINGEYRI**
Brautin
Grillir
Hótel Núpur

**DRANGSNES**
Grímsey ST2

**ÁRNESHREPPUR**
Árneshreppur

**HVAMMSTANGI**
Villi Valli

**BLÖNDUÓS**
Húnavatnshreppur
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga

**SKAGASTRÖND**
Skagabyggð
Sveitarfélagið Skagaströnd
Vélaverkstæði Skagastrandar
Vík

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Aldan, stéttarfélag
Bókhaldsþjónusta KOM
FISK - Seafood
Fjólmundur
Héraðsbókasafn Skagfirðinga
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Króksverk
Skagafjarðarveitur
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla
Vörumiðlun

**VARMAHLÍÐ**
Akrahreppur Skagafirði

**SIGLUFJÖRÐUR**
Fjallabyggð
Veitingastaðurinn Torgið

**AKUREYRI**
Akureyrarbær
Almenna lögþjónustan
Amaro heildverslun
Arctic Portal
ÁK smíði
Baldur Halldórsson
Baugsbót, bifreiðaverkstæði
Berg félag stjórnenda
Bláa kannan
Bústólpi
Byggingarfélagið Hyrna
Eyjafjarðarsveit
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Fjölumboð
Gróðrarstöðin Réttarhóll
Gróðrarstöðin Sólskógar
Grófargil
Hagvís
Hnýfill
Höldur, bílaleiga
K.B. bólstrun
KG sendibílar á Akureyri
Keahótel
Kung Fu sticks + sushi
La Vita é Bella Veitingastaður
Ljósco
Passion, hársnyrtistofa
Rafmenn
Raftákn, verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samherji
Samvirkni
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skjaldarvík ferðaþjónusta
Skóhúsið - Bónusskór
Steypustöð Akureyrar
Steypusögun Norðurlands
Tannlæknastofa Björns Rögnvaldssonar
Tannlæknastofa Hauks, Bessa og Hjördísar
Veitingastaðurinn Krua Siam

**GRENIVÍK**
Grýtubakkahreppur
Pharmarctica

**DALVÍK**
Bruggsmiðjan Kaldi
G.Ben útgerðarfélag
Híbýlamálun,málningarþjónusta
Kussungur
Vélvirki, verkstæði

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Árni Helgason, vélaverkstæði
Sjómannafélag Ólafsfjarðar

**HÚSAVÍK**
Gistiheimilið Sigtún
Kvenfélag Ljósvetninga
SAH bretti
Skóbúð Húsavíkur
Stórey
Vélaverkstæðið Árteigi
Víkurraf

**LAUGAR**
Gistiheimilið Stóru-Laugar

**MÝVATN**
Dimmuborgir guesthouse
Jarðböðin við Mývatn

**KÓPASKER**
Vökvaþjónusta Kópaskers

**BAKKAFJÖRÐUR**
Hraungerði

**VOPNAFJÖRÐUR**
Blikar
Ferðaþjónustan Syðri-Vík

**EGILSSTAÐIR**
Bókráð, bókhald og ráðgjöf
Dagsverk
Fljótsdalshérað
Gistihúsið Egilsstöðum
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Klassík
Klausturkaffi
Kúpp
Miðás
Myllan
PV-pípulagnir
Skrifstofuþjónusta Austurlands
Þ.S. verktakar
Ökuskóli Austurlands

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Gullberg, útgerð
Seyðisfjarðarkaupstaður

**REYÐARFJÖRÐUR**
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Hárstofa Sigríðar
Krana- og gröfuleiga Borgþórs
Laugarfell Highland Hostel
Tærgesen, veitinga- og gistihús

**ESKIFJÖRÐUR**
Eskja
H.S. Lækning
Tanni ferðaþjónusta

**NESKAUPSTAÐUR**
Nestak, byggingaverktaki
Samvinnufélag útgerðamanna
Síldarvinnslan
Verkmenntaskóli Austurlands

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR**
Loðnuvinnslan

**STÖÐVARFJÖRÐUR**
Brekkan – Verslun og veitingastofa

**DJÚPAVOGUR**
Berunes farfuglaheimili
Fornustekkar

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Króm og hvítt
Sigurbjörg Helgadóttir
Uggi SF-47
Þingvað, byggingaverktakar
Þrastarhóll

**SELFOSS**
Alvörubúðin
Brandugla, þýðingar
Eðalbyggingar
Flóahreppur
Formax-Paralamp
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Garðyrkjustöðin Engi
Garðyrkjustöðin SyðriReykjum 4
Geysir shops
Gróðarstöðin Hæðarenda
Hárgreiðslustofan Österby
Hótel Gullfoss
Jeppasmiðjan
Jötunn vélar
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kvenfélag Gnúpverja
Lindin, verslun
Málningarþjónustan
Máttur sjúkraþjálfun
Reykhóll
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sláttu- og garðaþjónusta Suðurlands
Snyrtistofan Eva
Tannlæknaþjónustan.is
Tæki og tól
Útfararþjónustan Fylgd

**HVERAGERÐI**
Veitingastaðurinn Kjöt og kúnst

**ÞORLÁKSHÖFN**
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarhöfn

**ÖLFUS**
Eldhestar
Ferðaþjónustan Núpum

**FLÚÐIR**
Flúðasveppir
Gröfutækni
Hitaveita Flúða og nágrennis
Íslenskt grænmeti
Varmalækur

**HELLA**
Freyðing
Hestvit
Íslenskar hestaferðir
Verkalýðsfélag Suðurlands

**HVOLSVÖLLUR**
Búaðföng
Byggðasafnið í Skógum
Héraðsbókasafn Rangæinga
Kvenfélagið Freyja
Rafverkstæði Ragnars
Sögusetrið Hvolsvelli

**VÍK**
Hrafnatindur
Mýrdalshreppur

**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**
Geirland, hótel og veitingarekstur
Icelandair Hótel Klaustur
Skaftárhreppur

**VESTMANNAEYJAR**
Bergur-Huginn
Bragginn, bílaverkstæði
D.Þ.H, sjúkraþjálfun
Grímur kokkur
Guðmunda Hjörleifsdóttir
Hárstofa Viktors
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin
Tölvun
Útgerðarfélagið Már
Vinnslustöðin

Vegna þurrka í Eþíópíu eru 10 milljónir manns á barmi hungursneyðar:

# Bregðumst við NÚNA!



Valgreiðsla í heimabanka

Söfnunarsími 907 2003 (2.500 krónur)
Söfnunarreikningur 0334-26-886
kt. 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

**19. mars**
***Sigríður Ingibjörg Ingadóttir*** býður sig fram til formanns Samfylkingar.



Hún tapar fyrir ***Árna Pál Árnasyni*** degi síðar með einu atkvæði.



***Anna Pála Sverrisdóttir*** fyrrverandi formaður Ungra jafnaðarmanna, fékk eitt atkvæði.



**10. febrúar**
***Samfylkingin*** boðar til aukalandsfundar 4. júní næstkomandi.



2015 2016

## Gengi Samfylkingar í alþingiskosningum

1999 **26,8%**
2003 **31,0%**
2007 **26,8%**
2009 **29,8%**
2013 **12,9%**

**SAMFYLKING HLAUT**
**26%**
**Í SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUNUM 2014**
- LANDSMEÐALTAL -

**ÞAÐ ER GAMAN AÐ SJÁ AÐ ÞAÐ KOMA MARGIR FRAM Á SJÓNARSVIÐIÐ OG ERU TILBÚNIR AÐ GEFA KOST Á SÉR. ÞAÐ ER SJÁLFSAGT AÐ GEFA ÖÐRUM PLÁSS LÍKA.**

Árni Páll Árnason



**ÞAÐ ER ENN SAMA FÓLK Í BRÚNNI OG VAR FYRIR HRUN SEM ER EKKERT SÉRSTAKLEGA TRÚVERÐUGT.**

Sumarliði Ísleifsson

tíðarsýn. Annars vegar kjósi flokkurinn á milli Oddnýjar sem hefur yfirbragð hógværðar, einkenni sem þótti eftirsóknarvert í stjórnmálum á árunum eftir hrun. Hins vegar sé Magnús Orri kraftmikill og leggi mikla áherslu á atvinnulífið, hann sé þess utan efnaður og kannski sá formaður sem Samfylkingin telur vænlegri til vinnings í efnahagsuppgangi. Viðmælendur blaðsins eru sammála um að ekki megi vanmeta Helga sem frambjóðanda.

„Leiðtogi flokks þarf að geta orðað stefnu flokksins þannig að kjósendur skilji. Hins vegar er svigrúmið ekki mikið fyrir formann því hann er bundinn af stefnu og sögu flokksins," segir Stefanía Óskarsdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Þrátt fyrir að kosningin snúist að einhverju leyti um málefni sé þetta fyrst og fremst persónukosning. „Þeir frambjóðendur sem komnir eru fram eru væntanlega að takast aðeins á hugmyndafræðilega um hvort flokkurinn eigi að fara nær vinstri eða miðju."

Hún segir að Samfylkingin og aðrir flokkar eigi erfitt með að afmarka sig hugmyndafræðilega í nútímanum. „Núna eru flokkarnir meira og minna á miðju, sumir aðeins meira til velferðarmála og aðeins minna til velferðarmála. Almenningur þekkir ekki muninn á jafnaðarmennsku eða frjálslyndi en sá merkimiði þýddi eitthvað einu sinni."

Stefanía segir að Oddný búi að mikilli reynslu í stjórnmálum, sérstaklega sem ráðherra. Aftur á móti geti reynst erfitt fyrir Magnús Orra að vera ekki á þingi. „En það gætu samt verið veigaminni rök. Á móti kemur að það er grasrótin sem kýs formann og það þarf ekkert að vera að fólk kveiki á þessu."

Þess má geta að Katrín Júlíusdóttir, varaformaður og þingmaður Suðvesturkjördæmis, hefur tilkynnt að hún ætli að hætta á þingi í lok kjörtímabilsins. Í sama kjördæmi situr Árni Páll formaður. Fari svo að Magnús Orri, sem er þriðji á lista í kjördæminu, verði kosinn formaður verður að teljast líklegt að annað þeirra hætti fyrir lok kjörtímabilsins svo formaðurinn sé á þingi.





Feigðarflan Schiaparelli hefst þegar lendingarfarið losnar frá TGO og heldur í átt að Mars á 20 þúsund kílómetra hraða. MYND/ESA



Rannsóknir NASA gefa til kynna að gríðarmikið haf hafi verið á Mars fyrir 4,5 milljörðum ára. Hafið var stærra en Norður-Íshaf. MYND/NASA

# Systkinahópur geimfara þefar uppi líf á Mars

**Geimfarinu ExoMars var skotið á loft í vikunni. Markmið leiðangursins er að svara spurningunni um líf á Mars en vísindamenn segja nýtt skeið Mars-rannsókna vera að hefjast. Þann 19. október næstkomandi dregur til tíðinda.**

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Að minnsta kosti 90% af öllu metani á Jörðinni eiga rætur að rekja til líffræðilegra ferla. Hér á Jörðinni losnar metan út í andrúmsloftið með rotnun lífrænna efna, í meltingarfærum jórturdýra og auðvitað með brennslu jarðefnaeldsneytis (magn metans í andrúmsloftinu hefur aukist um 150% frá árinu 1750). Talið er að metan sé til staðar á öllum plánetum sólkerfisins og á flestum tunglum þeirra. Lofthjúpur Títans, hins tignarlega tungls Satúrnusar, inniheldur 1,6% af metani. Á Títan er metan í fljótandi formi og safnast saman í þúsundum stöðuvatna.

Árið 2004 fann könnunargeimfarið Mars Express Orbiter greinileg ummerki metans í lofthjúpi Mars. Uppgötvunin vakti mikla athygli enda myndar metan vatn eða koldíoxíð í gufuhvolfinu og því líklegt að metanið sé sífellt að endurnýja sig á rauðu plánetunni.




Schiaparelli-lendingarfarið verður í góðum félagsskap á Mars en á myndinni má sjá önnur geimför á rauðu plánetunni. MYND/ESA

## Á höttunum eftir ævafornum lífverum

Talið er að Mars hafi eitt sinn verið vot og lífvænleg reikistjarna. Rannsóknir NASA gefa til kynna að fyrir 4,5 milljörðum ára hafi risavaxið haf, á stærð við Norður-Íshaf, verið á plánetunni. Könnunarjeppinn Curiosity, sem nú rúntar um á yfirborði Mars, hefur fundið nitur á plánetunni auk metans og vísbendinga um vatn. Seinna, og þá með hjálp geimfarsins Mars Reconnaissance Orbiter, fundu vísindamenn greinilega merki um að vatn sé að finna í fljótandi formi á Mars undir vissum kringumstæðum.

Í ljósi alls þessa eru margir vongóðir um að líf hafi eitt sinn þrifist á Mars, og geri það jafnvel enn, því miðað við dapurlega stöðu lofthjúpsins á rauðu plánetunni er óskandi að þar fari lítil brennsla jarðefniseldsneytis fram. Það geta vissulega verið eðlilegar skýringar á stöðugu streymi metans á Mars. Líkur eru á að gasið megi rekja til eldvirkni eða oxunar járns.

Frá því að ummerki metans fundust á plánetunni hafa evrópskir vísindamenn leitað leiða til afla sér ítarlegri upplýsinga um gastegundir í lofthjúpi reikistjörnunnar. Afrakstri þessarar vinnu var skotið út í geim á mánudaginn síðastliðinn þegar ExoMars hóf sig á loft frá Kasakstan. ExoMars er samstarfsverkefni ESA, evrópsku geimvísindastofnunarinnar, og Roscosmos, geimferðastofnunar Rússlands. Um borð eru afar nákvæm mælitæki, þar á meðal nokkur frá NASA. Geimfarið samanstendur af lendingarfarinu Schiaparelli (nefnt í höfuðið á ítalska stjörnufræðingnum Giovanni Schiaparelli) og gervitunglinu Trace Gas Orbiter (TGO).

## Nýtt skeið rannsókna hefst

Þann 19. október næstkomandi mun Schiaparelli losna frá umferðarflauginni og brjóta sér leið í gegnum lofthjúp Mars á 20 þúsund kílómetra hraða. Höfuðmarkmið Schiaparelli er að gera tilraunir á lendingarbúnaði sínum en farinu er ætlað að lenda í sandstormi. Tilraunin mun hjálpa geimvísindastofnunum um allan heim að þróa lendingaraðferðir sínar á Mars. Dvöl Schiaparelli verður ekki tignarleg en rafhlöður þess endast aðeins í örfáa daga. Farið mun framkvæma nokkrar rannsóknir á andrúmslofti Mars áður en rafhlöðurnar tæmast.

Á meðan mun TGO njóta útsýnisins og koma sér fyrir á sporbraut um plánetuna. Næstu fimm ár mun geimfarið hringsóla um Mars í 400 kílómetra hæð yfir yfirborði reikistjörnunnar. Mælitæki TGO munu mæla metan og aðrar gastegundir á Mars, eins og vatnsgufu og nitur.

„Þetta hefur verið langt og strangt ferli að koma fyrsta hluta ExoMars á skotpallinn,“ sagði Johann-Dietrich Wörner, stjórnandi ESA, stuttu eftir að geimfarinu var skotið á loft. „Þökk sé elju og metnaði alþjóðlegs hóps vísindamanna, þá getur nýtt skeið rannsókna á Mars hafist.“



ExoMars var skotið á loft í Proton-M eldflaug á mánudaginn frá Kasakstan. Geimskotið heppnaðist fullkomlega en langt ferðalag er fyrir höndum.

## Bruno borar eftir lífi

Fyrstu niðurstöður úr mælingum TGO eru ekki væntanlegar fyrr en seint á næsta ári. Ástæðan er sú að geimfarið mun nálgast Mars á mörg þúsund kílómetra hraða og þarf að leiðrétta braut sína í heilt ár áður en mælingar geta hafist. Systkinin TGO og Schiaparelli eru þó aðeins fyrri hluti ExoMars-leiðangursins.

Árið 2019 mun týndi bróðirinn mæta til leiks, könnunarjeppi ExoMars. Líkt og Curiosity er ExoMars-geimjeppinn, sem kallaður er Bruno, hlaðinn nýstárlegum tækjabúnaði. Þar á meðal er bor sem mun skyggnast eftir lífi undir yfirborði Mars og búnaði til að leita að ummerkjum lífs í jarðsögu plánetunnar. Myndavél um borð í ExoMars verður notuð til að finna álitlega staði fyrir mælingar en prófanir fóru fram á myndavélinni á hálendinu við Námafjall á síðasta ári. Aðstæðum á svæðinu þykir nefnilega svipa til þeirra sem finna má á Mars.

ÖBÍ

**Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur - styrkumsókn 2016**

Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur og Öryrkjabandalag Íslands auglýsa hér með eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. **Umsóknarfrestur er til 9. maí** næstkomandi.

Umsóknareyðublað er á heimasíðu ÖBÍ **www.obi.is**

Eyðublöð fást einnig á skrifstofu Öryrkjabandalags Íslands, Sigtúni 42, Reykjavík.

**Styrkir eru veittir til:**
- Öryrkja til hagnýts náms, bóklegs eða verklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum.
- Einstaklinga sem vilja sérhæfa sig til starfa í þágu fólks með þroskahömlun.

**Styrkjum verður úthlutað 10. júní 2016.**

Allar nánari upplýsingar gefa Kristín Margrét Bjarnadóttir kristin@obi.is eða starfsmenn móttöku hjá ÖBÍ mottaka@obi.is og í síma 530 6700.

***Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur***

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**




Magnús Einarsson – Löggiltur fasteignasali – Sími 897 8266
Sigurður Samúelsson – Löggiltur fasteignasali – Sími 896 2312
Sveinn Eyland – Löggiltur fasteignasali – Sími 690 0820
Íris Hall – Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen – Sölustjóri – Sími 770 0309
Eggert Maríuson – Aðstoðarmaður fasteignasala – Sími 690 1472
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir – skjalagerð
Benedikt Ólafsson – Aðstoðarmaður fasteignasala – Sími 661 7788
Nadia Katrín – Sölufulltrúi – Sími 692 5002
Helga Snorradóttir – Skjalavinnsla


# Landmark leiðir þig heim!




## EYJABAKKI 28 – 109 RVK

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 20. MARS FRÁ KL.14.00 – 14.30**

- Afar snyrtileg 69 fm 3ja herb íbúð.
- Annað herb er í sameign á gangi.
- Íbúð á jarðhæð.
- Stutt í alla þjónustu.
- **V.24,9 millj.**

Hafðu samband
**EGGERT MARÍUSON**
sölufulltrúi. Sími 690 1472






## FLÓKAGATA – 311 BORGARNES

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Fallegur sumarbústaður í Munaðarnesi í Borgarfirðinum.
- Húsið er 62 fm og stendur á leigulóð. Gróið land.
- Skipulagt sumarhúsaland er afgirt og lokað með læstu hliði.
- Steyptur skriðkjallari er undir húsinu.
- Heitt og kalt vatn frá Orkuveitu Reykjavíkur.
- **V. 14,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309








## KIRKJUBREKKA 10 – 225 GBÆ

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 20. MARS KL. 14:00 – 14:30.**

- Einstaklega fallegt 164 fm. 4-5 herbergja parhús með stórri suðurverönd.
- Innbyggður 26 fm. bílskúr.
- 3 rúmgóð svefnherbergi.
- Afar vandaðar innréttingar og gólfefni.
- Eignin er björt og afar vel skipulögð.
- Bílskúr innan-gengur.
- **V. 52,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309






## LÓMASALIR 10, ÍB.302 - 201 KÓP

**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 20.APRÍL KL.15:00-15:30**

- Snyrtileg 3ja herb. á 3.hæð. • Öll rými eru rúmgóð / sturta & baðkar
- Íbúð er 104 fm auk stæði í bílgeymslu. • Suð-vestur svalir / fallegt útsýni
- Lyfta í húsi og snyrtileg sameign
- LAUS TIL AFHENDINGAR
- **V. 35,9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## TRÖLLAKÓR - 203 KÓP

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Rúmgóð 5.herb., 166 fm íbúð á jarðhæð • Fjögur stór svefnherbergi
- Stofa & eldhús opið rými • Baðherb., með sturtu & baðkari
- Stæði í bílgeymslu / lyfta
- Leyfi fyrir 40 fm afgirtum sólpalli
- **V. 47,9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## HLYNGERÐI - 108 RVK

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Vel skipulagt 2ja íbúða fjölsk.hús á 2.hæðum alls 321 fm
- Sjö herb., / fjórar stofur / þrjú baðherb.
- Gróin 750 fm lóð í kringum hús
- Afgirt verönd / heitur pottur
- Miklir tekjumöguleikar á jarðhæð
- **V. 98,5 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## VINDAKÓR 1 – 203 KÓP

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Falleg 3ja herbergja, 113,3 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi.
- Íbúðin er endaíbúð og henni fylgir stæði í bílageymslu.
- Mjög gott hús.
- Stutt í skóla og leikskóla.
- Sannkallað fjölskylduhverfi.
- **V. 36,9 millj**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



**Saga til næsta bæjar**



Stefán Pálsson skrifar um alræmdan smitbera.




# Taugaveikis-Mæja

Tvær skæðustu farsóttir Íslandssögunnar eru að öllum líkindum Plágan mikla sem braust út árið 1402 og Stórabóla sem skall á landsmönnum rúmum þremur öldum síðar, árið 1707. Mannfallið í faröldrunum var skelfilegt og samfélagslegu afleiðingarnar gríðarlegar.

Svo merkilega vill til að í báðum tilvikum hefur koma drepsóttanna verið tengd nafngreindum einstaklingum. Gísli Bjarnason var Íslendingur sem búsettur var í Kaupmannahöfn þegar hann tók bólusótt og lést. Í kjölfarið var kista með eigum hans, þar með talið klæðnaði, send aftur til Íslands og var Stórabóla rakin til þess.

Einar Herjólfsson var lánsamari – eða ólánsamari, eftir því hvernig á það er litið – því samkvæmt heimildum barst Plágan mikla til landsins með skipi hans, líklega frá Englandi. Annaðhvort hefur Einar sjálfur sloppið við smit eða verið í hópi þeirra sem lifðu sjúkdóminn af, í það minnsta sögðu annálar frá Rómargöngu hans fáeinum árum síðar og drápi hans í Vestur-Landeyjum árið 1412 – ef til vill af völdum einhvers sem kenndi sæfaranum um hörmungarnar?

Margt við sögurnar af þeim Gísla og Einari er með ólíkindablæ og því varasamt að taka þær of alvarlega. Skilningur fólks fyrr á öldum á smitleiðum sjúkdóma var takmarkaður, en á sama hátt þarf ekki að koma á óvart þótt almenningur vildi finna blóraböggul. Eftir stendur að varla er hægt að hugsa sér ömurlegri örlög en að verða holdgervingur hræðilegs sjúkdóms og rata þannig í sögubækur löngu eftir sinn dag. Það varð einmitt hlutskipti Mary Mellon, matselju sem enn í dag er dregin fram í hvert sinn sem fjallað er um sögu taugaveiki.

**Sótt þeirra fátæku**

Taugaveiki er háskalegur smitsjúkdómur sem berst með sýklum í vatni og matvælum. Hún er landlæg víða í þriðja heiminum, einkum í Afríku sunnan Sahara, á Indlandi og í Suðaustur-Asíu. Í Evrópu og Norður-Ameríku hefur hún einkum tengst takmarkaðri hreinlætisaðstöðu og miklu þéttbýli, til að mynda í fátækrahverfum stórborga á tímum iðnbyltingarinnar eða á stríðstímum. Þannig kostaði taugaveiki gríðarlegan fjölda hermanna lífið eða heilsuna í skotgrafahernaði fyrri heimsstyrjaldar og gat haft veruleg áhrif á gang hernaðarins.

> ÞÁ BÆTTI EKKI ÚR SKÁK AÐ HÚN HAFÐI ENGA TRÚ Á ÞEIRRI KENNINGU AÐ HANDÞVOTTUR SKIPTI MÁLI TIL AÐ VERJAST BAKTERÍUM.

Fáir sjúkdómar hafa drepið jafn marga í gegnum tíðina og taugaveiki. Sumir fræðimenn hallast að því að einhver kunnasta farsótt sögunnar, plágan í Aþenu árið 430 f. Kr. sem dró þriðjung íbúanna til dauða sem og leiðtogann Períkles, hafi verið taugaveikifaraldur. Í því ljósi er enn nöturlegra að Mary Mallon sitji ein uppi með svartapétur.

Mary Mallon fæddist árið 1869 í þorpinu Cookstown, sem í dag er hluti Norður-Írlands. Langt leiddir knattspyrnunirðir tengja þorpið e.t.v. helst við gamla Newcastle og Fulham-varnarjaxlinn Aaron Hughes og bókmenntafólk kveikir á því að þar skrifaði Jonathan Swift handritið að sögunni um Ferðir Gúllívers á fyrri hluta átjándu aldar.

Fimmtán ára gömul fluttist Mary til Bandaríkjanna og hóf fljótlega að vinna fyrir sér sem kokkur. Hún var snjöll í sínu sviði og starfaði einkum fyrir efnafólk. Á árunum 1900 til 1907 vann Mary fyrir fjölda fólks víðs vegar í New York-ríki. Hún stoppaði stutt á hverjum stað, sem var í sjálfu sér ekkert óvenjulegt á tímum þar sem atvinnuöryggi fólks í þjónustustörfum var lítið. Þegar horft var til baka kom í ljós að á allnokkrum þessara heimila höfðu íbúar veikst vegna einhvers konar matareitrunar. Ómögulegt er að segja til um hvort Mary áttaði sig sjálf á samhenginu.

**Ráðgátan við Ostruflóa**

Árið 1906 starfaði Mary um skeið í Ostruflóa, sem var vinsæll sumardvalarstaður ríka og fína fólksins í New York. Teddy Roosevelt Bandaríkjaforseti átti þar heimili, auk annarra fyrirmenna. Vellríkur bankamaður, Charles Henry Warren að nafni, ætlaði að njóta sumarsins í bænum ásamt konu sinni og börnum, þegar sex fjölskyldumeðlimir veiktust. Læknar greindu ástæðuna taugaveiki.

Þar sem taugaveiki var á þessum árum í hugum flestra bundin við ömurleg fátækrahverfi og sjúkdómur lágstétta, voru tíðindin reiðarslag fyrir eiganda hússins þar sem Warren-fjölskyldan dvaldist. Leigusalinn óttaðist að enginn fengist til að leigja sumarhúsið aftur nema skýring fengist á sóttinni. Hann leitaði því til „heilsuspæjara“, verkfræðingsins og heilbrigðisfulltrúans Georges Soper.

Soper gekk vasklega til verks og rannsakaði húsið hátt og lágt, allt frá vatnslögnum til gróðursins í garðinum. Að lokum bárust böndin að Mary Mallon eða öllu heldur að ferskjuís sem hún hafði framreitt fyrir fjölskylduna. Í kjölfarið var Mary handtekin og neydd í ítarlega læknisskoðun.

Niðurstöðurnar komu verulega á óvart. Mary reyndist bera sjúkdóminn, þrátt fyrir að hafa aldrei kennt sér meins. Hún var með öðrum orðum einkennalaus smitberi, fyrirbæri sem er í dag velþekkt í læknisfræðinni en var óþekkt fram að þessu. Heilbrigðisyfirvöld létu því setja hana í einangrun í kofaskrifli með engan annan félagsskap en einn hund næstu misserin.

**Fjölmiðlafár**

Fjölmiðlar drukku í sig fréttirnar af írska smitberanum, sem fljótlega fékk viðurnefnið Taugaveikis-Mæja (Typhoid Mary). Fátt selur dagblöð eins og ótti við hið óþekkta og hvað var skuggalegra en sakleysislegur innflytjandi sem skildi eftir sig slóð farsótta og tortímingar?

Taugaveikis-Mæja brást illa við athyglinni og málatilbúnaðinum. Hún trúði aldrei greiningu læknanna og var sannfærð um að verið væri að skella á hana skuldinni að ósekju. Þá bætti ekki úr skák að hún hafði enga trú á þeirri kenningu að handþvottur skipti máli til að verjast bakteríum.

Hún mótmælti harðlega frelsissviptingunni og barðist fyrir dómstólum. Enginn veit hvernig efnalítill kokkur gat greitt laun lögfræðinga sinna og er því talið fullvíst að blaðakóngurinn Randolph Hearst hafi borgað reikninginn, enda Taugaveikis-Mæja prýðileg uppspretta frétta fyrir fjölmiðlaveldi hans.

Eftir mikið stapp féllust yfirvöld á að sleppa Taugaveikis-Mæju lausri árið 1910, gegn loforði um að hún sneri baki við eldamennsku. Hún breytti nafni sínu í Mary Brown og gerðist þvottakona. Þvottastarfið var hins vegar gríðarlega erfitt en á sama tíma einhver verst launaða vinna sem í boði var. Freistingin að leita aftur í kokkastarfið var því of mikil til lengdar.

Árið 1915 braust út taugaveikifaraldur á sjúkrahúsi í New York, sem kostaði tvo sjúklinga lífið. Taugaveikis-Mæja, sem unnið hafði í eldhúsi spítalans, lét sig þegar hverfa en lögreglan hafði uppi á henni. Í þetta sinn var enga miskunn að fá hjá yfirvöldum og næstu tvo áratugina mátti Mary Mallon dúsa í einangrun á lítilli sjúkrahússeyju í samfélagi fólks sem dæmt hafði verið í sóttkví af ýmsum ástæðum.

**Fræg að endemum**

Taugaveikis-Mæja lést árið 1938 og var þá löngu orðin þjóðþekkt í Bandaríkjunum. Nafn hennar varð að hugtaki sem vísaði til allra leyndra smitbera. Myndir af henni og teikningar voru notaðar í auglýsingar þar sem hvatt var til hreinlætis og varkárni í meðhöndlun matvæla. Fjölmiðlar héldu áfram að gera sér mat úr sögu hennar og reyndu að grafa upp fleiri fórnarlömb úr fortíðinni og draga upp mynd af kaldrifjuðum morðingja. Aldrei tókst þó að tengja nema þrjú dauðsföll við eldamennsku Taugaveikis-Mæju, sem er í litlu samræmi við þá ógn sem nafni hennar er tengd. Þannig eru ekki nema fáein ár síðan gerð var um hana sjónvarpsmynd sem bar þann æsilega titil: „Háskalegasta konan í Bandaríkjunum“ (The Most Dangerous Woman in America).

Ýmsir aðrir smitberar taugaveiki kostuðu fleiri mannslíf, en eru þó öllum gleymdir í sögunni. En svona er nú lífið ósanngjarnt. Spyrjið bara þá Gísla Bjarnason og Einar Herjólfsson.



# Vodafone RED
## Öll fjölskyldan, eitt verð



**8.980 kr.**

Innifalið í Vodafone RED er m.a.

| ∞ | 50 GB | 🌐 | ▭ |
|---|---|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Samnýtt gagnamagn | 500 mínútur til útlanda | Gagnamagnskort fyrir öll snjalltækin þín |

---

# Vodafone SMART
## Ótakmörkuð símtöl og SMS

**1.990 kr.**



| ∞ | 100 MB | 1 GB |
|---|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Innifalið gagnamagn | Fáðu SMART gagnamagn fyrir aðeins 1.000 kr. |

**4G reiki í 24 löndum**

Kynntu þér alla kosti Vodafone RED og SMART á vodafone.is, í síma 1414 eða í næstu verslun.

**Vodafone**
Við tengjum þig




Verð gilda til og með 20. mars eða meðan birgðir endast - *Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS®

## skilar til viðskiptavina

**ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti***




**1.279** kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

**270 kr. verðlækkun**

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS




**549** kr. 2x120 g
**579** kr. 2x140 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x120 g eða 2x140 g



**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




**1.498** kr. kg

**Ali Grísalundir**
Ferskar




**1.898** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar



**739** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill

NÝREYKTUR FRÁ Ali



**1.298** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini

GOTT Á GRILLIÐ




**3.798** kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**
Ferskt




**2.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambaprime**
Ferskt

**Fulleldað**
Aðeins að hita




**MÁLTÍÐ FYRIR 4-5**

**2.598** kr. pk.

**Aromatic Crispy Duck**
Önd, 24 vefjur og sósa

# BÓNUS® EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ásdís Óskarsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Kastalagerði 13, Kópavogi,

lést á Vífilsstöðum þann 13. mars síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 23. mars kl. 13.00.

**Benedikt Gunnarsson**
**Valgerður Benediktsdóttir, Grímur Björnsson**
**Gunnar Grímsson**
**Sóley Grímsdóttir**



†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar,

**Sighvats Arnórssonar**
frá Miðhúsum.

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Kumbaravogi fyrir alúð og hlýju í garð föður okkar síðustu árin.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Geirþrúður, Hjálmur, Arnór, Helga, Ingunn og Hallur**



Elskulegur sonur, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

**Kristleifur Leósson**
Gvendargeisla 21, Reykjavík,

lést 3. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum veittan stuðning og hlýhug.

**Lilja Þorkelsdóttir**
**Sessilía Dögg Kristleifsdóttir** **Birgir Smári Ársælsson**
**Leó Kristleifsson**
**Danilía Guðrún Kristjánsdóttir**
**Kristbjörg Leósdóttir** **Tryggvi Friðjónsson**
**Gunnlaugur Leó Birgisson**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Lögfræðiþjónusta
Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.
Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



„Sumar mæðurnar héldu að þarna væri komin tilvonandi tengdadóttir en ég var bara félagi þessara stráka" segir Guðrún Lára FRETTABLADID/ERNIR

# Ég dreg ekkert undan

**Ung ákvað hún að skrifa ævisöguna þegar hún yrði sextug en það dróst í fimmtán ár. Guðrún L. Ásgeirsdóttir kennari rifjar upp 32 fyrstu árin sín í bókinni Á meðan ég man.**

„Allt frá því ég var barn hef ég haldið til haga öllum bréfum og pappírum eins og gert var heima í Ási. Ég ferðaðist óvenju mikið sem ung stúlka, miðað við það sem þá gerðist, og skrifaði mörg bréf heim, þau voru geymd eins og heilagur dómur og eru nú ígildi dagbókar sem ég hef getað flett upp í. Þannig má segja að ég hafi alltaf verið að undirbúa þessi bókarskrif," segir Guðrún Lára Ásgeirsdóttir bókasafnskennari sem hefur gefið út fyrsta bindi ævisögu sinnar.

Bókin nefnist Á meðan ég man – atburðir ævi minnar. Fyrstu eintökin komu út fyrir síðustu jól en seldust upp í hvelli. Nú er komin önnur prentun, hún fer í almenna sölu og á bókasöfn.

Guðrún er fædd árið 1940. Hún ólst upp í Ási, Sólvallagötu 23 í Reykjavík með foreldrum, systkinum og afa. Á þeim 32 árum sem hún lýsir í bókinni bjó hún líka á Möðruvöllum í Hörgárdal, í Vallanesi á Héraði og í Ólafsvík, með manni sínum séra Ágústi Sigurðssyni og börnunum tveimur, og áður var hún skólastjóri húsmæðraskólans á Hallormsstað og hótelstjóri þar. Svo eru ferðalögin kapítuli útaf fyrir sig. „Ég vildi skoða heiminn áður en ég færi að binda mig og ferðaðist mikið ein, það er best því þá ræður maður sjálfur," segir Guðrún og bætir við hlæjandi. „Núna rekst ég ekki í hópi nema sem fararstjóri!"

Hún kveðst hafa verið „farfuglamamma", það hafi haft áhrif á ferðamátann. „Ég var ein þeirra sem pössuðu

> **Ég vildi skoða heiminn áður en ég færi að binda mig og ferðaðist mikið ein, það er best því þá ræður maður sjálfur.**




**Á bókarkápu er mynd af Guðrúnu á hlaði Húsmæðraskólans á Hallormsstað þar sem hún var forstöðukona og hótelstjóri rúmlega tvítug.**

farfuglaheimilið í Austurbæjarskólanum í sjálfboðavinnu svo hægt væri að hafa gistinguna ódýra. Þar fékk ég fullt af heimboðum svo ég fór á flakk um Evrópu og gisti hjá farfuglum. Aðallega voru það strákar, því stúlkur voru miklu minna á ferðinni, þær voru ekki lagðar af stað. Sumar mæðurnar héldu að þarna væri komin tilvonandi tengdadóttir en ég var bara félagi þessara stráka. Svo þegar ég hafði verið skólastjóri á Hallormsstað og rekið hótel þar um sumarið átti ég allt í einu pening svo ég keypti mér bíl úti í Hollandi sem við mamma sóttum og keyrðum, ásamt vinkonu minni, um alla Evrópu. Ég fór líka í enskuskóla í Cambridge eins og var í tísku þá og til Danmerkur með fleiri unglingum á vegum Norræna félagsins árið 1957. Þessum ferðum er lýst í bókinni."

Fararstjórn um Kjöl og móttaka ferðahópa á Hveravöllum ásamt gangnaævintýri með Húnvetningum koma við sögu, en líka miður skemmtileg samskipti við Sigurbjörn biskup vegna prestskosninga á Möðruvöllum. „Ég dreg ekkert undan," segir Guðrún. „Segi til dæmis líka kost og löst á Ólafsvík."

Yfir 100 myndir eru í bókinni. Guðrún kveðst alltaf vera með myndavél á lofti og hafa haldið vel utan um myndasafnið. „Ég hef ekkert gaman af myndum í tölvu, læt alltaf prenta þær og set þær strax í albúm. Nú hef ég sett albúmin, vel yfir 100 talsins og í tímaröð, ásamt bréfasafni mínu, til geymslu á Borgarskjalasafn og vona að þau verði þar til sýnis. Það hefur alltaf búið í mér söfnunar- og röðunarþörf enda fór ég í skjalastjórnun á síðari árum eftir að hafa lært bókasafnsfræði."

Bókin endar um það bil sem Guðrún og Ágúst eru að kveðja Ólafsvík og flytja norður að Mælifelli í Skagafirði. Framan á henni stendur „fyrra bindi" en Guðrún kveðst halda að þau verði þrjú. „Ég er langt komin með næstu bók," segir hún, „og á erfitt með að hemja mig."

gun@frettabladid.is



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Nielsen**
íþróttakennari,
Lerkihlíð 2, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 10. mars á Landspítalanum. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 21. mars kl. 13.00.

**Karl Gunnarsson**
**Bergrún Helga Gunnarsdóttir** **Gunnar Pálsson**
**Vaka Gunnarsdóttir** **Guðmundur Vestmann**
**Halla Gunnarsdóttir**
**Kría Guðmundsdóttir**



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

**Helga Haraldsdóttir**

andaðist fimmtudaginn 10. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Markús Úlfsson**
**Karólína Markúsdóttir** **Ívan Burkni**
**Dagmar Markúsdóttir**
**Rannveig Haraldsdóttir**
**Sigrún Haraldsdóttir**
**Dagmar Haraldsdóttir**
**og ömmubörn.**

# Vegleg verðlaun eru í boði

**Háskólinn í Reykjavík stendur fyrir forritunarkeppni fyrir nemendur framhaldsskólanna í áttunda sinn nú um helgina. Um 130 eru skráðir til leiks og er það metþátttaka.**

„Keppnin er ætluð nemendum í framhaldsskólum sem eru að læra forritun. Hún hefur sjö sinnum verið haldin áður en þátttakendur hafa aldrei verið fleiri en nú, 130 talsins. Þeir eru af báðum kynjum en strákarnir samt mun fleiri en stelpurnar,“ segir Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir, 22 ára nemi í hugbúnaðarverkfræði í HR. Þar er hún að ljúka öðru ári og stefnir á skiptinám við DTU í Danmörku næsta vetur.

Sigurlaug er líka formaður Systra sem er félag kvenna í tölvunarfræði í HR og var stofnað árið 2013. Núna eru stelpur fjórðungur nemenda í deildinni, Sigurlaug segir þeim hafa fjölgað um helming á fáum árum. „Heimurinn þarf á konum að halda í þessu fagi, enda eykst þörfin á menntuðu fólki í forritun stöðugt og það væri synd ef helmingur mannkyns íhugaði ekki nám í þeirri grein. Svo eru góð laun í boði og fjölbreytileiki í starfinu.“

Keppnin er á vegum tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og þetta árið fer hún einnig fram á Akureyri. Skyldi Sigurlaug hafa tekið þátt í slíkri keppni á sínum tíma?

„Nei, ég pældi ekkert í því þegar ég var í menntaskóla að fara í þetta nám, því miður. En ég hvet framhaldsskólanema til að taka þátt í keppninni. Við erum með tvær deildir, aðra fyrir byrjendur og hina lengra komna. Vegleg verðlaun eru í boði, vinningsliðinu stendur meðal annars til boða niðurfelling skólagjalda á fyrstu önn við tölvunarfræðideild HR.“

**gun@frettabladid.is**



Sigurlaug Guðrún er á öðru ári í tölvunarverkfræði í HR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Heimurinn þarf á konum að halda í þessu fagi, enda eykst þörfin á menntuðu fólki í forritun stöðugt.

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Eggerts Odds Össurarsonar**

Lækjasmára 6, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaklega góða umönnun og umhyggju.

**Sigurður Þ. Eggertsson — Ingileif Kristinsdóttir**
**Valdimar Eggertsson — Ásta M. Sigurjónsdóttir**
**Guðbjörg Eggertsdóttir — Ásmundur K. Ólafsson**
**Ásdís Eggertsdóttir**
**Gunnar Jóhannsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Gústavs Nilssonar**

Norðurbrú 3, Garðabæ

Guð blessi ykkur öll.

**Þóra Ólafsdóttir**
**Svava Gústavsdóttir — Jón Þór Ólafsson**
**Gerður Gústavsdóttir — Lúðvík Hjalti Jónsson**
**Nils Gústavsson — Guðbjörg Jóna Guðlaugsd.**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Eggerz Pétursdóttir**

listmálari,

andaðist að kvöldi 16. mars síðastliðinn á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 1. apríl kl. 13.00.

**Sigrún Árnadóttir — Eiríkur Hans Sigurðsson**
**Elín Árnadóttir — Arnþór Helgason**
**Helga Árnadóttir**
**Stefán Pétur Eggerz Árnason**
**Árni Baldur Ólafsson — Þrúður Sigurðardóttir**
**Hrólfur Pétur Eggerz Ólafsson — Anna Þóra Viðarsdóttir**
**Árni Birgisson — Elfa Hrönn Friðriksdóttir**
**og langömmubörnin.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Hlynur Ingimarsson**

vélfræðingur,
Goðheimum 26, Reykjavík,

lést á heimili sínu 13. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 22. mars kl. 15.00.

**Ragnheiður Guðnadóttir**
**Magnús, Ómar, Linda Björk og Kristín Ósk Hlynsbörn, Guðni Hrafn, Hafsteinn Hrafn og Tinna Grétarsbörn og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar,

**Einar Sigurðsson**

áður til heimilis á Mánavegi 1, Selfossi,

lést að Fossheimum þriðjudaginn 15. mars sl. Útförin fer fram í kyrrþey. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Vinafélag Ljósheima og Fossheima.

**Vilborg Árný, Sigurður Kristinn, Jarþrúður, Margrét og Sonja Ingibjörg**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ellen Einarsdóttir**

Efra Hofi,
Garði,

lést laugardaginn 12. mars. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Karlsdóttir**

áður Sunnubraut 34, Vík í Mýrdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal, mánudaginn 14. mars. Jarðsett verður frá Víkurkirkju laugardaginn 26. mars kl. 11.00.

**Oddný Runólfsdóttir**
**Karl Runólfsson — Lára Jóna Jónasdóttir**
**Sæmundur Runólfsson — Kristín Svavarsdóttir**
**Runólfur Þór Runólfsson — Guðjóna Eygló Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar,

**Ólafíu Elísabetar Agnarsdóttur**

Ísafirði.

Hjartans þakkir fær starfsfólk öldrunarsviðs FSÍ og á hjúkrunarheimilinu Eyri fyrir einstaka umönnun. Sérstakar þakkir fær tónlistarfólk fyrir fallegan flutning við útförina.

**Agnar Ebenesersson — Margrét Lilja Pétursdóttir**
**Halldór Ebenesersson — Ásgerður Kristjánsdóttir**
**Kristinn Guðni Ebenesers. — Margrét Bjarndís Jensd.**
**Guðrún Sólveig Ebenesersd. — Þorgeir Guðbjörnsson**
**Þuríður Ebenesersdóttir — Magnús Snorrason**
**Auður Kristín Ebenesersd.**
**Ósk Ingibjörg Ebenesersd. — Sigvaldi Karlsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Erlingur Gíslason**

leikari,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 22. mars kl. 15.

**Guðjón Erlingsson — Bertha Ragnarsdóttir**
**Friðrik Erlingsson — Kristín Þórðardóttir**
**Benedikt Erlingsson — Charlotte Bøving**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Helgi Ármann Alfreðsson (Manni)**

Spítalavegi 21, Akureyri,

lést að heimili sínu 9. mars. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólks Heimahlynningarinnar á Akureyri fyrir einstaka umönnun og stuðning. Þeim sem vilja minnast Manna er bent á að láta Heimahlynninguna á Akureyri njóta þess.

**Jóhanna Indiana Steinmarsdóttir**
**Fjóla Kristín Helgadóttir — Hjalti Jóhannesson**
**Þórey Björk Helgadóttir — Stefán Gíslason**
**Arnar Eyfjörð Helgason — Hólmfríður María Hauksd.**
**og barnabörn.**

---



✝

Móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Sigríður Björnsdóttir**

píanókennari,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 23. mars kl. 13.

Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund (grund.is) og Minningarsjóð Kristjáns Eldjárns gítarleikara (0513 18 430830 - kt. 650303-3180).

**Björn Ólafsson — Helga Magnúsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir — Björn Már Ólafsson**
**Marta Ólafsdóttir — Sigurður Stefánsson**
**Unnur Ólafsdóttir — Þórarinn Eldjárn**
**Páll Ólafsson — Elínborg Guðmundsdóttir**
**Kjartan Ólafsson — Álfrún G. Guðrúnardóttir**
**Sveinn Ólafsson — Auður Gyða Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Hjartkær bróðir okkar,

**Ingi Tómas Ásbjörnsson**

Málmey, Svíþjóð,

lést þriðjudaginn 15. mars á sjúkrahúsinu í Málmey.

**Þóra Ásbjörnsdóttir**
**Pálína Ásbjörnsdóttir Schaarup-Jensen**
**Rannver Ásbjörnsson**
**Margrét P. Magnúsdóttir**
**Frændur, frænkur og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# KROSSGÁTA

## LÁRÉTT

**1** Kostnaður krónu (10)
**10** Fæ að smakka fyrst án nokkurra refja (11)
**12** Mæli með þessum niðurstöðum skv. ákveðnum stöðlum (10)
**13** Fína fólkið mun ekki þrífa stjórnur myndarinnar (11)
**14** Kassi einnar sem mjög hefur kulnað (10)
**15** Champs Elysées og Unter den Linden eru engin einstigi (11)
**16** Kíki á klaka við rúður (10)
**17** Þambar einfaldlega allt sem tindur Berufjarðar geymir (10)
**23** Ástleitinn sækir í unaðslegar stöður (11)
**28** Þjóðsöngurinn endurspeglar umhverfið (10)
**29** Framkoman skelfir og illvirkið líka (9)
**30** Getur haus af höfdýri verið skammaryrði? (9)
**31** Aðeins á eftir, en kunnum þó að keyra á erfiðum slóðum (9)
**32** Tennishetja dregur línu (4)
**33** Gáfa Ara minnir á leiðirnar að hjarta mannsins (7)
**34** Stórsteik karla lést vegna þess sem þeir komust að (10)
**41** Rýk í landnorður upp rásina (5)
**42** Hann er þögull um þetta æði (3)
**43** Af blautri beygluböku (10)
**44** Er það kvabb ef ég spyr börn að þrældómnum? (11)
**45** Markleysa eða sannindi? Þessi loðna vísbending hjálpar lítið (10)

## LÓÐRÉTT

**1** Hálfblindur sér aðeins dauðan fjanda Grettis (10)
**2** Skynfæri greina allan varning, grínlaust (10)
**3** Hér má sjá hinn bilífa frumbyggja norðursins (10)
**4** Gránar il við Öldugjá í ruglinu (8)
**5** Einhverjar sýndu hlýindaskeið í réttu ljósi (10)
**6** Tel víst að Sæmundur fróði gæti gadda (9)
**7** Óreyndir hópar æða í jafnaldra annarra flokka (9)
**8** Reyndu nú að kremja steikur í uppnámi (7)
**9** Skyldi tólið duga á bjargið? (8)
**11** Þetta raus græt ég þótt þær borði ekki kjöt (8)
**18** Er helsti löggi íslenskra bókmennta ekki innfæddur? (8)
**19** Fótatak vélarinnar (9)
**20** Goðsagnakennt, ógnarstórt, sígrænt tréð er í raun farsi (9)
**21** Ýkt auðsöfnun fárra og offramboð næringar er vandamál (8)
**22** Komast nær kjarna konu sem þau þekkja þó vel (7)
**24** Greint frá frágangi og fjármunum sem skiptu um hendur (11)
**25** Eru þetta vatnsmynni eða vísarðu til pollablóms? (11)
**26** Hlífðargalli er síður úr nautshúð (11)
**27** Þetta kvalitetskjaftæði er ekki góð íslenska (7)
**35** Það er alltaf röð í mannorðið (5)
**36** Myndum okkur skoðun út frá raunverulegum tilfellum (5)
**37** Dagurinn er hálfnaður, því er nú verr (5)
**38** Ætli ég gangi ekki með þessum ringlaða þjakki (5)
**39** Rambaði á hinn fyrsta tón fyrir pabba mömmunnar (5)
**40** Virkaði á flekklaus (5)





Lausnarorð síðustu viku var
**GARÐSKAGAVITI**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Stóri skjálfti eftir Auði Jónsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðrún Lóa , Akureyri**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem allt of oft ræður allt of miklu um breytni fólks á öllu sviðum samfélagsins. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. mars“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




**OLD BESSASTAÐIR**
SÍÐASTA SÝNING!
19. MARS, KL. 20:30 + UMRÆÐUR EFTIR SÝNINGU: „VIÐ OG HINIR“



**GRIPAHÚSIÐ**
SÍÐASTA SÝNING!
20. MARS, KL. 20:30 + UMRÆÐUR MEÐ LEIKHÓP EFTIR SÝNINGU



**STAFRÆNN HÁKON**
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
23. MARS, KL. 21:00



**DJÚP SPOR**
31. MARS, KL. 20:30
3. APRÍL, KL. 20:30
10. APRÍL, KL. 21:00
15. APRÍL, KL. 20:30
24. APRÍL, KL. 20:30



**BANGOURA BAND**
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
7. APRÍL, KL. 21:00

MIÐASALA:
MIDI.IS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS

TJARNARBÍÓ


# Þrautir

## Bridge *Ísak Örn Sigurðsson*

### Stutt bil á Íslandsmeistaratign

Aðalsteinn Jörgensen er duglegur að vinna titla. Hann varð Íslandsmeistari í tvímenningi fyrir stuttu og hampaði einnig Íslandsmeistaratitli í paratvímenningi sem fram fór um síðustu helgi. Spilafélagi hans var Svala Pálsdóttir og niðurstaðan 56,7% skor og fyrsta sætið. Í öðru sæti voru Anna Ívarsdóttir og Þorlákur Jónsson sem enduðu með 56,5% skor. Í spili 3 í þriðju lotu, suður gjafari og AV á hættu, voru Aðalsteinn og Svala í AV. Aðalsteinn Jörgensen spilaði 3 lauf í vestur eftir grandopnun suðurs (15-17 punktar).

**Norður**
♠ 843
♥ 10654
♦ 754
♣ K62

**Vestur**
♠ K972
♥ K97
♦ 1032
♣ 1043

**Austur**
♠ G10
♥ ÁD
♦ ÁG86
♣ ÁG975

**Suður**
♠ ÁD65
♥ G832
♦ KD9
♣ D8

Tvö pör spiluðu 2♣ í austur sem alla jafna er þægilegra, en unnu þann samning einungis með einum yfirslag. Útspil suðurs vanalega tígulkóngur og leiðin ætti að vera greið í að vinna 4♣. Aðalsteinn fékk útspil í hjarta (fimma) og tók á drottningu og ás og spilaði spaðagosa. Suður hugsaði sig dálítið um áður en hann drap á ás. Hann spilaði aftur spaða og Aðalsteinn hleypti á tíuna í blindum. Aðalsteinn taldi að suður gæti átt alla punktana sem voru hjá andstöðunni en ákvað góðan millileik í trompinu. Hann spilaði næst laufgosa og suður setti lítið spil og norður átti slaginn á kónginn. Nú vissi Aðalsteinn að afgangurinn af punktunum var hjá suðri og hann átti bara 14 punkta fyrir opnun sinni. Norður spilaði tígli til baka, Aðalsteinn setti lítið spil og suður var kirfilega endaspilaður, inni á tíguldrottningu. Hann vonaði að makker ætti lauftíuna, spilaði laufdrottningu og Aðalsteinn átti afganginn af slögunum.

## Skák *Gunnar Björnsson*

**Hvítur á leik**



Viswanathan Anand (2.762) átti leik gegn Peter Svidler (2.757) á áskorendamótinu í skák sem fram fer í Moskvu.

**20. Rg5!! Rxc1 21. Dh5! h6 22. Dxf7+ Kh8 23. Hg4 Da5** (hótar 23. ... De1#) **24. h4!** og svartur gafst upp. Indverjar eru ekki bara sjóðheitir á Íslandi! Karjakin og Aronina eru efstir á mótinu efti sex umferðir. **www.skak.is:** Áskorendamótið í Moskvu.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |




# Alþjóðlegur páskaeggjameistari!

Hreina páskaeggið okkar vann yfirburðasigur í páskaeggjasmakki DV í ár, en dómnefndin var að þessu sinni eingöngu skipuð erlendum sælkerum. Þetta ætti ekki að koma á óvart, því öll viljum við hafa páskaeggin okkar fullkomin.

**Við þökkum kærlega fyrir okkur — nú mega páskarnir koma!**

facebook.com/noisirius

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Konráð og félagar á ferð og flugi 191

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver," sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst." Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein."

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Gátur

**1.** Hvað hefur höfuð en engin augu eða eyru?

**2.** Hvað er það sem maður er alltaf með á hægri hendinni þegar maður fer út að labba?

**3.** Hvaða karl hefur hvorki eyru né heila?

**4.** Hvers vegna eiga kokkar og bakarar hvítar húfur?

**5.** Hver er það sem er alltaf með kamb en greiðir sér þó aldrei?

**6.** Hvers vegna lítur þjófurinn aftur fyrir sig, þegar lögreglan eltir hann?

**SVÖR:**

**1.** Naglinn **2.** Fingurnir **3.** Snjókarlinn **4.** Til að hafa þær á höfðinu **5.** Haninn **6.** Vegna þess að hann hefur ekki augu í hnakkanum

ER HÚÐIN FARIN AÐ SLAPPAST?
VILTU AFMÁ ÓTÍMABÆR ÞREYTUMERKIN Í ANDLITINU OG YNGJA ÞIG UPP UM NOKKUR ÁR Í LEIÐINNI!




PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com



Nala að syngja til Simba vinar síns sem situr á gólfinu, félagarnir Tímon og Púmba fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lék Nölu sem er besta vinkona Simba

**Hrefna Karen Pétursdóttir,** 13 ára, sló í gegn í söngleiknum Konungur ljónanna sem sýndur var í Salaskóla í Kópavogi nýlega.

**Segðu okkur aðeins frá söngleiknum sem þú lékst í um daginn, Hrefna Karen.** Hann heitir Konungur ljónanna (Lion King) og fjallar um ljónaprinsinn Simba sem er hrakinn burt úr konungsríki sínu en nær svo aftur völdum með hjálp vina sinna.

**Hvernig var þitt hlutverk?** Ég lék eldri Nölu sem er besta vinkona Simba.

**Hvernig varstu valin?** Ég fór í prufur í skólanum.

**Varstu stressuð á sýningunum?** Já, á fyrstu sýningunni.

**Hefur þú leikið og sungið áður á sviði?** Já, ég lék yngri Cosette í söngleiknum Vesalingunum sem sýndur var í Þjóðleikhúsinu fyrir nokkrum árum. Ég hef líka sungið á ýmsum tónleikum og svo er ég að talsetja og syngja inn á teiknimyndir.

**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Söngur og dans.

**Hvaða matur finnst þér bestur?** Mexíkósk kjúklingasúpa

**Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt í sumar?** Vera í sveitinni, spila golf og fara til útlanda með fjölskyldunni.

**Ertu farin huga að því hvað þig langar að verða í framtíðinni?** Ég gæti hugsað mér að verða söngkona en það er margt annað sem kemur til greina.

## Listaverkin




**Birkir Aron Ársælsson** sendi okkur þessa mynd af stelpu í grænum kjól.

„Vonda skýið rekst á bleika," er meðal þess sem **Dagur Freyr Emilsson 5 ára** segir um þessa mynd.






NJÓTTU NETFLIX Í 4K

LG · IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · TRIPLE XD ENGINE · 1600Hz PMI · DVB T2 · harman/kardon · NETFLIX 4K

**55"**

**LG 55UF850V**

- 55" 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160 upplausn
- 1600Hz PMI (Picture Master Index)
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- 20W hátalarakerfi hannað af Harman / Kardon
- webOS 2.0 - Nettenging með opnum netvafra
- NETFLIX - 4K
- Wi-Fi þráðlaus móttakari innbyggður
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- apt-X Bluetooth þráðlaus tenging
- Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari
- Innbyggður gerfihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / 1x USB 3.0 tengi
- Magic Remote Fylgir
- Apple eða Android app

**199.990**

VERÐ ÁÐUR **299.990**

# SJÓNVARPSTILBOÐ




LG

**LG 49UF695V**

- 49" Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Micro Pixel Control / Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- NetCast nettenging með opnum vafra
- Þráðlaus Wi-Fi móttakari
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- Stafrænn DVB-T/C/T2/S/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / USB 3.0 tengi / USB upptökaka
- 3 x HDMI, Scart, Component tengi
- Ethernet, Optical út & CI rauf
- Magic Remote og App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur

**49"**

**159.990**

VERÐ ÁÐUR **179.990**

IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · TRIPLE XD ENGINE · 700Hz PMI · NETFLIX 4K · DVB T2

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

LG Life's Good

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðvestan 5-13 og stöku skúrir eða jafnvel slydduél, einkum til fjalla, en þurrt og bjart veður norðan- og austanlands. Hiti 3 til 8 stig að deginum, mildast á Norðaustur- og Austurlandi.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 8° | Oslo 8° | Stokkhólmur 4° | Gautaborg 8° | Helsinki -1° | Þórshöfn 7° | Nuuk -2° |
| London 8° | Amsterdam 8° | París 9° | Berlín 9° | Madríd 11° | Brussel 7° | Róm 17° |
| Boston -1° | New York 1° | Orlando 20° | Moskva -4° | Singapúr 28° | Tókýó 13° | Sydney 19° |

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **03.59** | 10.24 |
| 3,41m | **1,10m** |
| **16.34** | 22.37 |
| 3,28m | **1,04m** |
| **Akureyri** | |
| 07.52 | 01.36 |
| **1,25m** | **0,60m** |
| 20.38 | 14.20 |
| **1,22m** | **0,49m** |
| **Ísafjörður** | |
| 05.55 | 12.30 |
| **1,81m** | **0,45m** |
| 18.35 | 00.36 |
| **1,65m** | **0,42m** |

## Tunglstaða

Vaxandi

54%

Sólarupprás:

07.30

Sólarlag:

19.41

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↗9 | 4° ↖9 | 6° ↖12 | 5° ↖12 | 4° ←17 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ↗12 | 1° ↑4 | 1° ↑6 | 1° ↑6 | -3° ←14 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° →9 | 1° ↑2 | 2° ↑4 | 1° ↑5 | -1° ↙7 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↗6 | 2° →6 | 3° ↖6 | 4° ↖5 | 2° ↙4 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° →7 | 2° ↙3 | 3° ↙5 | 5° ↖4 | 5° ←11 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





vodafone
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
NÝR TÍMI
SUNNUDAGA KL.19:35
ÍSLAND GOT TALENT
Eva Margrét
900 9005
Lory
900 9007
Sindri Freyr
900 9004
María
900 9002
Alan
900 9008
Thelma Guðmundsen
900 9003
Gylfi Örvarsson
900 9006
Jakub Aleksander
900 9001
★ BEIN ★ ÚTSENDING
KL.19:35
SUNNUDAG
UNDANÚRSLIT ÍSLAND GOT TALENT
#igt3
BEIN ÚTSENDING
SÍMALEIKUR
Glæsilegur vinningur frá
ÚRVAL ÚTSÝN
MIÐASALAN
ER HAFIN Á MIDI.IS
Spennan magnast í Ísland Got Talent.
Nú getur þú kosið þitt uppáhaldsatriði í símakosningu og átt möguleika á því að vinna fimm stjörnu sumarfrí til Kanarí. Ekki missa af fjörinu á sunnudagskvöld á Stöð 2.
365.is | Sími 1817
365

# Eitt skref áfram, hálft afturábak og tvö áfram

**Berg Contemporary er nýtt gallerí sem var opnað í gær með sýningu á verkum eftir Finnboga Pétursson sem segir að bæði sýningin og galleríið hafi átt sér langan aðdraganda.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þar sem Speglagerðin var áður til húsa að Klapparstíg 16 í Reykjavík var í gær opnað nýtt gallerí, Berg Contemporary, en það er helgað samtímalist og því má segja að þar sé á ferðinni ákveðinn samtímaspegill. Berg Contemporary hefur verið lengi í undirbúningi en Margrét Áskelsdóttir framkvæmdastjóri segir að Ingibjörg Jónsdóttir, eigandi gallerísins, sé myndlistarmaður sem hafi líka fengist mikið við sýningastjórn og flest annað sem tengist myndlist.

„Þetta var eiginlega síðasti stóllinn sem hún átti eftir að setjast í og hún var búin að hugsa þetta lengi. En hvað mig varðar þá hefur það alltaf verið markmið hjá mér að starfa hjá galleríi. Þetta er búið að taka talsverðan tíma því það þurfti að fara í talsverðar framkvæmdir á húsnæðinu en það gladdi reyndar fyrri eigendur hússins og nágrannana mikið að þessu væri ekki breytt í hótel,“ segir Margrét glaðlega.

Berg Contemporary er með átta listamenn á sínum snærum og mun fyrst um sinn sýna verkin þeirra en í framhaldinu verði fleiri listamönnum boðið að sýna í galleríinu. „Þetta snýst mikið um það að styðja við feril listamannanna, kynna þá hérlendis og erlendis, fara með þá á listamessur og annað í þeim dúr. En við opnum með sýningu á verkum Finnboga Péturssonar sem er mikið gleðiefni fyrir okkur.“

**ÉG ER SVONA SOLDIÐ AÐ VEKJA UPP ÞESSA GÖMLU DRAUGA ÚR MINNI VINNU OG SINNA ÞEIM AÐEINS.**

Verkin sem Finnbogi Pétursson sýnir að þessu sinni eru eins og oft áður unnin sérstaklega inn í sýningarrýmið en hann segir að það hafi viljað þannig til að hann var laus frá galleríi þegar honum bauðst að koma og að honum hafi strax litist vel á þetta tækifæri og þá hugsun sem lægi að baki. „Þetta er allt í hæsta gæðaflokki hvar sem á er litið og það er gaman að koma að því að starta þessu verkefni og vera fyrstur.

Ég er að sýna nokkur verk sem eru ákveðið ferðalag frá vatnsverkunum sem ég byrjaði að vinna að í kringum 1988 til 1989 og sýndi fyrst á Nýlistasafninu sem var þá á Vatnsstígnum. Það verk er núna uppi í Orkuveitu. Þetta eru pælingar sem hafa orðið til á leiðinni þaðan og fram á daginn í dag. Þetta eru hugleiðingar um geómetríuna í formi og hljóði. Geómetrísku formin sem við þekkjum í formfræðinni, t.d. þríhyrningur og ferningur, eru sömu form og í hljóðbylgjum. Þetta er svona það sem ég er að vinna og tvinna með. Þetta er tvinnað saman, hringur á móti sínusbylgjunni, ég er að blanda þessu saman og sýna þetta í vatni. Þetta eru svona þessar pælingar sem hafa dúkkað upp en svo orðið eftir á ferðalaginu sem maður er á hverju sinni því maður er svo upptekinn af því sem maður er í hverju sinni. Ég er svona soldið að vekja upp þessa gömlu drauga úr minni vinnu og sinna þeim aðeins enda voru þeir margir hverjir búnir að bíða lengi.

Reyndar hef ég alltaf unnið þannig að ég tek eitt skref áfram, hálft afturábak og svo tvö skref áfram og í rauninni er ég alltaf að vísa í það sem ég hef verið að gera áður. Tek pínulítið úr þessu verki og blanda saman við nýtt og þá verður til nýtt verk. Svo eftir nokkur ár þá fer ég kannski í það aftur. Þetta er svona eins og Mogginn, þetta er hæg breyting en maður sér hana þegar maður fer að skoða vandlega og leggja þetta saman.“

Finnbogi segist vissulega hafa verið með nýja húsnæðið í huga þegar hann var að að vinna að þessari nýju sýningu. „Það hefur verið langur aðdragandi að þessari sýningu, alveg eitt og hálft ár, sem er kannski ekkert endilega gott. Sérstaklega ekki þegar maður er að fara að vekja upp gamla drauga því þá standa þeir í biðröðum og banka í hausinn á manni klukkan þrjú á næturnar. En ég er núna eiginlega að klára það sem ég byrjaði á fyrir einu og hálfu ári eftir að hafa tekið það í nokkra hringi. Þannig að það verður ákveðinn léttir að opna þessa sýningu en það er aðallega léttir að fá svona stóra kanónu eins og Ingibjörgu inn í galleríheiminn og að sjá þetta vakna og verða til. En svo er ég að fara til Kína núna á sunnudaginn að setja upp verk þar og það er mjög spennandi dæmi þannig að það er nóg að gera.“



Finnbogi Pétursson myndlistarmaður við eitt verka sinna í Berg Contemporary. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavíkurborg

## Styrkir fyrir sérstaklega myndríka útgáfu um sögu Reykjavíkur

Styrkirnir eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum til birtingar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Styrkirnir eru vegna útgáfu bóka og annars efnis sem kemur út á árinu 2016 eða í ársbyrjun 2017. Styrkirnir eru aðgerð í kjölfar menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem miðar m.a. að því að hlúa að varðveislu menningararfleifðar og hvetja til miðlunar hennar í fjölbreyttu formi. Þriggja manna dómnefnd skipuð tveimur starfsmönnum Borgarsögusafns Reykjavíkur og skrifstofustjóra menningarmála metur umsóknir.

Í umsókn komi fram nauðsynlegar upplýsingar um umsækjanda ásamt lýsingu á fyrirhugaðri útgáfu og verðáætlun Ljósmyndasafns Reykjavíkur vegna afgreiðslu ljósmynda í höfundarétti sem bera birtingagjald skv. gjaldskrá safnsins.

**Umsókn merkt *„Myndrík bók um sögu Reykjavíkur“* berist á netfangið menning@reykjavik.is. Umsóknir berist í síðasta lagi í dagslok mánudaginn 2. maí.**

# Tónlist Jóhanns Jóhannssonar svínvirkar

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★☆

**Tónlist eftir Jóhann Jóhannsson, John Williams, Jonny Greenwood og Mica Levi. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék undir stjórn Adrian Prabava.**

**Eldborg í Hörpu**
**Fimmtudaginn 17. mars**

Það lá við að ég fyndi lyktina af poppkorninu á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Þetta voru kvikmyndatónleikar og á þeim var leikin tónlist úr nýjum og eldri myndum. Jóhann Jóhannsson var í aðalhlutverki, en einnig var flutt tónlist úr kvikmyndum Spielbergs. Svo var þarna músíkin eftir Jonny Greenwood úr There Will Be Blood, þeirri óhugnanlegu mynd. Tónlistin er eingöngu fyrir strengi og er mjög ómstríð. Það var dálítið erfitt að hlusta á hana á tónleikunum. Hún styður ákaflega vel við frásögnina í kvikmyndinni og er stór hluti af stemningunni. En án kvikmyndarinnar verður hún eiginlega of skelfileg! Það er engin hvíld á milli atriða, hver hroðinn á fætur öðrum hellist yfir mann. Hljómsveitin spilaði verkið af kostgæfni undir öruggri stjórn Adrian Prabava. Leikurinn var vandvirknislegur en afar tilfinningaþrunginn og eftir því áhrifamikill. Þetta var sársaukafull upplifun.

Eftir Jóhann var leikin tónlist úr The Theory of Everything, Prisoners og Sicario. Hún var þægilegri, en þó var flutningurinn ekki áfallalaus. Einhver kona meðal áheyrenda lét í sér heyra svo um munaði, hún virtist vera í hávaðarifrildi við einhvern nærstaddan. Ég veit ekki nákvæmlega hvað var á seyði, en þetta var nokkuð truflandi. Engu að síður var gaman að hlýða á tónlist Jóhanns, hún svínvirkar eins og sagt er. Í fyrstnefndu myndinni er stemningin létt og rómantísk, en talsvert þyngri í hinum, þar er meira myrkur og drama. Jóhann hefur óneitanlega unnið frábært verk, hvílíkum árangri hefur hann náð! Hljómsveitin spilaði af aðdáunarverðri fagmennsku. Hún var samtaka, strengjahljómurinn var notalega þykkur og fókuseraður, og aðrir hljóðfæraleikarar voru með allt sitt á hreinu. Sérstaklega verður að nefna Skúla Sverrisson á rafbassa, hann var magnaður.



Á tónleikum fimmduagskvöldsins var flutt kvikmyndatónlist eftir Jóhann Jóhannsson og fleiri. MYND/GETTY

Á tónleikunum hljómaði líka músíkin eftir Mica Levi úr hryllingsmyndinni Under the Skin. Andrúmsloftið var annarlegt, eiginlega víraö, enda er um að ræða vísindaskáldsögu. Tónarnir voru óljósir, þeir einhvern veginn runnu yfir í næstu tóna án þess að hægt væri að greina mörkin á milli þeirra. Hljómsveitin útfærði það fallega, útkoman var þéttofinn og blæbrigðaríkur tónavefur sem unaður var að hlýða á.

Tónleikarnir hefðu verið fullkomnir ef verk John Williams úr myndunum Jurassic Park, ET, Superman og Schindler's List hefðu verið almennilega flutt, en svo var ekki að öllu leyti. Málmblásararnir léku óhreint í Jurassic Park, en þó sérstaklega í ET og var það pínlegt áheyrnar. Í Schindler's List spilaði Sigrún Eðvaldsdóttir einleik og gerði það af öryggi en með svo ýktu víbratói að það jaðraði við smekkleysi. Helst var það Superman sem hljómaði ágætlega, þar var málmblásturinn vandaðri og krafturinn var yfirgengilegur. Þetta er ótrúlega lýsandi tónlist fyrir einhvern sem getur flogið á ógnarhraða um himingeiminn. Allar hendingar vísa upp á við og ægileg heljarstökk koma fyrir með reglulegu millibili. Hér var málmblásturinn miklu betri, í heild fór hljómsveitin á kostum, svo mjög að maður nánast flaug út í náttmyrkrið á eftir.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Yfirleitt frábærir tónleikar með magnaðri tónlist.



Eiríkur Örn Norðdahl

# Plokkfiskbókin

„Alveg rosalega skemmtileg bók! ... Öll nálgunin er frumleg ... Það er ótrúlega miklu troðið í þessa litlu bók.“
ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

**Bráðfyndið skáldverk sem inniheldur ríflega 30 plokkfisk-uppskriftir**

„Frábærlega skemmtilega gert hjá honum!“
SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR / KILJAN

„Óvænt bók, úr óvæntri átt og óvænt að allri gerð.“
EGILL HELGASON / KILJAN

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 5:50 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| KUNG FU PANDA 3 FYRSTA BÍÓFERÐIN | KL. 11:20 | L |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 3D | KL. 11:50 - 2 - 4:10 - 6:20 | L |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| GODS OF EGYPT VIP | KL. 12 - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8:20 - 10:40 | 16 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 12:40 - 1:20 - 3:40 - 6 | L |
| ZOOTROPOLIS FYRSTA BÍÓFERÐIN | KL. 11 | L |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:10 | L |
| ROOM | KL. 8 | 12 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 10:30 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:40 | 9 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 8 | 12 |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:10 | 16 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 | 12 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:30 - 5:50 | L |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 3D | KL. 2 | L |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40 | L |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES OF BLACK | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| GODS OF EGYPT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:30 | 16 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 2 - 4:20 | L |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 3D | KL. 12:50 - 3:10 | L |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 3:30 | L |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 1:20 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 3 ÍSLTAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 | 12 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:10 | 16 |
| THE BROTHERS GRIMSBY | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| KUNG FU PANDA 3 | 1:50, 3:55 ÍSL.TAL |
| KUNG FU PANDA 3 3D | 3:55, 6 ÍSL.TAL |
| KUNG FU PANDA 3 | 6 ENS.TAL |
| BROTHERS GRIMSBY | 8, 10 |
| TRIPLE 9 | 8 |
| ZOOTROPOLIS | 2, 5 ÍSL.TAL |
| FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK | 8, 10 |
| DEADPOOL | 10:25 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR | 1:50 |

Góða skemmtun í bíó




SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT








# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Laugardagur & sunnudagur

## 19. MARS

### Leikhús

**Hvað?** Umræður og lokasýning Old Bessastaðir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Lokasýning á Old Bessastaðir eftir Sölku Guðmundsdóttur. Marta Nordal, leikstjóri sýningarinnar, stjórnar umræðum um orðræðu Íslendinga um flóttamenn í tengslum við lokasýningu Old Bessastaðir eftir Sölku Guðmundsdóttur. Nína Helgadóttir, fulltrúi frá Rauða krossinum, og dr. Hulda Þórisdóttir, lektor og stjórnmálasálfræðingur við Háskóla Íslands mæta á svæðið til að ræða málin við áhorfendur eftir sýningu. Miðasala á midi.is.

### Tónlist

**Hvað?** Útgáfutónleikar ANNES
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gym & Tonic sal Kex Hostel
ANNES kvintettinn er samsettur af nokkrum þungavigtarmönnum í íslensku djasslífi og gaf bandið sína fyrstu plötu út fyrir jólin. Ari Bragi Kárason, Jóel Pálsson, Guðmundur Pétursson, Eyþór Gunnarsson og Einar Scheving hafa sameinað krafta sína og munu skemmta gestum Kex í kvöld. Allir velkomnir.

**Hvað?** Fyrirlestur um Þorstein Erlingsson
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Efri hæð Iðnó
Í tilefni af 100 ára afmæli Alþýðuflokksins verða fluttir átta fyrirlestrar á næstu mánuðum um Alþýðuflokk og jafnaðarstefnu á vegum Bókmenntafélags jafnaðarmanna. Fyrsti fyrirlesturinn verður haldinn á laugardag en þá talar Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur um Þorstein Erlingsson sem í ljóðum sínum hvatti verkalýðshreyfinguna til dáða. Allir velkomnir.

**Hvað?** Sögustund frá Afríku
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Sólheimum
Í tilefni af alþjóðlegum degi franskrar tungu, verður börnum og fjölskyldum þeirra boðið upp á ljúft „ferðalag“ til Afríku með Sólveigu Simha, frönskukennara og leikkonu, sem leiðsögumann. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



Árleg byssusýning á laugardag og sunnudag á Stokkseyri.

**Hvað?** Árleg byssusýning Veiðisafnsins
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Veiðisafnið Stokkseyri
Um helgina stendur byssusýningin yfir á Veiðisafninu. Verður boðið upp á fjöldamörg skotvopn sem gestir geta barið augum, svo sem haglabyssur, riffla, skammbyssur og herriffla. Allt áhugafólk um skotvopn og veiðar er velkomið, aðgangseyrir er 1.500 krónur fyrir fullorðna og 750 krónur fyrir börn á aldrinum 6-12 ára.

## 20. MARS

### Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um Lífshlaup Kjarvals
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Rannver H. Hannesson forvörður og Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segja frá veggmyndinni Lífshlaupið sem Kjarval málaði á veggi vinnustofu sinnar í Austurstræti á árunum 1929-1933. Aðgangseyrir 1.500 krónur en ókeypis fyrir menningarkortshafa.

### Önnur afþreying

**Hvað?** Heimilislegir sunnudagar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kex Hostel
Spunaleikararnir Sigga Eyrún og Pálmi Freyr Hauksson ásamt tónlistarmanninum og spunaleikaranum Karli Olgeirssyni bjóða öllum krökkum að taka þátt í að búa til glænýjan söngleik. Söngleikurinn verður frumsýndur á staðnum og verður aðeins þessi eina sýning. Foreldrar eru hvattir til þess að taka þátt. Aðgangur ókeypis og allir innilega velkomnir.

